PT
7351
S5
Zr. 97

MAGNÚS STEPHENSEN

LANDSHOFÐINGI.

SKÍRNIR

TÍMARIT
HINS ÍSLENSKA BÓKMENTAFJELAGS

XCVII. ÁR

RITSTJÓRI
ÁRNI PÁLSSON

REKJAVÍK — 1923
ISAFOLDARPRENTSMIÐJA H.F.

PT
7351
S5
ar. 97



Efnisskrá.

Bls.

Magnús Stephensen landshöfðingi. Eftir *Jón Þorkelsson* 1
Gagnfræðaskóli í Reykjavík. Eftir *Jón Ófeigsson* . 33
Brandur Jónsson, biskup á Hólum. Eftir *Tryggva Þórhallsson* 46
Halldór Kr. Friðriksson. Aldarminning. Eftir *Thoru Friðriksson* 65
Kenning Wegeners um landflutning. Eftir *Þorkel Þorkelsson* 82
Nöfnin. Eftir *Bjarna Jónsson* frá Vogi 96
Vísa Konráðs Gíslasonar 106
Um Aþenuborg. Eftir *Einar Magnússon* 107
Fæðingarár Jóns byskups Arasonar. Eftir *Pál Eggert Ólason* 117
Louis Pasteur 1822—1922. Eftir *Stefán Jónsson* . . 126
Diocletianus keisari. Eftir *Þorleif H. Bjarnason* . . 147
Vísur. Eftir síra *Einar Sigurðsson* 170
Um faðerni Sverris konungs. Eftir *Árna Pálsson* . 171
Eitt erindi. Eftir síra *Gunnar Pálsson* 190
Nokkur orð um »nokkur orð«. Eftir *Bjarna Jónsson* frá Vogi 191
Leiðrjett ranghermi. Eftir *Jón Jacobson* 196
Ritfregnir. Eftir *Sigurð Nordal, Boga Ólafsson, Pál E. Ólason, Jóh. L. L. Jóhannsson, Jón Ófeigsson, M. Júl. Magnús* og *Árna Pálsson* 198
Skýrslur og reikningar Bókmentafjelagsins 1922 I—XXXVI

Magnús Stephensen

landshöfðingi,

forseti Bókmentafélagsins 9. Júlí 1877 — 8. Júlí 1884.

Eins og geta má nærri, verða þau orð, sem hér ritast, eingin æfisaga þessa mikilhæfa manns, sem um 18 ára skeið var æðsti valdsmaður landsins, og var um fullan mannsaldur samlagt margvíslega riðinn við hin mikilvægustu störf og málefni, er alla varða. Til þess að rita æfisögu slíkra manna, þarf að gæta að fleira en því, sem á glámbekk liggur. En minkunarlaust fer nú ekki að verða, hvað sem líður, hversu hljótt hefir verið um hann látinn í tímaritum vorum, þeim sem eiga að varðveita minningu hinna merkustu manna vorra. Bókmentafélagið vill því ekki láta leingur hjá líða að minnast með fám orðum þessa gamla forseta síns.

Magnús Stephensen var fæddur á Höfðabrekku í Mýrdal 19.[1]) Oktober 1836. Voru foreldrar hans Magnús Stephensen sýslumaður í Skaptafellsþingi og Margrét Þórðardóttir kona hans. Voru þau hjón bæði ættstór. Magnús sýslumaður var ættstærri í hina síðustu liði, en Margrét var eingu síður kynstór leingra fram. Magnús landshöfðingi var því mjög kynborinn maður í báðar ættir. Foreldrar Magnúsar sýslumanns voru Stefán amtmaður á Hvítárvöllum Stephensen og Marta kona hans, dóttir Dið-

---

[1]) Magnús Stephensen hélt sjálfur fæðingardag sinn jafnan 18. Oktober. En kirkjubókin frá Höfðabrekku segir hann skýlaust fæddan 19. Okt. og skírðan 24. sama mánaðar, og tilgreinir, að skírnarvottar sé »Chirurgus Sv. Paulssen á Vík og presturinn til Ása og Búlands P. Stephensen«.

riks Hölters kaupmanns í Stykkishólmi. Ekki var Ólafi stiptamtmanni, föður Stefáns amtmanns, mikið gefið um þann ráðahag í fyrstu. En frá því hjónabandi er þó kominn fjölmennasti og öflugasti niðjastofn Ólafs stiptamtmanns á 19. öld. Faðir Ólafs stiptamtmanns var Stefán prestur á Höskuldsstöðum, er drukknaði ekki gamall 1748. Af dætrum síra Stefáns og systrum Ólafs stiptamtmanns er einnig komið mikið kyn og nafnkunnugt. Kona síra Stefáns á Höskuldsstöðum var Ragnheiður Magnúsdóttir frá Espihóli, Björnssonar, Pálssonar, Guðbrandssonar biskups. Faðir síra Stefáns var Ólafur prófastur Guðmundsson á Hrafnagili, er átti Önnu dóttur Stefáns skálds og prófasts í Vallanesi, Ólafssonar prófasts í Kirkjubæ í Tungu, Einarssonar officialis í Eydölum, Sigurðssonar prests, Þorsteinssonar. Ólaf prófast í Hrafnagili henti sú ávirðing gamlan að missa prestskapar fyrir barneign utan hjónabands, og hefir hann líklega þá ekki grunað það, þegar hann átti í því basli, að niðjar hans mundu hver um annan þveran verða síðar hinir mestu valdamenn hér á landi svo sem óslitið hátt á annað hundrað ára, alt fram yfir 1900.[1]) Ólafur prófastur lézt hjá síra Stefáni syni sínum

[1]) Sem sýnishorn upp á einstakt niðjalán síra Ólafs, má geta þess, að meðal annara voru þessir valdamenn af honum komnir í beinan karllegg: *Ólafur Stefánsson* varalögmaður, aðstoðaramtmaður, amtmaður og stiptamtmaður 1756—1803, óslitið, nema árin 1784—1786; *Magnús Stephensen* lögmaður og háyfirdómari 1789—1833; *Stephán Stephensen* varalögmaður, aukaassessor og amtmaður 1790—1820; *Björn Stephensen* justizsekreteri 1800—1834; *Magnús Stephensen* sýslumaður 1823—1857; *Ólafur Stephensen* í Eplatótt héraðs- og bæjarfógeti í Danmörku 1832—1854; *Oddgeir Stephensen* skrifstofustjóri og stjórnardeildarforseti 1848—1885; *Hilmar Stephensen* stjórnardeilarforseti 1885—1889; *Magnús Stephensen* yfirdómari og landshöfðingi 1870—1904; *Sigurður Stefánsson* Hólabiskup 1789—1798, og mart kennimanna annara, þar á meðal *Hannes Stephensen* prestur og prófastur 1825—1856, nafnkunnur höfðingsmaður. En í kvenkné *Stefán Þórarinsson* varalögmaður, lögmaður og amtmaður 1779—1823, og alt það kyn, sem komið er frá Sigríði á Grund m. fl. Enda heyrðist það stundum fjúka, úr því að leið að lokum 18. aldar, að ekki yrði þverfótað á Íslandi fyrir Ólafi stiptamtmanni og frændfólki hans.

1731, sama ár og Ólafur stiptamtmaður sonarsonur hans fæddist. Faðir Ólafs prófasts var Guðmundur bóndi á Siglunesi í Vaðlaþingi. Kona Guðmundar var Sigríður dóttir Asgríms skálds í Höfða Magnússonar. Ásgrímur skáld lézt 1679, en Guðmundur á Siglunesi druknaði 1664. Foreldrar Guðmundar voru þau Jón Guðmundsson bóndi í Siglunesi og Steinvör Ólafsdóttir kona hans, og verður karlleggur sá ekki rakinn leingra. Jón Guðmundsson og Steinvör bjuggu á Siglunesi 1634. Þá var síra Guðmundur Erlendsson prestur í Grímsey. Lenti hann þá á úthallanda vetri í sjóvolki miklu á leið til Grímseyjar, en náði í hrakningi þeim lífi og landi um nótt við Dalbæ fyrir Úlfsdölum. Þá bjó í Dalbæ maður sá, er Rafn hét, gildur og góður bóndi (Dala-Rafn). Þaðan héldu þeir síra Guðmundur við andróður á Siglunes; feingu þeir þar hinar beztu viðtökur og dvöldust þar í fjórar nætur. Lýsir hann svo í Grímseyjarvísum viðtökunum hjá þeim Siglunesshjónum:

Næstu fjórar nætur dvöldum, —
norðan blés þá ekki heitt, —
vær oss eigi í kuli kvöldum,
kærlega voru húsin veitt,
bæði glatt og hýrt var höldum,
hugsuðum þó um sundið breitt.
Mér fipast að muna og inna
margfaldlegar velgjörðer,
sem þar hef eg gert að fá og finna,
sem foreldrar þau reyndust mér
hjónin þar með hógværð svinna,
hvað mér ávalt þakka ber.

Að fróðra manna tali er Jón Guðmundsson á Siglunesi fæddur 1572, og dáinn 1651, 79 ára að aldri. Kona Ólafs stiptamtmanns var Sigríður Magnúsdóttir amtmanns, Gíslasonar í Máfa-hlíð, Jónssonar biskups á Hólum, Vigfússonar sýslumanns á Hvoli, Gíslasonar lögmanns, Hákonarsýslumanns í Klofa og á Reyni, Árnasonar sýslumanns á Hlíðarenda, Gíslasonar á Hafgrímsstöðum (enn á lífi 1560),

Hákonarsonar á Vindheimum, sem getur á árunum 1463—1513, Hallssonar, sem um getur 1437—1447, Finnbogasonar hins gamla (1393—1440), Jónssonar. Út frá þessum merkilega kynbálki má rekja á marga vegu til enna stærstu ætta, Einarsnessmanna, Svalberðinga, ættar Ögmundar biskups og Þórðar lögmanns, Erlendunga (Flosunga), ættar Finnboga lögmanns, Eiðamanna og Torfa hirðstjóra Arasonar, og enn á margar fleiri leiðir.

Foreldrar Margrétar konu Magnúsar sýslumanns Stephensens voru Þórður prófastur Brynjólfsson á Felli í Mýrdal og Margrét kona hans Sigurðardóttir prests í Stafholti, Jónssonar lögréttumanns á Ketilsstöðum, Þorleifssonar, Eiríkssonar prests í Vallanesi, Ketilssonar prests á Kálfafelli, Ólafssonar prests á Sauðanesi (d. 1608), Guðmundssonar. Má úr þessari ættkvísl rekja inn í ættir Njarðvíkinga austur, Björns Skafinssonar, Hákalla-Bjarna, og Þorvarðs Loptssonar á Möðrvöllum, og á enn fleira hátt. Faðir Þórðar prófasts var Brynjólfur í Skipagerði í Landeyjum, sonur Guðmundar á Strönd, Stefánssonar í Skipagerði, Jónssonar í Skipagerði, Þorleifssonar á Hvoli, Ásmundssonar á Hvoli, Þorleifssonar lögmanns (d. 1558), Pálssonar sýslumanns á Skarði, er veginn var á Öndverðareyri 1496, Jónssonar, Ásgeirssonar, Árnasonar. En Páll á Skarði var föðurbróðir hins stórgerða höfðingja Björn Guðnasonar í Ögri. Kona Páls á Skarði var Solveig Björnsdóttir hirðstjóra, — Þorleifssonar, — og Ólöfar Loptsdóttur, hins ríka Guttormssonar. Er hér svo sem jafnan, þegar komið er inn ena stórfeldu ættbálkana, að þá má þaðan rekja á nær ótal vegu. En hér skal nú staðar numið.

Stefán amtmaður á Hvítárvöllum (f. 27. Dec. 1767; d. 20. Dec. 1820), föðurfaðir Magnúsar landshöfðingja, var ágætlega gefinn maður og orðlagt valmenni. Til er lýsá honum eptir Magnús konferenzráð bróður hans, gagnorð og mjög í samræmi við almennings orð það, er Stefán amtmaður hafði á sér:[1])

[1]) Útfararminning, Viðeyjarkl. 1822, bls. 25—31.

STEFÁN STEPHENSEN
AMTMAÐUR Á HVÍTÁRVOLLUM
(f. 27. Dec. 1767; d. 20. Dec. 1820).

»Stefán amtmaður Stephensen var maður á meðalvexti og rétt vaxinn; fyrri part æfinnar speingilmenni, en á seinni hluta hennar, þegar heilsu hans hnigna tók, varð hann þrekvaxinn. Augun fögur og bláleit, hárið dökkjarpt, andlit skapfell(i)legt, höfðinglegt, fagurt sýnum, með ríflegt ættarnef. Vaxtarlag alt í orðu, bauð ásamt öllu hans útliti, sérlegan þokka. Málfæri þægilegt, liðugt, snjalt; rödd eins til saungva. Hann var fljóthuga, snarmenni, burða- og mesti kapps- og driptar-maður í hverju, sem hann tók sér fyrir hendur; þar hjá mesti hörkumaður til að þola og vinna þrautir, hvar sem að komu. Gáfur hans voru fljótar, flugskarpar, liðugar, snildarlegar; næmi allfljótt, greind fin, já, fyrirtaks góð; innföll nett, skjót og snildarleg, ætið glaðvær, margbreytt og hæf til að hressa upp sérhvert samkvæmi í hverri stétt, spaugsöm, fyndin, á stundum sneiðandi nokkuð og skopsöm. Rómur optast blíður og ástúðlegur, breyttist á stundum í alvarlegan og bjóðandi, þegar við þurfti og bar. Geðslag bráðlynt af náttúru, en létt og ljúft til blíðu á ný, og náttúrlegast sígleðjandi og glaðvært, vinveitt, milt og ástúðlegt, hneigt til kurteisi og sérlegrar siðsemdar, eins í tali og öllu viðmóti, fúst öllum til aðstoðar og góðvildar. Hjartalag eitthvert hið mannkærlegasta, sem vildi öllum vel, bæði vinum og óvildarmönnum, létta allra mannraunum, votta öllum góðsemd, rétt og þénustusemi, eingann hata, einskis liðins óréttar hefna, alt með blíðu og góðsemd vinna og laga, veitt vinahót með staklegri trygð og rausn umbuna. Alt eins miðaði öll hans embættisstjórn til að laga með góðu og föðurlegum áminningum alt, hvað áfátt var, eingan honum undirgefinn embættismann um skör fram að sakfella, mart miður fullkomið sem leingst að yfirstíga, með góðu og hyggindum að leiðrétta, með góðfúsum tillögum að milda. Í fjórtán og hálft ár hans amtmannsembættis, og meðan hann 1809—10 hafði geistleg stiptamtmannsverk hér á hendi, komst einginn undir lagaákæru fyrir neitt, en því vissara sérhver opinber glæpamaður, gegn hverjum hann, — enn þótt mildur

af hjarta, — beitti allri þeirri stjórnsemi, sem réttvísin krefur. Gerði hann þó aldrei úlfalda úr mýflugum, né leitaði tilefnis til að yfirfalla fólk með útarmandi lögsóknum um sérhvert lítilræði, sem metast kynni með smávegis yfirsjónum, né heldur til að ofþyngja neinum með óþörfum, nýjum eða mæðufullum álögum; verndaði sérhvern við lög og rétt og rósamar eignir; áseildist eingann, og fann einga ánægju að blanda sér í annara málefni og húshagi, eða leita valdi sínu ótta eður fordildar þar með, hvar straung embættisskylda hann ekki knúði, né heldur dró hann til hennar meiri afskipti en bar, óhlutsamur um annara, honum óviðkomandi, verk og hagi. — — Hann var ágætlega vel lögspakur, sagna- og ættfróður, hagmæltur vel, bar gott skyn á einfaldar lækningar, talaði allvel franska tungu, fyrirtaks siðblendinn og kurteis, og vissi í hvern hóp, sem hann kom, svo vel að haga og skipta viðræðum sínum og umgeingni við háa og lága, að upplífgan, æra og yndi þótti öllum að návistum hans. Svo reyndist það erlendis í sérhverju samkvæmi, svo í heldri samkvæmum hér, svo við ættmenn og vini, svo við undirmenn, amtsbúa, hjú sín, bændur umhverfis, aumingja og þurfamenn og ferðamenn úr öllum áttum. Allir mættu höfðinglegustu góðgjörðum, ljúfmannlegri meðferð, hjálp, aðstoð og þénustusemi í hans gestrisna húsi. Hann þoldi varla auman að sjá, eingum líknar að synja, sem beiddist; nauðstaddir leituðu hennar úr öllum áttum, og fundu í húsi hans allopt meiri heldur en máske enn þá nánari skyldur leyfðu honum af að leggja — og þann tel eg helztan brest vors sáluga, hafi hans mannkærlega hjartalag á stundum ráðið framar en upplýst skynsemi um skyldurækt fyrir útlátum hans og góðgjörðum fram yfir krapta hans, svo að honum og hans nánustu þörfum, ellegar öðrum á liggjandi fremri skyldustörfum, yrði fyri þær miður fyriséð, — enn þótt hans fyrirtaks góða bústjórn og búvit, framkvæmd og fylgi með alt, sem bezta búnaði, jarðar- og peningsrækt, við kom, gerðu honum það flest kleift, sem fæstum var öðrum«. — En svo sagði

MAGNÚS STEPHENSEN

SÝSLUMAÐUR

(f. 13. Janúar 1797; d. 15. Apríl 1866).

Þorvaldur prófastur Böðvarsson um Stefán amtmann dáinn, að eptir hann þætti sérhverjum sinn skaði mestur. Jón sýslumaður Espólín kvað svo:

Einn það mælir,
slíkt er opt reyndi
sér og sínum veitt.
Allir það mæla
einu hljóði:
Veit eg ástsælli eingann.

Magnús sýslumaður Stephensen var fæddur á Hvanneyri 13. Jan. 1797, og var því freklega tveim árum eldri en Margrét kona hans, sem fædd var á Kálfafelli í Fljótshverfi 7. Sept. 1799. En þeirra varð skamt á milli. Taugaveiki kom upp á heimili þeirra í Vatnsdal, og andaðist Margrét úr henni 18. Janúar 1866, en Magnús sýslumaður lézt úr sóttinni 15. Apríl sama ár; hafði annars verið árum saman áður þjáður af öðrum sjúkdómi. Hann hafði alizt upp frá fyrsta aldurs ári hjá föðurbróður sínum og nafna Magnúsi konferenzráði, og hafði minningu hans jafnan mjög kæra. Þegar hann kom í Skaptafellsþing haustið 1823, hafa efni hans sjálfsagt ekki verið mikil önnur en þau, sem fóstri hans kann að hafa látið honum í té, því að eptir föður hans var ekki fé. En á fjórum fyrstu árunum, sem hann var þar (á Felli hjá Þórði prófasti), hafði hann álnazt svo, að hann gat árið 1827 reist bú á Höfðabrekku og keypt jörðina um það leyti.[1]) Árið eptir giptist hann Margrétu. Gerðist hann hinn mesti fyrirmyndarbúmaður með framkvæmd og forsjálni. Orðlögð var rækt þeirra hjóna til hjúa sinna, og gekk það jafnvel í erfðir, því að Magnús landshöfðingi

[1]) Um það leyti var tekið að riðlast um eignarhald á Höfðabrekku, en alt fram að því, frá því um 1500, hafði sú jörð verið í eigu sömu ættarinnar, niðja Einars Eyjólfssonar í Dal og Hólmfríðar Erlendsdóttur. Magnús landshöfðingi seldi Höfðabrekku nálægt 1878 Magnúsi óðalsbónda á Skaptárdal Magnússyni. Var Magnúsi á Skaptárdal jörðin svo kær, að hann vildi hvergi liggja annarsstaðar en á Höfðabrekku, og þar er hann grafinn. Hann lézt 1890, 89 ára gamall.

lét sér ekki óviðkomandi um gömul hjú foreldra sinna.[1]) Þegar Magnús sýslumaður fékk Rangárvallasýslu, fluttust þau hjón að Fljótsdal,[2]) en eptir eitt ár að Vatnsdal, og bjuggu þar síðan. Eptir þau látin guldu erfingjar þeirra til sýslumannsins í Rangárþingi erfðafjárskatt af 16000 ríkisdölum. Eptir því sem heimilisháttum er lýst af gagnkunnugum manni hjá þeim hjónum, þá hefir Magnús landshöfðingi og systkin hans feingið góðan heimaskóla í uppeldinu. Þar segir svo:

»Eg sá reglu, dugnað, þrifnað, frið og saklausa gleði. Hjón, sem lifðu saman í ást, eindrægni og hjartans glaðværð. Á lífsins glaðværu dögum hnýtti ástin þau saman; virðingin, sem hvort bar fyrir öðru, teingdi band þetta en fastar, þegar fram liðu stundir. Hrósverð, skynsamleg umhyggja gerði búsæld — —. Hér var var einginn iburðnr, er tyldraði sér á tær til að sýnast fyrir mönnum, og þannig sýnir fátækt sálarinnar. Nei, hér var hinna jarðnesku gæða notið með hyggindum og í hófi, þau skoðuð sem ávöxtur og laun starfseminnar — —. Hér voru gestirnir ekki hýstir af fordild, og á síðan bornir út á hræsibrekkur. Nei, hver, sem inn fyrir þreskuldinn var kominn, var einnig kominn undir gestrisninnar skjól og skjöld; að góðum höfðingjasið var hann helgur og óáreitanlegur. Hér var ekki blásið í básúnur að Farisea sið, þegar aumum eða snauðum var rétt hjálparhönd. Nei, hér var ætíð faðmurinn útbreiddur móti verðugum sannarlega nauðlíðandi, og einginn slíkur fór bónleiður burtu. Faðminum var ætíð snúið að sannri neyð, en bakinu opt að þakklætinu. Hér var ekki heimilisstjórnin

[1]) Sumt af hjúum þeirra var hjá þeim allan aldur. Anna yngri Oddsdóttir, Bjarnasonar, frá Seglbúðum fór að Höfðabrekku til Magnúsar sýslumanns 1827, sama ár og hann reisti bú, og var hjá þeim hjónum æ síðan, og var fóstra (»barnfóstra«) allra barna þeirra hjóna. Hún andaðist í Vatnsdal 9. Marts 1862, 81 árs gömul.

[2]) Gísli Jónsson í Fljótsdal, einn af þeim Hlíðarbræðrum í Skaptártungu, hafði þá, í þægðar skyni, að nokkru leyti býlaskipti við sýslumann. Gísli bjó síðar leingi á Býjaskerjum (f. 1818; d. 1878).

sú, er skipaði með illu, sem gerir sig ánægða með, sé að eins hlýtt. — Nei, hér var að vísu alvarlega sagt fyrir verkum, en með þeirri nærgætni og umhyggju, sem vekur og hvetur, sem bæði er elskuð og virt, og þess vegna hlýtt svo trútt, þó ekkert mannlegt auga vaki yfir«. Magnúsi sýslumanni er lýst svo, að hann væri »höfðingi, sem ætíð lét dreingskapinn verða snildinni samfara«, svo sem borgari þjóðfélagsins »útsjónarsamur og í allri sinni breytni vandaður«, svo sem embættismaður »ötull, samvizkusamur og réttlátur«. »Sem vinur var hann tröllunum tryggari, sem granni var hann greiðvikinn, friðsamur og hjálpsamur. Í umgeingni sinni var hann siglaður, frjálslegur og höfðinglegur«. Skúli prófastur, sem jarðsaung Magnús sýslumann, og jafnan hefir verðið talinn skrumlaus maður í alvörumálum, segir svo, að margir mætti sakna hans, »ekki einungis þeir, sem geyma endurminningu hans frá fyrri tímunum, ekki einungis fornvinir og ættingjar, ekki einungis þeir, sem ólust upp hjá honum og gátu lært svo mikið nytsamlegt af honum, heldur einnig þeir, sem kyntust honum á hans seinustu þjáninga árum og minnast þess, með hverri gestrisni og glaðlyndi hann tók þeim, og hvernig hann sameinaði hið skemtilega og þarfa í viðræðum sínum«.

Síra Magnús Hákonarson lýsir Magnúsi sýslumanni í mjög gagnorðum erfiljóðum, og meðal annars svo í þessu erindi:

Tryggasti maður, traustur vinum,
teingdum blóð-sifjum hellubjarg,
auðmildur bræðrum auðnu-linum
ósparri hjálp og styrkri barg,
og höndin vinstri vissi ei af
veglegast því en hægri gaf.

Magnús sýslumaður hélt, eptir að hann fluttist í Rangárþing, óslitinni trygð til dánardægurs við ýmsa gamla stærri bændur í Skaptafellsþingi og skrifaðist á við þá. Sá, sem þessi orð ritar, sá í æsku bréf frá honum á síðustu árum hans til eins þeirra, og þúuðust þeir. Hafði

tekizt vinátta með þeim báðum ungum. Heyra mátti og suma þeirra minnast hans opt, og stundum vitna til þess í elli, »þegar eg var í þingaferðum með Stephensen«. Af gömlum vinum hans þar austur lifði Magnús á Skaptárdal leingst. Það var eitt af fyrstu verkum Magnúsar landshöfðingja, þegar hann hafði tekið við landsstjórn, að gleyma því ekki að gera hann að dannebrogsmanni.[1])

Svo var Magnúsi sýslumanni ant um minningu Magnúsar konferenzráðs fóstra síns og föðurbróður, að tvo sonu sína hafði hann látið bera nafn hans, og mist þá báða unga.[2]) Réðu þá vinir hans honum frá því að freista þess optar að láta heita eptir Magnúsi konferenzráði, en fyrri kvaðst hann skyldu missa alla sonu sína en láta af því. Hinn þriðji sonur hans með því nafni lifði. Það var Magnús landshöfðingi.

Magnús landshöfðingi ólst upp með foreldrum sínum 8 fyrstu árin (1836—1844) á Höfðabrekku og síðan í Fljótsdal og Vatnsdal, og má geta nærri að metnaður hefir fylgt því, að hann yrði mannaður alt frá æskuárum svo sem bezt mátti verða. Árið 1845—1846 var Jón Sigurðsson stúdent frá Guttormshaga skrifari í Vatnsdal. Hann varð síðar prestur á Kálfafelli í Fljótshverfi, Þykkvabæjarklaustri, Kirkjubæjarklaustri og prófastur í Vestur-Skaptafellsþingi. Hann drukknaði í Skaptá 1883. Var listaskrifari. Sagði hann til börnum sýslumanns.[3]) En hinn eigin-

[1]) Á fyrstu árum sínum í Skaptafellsþingi hafði Magnús sýslumaður þá venju að bjóða jafnan nokkrum vinum sínum til fagnaðar á afmælisdag sinn 13. Janúar. En árið 1833 slasaðist einn af þessum vinum hans svo stórkostlega á Mýrdalssandi á leið til hans í afmælisfögnuðinn, að hann lá í meiðslunum á Höfðabrekku fram á vor, og beið þeirra aldrei bætur síðan. Aldrei hélt Magnús sýslumaður upp á afmæli sitt eptir það.

[2]) Magnús f. 5. Júlí 1828; dáinn 12. Júlí sama ár; annar Magnús f. 17. janúar 1835; dáinn 11. Júní sama ár.

[3]) Áður hafði síra Magnús Hákonarson verið skrifari og heimiliskennari hjá Magnúsi sýslumanni. Hann var og um hríð fyrst skrifari hjá Magnúsi konferenzráði, og það fólk lét síra Magnús sér aldrei óviðkomanda. — Jón Jónsson frá Leirá, síðar umboðsmaður, varð skrif-

lega kennara sinn undir skóla taldi Magnús landshöfðingi verið hafa Jóhann Knút Benediktsson stúdent, er skrifari var og heimiliskennari hjá föður hans árin 1846—1849. Jóhann Knútur varð prestur að Þykkvabæjarklaustri 1849, því næst á ýmsum stöðum, og síðast á Kálfafellstað. Síra Jóhann lézt 1891. En Magnús landshöfðingi gekk á 13. ári inn í latínuskólann í Reykjavík 1849, sama ár og síra Jóhann vígðist. Magnús var ekki fyrir ofan miðjan bekk í skólanum fyrstu árin, sem ekki var ólíklegt um svo ungan pilt,[1]) en honum sóttist námið svo, eptir því, sem aldur færðist yfir hann, að hann útskrifaðist eptir sex ára skólavist 1855 með hæstri einkunn allra sambekkinga sinna. »Samsumars sigldi hann til háskólans og tók próf í heimspeki 27. Júní 1856 með 2. einkunn; embættispróf í lögum tók hann 4. Júní 1862 með hárri 1. einkunn (laud í öllum greinum nema kirkjurétti); sagði svo prófessor Henning Matzen við mig[2]) einu sinni, að hann hefði verið viðstaddur, er Magnús tók prófið, og óskað þess með sjálfum sér, að hann væri eins vel undirbúinn, þegar að því kæmi, að hann ætti að taka próf. Sömu einkunn fékk hann í hinu praktiska prófi.

Árið eptir komst hann inn í hina íslenzku stjórnardeild í Kaupmannahöfn og varð aðstoðarmaður þar 1865«.[2])

Það ár (1865) skrifaði Magnús sýslumaður faðir hans Oddgeiri frænda sínum Stephensen stjórnardeildarforstjóra, og spurði þess, hvernig honum líkaði við Magnús son sinn. Svaraði Oddgeir því árið eptir, er hann hafði spurt, að Magnús sýslumaður hafði mist konu sína, með svo látanda bréfi:

---

ari Magnúsar sýslumanns eptir síra Jóhann 1849 og fram til 1852, og var síðan jafnan hinn mesti trúnaðarmaður Vatnsdalsfólks til dánardægurs (1878).

[1]) Hann var fermdur á skólaárum sínum 1851, ekki af sóknarpresti sínum síra Jóni Halldórssyni, heldur af föðurbróður sínum síra Pétri Stephensen á Ólafsvöllum, og fær hann þá hjá honum þann vitnisburð, að hann sé „afbragðs gáfaður, kann vel, siðsamur".

[2]) Kl. Jónsson. Lögrétta XII, 16.

»Kaupmannahöfn, 17. Apr. 1866.

Háttvirti, góði frændi.

Með dampskipinu um daginn barst mér sorgarfregnin um lát þinnar góðu konu í vetur, og get eg nærri, hversu sárt það hefir snortið þig, þar sem eg veit, að þið ætíð hafið lifað saman í ástúðlegu hjónabandi. Magnús sonur þinn tekur sér einnig lát móður sinnar mjög nærri, eins og vonlegt er, og það því fremur sem það kom honum mjög óvænt; en þetta mega allir reyna fyrr eða síðar, að missa vandamenn sína og ástvini, og þeim ber sízt að kvarta, sem leingi hafa notið ástúðlegs samlífs með þeim. Magnús hefir nefnt við mig, að þú óskir, að hann komi inn í sumar snöggva ferð, og vil eg fyrir mitt leyti ekki setja mig á móti því, ef þér er mikið um það að gera, og það er þér til hugfróar í sorg þinni; en þó vildi eg, að hann yrði sem skemst í burtu, því hann má ekki vel missast héðan eins og stendur.

Í þessu liggur um leið svar upp á það spursmál, sem þú gerðir mér í fyrra sumar, viðvíkjandi því, hvernig okkur líkaði við Magnús. Hann á þann vitnisburð skilið, að hann hefir verið kontornum til mesta gagns frá því hann kom þar, því hann er ekki að eins mæta vel að sér, heldur einnig greindur, vandvirkur og aðgætinn. Með þeirri æfing, sem hann hefir feingið í kontorstörfum og tækifæri til að kynna sér öll íslenzk málefni, er eg viss um, að hann er fær um, nær sem vera skal, að veita forstöðu hverju verzlegu embætti á Íslandi, sem vera skal. En hann er nú þegar kominn hér í svo góða stöðu, að eg álít það mikið áhorfsmál fyrir hann að sækja til Íslands, nema það skyldi vera að amtmannsembætti byðist, því jafnvel assessorsembættin hafa þann ókost, að þar er ekkert að gera fyrir ungan mann, og er því hætt við, að þeir, sem í þeim embættum eru, annaðhvort leggist í leti, eða taki fyrir sig aðra hluti, sem ekki koma embættinu við, gefi sig við pólitík eða þesskonar, eins og dæmin sýna. En það er óþarfi að fara leingra út í þetta sem

stendur. Það er fyrir mestu að sonur þinn er kominn svo vel á veg sem fáir menn á hans reki, og má nærri geta, hver gleði það má vera fyrir þig sem föður hans. Eg er ekki kominn svo langt, og þykist mikill maður af því að mér heppnaðist að sjá dóttur mína fermda fyrra sunnudag, en þá eru dreingirnir mínir eptir, annar 11 vetra, en hinn ekki nema 6, og er það langt í land.

Eg heyri sagt, þú munir nú flytja (þig) til Reykjavíkur, og sýnist mér það mikið rétt gert, einkum eins og nú er ástatt fyrir þér.

Með kærri kveðju til dætra þinna og þín sjálfs, og (með) óskum alls hins bezta er eg

þinn skuldb. heiðrandi frændi

Oddg. Stephensen«.

En bréf þetta sá Magnús sýslumaður aldrei, því að hann var þá andaður fyrir tveimur dögum, þegar bréfið var skrifað.

Á þeim árum, sem Magnús landshöfðingi var í íslenzku stjórnardeildinni, vann hann að ýmsu leyti að Tíðindum um stjórnarmálefni Íslands, er Bókmentafélagið gaf út, og eins að Landshagsskýrslunum. Hann mun og eiga mikið í frágánginum á hegningarlögunum frá 26. Júní 1869, með öðru fleira, sem óhægt er nú að greina.

»Sumarið 1870 var Benedikt Sveinssyni vikið frá yfirdómaraembætti, og var Magnús Stephensen settur til að gegna því embætti 19. Ágúst, en fékk veitingu fyrir því 13. Apríl 1871. Fyrsti assessor varð hann 7. Nóvbr. 1877. Þegar Bergur amtmaður Thorberg var settur landshöfðingi eptir burtför Hilmars Finsens 1883, var Magnús, jafnframt sínu eigin embætti, settur til að gegna amtmannsembættinu í Suður- og Vesturamtinu, og gegndi hann þessum embættum, þangað til hann var skipaður landshöfðingi 10. Apríl 1886. Því embætti gegndi hann þangað til 1. Febrúar 1904, er innlend stjórn komst á, og hafði hann þá gegnt embætti liðug 33 ár hér á landi, en undir-

búið sig undir það starf 7 ár í Kaupmannahöfn í þeim bezta skóla, er hægt var að fá«.[1])

Þegar Magnús var settur yfirdómari 1870, mátti hann velja um, hvort hann vildi það embætti heldur eða amtmannsembættið norðan og austan. Það var þá líka laust, því að Pétri Havsteen hafði verið vikið frá um það leyti.

Eptir að Magnús Stephensen var aptur kominn til Íslands, hlóðust fljótlega á hann ýms trúnaðarstörf. Árin 1871 og 1873 var hann aðstoðarmaður konungsfulltrúa, Hilmars Finsens, á Alþingi. 1874 var hann kosinn í bæjarstjórn Reykjavíkur, og átti sæti í henni þar til hann varð landshöfðingi 1886. Var þar þá stundum skærusamt, því að Jón ritari var þar þá um tíma. Fyrsti skrifstofustjóri Alþingis var hann 1875. Hinn 10. Nóv. 1875 var hann af stjórninni skipaður í nefnd um skattamál og tekjur landsins til undirbúnings skattalögum þeim, er Alþingi setti 1877, og var hann formaður nefndarinnar. Hinn 4. April 1876 skipaði landshöfðingi hann til að endurskoða hina árlegu jarðabókasjóðsreikninga, og var hann annar endurskoðandi landsreikninganna jafnan síðan þar til hann varð landshöfðingi. Hinn 14. Maí 1877 var hann skipaður konungkjörinn þingmaður, og var hann það einnig, þar til hann varð landshöfðingi 1886. Einnig 1877 var hann skipaður í stjórn Landsbókasafnsins; átti og sæti þar þangað til 1886, að hann varð landshöfðingi. Enn var Magnús Stephensen 1877 kosinn forseti Reykjavíkurdeildar Hins íslenzka Bókmentafélags, og verður hér nú í sjálfu tímariti félagsins að fara um það efni nokkrum orðum.

Langt fram eptir 19. öldinni var Kaupmannahöfn miðstöð svo margs, er okkur snerti, og ástæðurnar að því á ótal vegu eru svo alkunnar, að eingum orðum þarf hér um þær að eyða. Þetta kom einnig fram að því, er Bókmentafélagið snerti. Kaupmannahafnardeild þess varð í öndverðu höfuðdeildin, réð leingi yfir mestu fjármagni félagsins, og hafði mestar framkvæmdirnar á hendi. Í

[1]) Kl. Jónsson. Lögrétta XII, 16.

allri forsetatíð Árna biskups Helgasonar, en það var 32 ár, alt frá upptökum félagsins og fram til 1848, voru framkvæmdir Reykjavíkurdeildarinnar mest í því fólgnar, að hún studdi mjög að landmælingum Björns Gunnlaugssonar, og byrjaði 1846 á útgáfu eins merkisrits, Skýringa á fornyrðum Jónsbókar eptir Pál lögmann Vídalín, en ekki var þeirri útgáfu lokið fyrri en 8 árum síðar. Af forsetatíð Péturs biskups líða svo 16 fyrstu árin (1848—1864), að ekki er hafin nein ný bókaútgáfa í Reykjavík af félagsins hendi. En upptök átti Reykjavíkurdeildin að útgáfu nokkurra merkisrita, sem Hafnardeildin gaf út síðan. Svo er það um Fornbréfasafnið. Útgáfa þess er beint hafin eptir uppástungu Jóns háyfirdómara Péturssonar á félagsdeildarfundi í Reykjavík 23. Ágúst 1854. Á síðari forsetaárum Péturs biskups (1848—1868) tók Reykjavíkurdeildin að snúa sér að útgáfu bóka. Þá var gefið út 1. hepti af þýðingu á bréfum Hórazar (1864), — meira kom aldrei, — og Nokkur blöð úr Hauksbók (1865), og þá var hafin útgáfa á Mannkynssögu Páls Melsteds. Þegar Pétur biskup lét af forsetastörfum, var Jón rektor Þorkelsson kosinn forseti félagsins 18. Sept. 1868. Jón var ágætur lærdómsmaður, einkum í málvísi og sagnafræði. Í hans forsetatíð (1868—1877) var haldið fram útgáfunni af Mannkynssögu Melsteds, og af nýjum bókum voru þá teknar upp Fréttir frá Íslandi, eptir uppástungu Gríms Thomsens á félagsfundi 6. Júlí 1872. Sjá má þó, að á þeim árum hefir fleira vakað fyrir stjórn félagsins, því að á félagsfundi 10. Sept. 1869 var »samþykt með miklum atkvæðafjölda«, að Reykjavíkurdeildin gæfi út Alþýðulestrarbók eptir síra Þórarinn Böðvarsson. En aldrei er það mál nefnt síðar í félaginu, og bók þessi kom síðan út (1874) á kostnað höfundarins. Á félagsfundi 29. Júlí 1873 er heitið verðlaunum (ótilteknum) »fyrir að semja Íslandssögu«, er »nái frá upphafi Íslandsbygðar, annaðhvort aptur til vorra daga eða um skemmri tíma framanaf«, og átti höfundurinn að hafa »lokið starfi sínu og sent ritið til Reykjavíkurdeildarinnar fyrir árslok 1874«. Á fundi

25. Marts 1875 var lagt fram handrit að Íslandssögu fram til 1264 eptir síra Jón Ingjaldsson. Nefnd var sett til að dæma um það, en verðlaun hlaut saga þessi ekki. Þó mun upp af þessu hafa sprottið Íslands söguágripið síra Þorkels Bjarnasonar, sem að vísu hlaut ekki heldur verðlaunin, er voru auglýst á nýjaleik í forsetatíð Magnúsar Stephensens, samkvæmt fundarályktun 25. April 1878. Á fundi 20. Apr. 1876 var lagt fram handrit að Siðabótarsögu síra Þorkels Bjarnasonar, og gaf félagið þá bók út 1878 eptir að Magnús Stephensen hafði tekið við félaginu.

Á forsetaárum Jóns Þorkelssonar kom það opt fram á félagsfundum, að mönnum þótti Reykjavíkurdeildin verða mjög afskipt gagnvart Hafnardeildinni um fjárráðin og hafa úr litlu að spila, og var þá stungið upp á ýmsum ráðum til þess að efla Víkurdeildina, svo að hún gæti færzt meira í fang og gefið út fleiri og margbreyttari bækur. Einna eptirtakanlegust er tillaga sú, er síra Þórarinn Böðvarsson bar fram á fundi 6. Júlí 1872, »að skrifað væri öllum umboðsmönnum félagsins á Íslandi, og þeir beðnir að borga tillög félagsmanna hingað til Reykjavíkur, og að skrifað yrði stiptamtmanni um að félagsstjórninni á Íslandi yrði sendur helmingur þess opinbera styrks og gjafa, sem félag vort fær árlega, — og komu eingin mótmæli fram á móti þessum uppástungum, en atkvæði voru ei greidd um þær«. — Sá opinberi styrkur, sem félagið naut þá, var beint veittur Hafnardeildinni til ákveðinna rita, Tíðinda um stjórnarmálefni Íslands og Landshagsskýrslna, og þá var það orðið að vana, að flest tillög félagsmanna af Íslandi væri greidd til Hafnardeildarinnar. Mun Hafnardeildinni því varla hafa þótt tillaga þessi mjög vinsamleg, og það því síður sem forseti skrifaði öllum félagsmönnum skorinort bréf þrem vikum síðar, 24. Júlí 1872, um þetta efni, og kvaðst gera það samkvæmt »samþykt« á félagsfundi 6. Júlí, en ritaði Hafnardeildinni ekki eitt orð um málið. Varð fáþykkja nokkur milli deildanna út af þessu. Á félagsfundi 8. Júlí 1874 kom það fram í umræðum, »að æskilegt væri, að félagið yrði

betur innlent hér eptir en hingað til«. Og á félagsfundi 15. Júlí s. á. voru þeir kosnir í nefnd til þess að endurskoða lög félagsins Einar Ásmundsson, Jón Sigurðsson frá Khöfn, Dr. Grímur Thomsen, Jón Sigurðsson frá Gautlöndum og síra Hallgrímur Sveinsson. Skyldi þá auðvitað gera skipun á á milli deildanna. En nefnd þessi gerði víst aldrei neitt. Stóð alt í sama fari hin næstu ár, og hvorki sýnist stjórn Rvíkurdeildar félagsins hafa farið þess á leit að fá, né heldur feingið, styrk handa deildinni af fé því, er landshöfðingi hafði til umráða.

Í byrjun þings 1877 töluðu þingmenn sig saman um það að skipta um forseta í Bókmentfélaginu. Var það bæði svo að skilja, að þingmönnum þætti bækur félagsins hér hafa verið fáar og einhliða, og vildu, að þær yrði framvegis alment meira fræðandi en þær hefði verið, svo og framkvæmdir deildarinnar meiri á sjálfstæðum stofni, jafnframt því að sameina deildirnar, þegar forsetaskipti yrði í Hafnardeildinni, en ekki fyrr, því að Jón Sigurðsson var þá gamall, en mörgum lítið um gefið að áreita hann.[1])

Magnús Stephensen var kosinn forseti Reykjavíkurdeildarinnar 9. Júlí 1877, sama ár og hann varð konungkjörinn þingmaður. Þá um sumarið voru samþykt á Alþingi lög um stofnun gagnfræðaskóla á Möðruvöllum (lög Nr. 30, 14. Dec. 1877), sem þó var breytt nokkuð síðar (lög Nr. 30, 7. Nóv. 1879), og var um þau ár hinn mesti hugur í mönnum að efla almenna fræðslu í landinu. Kom sú stefna og bráðlega fram í Bókmentafélaginu, eptir að Magnús Stephensen tók við stjórn þess. En fyrst af öllu kom þó upp í honum fræðimaðurinn. Gísli sagnafræðingur Konráðsson í Flatey hafði andazt öndvert ár 1877, og lá eptir hann mikið handritasafn með alskonar fróðleik. Eitt af fyrstu verkum Magnúsar sem forseta félagsins var að rita (28. Ágúst sumarið 1877) Flateyjar framfarastofnun, sem átti þetta safn, um kaup handa Bókmentafélaginu

[1]) Sá, sem þetta skrifar nú, var þá áheyrsla þessa samtals nokkurra þingmanna.

á þessum handritum. Skýrði hann frá því á félagsfundi 8. Júlí 1878, að félaginu hafi borizt skýrsla um safnið frá síra Eiríki Kuld, »þó að eins ófullkomin«. Síðan er þess máls ekki getið, og hafa kaupin af einhverjum ástæðum ekki tekizt. Laungu síðar var safn þetta keypt til Landsbókasafnsins.

Það er ekki hægt að sjá, að hverju Magnús eigi upptök um bókaútgáfur í forsetatíð hans. En árið 1879 bólar fyrst á því, að deildin fari að gefa út rit af nýjum stofni. Það ár er gefin út *Efnafræði* Roscoe's, *Eðlislýsing jarðarinnar* eptir Geikie (í þýðing H. Kr. Friðrikssonar). Útvegaði forseti félaginu 300 kr. hjá landshöfðingja til útgáfu hvorrar þessarar bókar um sig. Það ár fylgdi og bókum deildarinnar *Um eðli og heilbrigði mannlegs líkama* eptir Jónas læknir Jónassen. Alt alþýðufræðibækur. Á félagsfundi þetta ár (1879) 8. Júlí var stofnað til útgáfu tveggja merkilegra rita. Á þeim fundi kom fram tilboð frá Jóni háyfirdómara Péturssyni um útgáfu á *Sýslumannaæfum*, og var því tilboði tekið. Á sama fundi bar Grímur Thomsen fram tillögu um það, »að félagið gæfi út ritsafn, líkt því sem gömlu félagsritin voru, einskonar magazin«; eru þar upptök *Tímarits Bókmentafélagsins;* var sú uppástunga samþykt í einu hljóði. Ekki verður séð, hvort uppástunga þessi hefir verið gerð að undirlagi forseta eða í samráði við hann. En í forsetatíð Magnúsar kom út alt 1. bindi af Sýslumannaæfum og 5 fyrstu ár Tímaritsins, og hafði forsetinn sjálfur ritað ýmislegt í það. Eru þessi tvö rit langmerkilegust af öllum ritum, sem Reykjavíkurdeildin hóf að gefa út í forsetatíð Magnúsar, og hafa þau bæði ævarandi gildi. En útgáfu alþýðufræðiritanna var hætt með Eðlisfræði Balfour Stewart's 1880, rétt um sama leyti sem Möðruvallaskólinn tók til starfa. Hver önnur rit félagsdeildin gaf út á þessum árum má sjá í Skýrslum og reikningum félagsigs. Sjálfsagt hefir Magnús átt mikinn þátt í því, að Alþingi tók í hans forsetatíð að veita Reykjavíkurdeildinni allríflegan fjárstyrk: 2000 kr. hvort árið 1880 og 1881 og síðan

1000 kr. hvert áranna 1882, 1883 og 1884. Í forsetatíð Magnúsar bæði efldist Reykjavíkurdeild Bókmentafélagsins og komst á góðan rekspöl til framkvæmda um útgáfur bóka þeirra, er gildi hafa.

Í forsetatíð Magnúsar Stephensens andaðist Jón Sigurðsson (1879), hinn gamli forseti Hafnardeildarinnar. Vilhjálmi Finsen hafði til málamynda verið boðið forsetadæmið eptir Jón andaðan, en hann færzt undan að taka það að sér. Stóðu því eingir þeir þungs stéttar menn þá að Hafnardeildinni, að ekki þætti mega gera sér dælt við þá, — flest ungir menn, sem enn var að litlu getið. Var tækifærið því gott að taka þar til óspiltra málanna, sem fyrr var frá horfið í forsetatíð Jóns Þorkelssonar, að gera félagið »betur innlent hér eptir en hingað til«.

Á fundi í Reykjavíkurdeildinni 9. Marts 1883 »stakk Gestur Pálsson cand. phil. upp á því, að kosin væri nefnd til að undirbúa flutning Hafnardeildarinnar, bæði sjóðs og handrita, hingað til Reykjavíkur, er ætti að hafa aflokið starfa sínum 14 dögum fyrir næsta fund. Samþykt (var) að setja nefnd til að íhuga lögin, sérstaklega í þá átt að steypa saman deildunum og flytja aðsetur þeirra til Reykjavíkur. Samþykt var 3 manna nefnd, og að prenta uppástunguna til lagabreytingarinnar«. Voru þeir kosnir í þessa nefnd forsetinn sjálfur Magnús Stephensen, Gestur Pálsson og Jón Ólafsson. Ekki stóð á tillögum nefndarinnar í máli þessu, og miðuðu þær allar að því að má tilveru Hafnardeildarinnar með öllu út úr lögunum. A aðalfundi deildarinnar, sem haldinn var 9. Júlí 1883 á Hótel Ísland, voru tillögur þessar allar samþyktar að viðhöfðu nafnakalli með 90 atkvæðum gegn 12. Gagnatkvæðin voru að hálfu leyti stúdentar frá Kaupmannahöfn, sem þá voru staddir í Reykjavík. Höfðu umræður á þeim fundi verið mjög æstar, og smalað hafði á þeim fundi verið inn í félagið 52 nýjum félagsmönnum, svo að kapplaust hefir ekki verið þá í kotrunni.

Þó að Gestur Pálsson bæri fram tillöguna á fundinum 9. Marts, vissu þó allir, að það voru í raun og veru

þegjandi kappsmunir forsetans sjálfs, sem hrundu þessu máli svona öflugt fram. Gestur var þá mjög á hans vegum og í hans skjóli, og hefði víst ekki komið með tillöguna, ef hann hefði vitað, að hún væri Magnúsi Stephensen þvert um geð. Magnús Stephensen hefir því í forsetatíð sinni í verki hrundið málinu um heimflutning Hafnardeildarinnar meira fram en nokkur annar, alt þangað til, að það var tekið upp af nýju eptir síðustu aldamót, og varð síðan að framkvæmd.

Út af þessu máli urðu miklar æsingar, og voru Hafnardeildarfélagsmenn svo sem einum rómi móti heimflutningnum, og sumir ákafir. Kosin var þar þó á félagsfundi 28. Febr. 1884 nefnd í málið, sem komst í prentuðu áliti að þeirri niðurstöðu, að málinu skyldi vísað frá og það ekki tekið undir atkvæði, og fékkst það samþykt á fundi 30. Marts 1886[1]) En á fundi Reykjavíkurdeildarinnar 8. júlí 1884 færðist Magnús Stephensen undan því, að taka við forsetakosningu framar, og var þá ekki heldur kosinn, enda biðu hans nú innan skamms yfirgripsmeiri störf. En samt tók hann, eptir að hann var orðinn landshöfðingi, á móti kosningu á fundi Reykjavíkurdeildarinnar 1. Júní 1886 í nefnd um þetta mál eptir aðgerðir Hafnardeildarinnar í því, og er álit þeirrar nefndar prentað svo sem kunnugt er.

Af ritgerðum Magnúsar í Tímariti félagsins eru þessar helztar: *Skattar og gjöld til landssjóðs* (I. ár), *Lögfræðingatal* (II. ár), og *Um hið nýja tímatal Dr. Guðbrands Vigfússonar* (í V. ári), og er sú ritgerð samin á vísindalegan hátt, sumstaðar nógu »polemisk«, en sýnir með rökum fram á, að eingin nauður reki til að víkja frá hinu

[1]) Eg var einn af þeim, sem Hafnardeildin kaus þá í nefnd í þessu máli, yngstur þeirra og óráðnastur. En strax á fyrsta fundi nefndarinnar kom fram svo gagngerður skoðanamunur á meðferð málsins milli mín og hinna nefndarmannanna, að eg sagði mig úr nefndinni, og kom aldrei við það mál síðan á þeim árum. Ekki var þó meðferð þess mótmælalaus á fundinum 30. Marts 1886, sú er þá gekk fram.

eldra tímatali, er bæði Dr. Guðbrandur og aðrir höfðu áður fylgt.

Magnús var að sjálfsögðu heiðursfélagi í Bókmentafélaginu.

Af öðru ritum Magnúsar er helzt að geta *Efnisyfirlits yfir Stjórnartíðindi* 1874—1903, *Formdlabókarinnar* (með L. E. Sveinbjörnssyni) og 3 fyrstu bindanna af *Alþýðulagasafninu* (með Jóni Jenssyni).

Magnús Stephensen mun, nýkominn til landsins, hafa átt mikinn þátt í stofnun Lestrarfélags Reykjavíkur, sem staðið hefir til þessa, og stofnun Reykjavíkurklúbbsins, sem leingi var skemtifélag í bænum.

Magnús var þjóðkjörinn þingmaður Rangæinga á þingunum 1903, 1905 og 1907) og forseti neðri deildar Alþingis var hann tvö síðustu þingin (1905 og 1907).

Magnús kvæntist á fæðingardag sinn, eins og hann sjálfur taldi hann, 18. Oktober 1878, Elínu Jónasdóttur sýslumanns, Jónssonar landlæknis, — Þorsteinssonar, — og Elínar Stefánsdóttur amtmanns á Hvítárvöllum.[1]) Þau voru að öðrum og þriðja. Börn þeirra voru: 1. Magnús, drukknaði uppkominn 1916; 2. Jónas, andaðist kominn á háskóla; 3. Margrét, kona Guðmundar landlæknis Björnssonar; 4. Ragna, ógipt hjá móður sinni; 5. Ásta kona Magnúsar bankastjóra Sigurðssonar; 6. Elín kona Júlíusar kaupsýslumanns Stefánssonar, og 7. Sigríður kona Þórhalls Árnasonar bankaritara

Magnús Stephensen andaðist 3. Apríl 1917. Hafði hann verið embættislaus frá því landshöfðingjaembættið var lagt niður 1. Febrúar 1904 og innlend ráðgjafastjórn komst á.

Aðdragandinn að þeirri stjórnarbreytingu var nógu einkennilegur, en það var hin svo nefnda »valtýska«. Kom hún í öndverðu sem boðskapur frá dönsku stjórn-

[1]) Jón landlæknir og kona hans voru mestu merkis og ágætishjón. Svo hefir sagt kona ein, sem var gagnkunnug þeim hjónum og börnum þeirra, að öll hafi börn þeirra verið góðrar náttúru, en bezt hafi Guðrún verið. Hún varð síðar kona Jóns A. Hjaltalíns skólastjóra.

inni, ekki samt karldyramegin, og miðaði að því að magna ráðgjafastjórn í Kaupmannahöfn yfir málum landsins, og þar með rýra innlent vald. Verður þess að minnast, að ekki er vita, hvernig þá hefði farið, og hverjar afleiðingar það hefði haft, ef landshöfðingi hefði þá ekki snúizt af afli móti þeirri stefnu, og það farið saman, að þeir urðu þar sammála Benedikt Sveinsson og hann,[1]) og síðan ýmsir yngri menn lagizt fast á sömu sveif. Því máli sneri svo við, að úr því varð innlend ráðgjafastjórn, sem kunnugt er. Ýmsir voru þeir þá, sem litu svo á, að Magnús Stephensen hefði þá átt að halda áfram landsstjórn og verða ráðherra fyrst í stað, sökum margfaldrar reynslu og þekkingar, því að hann var þá enn ern og hraustur, en flokksmönnum hans á þingi sýndist annað. Hvernig hann sjálfur hafi litið á þann viðskilnað, mætti ráða af svörum hans síðar, er gera átti honum sæmdarminning nokkura; neitti hann þeirri sæmd þverlega, og bætti við: »Eg var grafinn 1. Febrúar 1904«. Sjálfur hafði hann undirbúið alt stjórnarfyrirkomulagið, sem þá komst á. En í umræðum þeim, sem um fyrirfarandi ár

[1]) Benedikt Sveinsson og Magnús Stephensen voru ekki allopt sömu skoðunar í stjórnumálum, en eingin var óvild milli þeirra. Og það hefir náinn venzlamaður Magnúsar eptir honum sagt, að svo hafi hann mælt, að einginn maður, sem hann hafi liðsint, hafi verið þess minnugri við sig en Benedikt Sveinsson. Benedikt var vikið frá yfirdómaraembætti 1870. Það embætti fékk Magnús, og má jafnvel af þingræðum Benedikts á þeim árum, sem Magnús var aðstoðarmaður konungsfulltrúa, sjá, að Benedikt hafi þá ekki verið þústlaust með öllu til Magnúsar. Kalt var milli Benedikts og Hilmars Finsens, og hafði Benedikt litla von embættis aptur hjá honum, enda varla haft geð til að ganga eptir honum um það. En árið 1874 voru þeir allir staddir hér í Reykjavík um þjóðhátíðarleytið konungur sjálfur, ráðgjafi hans um Íslandsmál og Oddgeir Stephensen forseti íslenzku stjórnardeildarinnar í Höfn, náfrændi Magnúsar. Gekk Benedikt þá á fund Magnúsar og bað hann fyrir tilstilli Oddgeirs að útvega sér Þingeyjarsýslu, sem þá var laus. Það varð. Og eptirtakanlegt er það, að alla þeirra laungu samveruntíð á þingi, Magnúsar og Benedikts, hrýtur Benedikt aldrei kalt orð til hans, þótt þeir væri sinn á hvoru máli. En Hilmar, sem annars var mesti merkismaður, fékk stundum að sitja undir ágjöf hjá honum.

höfðu orðið um landstjórnarmálin og tilboð Dana, höfðu landshöfðingja stundum hrotið hreinmannleg orð af vörum í þingræðunum. Mörgum mun vera minnisstætt, þegar hann kom með þessi vísuorð úr Æneasdrápu Virgils:

Quicquid id est, timeo Danaos[1]) et dona ferentes.

Í samsæti því, sem haldið var 1. Febr. 1904, bæði til að kveðja landshöfðingja og fagna stjórnarbótinni, mælti prófessor Eiríkur Briem fyrir minni hans, og fórust honum meðal annars orð á þessa leið:

»Þegar landshöfðingi Thorberg féll frá, þá spurðu menn ekki um, hver þá mundi verða landshöfðingi, því Magnús Stephensen var svo kunnur að yfirburðum, skarpleika, kjarki og dugnaði, að sjálfsagt þótti að hann, og einginn annar, mundi verða það. Og þessa yfirburði sína hefir hann fyllilega sýnt sem landshöfðingi. Staða landshöfðingjans sem millilíðs milli ráðgjafans annarsvegar og þings og þjóðar hins vegar var þýðingarmikil og vandasöm, en þó hefir hún verið það sérstaklega þann tíma, sem Magnús Stephensen hefir haft það embætti á hendi, því að einmitt um það leyti, sem hann tók við, voru menn farnir að finna til þess, hve stjórnarfyrirkomulag það, sem ákveðið var með stjórnarskránni 1874, var ófullkomið. — — Í embætti sínu hefir hann því vissulega haft marga erfiða áhyggjustund, en nú viljum vér votta honum þakkir fyrir alt það, sem hann hefir unnið til gagns fyrir þjóð vora. Eg vil ekki fara að telja upp einstök atriði því viðvíkjandi. Það yrði oflangt mál. Eitt vil eg þó nefna, en það er, hve landssjóðurinn hefir notið góðrar umsjónar undir hans hendi, og hve honum er það mikið að þakka, að vér erum í efnalegu tilliti sjálfstæð þjóð«.

Svarræða landshöfðingja þá, er hann snéri upp í minni fyrir Íslandi, var öll hin merkilegasta, þótt ekki

[1]) Danai, sem merkir Grikki hjá skáldinu, mun minna flesta á Dani, og, að fuggur sé honum á þeim, og eins þótt þeir hafi gjafir færandi hendi.

sé tilfært hér annað úr henni en eptirfarandi kafli, sem er ærið eptirtakanlegur:

»Þegar landshöfðingjaembættið losnaði fyrir 18 árum síðan við hið sviplega fráfall Bergs sáluga Thorbergs, og mér var boðið að verða eptirmaður hans, var eg í miklum vafa um, hvort eg ætti að taka því boði; eg hafði aldrei haft ágirnd á því embætti, bæði af því, að eg fann mig ekki mann til að þjóna því, og mér hafði altaf fundizt, að landshöfðinginn, — ef eg mætti svo að orði kveða, — væri eins og lús á milli tveggja nagla, naglarinnar á Alþingi og naglarinnar á stjórninni. Það var annað embætti, sem eg hafði augastað á, og sem eg hafði útlit fyrir að geta feingið, en það var justitiarius-embættið við landsyfirréttinn. En bæði ráðgjafinn, sem þá var, Nellemann, og departementsdirektörinn í íslenzka stjórnarráðinu, Hilmar sálugi Stephensen, frændi minn, lögðu mjög fast að mér að taka við embættinu, og fullyrtu, að neitun frá minni hálfu mundi setja stjórnina í mesta vanda. Svo þori eg ekki að bera á móti því, að fordildin, að verða æðsti embættismaður landsins og hin góðu laun embættisins og væntanlegu eptirlaun fyrir mig og konu mína, hafi haft nokkur áhrif á mig; en það, sem reið baggamuninn, var það, að eg gat þá ekki bent á neinn mann, sem væri sérstaklega fær um að taka embættið að sér, og jafnframt hefði traust stjórnarinnar. En það segi eg satt, að hefði mig þá grunað, að Hilmar frændi minn yrði eins skammlífur og raun varð á, þá hefði eg ekki tekið í mál að verða landshöfðingi.[1]) — — Þrátt fyrir það, þótt skoðan-

[1]) Hilmar Stephensen var sonur Ólafs í Eplatótt; voru þeir Magnús og hann því bræðrasynir. Hafði Hilmar verið um hríð skrifstofustjóri hjá Oddgeiri frænda sínum. En þegar Oddgeir lézt 1885, ári fyrri en Magnús yrði landshöfðingi, varð Hilmar forstjóri íslenzku stjórnardeildarinnar í Höfn. Út af því var þá haldinn fundur meðal íslenzkra stúdenta í Höfn, — fundarboð frá þeim er enn einhversstaðar í fórum mínum, þótt eg kæmi þar ekki, — til þess að senda Nellemann „kröptugt prótest“ móti þeirri bíræfni að setja ekki nema hálfíslenzkan mann í þessa stöðu. Hilmar var ágætismaður, og mesta eptirsjá í honum. Hann

ir mínar á landsmálum séu að ýmsu leyti frábrugðnar skoðunum þeim, sem nú eru efstar á baugi hér á landi, dirfist eg að hafa þá ímyndun, að eg sé eins góður ættjarðarvinur eins og hver óvalinn Íslendingur. Þess vegna hefir það ávalt verið mín heitasta ósk, að vort ástkæra föðurland, þar sem vöggur vorar hafa staðið og sem vorar ljúfustu og dýrmætustu endurminningar eru svo náteingdar, mætti blessast og blómgast sem bezt«.

Þegar Magnús Stephensen varð áttræður og eins þegar hann lézt, var hans minst lofsamlega og rækilega. Skulu hér nú tilfærðir nokkrir kaflar úr því, og er ekki til neinna bóta að fara að stýla það um.

Tíminn I, 4.

»Hann var framúrskarandi góður heimilisfaðir, hýbýlaprúður, forsjáll og tryggur, nákvæmur og raungóður. Hann var maður gestrisinn, ræðinn og smáfyndinn. En helzta lundareinkenni hans var trygð, eigi að eins við vini sína sjálfa, heldur lét hann og börn þeirra og barnabörn njóta þeirra um alt, sem hann gat. Magnús Stephensen er því harmdauði öllum, sem þektu hann«.

Þjóðólfur LXIV, 5.

»Magnús var vitsmunamaður hinn mesti, stór-mentaður og víðsýnn, gáfurnar fjölhæfar, skarpar og skýrar, fljótur að átta sig á hverju máli, fram úr skarandi minn-

lézt 1889. Varð þá forstöðumaður íslenzku stjórnardeildarinnar Andreas Dybdal, aldanskur maður, og þá hrærðu íslenzkir stúdentar hvorki legg né lið til mótmæla. Dybdal reyndist Íslendingum flestum heldur ógeðfeldur; var og fremur óásjálegur maður. Eptir íslenzku stjórnarbreytinguna 1904 varð hann stiptamtmaður í Vébjörgum, og þar var hann 1906, þegar för íslenzkra alþingismanna var gerð til Danmerkur. Þá var Magnús embættislaus, en þingmaður og forseti. Var þingmönnum haldin veizla í Vébjörgum, og var stiptamtmaður þar svo sem fremstur í viðtökunefnd. Þegar Magnús kemur auga á stiptamtmann, segir hann upphátt á íslenzku, svo hvar fjarri mátti heyra, enda víst ætlazt til þess: „Er helvítið hann Dybdal *hér?*“ Mætti af því líklega marka nokkuð um það, hvílík kynni Magnús þóttist hafa af honum reynt, og því mun svo að orði komizt, sem er í ræðu landshöfðingja. En þetta er hér tilfært eptir sannorðu heyrnarvitni, og er jafngott, þó að þessi orð geymist.

ugur og manna fróðastur um flest. Það var eins og alt lægi opið fyrir honum. Hann var ættjarðarvinur mikill, fastur fyrir og fylginn sér; ræður hans á þingum stuttar og gagnorðar. Hann var maður alþýðlegur og lítillátur, laus við prjál og tyldur, ljúfur, fræðandi og skemtinn í viðræðum, og glaður og spaugsamur í vinahóp«.

Indriði Einarsson í Ísafold XLIV, 23.

»Magnús Stephensen skrifaði stutt; eingu orði né setningu var ofaukið. Þeir, sem lesa þingræður hans, geta séð, hvernig hann skrifaði. Fyrir honum lá málið ljóst og skýrt, þegar hann tók sér pennann í hönd. Þótt leitað sé í öllum uppköstum hans til bréfa og lagaboða, hygg eg, að þar finnist naumast setning eða orð, sem er strykað yfir. Skrifstofustörfin féllu honum svo óvenju létt úr hendi . . . . Það sá þreytuna á Hilmari Finsen og Bergi Thorberg, þegar þeir voru að semja landsreikningana; á Magnúsi Stephensen sást ekki þreyta«.

Klemens Jónsson í Lögréttu XII, 16.

»Í samfleytt 36 ár var hann riðinn við alþingi, og hefur einginn einn maður haft jafnmikil áhrif á þingið og hann. Meðan hann var konungkjörinn þingmaður, var hann svo að segja einvaldur í efri deild, bæði sökum dugnaðar síns, þekkingar og andlegra yfirburða, en með því að hann var í meira lagi apturhaldssamur, einkum að því er fjármál snerti, þá var hann einatt þyrnir í augum hinna yngri framsóknarmanna. Sem landshöfðingi hafði hann auðvitað öðruvísi aðstöðu á þingi, en jafnan voru þó orð hans mikils metin, og á engan var hlýtt með meiri athygli en hann. Þó var hann einginn mælskumaður, heldur fremur hið gagnstæða; hann var því aldrei langorður, en mjög gagnorður og skýr, og hugsunin mjög ljós, svo hver gat skilið, sem vildi skilja, því hann var djúp- og skarpvitur maður langt fram yfir það, sem alment gerist.

Aðalstarf hans var landshöfðingjaembættið. Það var þýðingarmikið og um leið vandasamt starf. Þegar hann tók við því embætti, var hann tæplega fimtugur að aldri,

og því enn á bezta skeiði; er óhætt að fullyrða, að ekki hafi þá verið völ á hæfari manni en honum í það embætti, enda rækti hann það með mikilli röggsemd. Hann hafði mikið starfsþol og vann sleitulaust; átti hann því sjálfur mikinn þátt í undirbúningi fjárlaga og frumvarpa stjórnarinnar, því þau komu flest frá honum, auk þess sem hann varð að gegna daglegum embættisstörfum, sem voru mjög mikil. Landshöfðinginn var eins og á milli steins og sleggju, annars vegar var alþingi, en hins vegar yfirstjórnin í Kaupmannahöfn. Alþingi viðurkendi það yfirleitt, að hann stæði ágætlega í stöðu sinni. Að vísu þótti hann íhaldssamur, og þingið fór opt miklu leingra, en hann áleit fært; í fjármálum var hann mjög gætinn, að eins ríflegur til samgaungumála, því þau vildi hann efla sem mest hann mátti. Yfirstjórnin í Khöfn bar svo að segja ótakmarkað traust til hans; um það var mér persónulega kunnugt um eitt skeið, og hygg, að það hafi ekki haggazt síðar.

Hann var talinn einn með beztu lagamönnum landsins, og skaði að ekkert skuli liggja eptir hann í lögfræði, því hann hafði töluverða vísindalega tilhneigingu. Sagnvísindi og ættfræði iðkaði hann allmikið, og yfir höfuð munu það hafa verið fá fræði, er hann eigi bar skynbragð á.

Magnús Stephensen mun að eðlisfari hafa verið talsvert örgeðja, og ráðríkur þótti hann opt og einatt, en hann kunni mjög að stilla skap sitt, og sást því sjaldan bregða, þótt vegið væri allhvast að honum. Í allri framgaungu var hann jafnan stiltur og kurteis, en gat verið þungur, ef því var að skipta, og þótti mótstöðumönnum hans hann vera sér erfiður, en tryggur og öruggur vinur vina sinna og frændrækinn var hann. Á heimili sínu var hann hinn hýbýlaprúðasti maður, og í samkvæmum bæði ræðinn og skemtilegur.

Hann mátti telja lánsmann mikinn um æfina. Hann komst til hárrar elli, og naut virðingar manna alla æfi. Hann hafði beztu heilsu til æfiloka, hann komst í æðsta

innanlandsembætti, og hafði frá því hann fékk embætti og þangað til hann lét af því, mest áhrif samtíðarmanna sinna á ýms málefni, og sá góð úrslit þeirra opt og einatt«.

Jón Magnússon í Iðunni, Janúar 1917. Jón var landshöfðingjaritari árin 1896—1904:

»Það sem eg tók þá fyrst eptir, og svo hygg eg flestum farið hafa, sem kyntust honum, það voru vitsmunir mannsins og kraptur. — Fjölhæfi gáfna hans og skýrleikur frábær, greindin fram úr skarandi glögg, og framsetning gagnorð og með afbrigðum ljós. Hann var allra manna fljótastur að átta sig á hverju því máli, er fyrir hann kom. Það varð eg einatt var við. Þegar eg hafði reynt að greiða, honum til hægðarauka, eitthvert mál, er mér fanst flókið, þóttist hafa brotið það til mergjar og fór að reifa málið fyrir honum, þá var það ekki einungis svo, að mér fanst hann skilja þetta þegar í stað betur en eg, heldur virtist hann þekkja alt málið út í æsar, og það þótt eg vissi, að hann hefði ekkert kynt sér það áður. Um þetta hefir gamall þingmaður, er eg hefi þekt einna glöggastan á hæfileika manna, sagt í skrifi, óprentuðu, um Magnús Stephensen: »Fljótasti maður að átta sig allra þeirra, er eg hefi þekt. Hefði orðið háskalega heppinn málsækjandi og málverjandi. Eg vil nota litla líking, ekki svo fjarri sanni. Heilabú hans var hylki með ótalmörgum skúffum. Þær féllu út fyrirhafnarlaust af sjálfum sér, þegar á þurfti að halda, en svo var vel í þær raðað, að alt var í réttri skipan, einginn ruglingur í heila þess manns«. Eg tel þessa líking eiga vel við.

Mönnum fanst til um það, hve mikill aflmaður hann var. Mér kom það svo fyrir, að í samveru við hann fyndi maður jafnan til hins mikla afls, er í honum bjó. Eg á þar aðallega við sálaröflin, festu í hugsun og fyrirætlunum og krapt í framkvæmd. En hann var öflugur maður bæði til sálar og líkama.

Minni í senn jafn sterkt, jafn trútt og jafn fjölhæft hygg eg eingan samtíðarmanna hans hérlendan hafa haft. Hann var afarfljótur að afgreiða embættisstörf sín, og hjá

honum lá aldrei neitt stundinni leingur, að minsta kosti ekki hjá honum sjálfum. Hann hafði því jafnan mikinn tíma afgangs embættisstörfum, og varði honum mestum til lesturs, til náms getur maður sagt, því að um hann má segja, eins og sagt var fyrir laungu um annan mann, að »hann nam alt það, er hann las, og mundi alt það, er hann nam«. Það ræður því að líkindum, hvílíkum ótæmandi fjársjóð allskonar fróðleiks hann safnaði, því að hann las allskonar fræðibækur og kunni allra manna bezt að afla sér fróðleiks af samræðum við aðra menn, og var því sannfróðari um hag manna og háttu hvarvetna á landinu en nokkur samtíðarmaður hans, að því er eg hygg.

Það sem að framan er talið: vitsmunir hans, skýrleikur í hugsun, fróðleikur, glögg og gagnorð framsetning, og hafa alt á hraðbergi, það kom sér einkarvel á Alþingi. Þegar þar við bættist festa í fyrirætlun og kraptur í framkvæmd, þá er ekki að furða, þótt hann léti mikið til sín taka á Alþingi, fram yfir það, sem líkindi voru til vegna stöðu hans. Þingræður hans voru annálaðar. Þær eru stuttar, gagnorðar og frábærlega skýrar, svo skýrar og skipulegar, hugsunin svo föst og vafningalaus, að sagt var, að varla hefði getið svo klaufalegan skrifara á þingi, að hann skrifaði mjög vitlaust ræðu eptir Magnús Stephensen.

Ættrækni og ættjarðarrækt hefir verið mjög rík hjá honum. Samfara er hjá honum víðskygni, mikil heimsmenning og alíslenzkt hugarfar. Honum var mjög ant um að verjast öllum ágangi á landið utan að, eins og kom fram allberlega í bankamálinu á Alþingi 1901. Með þessu hugarfari var aðstaða hans á þinginu stundum allörðug, sérstaklega þegar hann varð að koma þar fram í umboði hinnar erlendu stjórnar, er ekki vildi viðurkenna réttindi Íslands. En svo gat hann komið ár sinni fyrir borð, að yfirleitt var samvinna hans við Alþingi og hina erlendu stjórn hin bezta.

Viðmót hans og umgeingni við menn virtist mér vera þannig, sem hver einn, er við hann átti erindi, mundi

helzt kosið hafa, viðræður hans jafnan ágætlega við hæfi þess, er hann talaði við, og allajafna um það efni, er hinum þótti mest skemtun um að tala. Þótt hann skipaði æðsta sess landsins, þá var hann jafnan til viðtals á hverjum tíma dags og hvernig sem á stóð. Feingi hann að vita, að einhver vildi finna hann, og það stóð á sama, hvort sá átti mikið eða lítið undir sér, þá var hann þegar búinn til að veita viðtalið, og það þótt hann sæti að matborði. Man eg það, að konu hans sárnaði stundum, er hann hafði ekki matfrið. Eg þarf ekki að lýsa því, hvernig hann fer með gesti sina, umönnun hans um þá, hve skemtinn hann er. Þeir hafa verið of margir gestirnir hans um dagana, til þess að þetta sé ekki alkunna.

Hann var frábærlega ljúfur og góður heimilisfaðir og og húsbóndi. Aldrei var hann öðruvísi við okkur, sem unnum í skrifstofu hans. Mér fanst hann nærri því of góður, því að eg minnist þess ekki, að hann fyndi nokkurn tíma að neinu við okkur. Einn er sá háttur hans, sem vert er að geta, af því að það mun nú orðið fremur fátítt um veraldlega embættismenn, það er kirkjurækni hans, hann fer í kirkju á hverjum helgum degi.

Öll er hátterni hans einkar látlaus. Mann, er lausari sé við tilgerð eða tildur, getur ekki. Það hefir og verið örðugt að fá að sýna honum nokkuð almennara en venjulega gerist, hver tök hann hefir í hugum manna. Þegar hann varð sjötugur, vildu menn fá að halda samsæti honum til heiðurs, en það var afsvar frá hans hálfu. Sama var nú, er hann varð áttræður 18. Október 1916. Það var með mestu lægni, að það tókst að fá samþykki hans til þess, að gerð væri nú af honum brjóstmynd í því skyni að setja hana í neðrideildar sal Alþingis gegnt sæti því, er hann hafði svo leingi þar með sóma skipað. Myndina gerði Ríkarður Jónsson fyrir fé, er safnað var til þess, aðallega hér í Reykjavík, og safnaðist á stuttum tíma meira fé til þessa, en á þurfti að halda. Margir fleiri en þeir, er í samskotunum tóku þátt, mundu fegnir hafa

viljað sýna Magnúsi Stephensen áttræðum virðingarmerki, ef þeir hefðu feingið færi á.

Æfiferill hans og embættisferill hefir verið hinn glæsilegasti. Framkvæmdarstjórn landsins var í tíð landshöfðingjadæmisins aðallega í höndum landshöfðingja, og hann tók mikinn þátt í löggjöf landsins. Magnús Stephensen hafði mikinn hug á verklegum framförum landsins. Sérstaklega lét hann sér ant um samgaungur bæði á sjó og landi. Í hans tíð má segja að fyrst byrjuðu verulegar vegabætur og brúargerðir. Samgaungur á sjó bötnuðu þá og afarmikið. Taldi hann greiðar samgaungur að miklu undirstöðu annara framfara. Sérstaklega þótti hann þó góður gæzlumaður landsstjóðs. Þegar hann skilaði af sér, nam viðlagasjóður landssjóðs um $1^1/_2$ millíón króna.

Heiðursmerkjum hefir hann verið sæmdur, svo sem sjálfgefið er vegna hárrar stöðu hans og álits. Þegar landshöfðingjaembættið var lagt niður, fékk hann stórkross Dannebrogsorðunnar, og tók sér þá máltækið: *festina lente*«.

Hér við er fáu að auka í ekki leingri grein en hér getur verið um að ræða. Þó skal eg bæta við lýsingu Borgens á Magnúsi,[1]) eins og hann kyntist honum á íslenzku skrifstofunni í Höfn árunum 1863—1870, og voru óafbökuð orð hans, eptir því sem eg bezt man, svo: »saa overmaade elskværdig var han ikke, men han var dygtig«. Magnús hefir á þeim árum, ef til vill, ekki verið alveg laus við »Viðeyjarþóttann« — faðir hans var alinn upp í Viðey, — en Páll sagnafræðingur Melsted sagði, að það hefði verið »ógnar þóttasvipur« á Viðeyjarfólki, það er að segja á konferenzráðinu og fólki hans.

---

[1]) Borgen var afarleingi skrifari á íslenzku stjórnarskrifstofunni í Höfn, og alt til þess að hún var lögð niður 1904. Lifði hann leingi eptir það, og mun ekki hafa dáið fyrri en 1919. Eg heyrði hann aldrei mæla orð frá munni, nema í þetta eina skipti. Eg hitti hann einan á skrifstofunni, en ætlaði að finna Ólaf Halldórsson, og beið eptir honum, og á meðan gerðist Borgen hinn opinspjallasti, og lýsti fyrir mér mörgum Íslendingum, sem á skrifstofunni hefði verið í hans tíð.

Innri metnaður Magnúsar var án efa mikill, en hann fór honum vel, af því að hann var dulur um sjálfan sig og yfirlætislaus. Hann gat verið meinyrtur og tilfyndinn, ef því var að skipta, og fljótur var hann að átta sig á því, hverju bezt fór á, jafnvel í smámunum.[1]) Bændafundarmenn úr Rangárþingi 1905 skoruðu á hann eins og aðra þingmenn, sem voru með símanum, að leggja niður þingmensku. »Þið hafið náttúrlega með ykkur umboð frá þeim kjósendum, sem heima sitja!« Málið var slokknað, því að ekkert var umboðið.

Magnús Stephensen var þrekinn vexti, en meðalmaður í lægra lagi að hæð; fór þó í margmenni, og hvar sem hann var staddur, sjálfkrafa og ósjálfrátt, meira fyrir honum en mörgum þeim, sem meiri voru vexti. Eptir því, sem lýst er Magnúsi amtmanni Gíslasyni, langalangafa hans, þá hafa þeir ekki verið ósvipaðir á vöxt og jafnvel um fleira. Maðurinn var fyrirmannlegur, og enni og yfirbragð ættmeitlað úr föðurkyni. En svo sagði kona, er mundi Þórð prófast móðurföður Magnúsar, að þeir hafi verið mjög líkir um niðurandlitið.

J. Þ.

[1]) Landshöfðingi reið í eptirlitsför austur í sýslur 1888, alt austur á Síðu. Þegar þeir landshöfðingi riðu af Mýrdalssandi, komu þeir við á Þykkvabæjarklaustri, og hittu, sem þeir riðu heim, gamla konu þar að þvotti við læk. Hún þekti í förinni Ólaf umboðsmann á Höfðabrekku, því að hann reið austur með þeim, og spurði hann, hverir höfðingjar væri þar á ferð. Hann sagði eins og var, að það væri landshöfðinginn. „Hann er orðinn hærri í heiminum núna, heldur en þegar hann týndi fyrir mér fingurbjörginni á Höfðabrekku“. Var þetta Guðrún Sæmundsdóttir prests á Útskálum, þá vetri miður en hálfníræð, glaðlynd kona og skýr, vel kunnandi fyrir sér um hendur sínar; hafði hún fyrrum, um 1840, — þá var landshöfðingi 4 vetra piltur, — verið við sauma á Höfðabrekku hjá foreldrum hans. Mörgum hefði orðið það fyrst fyrir að rétta hinni gömlu konu nokkrar krónur til endurgjalds fyrir fingurbjörgina, en það mátti vel hafa móðgað hana, og hún þózt hafa orðið ósvinn fyrir spaugsyrðin. En landshöfðingi hafði þann hátt á, að hann sendi henni, þegar hann var kominn heim til sín, silfurfingurbjörg, ásamt þægilegu bréfi, og þótti konunni að því bæði sómi og gaman, og hafði ánægju af að halda þessari sögu á lopti. Guðrún lifði leingi eptir þetta, og andaðist hálftíræð 1899.

Gagnfræðaskóli í Reykjavík.

Undanfarið hefur eigi alllítið verið um það rætt og deilt, hvernig haga skuli námi í skólum vorum. Sjerstök nefnd hefur fjallað um málið og gert tillögur, fundir hafa verið haldnir og málið sótt og varið, en þingið hefur haft furðanlega hljótt um sig til þessa; að vísu komu tillögur nefndarinnar fram á síðasta þingi, en málið lognaðist þá út af og sú er trú sumra, að líkt muni fara í þetta sinn.

Um hitt hefur verið minna talað, nema þá manna á milli og lítils háttar í bæjarstjórn, að skólamál vor eru komin í engu minna öngþveiti í öðrum efnum. Aðsókn er orðin svo mikil að flestum eða öllum skólum hjer í bæ og víða annarstaðar, að til vandræða horfir vegna húsnæðisleysis.

Einn af þeim skólum, sem svo er ástatt fyrir og hjer skal sjerstaklega gerður að umræðuefni, er Mentaskólinn. Á honum hefur orðið sú breyting hin síðari árin, að skjótra aðgerða þarf við, ef ekki eiga vandræði af að hljótast. Frá upphafi og talsvert fram yfir aldamót mun nemendatala þar sjaldan eða aldrei hafa farið fram úr 100, oftast verið alllangt fyrir neðan það, og bekkir jafnan óskiftir. Árið 1909—10 fer fyrst að bóla á breytingu í þessum efnum og má heita, að frá þeim tíma fjölgi nemendum nærri stöðugt, og upp á síðkastið mjög ört, og bekkjardeildum að sama skapi. Fjölgun bekkjardeilda stafar af því, að nemendafjöldi verður svo mikill í sumum bekkjum, að kenslustofur reynast of litlar, svo að tvískifta verður bekkjunum. Skal hjer til yfirlits sýnt, hvernig

breytingin verður, og má þá betur gera sjer grein fyrir horfum í þessum efnum.

Ár	Tala nemenda	Bekkjardeildir
1909—10	103	7
1910—11	126	7
1911—12	131	8
1912—13	146	8
1913—14	140	8
1914—15	152	9
1915—16	160	9
1916—17	153	9
1917—18	130	8
1918—19	144	8
1919—20	135	8
1920—21	162	9
1921—22	195	12
1922—23	230	14

Af skrá þessari má sjá, að bæði nemendum og bekkjardeildum hefur fjölgað mjög og nærri reglulega, nema hernaðarárin 1917—20, þegar mest svarf að mönnum sökum dýrtíðar. Erfiðleikarnir þá heftu mjög aðsókn að skólanum um stundarsakir og gerðu að verkum, að gripið var til ýmsra sparnaðarráðstafana. Þannig var t. d. eitt árið námstíminn styttur mjög og öll árin hrúgað svo í bekkina, að hvorki var holt frá heilsufræðilegu sjónarmiði nje skaðlaust fyrir námið. Mun óhætt að fullyrða, að nemendur og bekkjardeildir hefðu orðið fleiri þessi árin, ef alt hefði verið með feldu. Síðustu árin hefur vöxturinn verið mestur, og veldur því sumpart mjög aukin aðsókn og svo sú ráðstöfun þings og stjórnar að setja á stofn stærðfræðisdeild við skólann. Áður en það kom til, hafði enginn bekkur verið þrískiftur, en nú er svo komið, að 4. og 5. bekkur eru báðir þrískiftir, sem sje 2 máladeildir og stærðfræðisdeild í hvorum bekk. Næsta ár verður að sjálfsögðu að þrískifta 6. bekk og má þá

telja víst, að bekkjardeildir í skólanum þurfi að vera að minsta kosti 15. Þá verða allir bekkir lærdómsdeildar þrískiftir, og komast, svo að sæmilegt sje, ekki af með minna en 9 kenslustofur. Raunar hefur til þessa verið reynt til sparnaðar að hafa stærðfræðisdeildina með annari máladeildinni í þeim greinum, sem sameiginlegar eru og jafnmikið kendar, en þrískifta ekki nema í þeim greinum, sem kendar eru misjafnt í deildunum, meira í annari en hinni. Þetta var enginn ógerningur, meðan fáir voru nemendurnir í stærðfræðisdeild, eins og t. d. fyrsta árið, en reynist örðugra eftir því sem nemendum fjölgar í deildinni, og nú er þegar svo komið, að þetta fyrirkomulag verður að telja óhafandi.

Sje nú um það spurt, hvort líkur sjeu til, að svo muni halda áfram að vaxa aðsóknin sem verið hefur til þessa, þá er þar til að svara, að sennilega þarf ekki til lærdómsdeildar fleiri kenslustofur en 9 um langt árabil, og veldur því bæði, að nú eru tekin upp nokkru þrengri skilyrði um inntöku í deildina og svo hitt, að nemendum má fjölga talsvert í bekkjunum, án þess að frekar þurfi að skifta. Til skýringar þessu skal jeg nefna dæmi: Í 4. bekk voru í haust samtals 44 nemendur, þar af í máladeild 33 og í stærðfræðisdeild 11. Þótt nemendatala yxi allmikið, t. d. svo að í deildunum yrðu samtals 60, mundi mega komast af með þrjár bekkjardeildir, ef nokkurn veginn jafnt skiftist í þær; yrðu þá 20 nemendur í hverri bekkjardeild. Af þessu má ráða, að ekki vofir yfir sú aukning í lærdómsdeild, er valda mundi frekari húsnæðisvandræðum.

Sje nú hins vegar litið á viðkomuna í gagnfræðadeild, þá hefur aðsóknin aukist þar smátt og smátt, svo að síðan 1911 hafa bekkir verið tvískiftir einu eða fleiri, og nú er svo komið, að þeir eru allir tvískiftir og svo fjölmennir (um 20 í hverri deild), að nemandatalan má ekki vaxa að neinu ráði, svo að ekki verði óumflýjanlegt að þrískifta bekkjum. Á þessu tímabili (1911—22) hefur nemandatala verið lægst 51 (1914), en hæst 118 (1922) og

yfirleitt vaxið jöfnum, hröðum skrefum. Þykir mjer mjög sennilegt og nærri fullvíst, eins og síðar mun skýrt verða, að búast megi við mjög bráðum vexti gagnfræðadeildar á næstu árum, svo að taka verði þar upp að þríeða fjórskifta bekkjum.

Setjum svo, að til lærdómsdeildar þurfi, eins og áður er sagt, 9 kenslustofur, og að í gagnfræðadeild verði þrískiftir bekkir í 9 kenslustofum, þá er engum blöðum um það að fletta, að ekki verður komist af með minna en 18 kenslustofur til þess að fullnægja aðsókninni á næstu árum, og trú mín er sú, að ekki muni lengi við það sitja.

Kemur þá að því að athuga, hvort hafa megi svo margar kenslustofur í Mentaskólanum eða að þar sje svo rúmgott, að engin vandræði þurfi af að hljótast, þótt svo fari sem hjer er ráð fyrir gert. Vantar mikið á, að Mentaskólinn geti fullnægt þessari aðsókn; þar verða með engu móti hafðar fleiri kenslustofur en 11—12 og er þá svo nærri gengið, að skólinn hefur hvorki teiknistofu nje söngstofu, hvað þá heldur sæmilega lestrarstofu handa nemendum, sem vera mundi einhver hin þarfasta endurbót. Af þessu má sjá, að nú er þegar svo komið, að skólann vantar að minsta kosti 3 kenslustofur og væntanlega aðrar 3 áður en varir. Verður því ekki hjá því komist að hugsa sjer einhver ráð til umbóta, ef menn á annað borð láta sig nokkru skifta, hverju fram vindur. Því að enginn ætti að þurfa að ganga þess dulinn, að ef ekki er að gert, verður óumflýjanlegt að neita fjölda unglinga um kenslu næstu árin, eða þangað til bót er ráðin á þessu.

Hvað er þá til ráða?

Á alþingi er fram komið frumvarp um að gera gagnfræðaskólann á Akureyri að mentaskóla, og er honum ætlað að vera fyrir Norður- og Austurland. Enn er ósjeð, þegar þetta er ritað, hvernig þessu frumvarpi muni reiða af, en af því að það snertir nokkuð áhugamál mitt og sumir kynnu að halda, að með því væri ráðin bót á vandkvæðum þeim, sem jeg nú hef lýst, get jeg eigi hjá því

komist, að fara um þessa hugmynd nokkrum orðum. Jeg skal fátt eitt um það segja, hversu hyggilegt eða gagnlegt það mundi vera í sjálfu sjer að setja á stofn nýjan mentaskóla. Sumir hafa tröllatrú á því, að af slíkri ráðstöfun mundi hljótast mikil blessun, en aðrir bera brigður á, enda má um slíkt lengi deila. En sumt er þó í þessu máli svo ljóst, að ekki þarf að leiða neinum getum að því, hvað verða mundi. Af stofnun skólans mundi fyrst og fremst leiða það, að stúdentum fjölgaði mjög; stafar það beint af því, að mönnum yrði með þessu gert miklu hægra fyrir að komast alla leið til stúdentsprófs. Stendur sumum nokkur stuggur af slíkri fjölgun og telja annað nauðsynlegra. Kunna nú raunar sumir það ráð við þessu (t. d. Sig. skólameistari Guðmundsson í ritgerð, sem nú er nýkomin á prent í Morgunblaðinu), að ákveða með lögum, hve margir stúdentar megi útskrifast úr hvorum skóla á ári. Væri það hið mesta óhapparáð og óframkvæmanlegt, því að mikill áramunur getur verið bæði að aðsókn og kunnáttu nemanda; vel gæti svo farið, að 10. maðurinn í röðinni annað árið hefði litlu eða engu lakari einkunn en fyrsti maðurinn hitt árið, og ættu allir að geta sjeð, hve mikið órjettlæti gæti hlotist af slíku ákvæði. — Annað atriði, sem reynast mundi allörðugt, er kennaravalið, ef nokkuð má marka reynslu vora hjer syðra, því að engar líkur eru til að meiri eða betri liðskostur yrði að jafnaði á Akureyri en í Reykjavík. Og sumum kann að finnast, og hafa þeir talsvert til síns máls, að betra sje að hlynna sæmilega að einum skóla, en að hafa tvær ómyndir. En örðugast verður mjer að skilja, að ráðist verði í þetta, sem varla getur talist til brýnustu nauðsynja, ef fjárhagur ríkissjóðs er eins örðugur og af er látið og fjöldi nauðsynlegustu framkvæmda verður að bíða betri tíma. Menn hafa að vísu viljað láta í veðri vaka, að kostnaður við þetta yrði lítill, telja að ekki þurfi meira en eina kenslustofu og $1^1/_2$ kennara til þess að koma öllu í kring, því að hitt, sem á vanti, bæði kennara og húsnæði, megi fá með því að úthýsa nærri

helmingi gagnfræðinga, sem alveg eins geti sótt unglingaskóla um land alt. Jeg tel óþarft að rökræða þessa sparnaðartillögu og tel óhugsanlegt, að Norðlingar uni stundinni lengur þessari skerðingu á gagnfræðaskólanum. Þætti mjer líklegra, að annað mundi sagt um kostnaðinn þegar á næstu þingum.

Eitt hið helsta atriði, sem fært er fram til stuðnings þessu máli, er það, að efnilegum og efnalausum nemendum yrði miklu auðveldara að stunda nám á Akureyri, og má vera að eitthvað sje til í því, þótt það nái engri átt, að nemandinn þurfi 1000 kr. minna þar en hjer[1]). Og víst er það, að miklu nær liggur, eins og nú er ástatt, að lagfæra þann mun með því að auka námsstyrk efnalausra sveitapilta og t .d. hjálpa þeim til þess að koma sjer upp ódýru mötuneyti. Yrði það líka í alla staði rjettlátara, því að með því móti yrðu sveitapiltar af Suður- og Vesturlandi líka aðnjótandi hlunnindanna, en þeim er það ekki síður nauðsyn en Norðlendingum og Austfirðingum.

Þrátt fyrir alt þetta mætti ef til vill segja, að afsakanlegt væri að samþykkja frumvarpið núna, ef með því væri ráðin bót á vandræðunum hjer syðra, ekki aðeins í svip, heldur til frambúðar, en að svo er ekki, er þegar nógsamlega sýnt, því að þótt skólinn kæmist á laggirnar, bættust aðeins við 3 kenslustofur og nægir það hvorki í bráð nje lengd.

Jeg hef áður drepið á það lauslega, að á næstu árum eða jafnvel áratugum megi búast við, að fjölgun nemanda í Mentaskólanum verði aðallega eða eingöngu í gagnfræða-

[1]) Skólameistari hyggst að sanna, að munurinn sje svo mikill, og er sönnun hans í þrem liðum. Í fyrsta lagi ber hann saman *heimavist* á Akureyri og *bæjarvist* í Reykjavík, sem alls ekki er sambærilegt og verður enn fráleitara, þegar þess er gætt, að heimavistirnar mundu hvergi nærri hrökkva til handa hinum nýja *mentaskóla*. Í öðru lagi gerir hann ráð fyrir 8 mánaða námi á Akureyri, en 9 í Reykjavík. Í 6 ára skóla verður þá námið *6 mánuðum* styttra í öðrum skólanum en hinum, og er furðulegt, ef þeir skólar geta talist hliðstæðir. Í þriðja lagi reiknar hann ferðakostnað til Reykjavíkur, en engan til Akureyrar, rjett eins og flutningur þangað væri ókeypis.

deildinni. Er það næsta eðlilegt, því að bærinn er fjölmennur orðinn og ekki völ á annari almennri alþýðufræðslu. Það er mikið áhyggjuefni mörgum bæjarbúum, hversu erfitt þeim reynist að veita börnum sínum sæmilega framhaldsmentun. Barnaskólinn hefur að vísu gert það, sem hann hefur getað, til þess að veita framhaldsfræðslu þeim börnum, sem lengst komast á lögboðnum skólaskyldualdri, en hefur, eins og eðlilegt er, engin tök á vegna þrengsla að halda henni áfram lengur en til fermingaraldurs. Tel jeg eins og flestir, sem ant er um alþýðufræðslu, það mikinn galla, því að mjer virðist það augljóst, að landi og þjóð er það miklu meiri nauðsyn að efla alþýðumentun en að koma hverjum skussanum fram til stúdentsprófs. Að minni hyggju á ekki að leggja nein önnur höft á almenna framhaldsmentun en þau, sem liggja í getu- og viljaleysi nemandanna, og hver sæmilegur nemandi á að geta komist til gagnfræðaprófs, eða hvers þess prófs, hverju nafni sem það nefnist, sem talinn er hæfilegur fullnaðargrundvöllur almennrar alþýðufræðslu. Að neðan á að hafa dyrnar upp á gátt, ef svo má að orði komast, en hins vegar reisa allar þær skorður, sem nauðsynlegar teljast, gegn því að ekki leggi aðrir út á hinn þrengri mentaveg en þeir, sem eitthvert erindi eiga þangað. Af þessum ástæðum tel jeg miklu eðlilegra, að gagnfræðaskóli sje hafður í sambandi við barnaskóla en þann skóla, sem hefur það aðalverkefni að búa undir háskólanám.

Nú er það kunnugra en frá þurfi að segja, að barnafræðsla bæjarins er komin í það horf, að vandræði eru að verða úr. Skólahúsið er fyrir löngu orðið of lítið, svo að nú verða að hýrast í því hálfu fleiri börn en því var ætlað að taka í upphafi og kensla þeirra mjög skorin við nögl. Auk þess er fjöldi barna, yngri og eldri, sem bænum ætti að vera skylt að sjá borgið, en fá þar ekki inni, sem ekki er heldur von. Þetta hafa menn sjeð fyrir löngu og flestir munu hafa verið sammála um að brýna


Uppdrattur af


17.7 m
22.2
27 börn
28 börn
28 börn
30 börn


xnaskólahúsi


17,2 m
5 x 6,5 x 3,5 = 113,2 m³
30 börn
6 x 7,5 x 3,5 = 157,5 m³
27 börn
7,6 x 6 x 3,5 = 167 m³
28 börn
Leikfimissalur
8 x 11,6 m
6 x 2,5 x 3,5 = 157,5 m³
27 börn
6 x 4 x 3,5 = 84 m³
14 börn

nauðsyn bæri til að bæta úr, ef kleift væri. En fjárhagsástæður bæjarins og kostnaður hefur vaxið mönnum svo í augum, að þeim hafa fallist hendur. Nú fjölgar börnum á kenslureki ár frá ári og altaf þrengist kostur þeirra, ef ekki er að gert. Við það vilja margir bæjarbúar ekki una og eru nú að taka höndum saman um áskorun til bæjarstjórnar þess efnis, að bærinn láti hið bráðasta reisa skólahús, er bæti úr brýnustu nauðsyninni. Húsagerðarmaður einn hjer í bæ, hr. Þorlákur Ófeigsson, hefur gert teikningu að nýju barnaskólahúsi og kostnaðaráætlun, og af því að sú tillaga kemur vitaskuld fram á næstunni hvort sem er og stendur í sambandi við þær tillögur, sem jeg hef fram að bera og orðið gætu til að ráða bót á vandræðum Mentaskólans og framhaldsmentunar hjer í bæ yfirleitt, hef jeg fengið leyfi hans til þess að birta hjer smækkaða mynd af teikningu hans og jafnframt lýsingu hans á húsinu og kostnaðaráætlun, sem er á þessa leið:

»*Lýsing.*

Húsinu má skifta í þrjá hluti, vinstri bygging, hægri bygging og miðbygging. Endabyggingarnar eru 20,2 . 17,7 m. hvor um sig. Miðbyggingin er 23,2 . 9,8 m.

Húsið er tvær hæðir og kjallari, lítið niðurgrafinn. Í kjallara verður hitavjel, baðhús, salerni, þvottahús, geymslur, íbúð umsjónarmanns og kenslustofur. Leikfimissalur er einnig á sama gólfi, er gólfið í honum jafnhátt jörðu og nær hann upp í gegnum næstu hæð, sem sýnd er á uppdrættinum.

Sennilega verður húsið bygt í þrennu lagi, t. d. vinstri bygging fyrst. Í henni eru kenslustofur fyrir 285 börn. Kostar hún 195000 kr. Í miðbyggingunni eru kenslustofur fyrir 237 börn. Kostar hún 125000 kr. Þar er alt rúm ætlað kenslustofum og göngum. Í hægri byggingunni eru kenslustofur fyrir 174 börn og auk þess leikfimissalur, söngsalur og íbúð umsjónarmanns. Kennarastofa og læknisherbergi er ætlast til að verði á efstu hæð í báðum endabyggingunum. Hægri bygging kostar 195000 kr.

Öll byggingin á þá að rúma 696 börn í einu og kostar 515000 kr. Ennfremur má gera ráð fyrir, að kostnaður við lóðina og leikvöllinn verði um 50000 kr. Skólaborð og kensluáhöld eru ekki reiknuð með í þessum kostnaði. Ljósmál glugga í kenslustofum er hvergi minna en fimti hluti af flatarmáli gólfsins. Hæð frá gólfi til lofts er 3,5 m Hverju barni eru ætlaðir 6 teningsmetrar af lofti«.

Fyrir forgangsmönnum vakir, að bærinn ráðist í að reisa nokkurn hluta af þessu skólahúsi, sem sje vinstri hliðarálmuna, en auki svo við síðar eftir getu og þörfum. Kostnaðaráætlunin, 200000 kr., er ekki hærri en svo, að menn gera sjer von um, að þetta sje framkvæmanlegt á 1—2 árum, án þess að auka verulega útgjaldabyrði bæjarmanna. Telja menn að vel megi t. d. að skaðlitlu fresta stórfeldri gatnagerð á meðan og kostnaðinum megi að öðru leyti vel skifta á mörg ár.

Verði nú úr þessu, sem margir gera sjer góðar vonir um, virðist mjer auðsætt, að það er vandalítið að ráða bót á öllum þeim vandkvæðum, sem jeg hef lýst hjer á undan, ef ekki brestur skilning og vilja þeirra, sem mestu ráða um framkvæmdir. Geri jeg það að tillögu minni og skora á þing og bæjarstjórn að taka hana til rækilegrar yfirvegunar, að *ríkið leggi bænum það fje, t. d. á tveimur árum, sem ætlað er að miðhluti hússins muni kosta, alls 125—150 þúsund, eða 75 þús. hvort árið, gegn því að bærinn leggi svo fram húsnæði til framhaldskenslu alla leið til gagnfræðaprófs, auk þess er hann nú ver til þeirra hluta, eigi færri kenslustofur en níu, jafnóðum og þörf er á.*

Þegar á það er litið, að óhugsandi er, að þing og stjórn geti til lengdar smeygt því fram af sjer að ráða bót á erfiðleikum Mentaskólans og jafnframt mundi neyðast til að stuðla að því að framhaldsnám unglinga hjer í bæ kæmist í viðunanlegra horf en nú er, þá tel jeg það skyldu að gera sjer grein fyrir, hvernig best verði úr þessu leyst og efast þá um, að fundin verði fullkomnari, hagfeldari og umfram alt ódýrari lausn á þessu máli en sú,

sem jeg hef nú bent á. Geri menn sjer bara í hugarlund, hversu margfalt dýrara mundi verða að reisa sjerstakan gagnfræðaskóla, en að því hlyti að reka mjög bráðlega. Í sjerstökum skóla þarf að hafa skólastjóra- og dyravarðaríbúð, leikfimissal með öllum útbúnaði og fjöldamargt fleira, sem spara má, ef farið er að mínum ráðum. Augsýnilegt er einnig, að mjög mikill munur yrði á rekstursskostnaði við það, að gagnfræðaskólinn yrði hluti úr öðrum skóla. Jeg hef borið þetta undir húsagerðarmeistara ríkisins og er hann mjer samdóma um, að sparnaðurinn mundi afarmikill. Virðist því ekki áhorfsmál, að þessa leið á að fara, ef ekki verður bent á einhverja þá meginannmarka, er þyngri yrðu á metunum en sparnaðurinn. Tel jeg engar líkur til, að taldir verði fram neinir þeir ókostir, er komist í hálfkvisti við kostina.

Tillaga mín er greinilega hagræði bæði fyrir *bæinn* og *ríkið*. Bærinn fær til viðbótar við það, sem ella mundi vera, 9 kenslustofur, og er það sama sem 3 deildir árlega í þriggja ára framhaldsskóla. Þar geta stundað nám að minsta kosti 75 börn um og yfir fermingaraldur og er þá, með því sem verða mundi í neðstu bekkjum Mentaskólans, trygt, að alt að 100 börn geti á ári stundað framhaldsnám, í stað þess að þau verða varla fleiri en 25 næstu árin, ef menn láta sitja við sama. Ríkið leggur fram fjárhæð, sem síst mundi hærri en sú, er það mundi verða að veita, ef reistur yrði hjer gagnfræðaskóli af bænum með tilstyrk ríkisins; en jafnframt ræður það bót á vandkvæðum þeirrar mentastofnunar, sem því er einu skylt að sjá borgið. Þá mundi mega hafa, öllum að skaðlausu, óskifta bekki neðantil í Mentaskólanum og yrði þá nægilegt húsrúm þar, þótt ekki leifi af. Þá yrði og í lófa lagið að breyta námstilhögun í Mentaskólanum eftir því, sem menn hygðu best vera, því að skólinn yrði þá, eins og hann var áður, aðallega landsskóli og engin nauðsyn, að hann yrði beint framhald af neinum öðrum skóla. Þó mundi hagræði að því, að breyta ekki fyrirkomulagi hans meira en svo, að vel efnilegir nemendur, er stund-

að hefðu nám í framhaldsskólum, gætu, án mjög mikils aukanáms, tekið próf inn í samsvarandi bekki þessa skóla.

Hinn nýi gagnfræðaskóli ætti að sjálfsögðu að lúta sömu stjórn sem barnaskólinn, er hann stendur í sambandi við, og eðlilegast, að hann væri kostaður að öllu leyti af ríkinu, þótt það auðvitað gæti orðið samningamál milli ríkisins og bæjarins. Sumum kann að finnast ósanngjarnt, að ríkið beri allan kostnaðinn, en ef að er gáð, þá er það í rauninni í samræmi við það, að ríkið hefur reist og kostar að öllu leyti gagnfræðaskóla á Norðurlandi. Auk þess yrði þetta ekki nema að nokkru leyti nýr kostnaður, því að Mentaskólinn mundi verða talsvert ljettari á fóðrunum en hann er nú.

Aðalkosturinn við tillögu mína er þá sá að minni hyggju, að með henni yrði um langan tíma og tiltölulega mjög litlum kostnaði ráðin bót á vandræðaástandi og framhaldsmentun unglinga hjer í bæ komið í þær hendur og það horf, sem eðlilegast er.

Jón Ófeigsson.

Brandur Jónsson

biskup á Hólum.

I.

Í Landnámu er svo að orði kveðið, að frá Birni bunu, hersi í Noregi sje »því nær alt stórmenni komið á Íslandi«. Ein grein þeirrar ættar nam land í Austur-Skaptafellssýslu. Voru þar þá, og lengi síðan, miklu frjósamari og meiri sveitir en nú eru.

Sandfell í Öræfum er landnámsjörð ættarinnar. En áður langt leið settist ættarhöfðinginn á Svínafell í Öræfum. Þar sitja síðan höfðingjar Skaptfellinga öldum saman. Þeir bera nafn ýmist eftir átrúnaði: Freysgyðlingar, eða eftir óðalinu: Svínfellingar.

Á síðari hluta 12. aldar bjó Sigurður Ormsson á Svínafelli, »mikilsháttar maður af veraldarmetnaði, auðugur og ættstór«. (Bps. I, 280). Hann var 6. maður frá Þórði Freysgoða og 12. maður frá Birni bunu, hvorttveggja í beinan karllegg. Eru fræg skifti hans og Þorláks helga. Kallaði biskup eftir staðarforráðum, en Sigurður ljet svo um mælt, »að norrænir menn og útlendir mega eigi játa undan oss vorum rjettindum«. Þó fóru svo leikar, að Sigurður ljet undan, en annar ríkari varð til að stöðva biskup. Árið 1202 flutti Sigurður burt af Svínafelli og tók við staðarforráðum á Hólum, að beiðni Guðmundar biskupsefnis og Kolbeins Tumasonar.

Þá flytur að Svínafelli Jón Sigmundarson, bróðurson Sigurðar. Fyrri kona Jóns var Þóra eldri, dóttir Guðmundar gríss á Þingvöllum, systir Þóru yngri, er var síðari kona Þorvalds í Hruna og móðir Gissurar jarls. En móðir Þóru

var Solveig Jónsdóttir í Odda Loftssonar. — Síðari kona Jóns var Halldóra Arnórsdóttir Kolbeinssonar gamla, af Ásbirningaætt. Móðir Halldóru var Guðrún Brandsdóttir biskups á Hólum Sæmundarsonar.

Brandur Jónsson er sonur þeirra Jóns og Halldóru. Nafnið hefir hann frá Brandi biskupi eldra. Fæðingarár hans er ókunnugt. Þóra eldri dó 26. ág. 1203, en Jón Sigmundarson 14. júlí 1212. Títt var um þetta leyti að höfðingjar kvonguðust fljótt aftur. Sennilega er Brandur fremur fæddur fyr en síðar á árunum 1205—12. Annálar geta heimkomu hans úr utanför árið 1232. Er sennilegt að hann hafi þá verið kominn nokkuð á þrítugsaldur.

Ormur yngri Svínfellingur var hálfbróðir Brands. Hann »var vinsælastur af öllum óvígðum höfðingjum á Íslandi í þann tíma, því að hann leiddi mest hjá sjer allan þeirra hernað og ööld þá, er flestir þeirra vöfðust í, en hjelt hlut sínum óskerðum fyrir öllum þeim«. Sæmundur og Guðmundur voru synir Orms, og segir frá þeim í Svínfellingasögu. Sæmundur kvæntist Ingunni dóttur Sturlu Sighvatssonar.

Annar hálfbróðir Brands var Þórarinn Jónsson, en synir hans voru Oddur og Þorvarður. Hálfsystir Brands var Steinunn, er giftist Ögmundi bónda Helgasyni í Kirkjubæ. — Ættir Ásbirninga og Svínfellinga voru margtengdar, fram yfir það, sem áður er sagt. Þuríður, síðari kona Sigurðar Ormssonar, var áður gift Tuma Kolbeinssyni og móðir Kolbeins Tumasonar, en fyrri kona Sigurðar var hálfsystir Kolbeins. — Staðar-Kolbeinn var móðurbróðir Brands. Í þá ættina eru þeir systkinasynir Brandur Jónsson og Brandur Kolbeinsson og þrímenningar Brandur Jónsson og Kolbeinn ungi. En auk þess var Aldís, móðir Kolbeins unga, föðursystir Brands Jónssonar.

Brandur Jónsson var kominn af hinum ríkustu og göfgustu ættum. Hann var náskyldur og nátengdur fjölmörgum þeim mönnum, sem mest koma við sögu Sturlungaaldar. Öðrum var hann tengdur vináttuböndum Hann var t. d. hinn mesti vin Þorgils skarða. Líkindi eru og til þess að

hann hafi verið lærisveinn Halls ábóta Gissurarsonar frá Haukadal.

II.

Brandur hefur alist upp á Svínafelli, á vegum móður sinnar og Orms bróður síns. Hann hefir á unga aldri notið mikillar mentunar. Hann er kallaður »einn hinn mesti lærdómsmaður á Íslandi«. Bækur þær, sem til eru eftir hann í þýðingum bera þess vott, því að þær bera af öðrum, enda kalla heimildir hann »mikinn atgerfismann í hagleik og riti og hvassan í skilningi til bóknáms, svo að um þann hlut var hann formentur flestum mönnum að jöfnu námi«. (Bps. I, 681). Enn er það kunnugt að hann hjelt skóla og átti þá lærisveina, er báru af öllum á sinni tíð.

Um það bil 40 árum fyrir fæðing Brands var klaustur sett í Þykkvabæ í Veri. Varð þar brátt hið mesta mentasetur. Árin 1224—30 er þar ábóti Hallur Gissurarson, sonur hins alkunna fræðimanns Gissurar Hallssonar í Haukadal. Honum er lýst svo, að hann var »góður prestur og göfugur«. Er ekki fjarri til getið, að Brandur hafi numið hjá honum í æsku.

Brands er fyrst getið árið 1232. Segir þá svo í konungsannál: »Útkoma Gissurar Þorvaldssonar og Brands Jónssonar«. Rjett munu vera ummæli Finns Jónssonar prófessors um þá utanför Brands: »den har han uden tvivl foretaget for at studere«. (Lit. Hist. II 569). Ekki verður vitað, hve lengi Brandur hafi verið ytra. En Hallur ábóti dó 18. febr. 1230. Mætti þá ef til vill gera ráð fyrir utanferð Brands sama vor.

Sturlunga getur Brands fyrst um mitt ár 1238. Er hann þá nefndur prestur, og er sennilega hjá Ormi bróður sínum. Tveim árum áður hafði Magnús Guðmundarson gríss verið kosinn Skálholtsbiskup að Magnúsi biskupi Gissurarsyni lifanda. Fór Magnús utan að sækja vígslu, en fjekk ekki, og ekki heldur eftir lát Magnúsar biskups (14. ág. 1237). Voru þá vígðir norskir menn á báða biskupsstólana. En Brandur er þá settur til að gegna bisk-

upsembætti í Skálholti, uns Sigvarður biskup kom til stóls síns. (Ann. Reg.). Má af þessu sjá, hversu mikils trausts Brandur hefir notið þrítugur. Til þessa árs (1238) telur Jón Sigurðsson máldaga Gufudalskirkju, er Brandur setti, er hann vígði kirkju þar. (D. I. I, 135).

Níu árum síðar verður Brandur ábóti í Þykkvabæ í Veri. Segir Sturlunga (Svínfellingasaga) þá þau orð um Brand, sem fræg eru orðin: Hann »var ágætur höfðingi, vitur og vinsæll, ríkur og góðgjarn; og í þann tíma hafði hann mesta mannheill, þeirra manna er þá voru á Íslandi«. (Sturl. III. 144).

Árin 1250—54 er Sigvarður Skálholtsbiskup ytra. Þá hefir Brandur aftur farið með biskupsvald í Skálholti. Er það að vísu hvergi sagt alveg ákveðið, en það verður óyggjandi af eftirfarandi: Árið 1252 segir Sturlunga t. d. um Brand: »Hann var þá fyrir kennimönnum um alla biskupssýslu Sigvarðar biskups«. (Sturl. III, 177). Árið 1253 sendir Heinrekur biskup »í Skálholt til Brands ábóta« (Sturl. III, 242). Sama ár býður Brandur Þorgilsi skarða til sín »heim í Skálholt« (Sturl. III, 248). Enn er þess getið sama ár, að maður »færi í Skálholt að finna Brand ábóta« (Sturl. III, 252).

Árið 1260 dó Heinrekur biskup á Hólum. Árið 1262 er Brandur kosinn eftirmaður hans. Hann fer utan samsumars, fær vígslu og kemur heim árið eftir. Hans nýtur mjög skamma stund á biskupsstóli, því að hann andaðist á Hólum 26. maí 1264 (Ann. Reg. 1262—64; Sturl. IV, 121, 134—35, 174; Ísl. Árt. 30).

Hefir nú verið stiklað á stóru í sögu Brands: Hann lifir endilanga Sturlungaöld. Fer þá með hin æðstu embætti íslensku kirkjunnar, hvert af öðru og samhliða: ábótadæmi í einu veglegasta klaustrinu 1247—62, biskupsvald í Skálholti 1238 og 1250—54 og loks biskupsdæmi á Hólum 1263—64. Á mestu vígaöld Íslands ber hann höfuð og herðar yfir hinn íslenska kennilýð, er sá, er hefir »mesta mannheill þeirra manna, er þá voru á Íslandi«.

III.

Hjer verða nú sögð nokkur einstök atriði úr lífi Brands Jónssonar. Sturlunga er vitanlega aðalheimildin. Er Brands einkum getið, þegar alveg sjerstaklega stendur á: Þegar verið er að semja mikilsvarðandi sættir. Hann virðist vera nálega sá eini maður á Íslandi í þann tíð, sem allir bera fult traust til. Hann er á sinni öld hinn mesti mannasættir á Íslandi.

Dæmin eru nokkuð flokkuð eftir því sem saman eiga.

I. Árið 1253 settist Þorgils skarði á föðurleifð sína Stað á Ölduhrygg. Hrafn Oddsson bjó þá á Sauðafelli í Dölum. Var með þeim fullur fjandskapur. Á Rauðamel hinum ytra bjó Halldór nokkur Vilmundarson, djákni að vígslu. Hann var njósnarmaður Hrafns um athafnir Þorgils »svo að Hrafn vissi sið og snemma, hvað þar var tíðinda«. Þorgils hefir grun um þetta. Hann ríður til Rauðamels og vill að Halldór flytji til Staðar og verði þar fyrir búi. Halldór neitar því. Þá rænir Þorgils kúm hans og ám og lætur reka heim til Staðar. Halldór kærir málið fyrir Hrafni. Tekur Hrafn honum ágætlega, býður honum til sín »og skal það mælt, að þessa máls skal rekið verða«. En þá komast þeir í málið Kolbeinsstaðafeðgar, Ketill og Narfi prestar, friðsamir menn og gætnir. Þeir fá Halldór til að fara með málið til Brands, enda gegndi hann þá biskupsembætti í Skálholti. Brandur skarst í málið með rjettdæmi og skörungsskap. Hann ávítar Halldór og sendir hann til Staðar með brjef til Þorgils. Takast þá með þeim fullar sættir. En er Hrafn spurði það, þótti honum »lítilmannlega« farið. Er vafalaust, að Brandi tókst í þetta sinn að koma í veg fyrir aukin vandræði (Sturl. III, 252—53).

II. Ári síðar tókust þeir það á hendur Brandur ábóti og Heinrekur biskup að koma á sættum um víg, er vegið hafði Aron Hjörleifsson, hinn mikli æfintýramaður. Hjet sá maður Sigmundur snagi, er Aron hafði vegið. Hafði Sigmundur bjargað lífi Sturlu Sighvatssonar í Grímsey, er þeir áttu þar vopnaviðskifti Aron og Sturla. Hafði Aron

grun, um að Sturla hefði síðan sett Sigmund til höfuðs sjer. Synir Sigmundar áttu eftirmálið, en þeim ábóta og biskupi tókst að koma á fullum sáttum. »Og eftir þetta var Aron sáttur við alla menn á Íslandi« (Sturl. IV, 204, 218).

III. Á alþingi 1262 sættust þeir Gissur Þorvaldsson og Hrafn Oddsson um hinar miklu og mörgu sakir, er verið höfðu þeirra í milli. »Tókust þeir í hendur fyrir kirkjudyrum á alþingi. Var þar við Sigvarður biskup og Brandur ábóti Jónsson og Sighvatur Böðvarsson og Sturla Þórðarson«. Þessi varð hin endanlega sætt Gissurar og Hrafns og hjeldu vel báðir (Sturl. IV, 121, 133).

Þessi þrjú dæmi eru flokkuð sjer. Eiga þau sammerkt um það, að þessar sættir, sem Brandur er við riðinn, bera fullan árangur. — En þau eru undantekningar eins og sýnt verður.

IV. Eftir fall Snorra Sturlusonar rjeðu þeir lögum og lofum á Íslandi bandamennirnir: Gissur Þorvaldsson og Kolbeinn ungi. Var þá illa komið málum Sturlunga, er fallnir voru þeir bræður: Sighvatur og Snorri og flestir synir Sighvats. Órækja Snorrason og Sturla Þórðarson sagnaritari voru þá fyrir flokki Sturlunga. Þeir gerðu Gissuri heimsókn, en hún bar engan árangur. Þá fer Kolbeinn að leita um sættir, enda höfðu þeir verið í tvöföldum mægðum hann og Órækja, og opinberlega hafði Kolbeinn engan þátt átt í drápi Snorra. Órækja trúði Kolbeini vel og vildi sættast. Var efnt til sáttafundar við brú á Hvítá í Borgarfirði. Bað Órækja um, að sent væri eftir Sigvarði biskupi og Brandi ábóta. Honum gengur það til að fá þá tryggingu gegn griðrofum. Allir koma til fundarins og biskup og ábóti ganga á milli. Í þeirra trausti lætur Órækja tilleiðast að ganga yfir brúna og er þá þegar svikinn. »Biskup og Brandur ábóti bregðast mjög reiðir við þetta og kalla hin mestu svik við sig ger og alla þá, er hlut áttu að þessum málum«. »Sigvarður biskup og Brandur ábóti ámæltu Gissuri mjög um þessar málalyktir, að honum hefði illa farið«. Þeir

voru fullkomlega að engu virtir. Menn þeir sviknir í óvinahendur, sem væntu trausts þeirra. Þetta var árið 1242 (Sturl. II, 370—73).

V. Næstu þrjú árin er háð harðvítugasta viðureignin, sem frá er sagt í Sturlungu, milli Kolbeins unga og Þórðar kakala. Vorið 1245 er Kolbeinn orðinn svo veikur, að hann sjer fram á dauða sinn Sendi hann þá eftir Gissuri Þorvaldssyni. Var þá efnt til sætta og ríkjum skift milli Þórðar kakala og Brands Kolbeinssonar. »Var við þetta tal Kolbeins Brandur prestur Jónsson, er síðar var biskup á Hólum; hann kom sunnan með Gissuri og var systrungur Brands Kolbeinssonar«. (Sturl. III, 117). Hefir Brandur verið kvaddur að sunnan, til þess að vera við sættir fyrir hönd náfrænda sinna. Þessar sættir urðu allar rofnar. Ári síðar (19. apr. 1246) ljet Þórður kakali drepa Brand Kolbeinsson á Haugsnessfundi.

VI. Stuttu eftir að Þorgils skarði kom út greiddu þeir Hrafn Oddsson og Sturla Þórðarson aðför að honum í Stafholti. Tóku þeir af honum það nauðungarloforð, að hann færi með þeim gegn Gissuri Þorvaldssyni. En Þorgils rauf loforðið og reið norður á fund Heinreks biskups. Nokkru síðar reið biskup suður í Borgarfjörð, til þess að leita um sættir og stefndi þeim á fund sinn, við Ámótsvað á Hvítá, Hrafni og Sturlu. Hann sendi og mann í Skálholt til Brands ábóta og bað hann koma sem skjótast. Brandur bregður þegar við og kemur á sáttafundinn. Hittust þeir þar allir. En ekkert verður úr sættum. Brandur hefir ekkert annað en skapraun af förinni. Biskup var og hætt kominn að drukna í ánni og mælti, »að hann mundi aldri á jafnófært vatn ríða síðan«. (Sturl. III, 242, 245—47).

VII. »Það sama vor fóru menn milli þeirra Gissurar og Hrafns, og var leitað að koma sættum saman með þeim og vináttu«. (Sturl. III. 251). Var um leið leitað sætta með þeim Gissuri og Sturlu Þórðarsyni. Áttu þeir allir sáttafund á Breiðabólsstað í Vesturhópi. Gengu greiðlega saman sættir með þeim Gissuri og Hrafni, »svá að

gera skyldi Brandur ábóti«. (Sturl. III, 269). Af orðum Gissurar í brúðkaupinu á Flugumýri virðist mega draga þá ályktun, að Brandur hafi þá verið búinn að semja sættina. En aldrei hafa sættir reynst hörmulegra tál. Hrafn veit fjörráð brennumanna, er hann situr brúðkaupið á Flugumýri. Brennumenn koma á Flugumýri nálega á hæla honum. Og þá hefst meiri fjandskapur með þeim Gissuri en nokkurn tíma áður.

VIII. Eftir Flugumýrarbrennu byrjar Gissur harða ofsókn á hendur brennumönnum. Sumarið eftir fer hann utan, en ríkið í Skagafirði fær hann í hendur Oddi Þórarinssyni, bróðursyni Brands ábóta. Lenti Oddur í stórmælum og lagði jafnvel hendur á Heinrek biskup. Um veturinn (1254—55) sat hann í Geldingaholti. Gerðu þeir honum heimsókn þangað Eyjólfur ofsi og Hrafn, og drápu hann eftir frækilega vörn (14. jan. 1255). Þorvarður bróðir Odds stóð næstur til hefnda. Hann safnaði liði og fór með suður í Borgarfjörð, til fundar við Þorgils skarða og Sturlu Þórðarson. Brandur ábóti kemur og til þessa fundar. Er hvergi í Sturlungu sagt jafn ljóslega frá skapferli hans. Metnaður og mannúð berjast um völdin í brjósti hans. — Þorvarður biður þá frændur liðveislu. Þorgils leitar ráða Brands og Brandur svarar: »Letja vil jeg þig og alla frændur mína og vini að fara með ófriði á annara manna sveitir«. En jafnframt segir hann, að þeir skuli eigi halda, »að eigi forþykki mjer það í drápi frænda míns, þar sem hann var kasaður í urð sem melrakki eða þjófur«. Og enn segir hann: »Hart er það að vjer skulum bera frændur vora göfga bótalausa fyrir bóndasonum, og svo mundi þykkja Ormi bróður mínum, ef hann lifði«. »Mjer er það bannað«, segir hann ennfremur, »að eiga nokkurn hlut í mannráðum eða nokkurs kyns ófriði«. Þá er ferðin er ráðin »kvaðst hann fullkomlega vilja letja fararinnar: man hjer mörgum manni saklausum vera misgert í þessi ferð, svo að ósæmilegt er að jeg leggi þar samþykki til, og má vera að mjer kenni heiftar um suma menn, svo að

jeg fái eigi allra orða gætt sem skyldi, ef jeg tala margt til«. Skilur þar með Brandi og þeim fjelögum. Daginn eftir ríður hann ákaft eftir Þorgilsi, en nær honum ekki og lætur þá skila til hans, »að hann geri sem minst rangt jafnan saklausum mönnum«. (Sturl. IV, 13—20). — Gat Brandur engu ráðið á fundi þessum. Örstuttu síðar (19. júlí 1255) var háð hin mannskæða orusta á Þveráreyrum.

IX. Á Þveráreyrum börðust þeir saman: Þorvarður Þórarinsson, bróðurson Brands og Þorgils skarði, einhver besti vinur hans og frændi. Þá veitti Þorgils Þorvarði ágæta liðveislu. En hálfu þriðja ári síðar (22. jan. 1258) sveikst Þorvarður að Þorgilsi og drap hann. Þegar loks var sætt samin um þau mál fór sem oftar, að »Brandur ábóti var þar til yfirsýndar«. (Sturl. IV, 106).

X. Síðast þessara dæma úr lífi Brands ábóta, en allra átakanlegast, er saga ættar hans, Svínfellinga, eftir lát Orms bróður hans (d. 5. sept. 1241). Sæmundur, sonur Orms, tekur við búi og mannaforráðum á Svínafelli, en Guðmundur, bróðir hans, var í fóstri í Kirkjubæ á Síðu hjá Steinunni föðursystur sinni og manni hennar Ögmundi Digur-Helgasyni. »Það fanst brátt á, er Ormur var andaður, að Ögmundur hjelt sjer vel fram um hjeraðsstjórn«. Var Sæmundur þá enn ungur og óharðnaður og því leita bændur með mál sín til Ögmundar Sæmundur þolir það illa, því að hann hefir ætlað sjer hið sama ríki sem faðir hans hafði. »Sæmundur var ofsamaður mikill og óeirinn og gerði að því engan manna mun, en Ögmundur var ótillátssamur og átti mikið undir sjer«. Út úr smámáli blossar upp heiftin, sem undir býr, og verður af fullur fjandskapur. Brandi líkar illa framkoma beggja. Ríður Sæmundur til þings (1248) og ætlar að sækja Ögmund til sektar. Brandur ríður og til þings og Guðmundur með honum. Fyrir bænastað þeirra lætur Sæmundur málið falla niður, »og þótti þá, sem jafnan, að Brandur ábóti hefði sjer hinn besta hlut af deildan«. En Sæmundur reið norður í land með Þórði kakala. Gekk Sæmundur þá að eiga Ingunni Sturludóttur, bróðurdóttur

Þórðar. Eggjaði Þórður Sæmund í málum þeirra Ögmundar, »að hann leggi hvergi hlut sinn fyrir Ögmundi, kvað hann hvorki til skorta fjölmenni nje mægðir«. Eftir heimkomuna nær Sæmundur Guðmundi til sín úr fóstrinu frá Ögmundi. Eftir jól 1249 fer Sæmundur með vopnað lið til Kirkjubæjar, en Ögmundur varð var við, komst í kirkju með heimamenn sína og »ljetu út horfa spjótsoddana«. Ónýttist því förin, en nú var Sæmundur ber orðinn að fjörráðum við Ögmund. Á alþingi næsta sækir Sæmundur Ögmund til sektar og litlu síðar háði hann fjeránsdóm í Kirkjubæ, en Ögmundur flýði heiman. Árið eftir (1251) leitar Brandur enn um sættir. Tekur Sæmundur því vel, »ef Ögmundur kynni sig með hófi að halda«. »Voru nú sett fullkomin grið milli þeirra Sæmundar og Ögmundar og veittar fullar trygðir, af góðvilja og ráðum Brands ábóta og Steinunnar húsfreyju og Álfheiðar, móður Sæmundar«. Settist Ögmundur aftur í Kirkjubæ. Orð leikur á því fljótlega, að ekki muni Ögmundur tryggur. Vekur Sæmundur máls á því við Brand, en Brandur vildi ekki trúa. »Ábóti bað hann halda sem best fyrir sína hönd, kvað honum það mestu varða«. Nokkru síðar fara þeir heiman bræður, fámennir, og ætla að finna Brand ábóta. Ögmundur frjettir til ferða þeirra. Hann vopnar heimamenn sína og fær tekið þá bræður skamt frá garði í Kirkjubæ. »Þú skalt deyja«, segir Ögmundur við Sæmund, »og svá Guðmundur bróðir þinn«. »Gott væri enn að lifa og vildi jeg grið, fóstri«, segir Guðmundur. »Eigi þorum vjer nú það, fóstri minn«, svarar Ögmundur. »Voru þeir báðir af lífi teknir (13. apr. 1252) og fleiri grimdarverk voru unnin þar á eftir. Brandur ábóti stóð yfir grefti þeirra. Á herðar hans var það lagt að gera um mál þessi. (Sturl. III, 146—155; 161—174; 249).

IV.

Brandur Jónsson er ennfremur kunnur af bókmentastarfsemi sinni. Mun hann einkum hafa iðkað þá starfsemi í Þykkvabæ, á ábótaárunum. Eru að vísu ekki til

mörg rit nú, sem full vissa er um að hann sje höfundur að. Með fullri vissu mun mega segja, að hann hefir þýtt Alexanderssögu. Segir dr. Finnur Jónsson meðal annars um þá þýðingu: »oversættelsen eller gengivelsen er gennemgaaende ganske fortrinlig og udført i et forbavsende rent og kraftigt sprog; det er en af de faa oversatte sagaer, der læses til ende med ublandet fornöjelse«. (Lit. Hist. II. 868). Víst er það og að hann hefir þýtt Gyðingasögu, a. m. k. fyrri hluta hennar. Um hitt eru fremur skiftar skoðanir, hvort eigna beri Brandi síðari hlutann af Stjórn. Dr. Guðbrandur Vigfússon leiðir mörg og þungvæg rök að því, að svo muni vera (Ný Fjelagsrit XXIII) og segir því næst: »Þessi íslenska biblíuþýðing Brands er sú eina, sem menn þekkja frá Norðurlöndum frá fornöld«. Guðmundur Þorláksson magister heldur það og fremur, að Brandur sje höfundurinn (Gyð.saga í formála bls. IX). Dr. Finnur Jónsson er á annari skoðun. Aftur á móti álítur Finnur Jónsson »höjst sandsynligt, at en eller flere af vore helgensagaer hidrörer fra ham«.[1])

Af þessari bókmentastarfsemi Brands, má hiklaust draga þá ályktun, að hann hafi verið vel kunnugur bókmentum katólsku kirkjunnar og þá um leið þeirri valdastefnu, sem þá var ríkjandi í kirkjunni ytra.

Enn er þess að geta, að Brandur hefur haft mjög merkilegan skóla á klaustrinu og ef til vill líka í Skálholti, árin sem hann dvaldist þar. Af lærisveinum hans þekkjum við aðeins þrjá, en það eru einmitt þeir þrír menn, sem langmest kveður að í íslensku kirkjunni allan síðari hluta 13. aldarinnar, mennirnir sem hófu á ný bar-

[1]) Ef til vill mætti giska á, að Brandur hafi haft einhver meiri eða minni afskifti af Njálu. Dr. Finnur Jónsson segir um Njálu: »Sagaens nuværende form, bearbejdelsen, maa være yngre end c. 1280, men næppe ældre end midten af det 13. aarhundrede«. Ætti að benda á einhvern sjerstakan stað, þar sem unnið hefði verið að því að steypa Njálu í eina heild, er enginn sennilegri en Þykkvibær Flosa er þannig borin sagan í Njálu, að mjög er sennilegt, að einhver Svínfellingur hafi stýrt pennanum. En vitanlega er þetta ekki annað en mjög lausleg getgáta.

áttuna fyrir kirkjuvaldinu á Íslandi og báru sigur úr býtum í aðalatriðum. Þessir menn eru: *Jörundur Þorsteinsson*, sem varð næsti eftirmaður Brands í biskupssæti á Hólum, *Árni Þorlákssson* (Staða-Árni), sem biskup varð í Skálholti litlu síðar og *Runólfur Sigmundarson*, eftirmaður Brands í ábótadæmi í Þykkvabæ, sem var öflugasta stoð Árna biskups í staðamálunum.

V.

Katólska kirkjan hafði mjög fljótt samþýðst hinu íslenska þjóðlífi. Höfðingjavaldið, sem fór með alla stjórn Íslands, tók kirkjuna að sjer. Höfðingjar og höfðingjasynir settust í kirkjuembættin. Þetta samstarf veraldlegra og kirkjuhöfðingja blessaðist ágætlega fystu mannsaldrana. Friður og hagsæld ríkti í landi. Með áhrifavaldi sínu og góðri samvinnu við höfðingjana gátu biskuparnir komið málum sínum fram og stilt til friðar. Þannig kom Gissur biskup á tíundargreiðslu alveg ófriðarlaust. Þannig tókst Þorláki Runólfssyni og Katli Þorsteinssyni með áhrifavaldi og fortölum, á alþingi 1121, að sætta Hafliða Másson og Þorgils Oddason.

Bæði um ættgöfgi, ríkidæmi, mannkosti og mentun, hefir Brandur Jónsson verið líkur maður hinum eldri kirkjuhöfðingjum.

En reynsla hans verður öll önnur, eins og sýnt hefir verið og ljóst er öllum, sem kunnugir eru sögu Sturlungaaldar. Sáttarof, svik og manndráp verða æ á vegi hans. Hann dregst inn í það hvað eftir annað að vera aðili um að sætta. Alt er svikið. Jafnvel nánustu ættingjar hans og vinir gerast trygðrofar og berast á banaspjótum. Fósturfaðirinn þyrmir ekki fóstursyni sínum.

Hefði Brandur lifað hálfri annari öld fyr, má telja sennilegt að hann hefði orðið Íslandi líkur maður og Gissur Ísleifsson. Honum hefir verið það ljóst, að fremur öllum mönnum öðrum var hann sjálfur arftaki hinna fyrri kirkjuhöfðingja. Honum bar því fremur öðrum skylda til að hugsa um, hvað verða mætti til að bæta hið illa ástand í

landinu. Hann var svo átakanlega á það mintur, því að hann drógst jafnan inn í viðburðina sjálfur, eins og sýnt hefir verið.

Honum hefir gefist nóg tóm til íhugunar um ástandið í landinu. Þótt hann gegni um hríð biskupsembætti í Skálholti og verði við og við að takast ferðir á hendur til þess að semja sættir, situr hann lengstan tíma þroskaára sinna »á friðstóli« heima í klaustrinu í Þykkvabæ. Hann fæst þar við bókmentastörf. Og honum hefir hlotið að vera það kunnugt, hvað stjettarbræður hans, kirkjuhöfðingjarnir ytra, lögðu til málanna um þessar mundir, þar. Kirkjuvaldið katólska stóð þá með hinum mesta blóma í Norðurálfunni. Hann heldur um leið skóla á klaustrinu. Segir svo um hann og lærisveina hans: »Þessi sami Brandur ábóti talaði svá til sinna lærisveina, að engum manni kallaðist hann jafnminnugum kent hafa sem Jörundi, sem síðar varð biskup á Hólum, en engum þeim er jafnkostgæfinn var og jafngóðan hug lagði á nám sitt sem Runólfur, er síðar varð ábóti í Veri, en til Árna talaði hann svá, að hann skyldi svá marga hluti af guðlegum ritningum, er hann þóttist varla sjá, hví svá mátti verða«. (Bps. I, 681). Benda orð þessi á mjög náin kynni milli Brands og þessara lærisveina hans. Og er það þá tilviljun að þeir verða einmitt forgöngumennirnir um að auka kirkjuvaldið á Íslandi?

En aðalatriðisins skal nú getið, og er það einnig aðaltilefnið til þess, að þessi ritgjörð er skráð.

Á alþingi árið 1253 var gerð samþykt sem er mjög merkileg í kirkjusögu Íslands. Er hún prentuð meðal annars í Fornbrjefasafninu (II, 1) og hljóðar svo:

»*Það var löglega játað og fullkomlega staðfest á Íslandi að þar sem á greindi guðslög og landslög, þá skulu guðslög ráða, þá er liðið var frá hingaðburði várs herra Jesú Kristí þúshundrað vetra og ccliij vetur*«.

Það má telja fullsannað, að samþykt þessi sje gerð einmitt þetta ár. Þótt sum ómerkari handrit árfæri hana öðruvísi, er hún víðast árfærð til þessa árs og meðal

annars í tveim ágætum skinnbókum Í kristnirjetti Árna biskups er hún einnig færð til ársins 1253. Og loks er svo sagt í Flateyjarannál við árið 1253: »*lögtekið að guðslög skyldu ráða, ef á greindi og landslög*«.

Þessi samþykt er einn helsti hyrningarsteinninn, er þeir reisa á kröfur sínar um hið aukna kirkjuvald lærisveinar Brands ábóta. Má t. d. minna á þessi orð Staða-Árna: »*Svo viljum vjer og með engu móti þola, að heilög kirkja tapi því frelsi, að þar greinir guðslög og landslög ráði jafnan guðslög, eftir því sem fyrir löngu var lögtekið hjer í lögrjettu yfir alt vort land, með góðu samþykki allra landsmanna*«. (Bps. I, 720).

Þessi samþykt er órækur vottur þess, að árið 1253 er einhver sá áhrifamaður uppi á Íslandi, sem ætlar sjer eitthvað með því, að láta lögtaka slíka samþykt. Sá maður hefir haft lag til þess að láta lögtaka hana hávaðalítið, því að engin saga fylgir þessari samþykt í heimildarritunum. En sá maður hefur sjeð fram í tímann, og vitað, hversu þýðingarmikil slík samþykt var um að auka kirkjuvaldið á Íslandi.

Það kemur hvergi fram í heimildarritum, hver það sje, sem látið hefir lögtaka þessa samþykt, og jeg veit yfirleitt ekki til þess, að nokkur maður hafi látið í ljós skoðun sína um það opinberlega. Það skal nú athugað hjer, hver það muni vera.

Er þá fyrst að geta biskupanna. Skálholtsbiskup er þá Sigvarður Þjettmarsson. Ekki getur hann hafa átt neinn þátt í þessu, því að hann fer utan árið 1250 og kemur ekki aftur hingað til lands fyr en árið 1254. (Sbr. annála). — Hólabiskup er þá Heinrekur Kársson. Það vill að vísu svo til, að hann er staddur á Íslandi þetta ár, þótt hann dveljist ekki hjer á landi nema fimm ár þeirra þrettán, sem hann hjet að vera biskup á Íslandi. En jeg tel það öldungis víst, að Heinrekur biskup hafi engan þátt átt í þessari samþykt. Þótt rakin sje nákvæmlega saga hans, mun ekki sjást hin minsta bending um, að hann hafi nokkurntíma látið svo lítið að koma á

alþingi Íslendinga. Það er nauðalítið, sem bendir í þá átt, að sá maður hafi látið sjer kirkjumál og kristnihald Íslendinga nokkru skifta, þótt biskup væri að nafni. Hann var ekkert annað en pólitiskur erendreki Hákonar konungs til Íslands, »einn af traustustu verkfærum Hákonar konungs bæði í Noregi og á Íslandi«, eins og Jón Sigurðsson segir (DI. I bls. 543), maður sem ljet alla framkoma sína gagnvart íslenskum höfðingjum eingöngu stjórnast af því, hvernig hann áleit þeim vilja konungs best borgið að ná landinu undir sig (sbr. hina einkennilegu framkomu hans sitt á hvað við Þórð kakala, Gissur, Þorgils skarða, Flugumýrarbrennumenn, Hrafn Oddsson, Þorvarð Þórarinsson, Odd Þórarinsson o. fl.), en skeytti að öðru leyti ekkert um það, hver voru málefni þessara manna Heinrekur Kársson er allra manna ólíklegastur til þess að hafa átt þátt í samþykt, sem átti að tryggja til frambúðar kirkjuvaldið á Íslandi. Hann var konungsmaður, en ekki kirkju. — Þá er því ekki til að dreifa, að þeir kirkjuhöfðingjarnir, sem síðar verða, Árni, Jörundur og Runólfur, geti verið hvatamenn þessarar samþyktar. Þeir eru þá vafalaust lærisveinar hjá Brandi ábóta. — Þá er að leita í klaustrunum og í hóp helstu klerka. Í engu klaustranna, nema í Þykkvabæ, eru þeir ábótar sem nokkrir sjerstakir yfirburðamenn geta talist. Í tveim, Þingeyra og Munkaþverárklaustrum, eru að verða ábótaskifti um þessar mundir. Það er yfirleitt ekki nema einn kennimaður á Íslandi, sem hægt er að láta sjer detta í hug, að standi að þessari samþykt, maðurinn sem ber höfuð og herðar yfir alla menn íslensku kirkjunnar á þessum tíma, og það er Brandur Jónsson. Og einmitt þetta ár og árin 1250—54, gegnir hann biskupsembættinu í Skálholti. Bein sögn er að vísu ekki um það, að hann hafi verið á alþingi það sumar, en eins og áður er að vikið, sat hann í Skálholti einmitt þetta sumar og má þessvegna telja það nálega víst, að hann hafi riðið til alþingis —

Af þeim rökum sem nú hafa verið nefnd dreg jeg þá ályktun: *að Brandur Jónsson ábóti megi í raun og veru*

kallast faðir kirkjuvaldsins á Íslandi. Má í fáum orðum telja þau rök fram í þrem aðalatriðum:

1. Brandur Jónsson mun vera höfundur hinnar merkilegu alþingissamþyktar árið 1253.

2. Brandur Jónsson var sökum stöðu sinnar, ættasambanda og lífsreynslu, og ennfremur sökum þekkingar sinnra á fyrri sögu landsins og athöfnum katólsku kirkjunnar ytra, knúður til þess að verða forgöngumaður kirkjuvalds á Íslandi.

3. Brandur Jónsson var kennari þeirra þriggja manna, sem börðust fyrir kirkjuvaldinu og unnu nálega fullan sigur í þeirri baráttu.

Sjálfum entist honum ekki aldur til að framfylgja þessum kenningum, er hann varð biskup á Hólum. Hann sat ekki nema eitt einasta ár í því embætti.

VI.

Fráleitt væri það nú á tímum að gera ráð fyrir kirkjuvaldi á forna vísu í almennum þjóðfjelagsmálum. En þegar kirkjuvaldið hófst í Norðurálfunni voru kringumstæðurnar aðrar. Katólska kirkjan hafði þá öldum saman verið skjöldur og skjól meginþjóða Norðurálfunnar. Hún hafði lagt nokkrar hömlur á siðleysi höfðingjanna. Hún hafði verið athvarf og hæli hinum kúguðu og í skjóli hennar var helst frið að fá í glundroða þjóðflutninganna miklu, og því agaleysi og stjórnleysi, sem á eftir fór lengi. Það var kirkjunnar verk víða, að hin eyddu hjeröð urðu aftur bygð. Það var hún sem varðveitti alt hið æðra menningarlíf. Það var katólska kirkjan sem veitti miklum þorra manna hina einu huggun og von, sem hægt var að fá, er lífskjör flestra voru óþolandi. Launin, sem hún bar úr býtum, auður og völd, voru þá og í sama mæli mæld og afrek hennar. (Sbr. J. E. Sars: Udsigt over den norske Historie II, 176).

Um langa hríð var það svo, að nálega öll menning og þekking var hjá kirkjunni einni. »Ment er máttur«. Þeir, sem best eru mentir, þeir eiga að stjórna þjóðunum.

Þessvegna er það ekki tilviljun, að sú öld líður yfir Norðurálfuna, að katólska kirkjan fer með hið mesta vald og hinn mesta auð. Það er rökrjett afleiðing þess ástands, sem verið hafði og var í álfunni. En þegar auðurinn og valdið hafði gjörspilt kirkjuhöfðingjunum, þegar kirkjan hafði misnotað vald sitt, þegar kirkjuhöfðingjarnir höfðu sýnt sig óhæfa til að fara með valdið, og einkum, þegar aðrir voru risnir upp sem betur voru »mentir« — þá var og hitt hin rökrjetta afleiðing hinna nýju kringumstæðna: að kirkjan misti aftur obbann bæði af valdi og auði.

Á dögum Brands ábóta stendur vegur kirkjuvaldsins í Norðurálfunni allra hæst. Glæsilegasta kirkjuþingið, sem katólska kirkjan hefir nokkru sinni háð, heldur Innocentíus páfi III. í Laterankirkjunni í Róm, þegar Brandur er um það bil 8 ára gamall. Það fellur ekki á hinn fágaða skjöld katólsku kirkjunnar um daga Brands. Norður til Noregs barst ljómi kirkjuvaldsins þá, svo að mjög bar á. Á hinu sama ári og Brandur tekur við ábótadæmi í Þykkvabæ kemur Vilhjálmur, kardináli páfa, norður til Noregs til þess að kóróna Hákon konung. Má lesa það í lýsingu Sturlu Þórðarsonar og kvæðum hans í Hákonarsögu, hversu mjög mönnum hefir fundist til um þá dýrð.

Þetta blasti við Brandi ábóta utan úr heiminum.

Hinsvegar hefir hann þekt til hlítar hina einstöku sögu, sem katólska kirkjan átti á Íslandi fyrstu tvær aldirnar. Hún hafði alveg blandað blóði við hið íslenska þjóðlíf. Goðarnir urðu prestar, en prestarnir lögsögumenn og veraldarhöfðingjar. Hinar sömu höfðingjaættir, sem farið höfðu með landsstjórn, fóru áfram með kirkjustjórn og landsstjórn. Ein einasta veruleg undantekning (Guðmundur góði) hafði orðið frá því, að sambúðin væri hin ákjósanlegasta milli veraldar og kirkjuhöfðingja.

Þetta raskaðist alt á Sturlungaöld. Orsakirnar til þess skulu hjer ekki raktar, en tvímælalaust má telja, að þær lágu hjá hinum veraldlegu höfðingjum fyrst og fremst. Og það varð lífsreynsla Brands ábóta, að það, sem hann vantaði, til þess að hann gæti fetað í fótspor fyrirrennar-

anna, það var *vald*, það vald sem óróaseggirnir yrðu að lúta. Fyrir honum hefur vakað endurreisn þess ástands, sem áður var á Íslandi, að nokkru leyti á nýjum grundvelli.

Staða-Árni og Jörundur biskupar og Runólfur ábóti framkvæmdu þær hugsjónir, sem hjer hafa verið eignaðar Brandi ábóta. Það kostaði mikla baráttu. Ef dæma á um afleiðingarnar, má ekki taka mark á þeim baráttutíma. Í Skálholtsbiskupsdæmi verður það ekki ljóslega sjeð, því að heimildir eru óljósar, og í annan stað liðu þar tiltölulega fá ár frá dauða Staða-Árna, uns biskupsvaldið komst í hendur *útlendra* manna.

En í Hólabiskupsdæmi fær *íslenskt* kirkjuvald að njóta sín dálítið lengur. Um það tímabil eru til merkar söguheimildir: saga Lárentíusar biskups og annáll síra Einars Hafliðasonar. Eftirmaður Jörundar biskups, Auðunn rauði, er að vísu norrænn, en hann samþýddist best allra útlendra biskupa íslenskum háttum. Eftir hann koma tveir íslenskir biskupar: Lárentíus Kálfsson og Egill Eyjólfsson. Það er glæsileg mynd, sem söguheimildirnar bregða upp um ástandið nyrðra á þessum árum. Þar er fjörugt mentalíf og friður og hagsæld meðal almennings. Þessi kafli úr sögu landsins gefur ótvíræða bendingu um það, hverjar afleiðingarnar hefðu *getað* orðið af kirkjuvaldi á Íslandi *í höndum innlendra manna:* af kirkjuvaldi samkvæmt stefnu Brands ábóta.

Það voru *ekki innlendar* orsakir, sem ónýttu verk Brands ábóta og lærisveina hans og gerðu kirkjuvaldið að svipu á landið. Þegar hið nýja skipulag hefir verið reynt á Íslandi í fá ár og með góðum árangri, þá er gripið í taumana utan yfir pollinn. Spillingin hefir þá fest rætur hjá hinum erlendu kirkjuhöfðingum. Þeir tóku sjer valdið til þess að skipa menn í hin æðstu kirkjuembætti á Íslandi, þvert ofan í fornar venjur íslenskar. Þeir selja þau embætti eins og önnur. Íslenska kirkjan varð vitanlega að borga. Margir þessara útlendu biskupa voru meiri og minni misendismenn. Og um þá nálega alla gildir það, að þeir gátu ekki samþýðst íslenskum háttum. Þeir voru

ókunnir máli og menningu Íslands. Þeir ólu enga ást í brjósti til hinnar íslensku þjóðar og kirkju. Þessvegna hugsuðu þeir mest um það að auðga sjálfa sig, en vanræktu gjörsamlega það, sem höfundar kirkjuvaldsins töldu höfuðskyldurnar, sem kirkjuvaldinu fylgdu.

Í höndum íslenskra manna hefði auður og vald kirkjunnar getað orðið Íslandi farsælt á öldunum næstu eftir Sturlungaöld. Það má benda á þá marga, ágæta merkisklerka íslenska á 14. og 15. öld, sem hefðu verið líklegir til að gæta rjettar Íslands gagnvart konungi, sem og vissulega hefðu notað auðinn og valdið til aukinnar innlendrar menningar.

Þeir gátu ekki sjeð það fyrir, Brandur ábóti og lærisveinar hans, að hið spilta erlenda kirkjuvald gæti svo ónýtt verk þeirra og snúið því í bölvun. Við þeim blasti bölvun Sturlungaaldarinnar, sem þeir vildu ráða bót á.

Þeim hefir verið þunglega ámælt, mönnunum sem reistu kirkjuvaldið á Íslandi. Staða-Árni hefir jafnvel verið talinn einhver versti og skaðlegasti Íslendingur, sem hefir lifað. Er þetta hinn mesti misskilningur á sögunni. Hvort sem það var Brandur ábóti, um hendur lærisveina sinna, eða þeir Staða-Árni, Jörundur og Runólfur, sem komu á kirkjuvaldinu á Íslandi, þá er engin ástæða til að ætla, að þeim hafi gengið annað til en ættjarðarást. Þeir hafa barist fyrir því, sem þeir voru sannfærðir um, að landi og kristni væri fyrir bestu. Og það liggur meir að segja mjög nærri að segja — að svo miklu leyti sem yfirleitt er hægt að segja slíkt — að þeir hafi sjeð rjett. Þeir hafi einmitt kept að því að koma á því skipulagi um innanlandsstjórnina, sem líklegast var til að verða landinu farsælast, eins og komið var. Þeir gátu ekki sjeð fyrir þau óheillatíðindi, sem öldinni síðar komu yfir pollinn.

Í samræmi við það, sem nú hefur verið sagt, má setja Brand Jónsson á bekk með hinum mestu og bestu sonum Íslands.

Tryggvi Þórhallsson.

HALLDÓR KR. FRIÐRIKSSON

Halldór Kr. Friðriksson.

Aldarminning.

Inngangsorð.

Gísli Brynjólfsson segir í útgáfu sinni af Trístramssögu og Möttulsögu, að sú grein bókmentanna, sem kölluð er »minningarit« *(memoires)* og alment er álitin vera frakknesk að uppruna, sje í raun rjettri afkvæmi íslenskra fornsagna, — það er að segja, að þegar Norðmenn komu til Frakklands, hafi þeir haft mikil áhrif á sögustíl Frakka, og tilfærir ýms dæmi. Íslensku sögurnar munu flestar ritaðar á tímabilinu 1150—1250, en elsti sagnaritari Frakka, Villehardouin, ritar söguna um hertöku Miklagarðs árið 1207, og er þessi saga einmitt minningarit, með því að sagnaritarinn sjálfur tók þátt í krossferðinni og segir frá endurminningum sjálfs síns. Af þessum stofni spretta hinar frægu frakknesku »*memoires*«, og ekki ósennilegt, að þær eigi eitthvað skylt við ættarsögurnar íslensku.

Með fornbókmentum vorum að baki sjer ætti því Íslendingum að láta vel að rita *minningabækur*, en hingað til hafa þeir gjört fremur lítið að því, og það er því eðlilegt, að hið ísl. Fræðafjelag vilji styðja að því, að þessi grein bókmentanna megi njóta sín og verða þjóðinni til sóma. Minningabækur eru söguleg rit, sem fjalla um marga einstaka menn og einstök mál, og eru því auðsuppsprettur fyrir sagnaritara ókomins tíma og gefur því að skilja, hve miklu máli skiftir, að þær sjeu sannorðar og nokkurn veginn óhlutdrægar.

Jafnframt eru þær æfisaga (autobiografi) höfundarins

sjálfs, sem sýna hans innra mann og hugsunarhátt, andagift og listfengi.

Fræðafjelagið hefur gefið út tvær slíkar bækur og hefur hin síðari, Minningabók Dr. Þorvalds Thoroddsens, gefið mjer tilefni til að athuga, hvort það sje áreiðanlegt, er Bogi Th. Melsted segir í formálanum, að Dr. Þorvaldur Thoroddsen hafi verið »*sannorðari en flestir aðrir*«.

Samkvæmt því, er jeg hef hjer bent á, og enginn mun mæla á móti, hlýtur það að verða fyrsta og sjálfsagðasta spurningin:

Geta íslenskir sagnaritarar treyst því, að hjer sje farið með rjett mál?.

Og því næst:

Eru myndir þær, sem höfundurinn dregur upp af málsmetandi og merkum mönnum, líkar þeim, eins og þeir voru í raun og veru?

Minningabók þessi lýsir mönnum og atburðum, sem eru í svo fersku minni, að naumast mun hætta á, að hún *sem stendur* geti haft verulega þýðingu sem fræðslulind um þau efni. En öðru máli er að gegna þegar fram líða stundir, og jeg mun nú hjer benda nokkuð á, hve óheppilega höfundinum hefur tekist að fara með söguleg sannindi.

Í mannlýsingum höfundarins kennir svo víða ómildra dóma, að mönnum verður það fyrir að hugsa, að þessar myndir sjeu afskræmdar.

Yfir þessa annmarka gæti andríkið breitt sinn töfrahjúp, en því er ekki að heilsa í þessari bók, og er óvíst, að höfundinum sje greiði gerður með því að gefa hana út.

Í formálanum gefur herra Bogi Melsted lesendunum það heilræði, að »*menn ættu að gæta þess að breyta svo, að þeir þoli að satt sje sagt af gjörðum þeirra*«, og veit jeg, að hann muni ekki hafa sett fram þetta barnaboðorð án þess að hugsa um, að lesendurnir mundu fyrst og fremst beita því gegn höfundinum og útgefendum ritsins. Þeir verða einnig að þola, að satt sje sagt um gjörðir þeirra, og þeirri mótbáru, að höfundurinn sje dáinn og virðulega eigi að tala um dána menn, svara jeg því,

að faðir minn er einnig *dáinn* og hans minning á því meiri rjett á sjer, sem hann á börn á lífi, *er blessa þessa minningu.*

Í minningabók Dr. Þorvalds Thoroddsens stendur á bls. 74—77 þessi dómur um gamlan kennara hans, Halldór Friðriksson:

Halldór Friðriksson kendi íslensku í öllum bekkjum, landafræði og þýsku. Jón Þorkelsson og Halldór vóru jafnan óvinir og töluðu mjög illa hvor um annan, og það oft svo piltar heyrðu[1]). Halldór þóttist hafa orðið fyrir ranglæti, er Jón fjekk fyrir honum yfirkennaraembættið og síðar rektorsembættið, en Jón Þorkelsson naut þess, að hann hafði tekið málfræðispróf við háskólann með bestu einkunn, en Halldór hafði ekkert embættispróf tekið. Það var að ýmsu leyti mikið spunnið í Halldór Friðriksson, hann var mikill kjarkmaður og starfsmaður, og óhlífinn til allra starfa og fjekkst við margt; hann var vinur vina sinna, og grimmur óvinum, og var talinn ágætur heimilisfaðir, reglusamur var hann með áfengi; þó honum þætti gott að fá sjer »kollu« á kvöldin, þá drakk hann aldrei fram úr hófi. Halldór var ákaflega fastheldinn við kreddur sínar og skoðanir, hver sem í hlut átti, einþykkur og sauðþrár, og gengu margar sögur af því; var það haft að máltæki, er hann eitt sinn sagði á fundi: »Eg er ekki kominn hingað til að láta sannfærast«[2]). Halldór var oft mjög tölugur á málfundum og mismælti sig stundum, svo gárungar höfðu gaman af[3]). Halldór hafði

---

[1]) Öllum lærisveinum föður míns, sem jeg hef átt tal við, ber saman um, að hjer sje rangt með farið, og að þótt Jón Þorkelsson kunni að hafa talað illa um föður minn, þá heyrðist faðir minn aldrei segja neitt um hann við skólasveina. Prófessor Sæmundur Bjarnhjeðinsson hefur sagt mjer ágæta sögu um það, að sambekkingar hans reyndu til að fá föður minn til að segja eitthvað um Jón, en það mistókst algjörlega, því að faðir minn hafði aldrei samræður við lærisveina sína í kenslustundum um annað en það, sem varðaði kensluna.

[2]) Eins skýr og ákveðinn maður og faðir minn fór auðvitað á fundi *til að sannfæra aðra!*

[3]) Faðir minn hefur lagt svo mikið gott til í íslenskum málum, að jeg held það sje mjög villandi að segja, að hann hafi verið »*tölugur*«, og hvað mismælunum viðvíkur, þá hefur enginn heyrt talað um þau nema höfundurinn.

helst lagt stund á íslenska málfræði, en gutlaði[1]) í mörgu og var enginn verulegur fræðimaður í neinu. Þegar hjer var komið sögunni, var Halldór fyrir löngu hættur allri málfræðisrannsókn, og var allur í stjórnmálum, bæjarmálum, fjárkláða, búskaparstússi og mörgu öðru, enda var það orðtæki sumra pilta, að Halldór hefði ekki litið í bók síðan 1848[2]). Halldór var stjórnsamur og hjelt hörðum aga, þar sem hann náði til, enda þorðu piltar ekki annað en vera kyrlátir í stundum hans, og mjög fáir dirfðust að standa uppi í hárinu á honum; en þegar hann hafði snúið bakinu við, var virðingin öllu minni[3]). Það bar t. d. stundum við, að allur bekkurinn jarmaði þegar Halldór var kominn út. Halldór var eins og kunnugt er nafnfrægur kláðakongur og barðist með vanalegum dugnaði og harðneskju móti niðurskurði. Átti hann jafnan kindur í Reykjavík og geymdi þær í húsi rjett við íbúðarhús sitt, hirti þær og stundaði að öllu leyti sjálfur, þótti því ekki altaf sem hreinlegastur þegar hann kom í kenslustundir, og sögðust piltar oft sjá hey í hári hans, sem var mikið og úfið. Auknefni það, sem hann hafði, mun hafa verið dregið af þessum hreinlætisbresti[4]). Halldór var hinn eini af kennurunum, sem barði pilta, þegar

---

[1]) Mjög óviðfeldið orð um mann, er *fyrstur* hefur samið íslenzkar ritreglur, málfræði og Íslandslýsingu, sem höfundurinn auðsjáanlega hefur lært mikið af og haft gagn af, þegar hann síðar samdi sína Íslandslýsingu.

[2]) Faðir minn fjekst við vísnaskýringar alt til dauðadags og má af því best sjá, hvort hann hugsaði ekki um íslenskt mál og málfræði, og hvað »*orðtæki sumra pilta*« viðvíkur, þá er það næsta ótrúlegt, að nokkur piltur, er þekti hann, gæti látið sjer slíkt um munn fara, því jeg hygg, að enginn af þeim mörgu skólapiltum, sem komu á heimili hans, hafi nokkurntíma sjeð hann nema með bók eða penna í hendi.

[3]) Að skólasveinar einungis hafi haft þrælsótta af föður mínum, en enga virðingu borið fyrir honum, kemur mjög illa heim við þau ávörp og mörgu brjef, sem hann fjekk frá eldri og yngri lærisveinum sínum, þegar hann hafði verið 40 ár kennari við hinn lærða skóla.

[4]) Samkvæmt formálanum er minningaritið samið á árunum 1911—1920, það er því fullum *40 árum(!)* eftir að »piltar sögðust oft sjá hey í hári hans«, að höfundurinn gjörir svo lítið úr sjer, að hafa eftir jafnómerkileg og vitanlega rakalaus glensmæli. Sýnir það ljóslega, hve smásmuglega *alt* hefur verið tínt til, er höf. ætlaði að mætti vera til minkunnar þessum kennara hans, sem mjer vitanlega aldrei lagði stein í götu hans. Annars mætti það sýnast kominn tími til, að sýna fram

honum mislíkaði við þá, og var honum framan af mjög laus höndin, seinna lagði hann það að mestu leyti niður, nema þegar hann reiddist svo, að hann ekki rjeð sjer. Eitt sinn kom Ole Schulesen skólapiltur of seint til morgunbæna, en Jón Árnason átti að athuga slíkar yfirsjónir og nótera fyrir. Í það sinn var Halldór við bænir, og er þeim var lokið, gengur hann niður úr kennarastólnum og segir með miklum þykkjusvip: »Hvað tafði þig Óli?« Óli svarar: »Jeg ætla að segja Jóni Arnasyni það?« Þá var ekki að sökum að spyrja, Halldór rjettir honum kinnhest, en Óli bar af sjer, og svo hvern af öðrum, en Halldór kom engu höggi á sökudólginn, en piltar stóðu alt í kring. Um leið og höggin riðu að, segir Óli ofurstillilega: »Verið þjer ekki svona reiður Fridriksen, þjer verðið þá svo ljótur í framan«. Þetta jók ekki virðingu kennarans, en Óli óx eðlilega í augum skólabræðra sinna[1]).

Halldór gekk ríkt eftir að menn lærðu hina íslensku málfræði orðrjett, kenslan var eingöngu innifalin í yfirheyrslu, en bókin ákaflega ill yfirferðar og leiðinleg. Sömu aðferðina hafði hann í þýsku, málfræðina átti að þaullesast, og allar romsur og undantekningar átti maður að kunna utan að og þylja eins þegar spurt var út úr lesmáli; ekki var gerð minsta tilraun til þess að æfa sig í að tala eða rita, og aldrei gjörður stíll[2]); framburður Halldórs á þýskunni var líka slæmur. Í efsta bekk kendi Halldór um tíma ensku, sem hann mjög lítið kunni í, og má geta nærri, hvernig framburðurinn var á því máli. Í landafræði kunni

---

á, hve lítið þakklæti faðir minn hefur fengið fyrir hina miklu og góðu baráttu, sem hann barðist fyrir einum helsta atvinnuvegi landsins og ómaklegt, að *enn* á 20. öldinni skulu menn leyfa sjer að uppnefna hann og hæða fyrir það. Jeg mun því víkja sjerstaklega að kláðamálinu síðar, bæði vegna þess, að Dr. Þ. Thoroddsen lætur í veðri vaka, að faðir minn hafi verið vondur við þá bræður vegna þess, að faðir þeirra orti um hann níðvísur, sem þótt hefur sæma, að láta prýða kvæðabók Jóns Thorddsens, en einnig vegna þess, að annað minningarit, sem út kom á síðasta ári, reynir að halda á lofti uppnefni og óhróðri um föður minn í sambandi við þetta mál.

[1]) Þó að þessi langa saga beri sjálf með sjer, að hið sanna sje eitthvað úr lagi fært, þá er hitt ekki ósennilegt, að lærisveinn þessi, sem ekki náði fullorðinsaldri, hafi getað gjört kennara sínum gramt í geði, því að hann var að vitnisburði skólabræðra sinna í uppvextinum einn hinn ódælasti og pöróttasti piltur.

[2]) Kenslunni var auðvitað hagað eftir *reglugjörð skólans*.

Halldór eigi meira en meðalpiltur, og var kenslan í þeirri grein af leit, eintómur þululærdómur og ekkert annað[1]).

Halldór var ótrauður, þóttist fær til alls og geta kent hverja grein, sem var, enda var sjálfsálitið með afbrigðum og óbilandi, hvernig sem á stóð. Halldór var mjer ekki góður, hafði fengið einhverja (sic!) ýmugust á mjer, af hvaða orsökum veit jeg ekki og lagði mig í einelti, og var hann hinn eini kennari, sem jeg fann að var hlutdrægur við mig[2]). Jeg var ónæmur á allan þululærdóm, enda mjög óþroskaður í hinum neðri bekkjum og stóð mig stundum hálfilla hjá Halldóri, gat ekki þulið romsurnar eins reiprennandi eins og hann vildi; þó var jeg alls ekki illa að mjer í þeim greinum, er hann kendi; íslenska, þýska og landafræði hafa jafnan verið uppáhald mitt fyr og síðar. Það var kenlsuaðferð Halldórs, sem var öfug og ónýt, en það skildi hann eðlilega ekki, og að laga sig eftir einstaklingseðli lærisveina, eða nokkurra annara manna lá alveg fyrir utan sjóndeildarhring Halldórs Friðrikssonar[3]). Hann ljet sjer

---

[1]) Höfundurinn virðist gleyma, að latínuskólar eru aðeins *undirbúningsskólar* undir frekara nám, þar sem áhersla er lögð á að kenna *undirstöðuatriði* til að byggja ofan á. Grundvöllur allrar málakenslu hlýtur að vera *málfræðin* með óhjákvæmilegum »þululærdómi«, og beinagrindin í landafræðinni eru ótal *nöfn*, sem verða að lærast utanbókar. Hvað kunnáttu og kennarahæfileika föður míns viðvíkur, þá á hann enn svo *marga* lærisveina á lífi, að auðvelt er að hrekja þessi ummæli *eins* þeirra og sjálfsagt að gjöra það meðan þeirra nýtur við.

[2]) Allir þeir skólabræður Dr. Þorvalds, sem jeg hef átt tal við, fullvissa mig um, að þessi ofsókn og hlutdrægni, sem hann þykist hafa orðið fyrir, muni vera heilaspuni tómur, enda vita allir, sem þekt hafa föður minn, að það er óhugsandi, að hann hafi lagt nokkurn skólasvein í einelti(!).

[3]) Ef kenslnaðferð föður míns var *öfug* og *ónýt*, þá má furðu gegna, að einmitt þær greinar, er faðir minn kendi, skyldu verða *uppáhald* höfundarins, því að allir vita að unglingar fá óbeit á þeim námsgreinum, sem ónýtur og leiðinlegur kennari veitir þeim tilsögn í, og það því meir, því óþroskaðri sem nemandinn er. En Dr. Þorvaldur segir einmitt frá því *sjálfur*, hvað hann hafi verið »óþroskaður mestalla sína skólatíð« og »hyskinn við skólafögin«. Það liggur því mjög nærri að álykta, að *íslenska*, *þýska* og *landafræði* hafi orðið hnoum hugðnæmar af því að hann, eins og flestir skólasveinar, *komst ekki undan* að læra þessar námsgreinar, sem faðir minn kendi, og fjekk í þeim svo góða undirstöðu, að hann altaf bjó að því. Ef litið er í próftöflu lærða skólans, þegar Dr. Þorvaldur útskrifaðist þaðan, þá sjest það, að hann

oft um munn fara, að úr mjer yrði aldrei maður. Yfirleitt var Halldór mjög stirður við okkur bræður, nema við Skúla[1]). Hvort óvináttan við föður okkar hefur ráðið hjer nokkru um, læt jeg ósagt.

Svo mörg eru nú þessi orð. Jeg hef tekið þau öll upp, til þess að ekki yrði sagt, að jeg taki ummæli rifin út úr rjettu samhengi; en líka vegna hins, að óvíst er, að allir lesendur »Skírnis« hafi lesið minningabókina, og þá er þetta gott sýnishorn af efni og stílsmáta hennar. —

Hinn 19. d. nóvemberm. 1919 var hundrað ára afmæli föður míns. Jeg var langt frá fósturjörðinni á þessum degi og harmaði jeg, að áform mitt um að semja lítið minningarit, sem út átti að koma á þeim degi, hefði farist fyrir, en mjer datt ekki í hug, að hans mikla starf í þarfir lands og lýðs væri svo fljótt gleymt, að ekki eitt einasta íslenskt blað eða tímarit skyldi minnast hans á þeim degi. Svo var nú samt. Hinn einasti sveigur, sem síðan hefur verið lagður á leiði föður míns er hin ofanskráða fallega grein. Þeir menn, sem höfðu lofað mjer greinum í minningarit þetta, eru allir látnir (landshöfðingi M. Stephensen, Tryggvi Gunnarsson, Pálmi Pálsson o. fl.), að undanteknum herra bókaverði Jóni Jacobsyni. En fyrst mjer tókst ekki að sýna ræktarsemi mína við elskaðan föður á minningardegi hans, þá hefur mjer verið það ljúf skylda eftir útkomu þessa rits, að leita umsagna nokkura merkra lærisveina hans, og er það rúmsins vegna, að ekki eru þeir fleiri. Því undartekningarlítið munu lærisveinar föður míns hafa haft mætur á honum

einmitt fær bestu vitnisburðina í þeim greinum, sem faðir minn hafði kent honum. Í landafræði *ágætlega,* í þýsku *dável,* í íslensku *vel;* en í grísku fær hann *laklega,* í trúfræði *laklega,* í rúmmálsfræði *illa* o. s. frv. Þessir vitnirburðir sýna betur en alt annað, hve miklum kennarahæfileikum faðir minn var gæddur og eins hitt, hve mikil fjarstæða það er, að hann hafi verið *hlutdrægur* við þennan lærisvein.

[1]) Hversvegna var Skúli undantekning? Hann var þó einnig sonur þess manns, er níðvísurnar hafði ort. Jeg hef átt tal við ýmsa bekkjarbræður Þórðar læknis Thoroddsens og einnig Sigurðar Thoroddsens, kennara við mentaskólann, og ber þeim öllum saman um, að þeir hafi aldrei orðið varir við neina hlutdrægni gagnvart þeim bræðrum.

og borið virðingu fyrir honum, eftir að þeir voru orðnir menn og skyldu til fulls, að hann hafði aldrei annað en velferð þeirra sjálfra fyrir augum, þegar hann vandaði um við þá.

Er það aðalefni þessarar greinar, að birta ummæli þessara manna, sem jeg hjermeð votta innilega þökk fyrir, að þeir hafa fúslega viljað styðja að því, að sannleikanum yrði ekki um of misboðið.

Herra ráðherra Klemens Jónsson hefur leyft mjer að birta eftirfarandi línur:

Vorið 1911 hripaði jeg niður ýmsar endurminningar frá skólaárum mínum og um leið lýsingu á kennurum mínum. Um yfirkennara Halldór Kr. Friðriksson hef jeg skrifað þetta:

Halldór hafði mörgum störfum að gegna, því að hann gekk í alt með mesta dugnaði og atorku, hafði því lítinn tíma til að búa sig undir kensluna og fylgdi líklega ekki vel með, en það sem hann kunni, og það var mikið, barði hann inn í okkur; jeg hef mikið af honum lært og tel hann með mínum bestu kennurum. Hann hjelt bestum aga af kennurunum, en fremur hræddust piltar hann en elskuðu.

Þessa lýsingu stend jeg enn við, að sje sönn, og skal til skýringar geta þess, að t. a. m. í ensku hafði jeg 4 kennara, Steingrím, sjera Matthías, Jón Sveinsson og Halldór. Hann kunni vafalaust verst ensku af þessum kennurum og framburð kunni hann ekki; en þó lærði jeg langmest hjá honum. Mjer liggur við að fullyrða, að það sem jeg lærði í ensku í skóla, hafi jeg lært af honum.

Halldór var sá eini af kennurunum, sem gerði verulegan mun á kenslunni eftir þroskastigi pilta. Kenslan í efri bekkjunum var alt önnur, yfirgripsmeiri og fullkomnari en í neðri bekkjunum. Þar heimtaði hann t. a. m. að piltar lærðu utanbókar og þyldu upp heilar romsur af undantekningarorðum í þýsku grammatíkinni, en þegar þýska varð við breyting á reglugjörðinni 1877 fyrst kend í 5. bekk, datt honum ekki í hug að heimta slíkan utanaðlærdóm. Hann var ágætur þýskukennari og ytir höfuð einn af mínum bestu kennurum, eins og jeg þegar hef tekið fram.

Þorleifur yfirkennari Bjarnason skrifar á þessa leið um föður minn:

Halldór yfirkennari Friðriksson kendi árin 1878—84, er jeg var í skóla, íslensku, dönsku og þýsku. Hann var einkar ötull og skyldurækinn kennari, er gekk ríkt eftir, að vjer nemendur ræktum námið vel og hegðuðum oss bæði innan skólans og utan, svo sem mentuðum mönnum sæmdi. Hann var skilningsskarpur maður og athugull og komu þeir eiginlegleikar honum í góðar þarfir við kensluna, því að þótt sumum þætti hann á stundum helst til eftirgangssamur, kunni hann vel að greina meginatriði frá aukaatriðum. Við slæpinga og letingja var hann ekki ósjaldan aðfinningasamur og þungorður, því að hann var maður örlyndur og hataði leti og ómensku. En yrði hann þess var, að þeir hinir sömu vildu bæta ráð sitt og taka sjer fram, gat hann verið þeim góður og alúðlegur. Komust þá sumir þeirra að raun um, að undir hinu harðlega yfirbragði öldurmannsins bjó þrek og raungæði. Mörgum nemendum reyndist hann einkar vel, ekki að eins meðan þeir voru í skóla, heldur einnig eftir að þeir voru farnir úr skóla. Ætla jeg, að ekki sje ofmælt, að allflestir nemendur, sem manntak var í og meta kunnu sannan dugnað og skyldurækni, hafi við burtför sína úr skóla borðið hlýjan hug til gamla mannsins.

Dr. Jón Þorkelsson segir í Andvara 1903:

Kennarastarf Halldórs við latínuskólann var þegar alls er gætt í alla staði hið merkilegasta. Hann ljet sjer jafnant um að kenna vel það, sem hann kendi, og að halda aga í kenslustundunum . . . . . Í fræðigreinum þeim, sem Halldór kendi í skólanum — en það var framan af landafræði, danska, og alla tíð þýska og íslenska, auk annars fleira eftir því, sem á stóð — ljet hann sjer ant um það, að kenslubækurnar væru á íslensku, en það var ekki í annað hús að venda en að búa þær til, því að enginn slík skólakenslubók mátti heita að væri til þegar Halldór kom að skólanum. Hafði Halldór ekki margar sveiflur á því, heldur samdi á fyrstu árum sínum kenslubækur í öllum þeim greinum, er hann kendi að staðaldri o. s. frv.

Og í brjefi til mín 26. janúar í ár segir hann:

Faðir yðar er einhver besti kennari sem jeg hefi nokkurntíma haft. Þetta megið þjer eftir mjer hafa, hvar sem þjer viljið.

Þá hefir yfirbókavörður Jón Jacobson sent mjer þessi minningarorð:

»Undarlegt er stríð lífstunda«.

Svo kvað hann aldamótamaðurinn vitri undir andlátið (1727). Það vakti þá fyrir honum, þegar hann starði út í liðið líf, hve líf er stopult og gleðisnautt, ef ekki er nægur kraftur inni fyrir til að bera strit þess og nægileg vinnugleði og hugsana til að búa til sól úr dimmviðri og sorg.

Annar aldamótamaður (19. og 20.) var Halldór sálugi Kristján Friðriksson.

Margt var þeim manni vel gefið. En best gjöfin — og það var vöggugjöf — heilbrigð skynsemi, samfara feikna krafti og vinnugleði og starfsþrek með afbrigðum.

Mjer fjell það afar illa, að lesa frá mætum, nýlátnum manni orð í hans garð, sem voru gersamlega ómakleg í alla staði. Jeg hygg, að enginn maður á Íslandi nema yfirkennarinn sálugi hefði borið þá byrði, sem hann bar fyrir rjetta hugsun og gott málefni í kláðafaraldrinu mikla. Jón Sigurðsson var gugnaður, Tscherning var í 300 mílna fjarlægð, landlæknirinn var hættur að tala, Halldór stóð einn með heilbrigða skynsemi að bakhjarli og sagði: »Það er óleyfilegt fyrir fátæka og fámenna þjóð að drepa niður bústofn sinn, þegar mögulegt er að lækna hann«. Einn hjelt hann áfram rjettri hugsun, var skammaður og svívirtur þegar hann var að vinna landi sínu ómetanlegt gagn.

Hann kom oft til mín þau $4^1/_2$ ár, sem jeg bjó í Landakoti. Eitt kvöld sagði hann við mig: »Jeg nóteraði einu sinni pilt skömmu eftir að jeg var kominn að latínuskólanum, en hjet því sjálfum mjer, að slíkt skyldi jeg aldrei oftar gjöra. Ungir drengir gleyma löðrungi, en nótum gleyma þeir ekki«.

Faðir minn, tveimur árum yngri en yfirkennarinn, var góðvinur hans, trygðin og trúfestin var Halldóri sáluga svo meðfædd, að hann vildi ekki og gat ekki skift um vini. Eftir fyrsta árið, sem hann kendi í latínuskólanum, sendur af Konráði Gíslasyni um stundarsakir, sagði Sveinbjörn skólameistari Egilsson við föður minn: »Þennan mann má skólinn ekki missa, í honum eru afbragðs kennarahæfileikar«. En Sveinbjörn vissi ekki þá það, sem vjer lærisveinar hans vitum nú, að það var í honum annað meira en góður kennari, hann var fæddur skólameistari, og þá stöðu fjekk hann aldrei.

Aldrei sá jeg kennarann minn elskulega ganga með vetlinga á höndum, hann hlífði aldrei líkama nje sál, og enda jeg nú þessi fáu orð með þeirri ósk, að föðurlandið eignist aldrei verri syni. Þá er öllu borgið.

Prófessor Sæmundi Bjarnhjeðinssyni farast svo orð:

Jeg mun ætíð minnast yfirkennara míns frá námsárunum í latínuskólanum, Halldórs heitins Friðrikssonar, sem ágætiskennara í þeim námsgreinum, sem hann kendi okkur, íslensku, þýsku og dönsku. Hann gjörði sjer far um með sinni alkunnu elju og samviskusemi að veita okkur undirstöðuþekkingu í þessum málum, sem við svo frekara gætum bygt á, og sem tryggastan grundvöll taldi hann, eins og flestir meðkennarar hans á þeim tíma, að sæmileg málfræðisþekking væri. Út fyrir Danmörku fóru á þeim tíma fáir íslenskir námsmenn, svo að eigi var þá lögð svo mikil áhersla á að æfa mann mikið í framburði stórþjóðamálanna. Við stílagjörð og ritgjörðir á íslensku heimtaði hann festu og var það lögmál, sem við urðum að fylgja. Vafalaust holt fyrir óþroskaða unglinga.

Halldór Friðriksson var að vísu nokkuð strangur, ef um óspekt eða óknytti var að ræða og sópaði þá allmikið að honum. Einkum kvað að þessu í neðri bekkjunum, en vægari og vægari varð hann eftir því sem við færðumst ofar í skólanum og þroskuðumst. Enda leyfðu eigi margir sjer að sýna honum mótþróa.

Halldór Friðriksson unni skólanum heitt, bar heill hans og pllta fyrir brjósti og tók það afarsárt, ef einhver gjörði sig sekan í einhverju vansæmandi. Hann var trygðartröll við þá sem leituðu hans og hollari ráðgjafa var naumast hægt að fá, þegar piltar sneru sjer þangað í vandræðum sínum.

H. Kr. Friðriksson hafði snúist i mörgu á sinni löngu æfi, þekti menn og mál flestum fremur. Hann var laus við alla smámunasemi, hafði lært að taka hlutina praktiskt og var hreinn og beinn. Hann hafði óefað flesta þá eiginlegleika, sem góður skólastjóri þarf að hafa.

Prófasturinn í Görðum, sjera Árni Björnsson:

Með mikilli virðingu minnist jeg jafnan frá mínum skólaárum minna kæru og góðu kennara. Meðal þeirra var yfirkennari Halldór sálugi Friðriksson. Við hann hafði jeg talsvert saman að sælda umfram hina kennarana, þar sem hann var fjárhaldsmaður minn allan skólatímann. Vorum við um og yfir 20 sveinar í fjárhaldi hjá honum. Hefi jeg oft síðan dáðst að því í huga mínum, hve ágætlega honum fórst fjárhaldsstarfið úr hendi og hve fast hann innrætti oss piltum anda sparseminnar og reglusemninar. Sem kennari var hann sjerlega duglegur og laginn á það, að ganga fast eftir því, að þær greinar, sem hann kendi, væru lesnar. Taldi

jeg hann því ætíð með mínum bestu kennurum, og lærði meira og betur hjá honum en flestum hinna. Í öllu kom hann fram við oss pilta, að því er jeg til vissi, með fylsta drenglyndi og sem ráðhollur vinur, enda var hann maður með afbrigðum hreinlyndur og hispurslaus.

Sjera Þorvaldur Jakobsson:

Ærið lengi hefir dregist að andmæla óhróðri þeim um Halldór yfirkennara Friðriksson, sem færður hefir verið í letur að honum látnum. Sá dráttur kann að stafa af hlífð við að ganga berhögg við minningu annars látins manns, nafnfrægs, sem fremst hefir gengið fram í að ófrægja minningu Halldórs yfirkennara. En mjer getur eigi skilist að fyrir þá sök eina, að maðurinn er látinn, hvíli sú helgi yfir ummælum hans og dómum, að eigi megi raska þeim. Ósannindi og ósanngirni eiga aldrei neinn rjett á sjer.

Í æfisögu Pjeturs biskups var að óþörfu varpað hnjóðsyrðum að minningu Halldórs yfirkennara Friðrikssonar og í minningabók dr. Þorvalds Thoroddsens er nú önnur grjótflaugin látin ríða öllu óvægilegar að kumli hans.

Meðan Halldór yfirkennari var lífs, gjörðist þess eigi þörf, að skildi væri haldið fyrir hann, en svo margir stöndum vjer uppi enn, lærisveinar hans, — þótt óðum fækki, — að vjer mættum, svo sem skylt er og maklegt, skara skjöldum um minningu hans til varnar gegn árásum missögulla óvildarmanna hans.

Minningabókin bendlar Halldór Friðriksson við róg og bakmælgi. Meiri fjarstæðu get jeg ekki hugsað mjer. Hann var of hreinskilinn og einarður maður til að vega með rógi og bakmælgi að óvinum sínum.

Aldrei heyrði jeg hann leggja neinum lastyrði til á bak, hvorki Jóni skólastjóra Þorkelssyni nje öðrum. En einu sinni barst honum í brjefi nafnlaus níðkviðlingur um andstæðing hans. Óðar en hann hafði opnað brjefið og sjeð, hvers kyns var, stakk hann því orðalaust í ofninn. Við þessa sögu munu margir kannast og játa, að þetta var eftir manninum.

Höfundur endurminningabókarinnar neitar því ekki — (þakka skyldi!) — að Halldór Friðriksson hafi haft lag á að láta skólasveina hlýða sjer, en höf. bætir svo við: »Þegar hann hafði snúið bakinu við var virðingin öllu minni«, o. s. frv. Mjer er ekki unnt að samrýma þetta við þá skoðun, sem skólasveinar höfðu alment á yfirkennaranum, meðan jeg var í skóla. Einmitt til hans var borið

óbifanlegt traust, og hann talinn allra manna raunbestur. Þá er einhver skólapiltur hafði gjörst brotlegur, og í nauðirnar rak, þá var það talið þrautaráðið að leita á náðir yfirkennarans, tjá honum alla málavöxtu og biðja hann ásjár. Með þeirri aðferð þótti málinu best borgið, enda varð og sú reyndin á, að oftast varð furðu lítið úr sökinni, og sljettað yfir misfellurnar, svo að lítið bar á.

Halldór yfirkennari Friðriksson átti sannarlega skilið virðingu lærisveina sinna bæði sem stjórnandi og kennari og fyrir mannkosta sakir.

Hann var sjálfur manna skylduræknastur og því ekki að undra, þótt hann gengi ríkt eftir því, að lærisveinar hans ræktu skyldur sínar, og harðorður var hann, er hann fann misbrest á því, en aldrei vissi jeg til að ávítur hans væru að ástæðulausu, nje að hann gerði sjer mannamun.

Ósanngjarnt er að áfellast hann fyrir þá kensluaðferð, að hann ljet lærisveinana þráendurtaka málfræðisreglur, svo að þær festust betur í minni nemendanna. Líka aðferð höfðu allir hinir bestu kennarar skólans, og hefir þeim eigi verið fundið slíkt til foráttu. En engum þeirra tókst betur en honum að beita þeirri aðferð. Meiri en meðal glópur eða letingi hlaut sá að vera, sem gat komist undan að læra eitthvað hjá Halldóri Friðrikssyni. — Jeg efast ekki um, að allflestir af lærisveinum hans muni minnast hans á sama hátt og jeg, að hann hafi verið einn af ágætustu kennurunum, sem vjer höfum átt. Oss, lærisveinum hans, þótti hann stundum ekki sem mjúkmálastur, en hitt gat fáum af oss dulist, að bak við hörkuna bjó velvild, og hlýleikann skorti ekki heldur þar sem hann fann, að yls var þörf.

Höfundur endurminningabókarinnar bætir inn í lýsinguna á Halldóri yfirkennara Friðrikssyni ýmsum ógeðslegum ummælum og dómum, sem hann ber aðra fyrir: »Þótti því ekki altaf« — »og sögðust piltar oft sjá«, o. s. frv. Einkarhentugt orðalag og þaulreynt þegar hörgull er á sannindum! En hver vill nú standa við þessi ummæli og þessa dóma?

En hversu ógeðslegir sem dómarnir eru um Halldór yfirkennara Friðriksson í endurminningabók dr. Þorvalds Thoroddsens, þá mun sannast, að hróður Halldórs Friðrikssonar mun vaxa æ meir, og hvenær sem sönn saga verður rituð, mun hans minnst sem eins af hinum mestu ágætismönnum þjóðar vorrar.

Þorsteinn ritstjóri Gíslason:

Mjer fór eins og jeg veit að mörgum fleiri hefur farið, að mjer sárnaði, er jeg sá kastað rýrð á minningu Halldórs heitins Friðrikssonar í nýlega útkomnu riti eftir einn af merkismönnum þessa lands. Jeg tel Halldór Friðriksson hafa verið mjög svo nýtan mann í kennarastöðu. Hann gekk ríkt eftir, að lærisveinar hans læsu þær námsgreinar, sem hann kendi og honum tókst furðuvel að hamra inn í þá þeim kenningum, sem hann lagði mesta áherslu á, svo að ritmál skólagenginna manna ber um langt skeið menjar íslenskukenslu Halldórs Friðrikssonar, og það á þann veg, að betur væri, ef þeim grundvelli, sem hann hafði lagt þar, hefði aldrei verið raskað. Þegar jeg kom í skóla, var hann orðinn gamall maður, kominn undir sjötugt, en var enn hraustur og ósvektur bæði til sálar og líkama. Skyldurækinn var hann, svo sem best mátti verða og samviskusamur. Hann var oft hastur í viðmóti, og það leyndi sjer ekki, að hann var bráður í lund. En þegar honum mislíkaði við einhvern af lærisveinum sínum, gerði hann viðstöðulaust upp sakirnar, og svo var því máli lokið. Þeim sem til hans leituðu reyndist hann vel, og var þá hinn alúðlegasti. Við engum af kennurum mínum í skóla fjell mjer betur en við Halldór Friðriksson, og jeg man ekki til þess, að mjer væri kunnugt um, að nokkur af samtíðarmönnum mínum í skóla bæri kala til hans. Yfirhöfuð tel jeg Halldór Friðriksson hafa verið mikilhæfan mann bæði í kennarastarfi sínu og þjóðmálastarfi, og jeg mun jafnan geyma minningu hans í heiðri.

Á bls. 97 í minningabókinni minnist Dr. Þ. Thoroddsen á Dr. James Bryce, lávarð, sem hann segist hafa hitt í Lundúnum. Mjer mundi ekki þykja ólíklegt, að Dr. Bryce hefði minst á föður minn við hann, því það gjörði hann við flesta Íslendinga, sem hann hitti, og hefir Dr. Jón Stefánsson sagt mjer, að hann hefði aldrei þreytst á, að dást að kenslu föður míns, en faðir minn kendi honum og tveimur öðrum frægum Englendingum íslensku árið 1873, að jeg held. Þennan merkismann hitti jeg í Lundúnum 1917 í samkvæmi í The Viking Club. Dr. Jón Stefánsson hafði mælst til að jeg kæmi, því að hann sagði, að Dr. Bryce langaði til að sjá dóttur Halldórs Friðrikssonar, sem hann altaf mintist með mestu alúð. Dr.

Bryce var um áttrætt, þegar jeg sá hann, og dó nokkrum árum síðar. En hann gekk fjörlega á móti mjer og sagði meðal annars þessi orð, sem jeg veit að Dr. Jóni Stefánssyni mundi hafa verið ljúft að staðfesta, ef jeg hefði náð til hans, því hann stóð við hliðina á mjer og heyrði þau: »Jeg hef átt marga góða kennara, en engan betri en föður yðar. Eftir þessi mörgu ár man jeg eftir honum eins og jeg hefði sjeð hann í gær, og mjer gleymist ekki, hvað kensla hans var fjörug og aðlaðandi«.

Jeg læt hjer staðar numið, þó að fjölda mörgum lærisveinum föður míns mundi ljúft að bæta hjer einhverju við.

Fjárkláðinn.

Það virðist vera lögmál í veraldarsögunni, að einmitt þeir menn, sem berjast fyrir rjettri hugsun, verða harðast úti og því meir, því ósjerplægnari sem þeir eru. En þegar þeir eru dauðir og allar æsingar dottnar niður, þá er þó oftast reynt að bæta úr órjettlætinu, sem þeir urðu fyrir í lifanda lífi með því að heiðra minningu þeirra og skýra rjett frá þeirri baráttu, sem þeir háðu fyrir rjettum málsstað, hagsmunum og heiðri þjóðar sinnar.

Í sögu þjóðar vorrar á síðustu tímum má óhætt segja, að fáir menn hafi lagt meira á sig í nokkru máli, til að vinna þjóð sinni gagn, en faðir minn í kláðamálinu. Jón Sigurðsson stóð reyndar á bak við hann, en Jón sjálfur kemst svo að orði í brjefi til föður míns: . . . . . »þjer er nú að vísu meiri vorkunn, því þú ert við eldinn og þar kannast jeg við, að manni getur fremur orðið órótt«.

Já það er óhætt að fullyrða að faðir minn var »*við eldinn*« og að á honum dundu óspart skammirnar, níðið og uppnefnin. Það mun satt vera, er Dr. Þorvaldur segir í minningabókinni, að gáskafullir skólasveinar sungu um hann níðvísur og jörmuðu á göngum skólans, en doktorinn gleymir að bæta því við, að faðir minn ljet þetta sem vind um eyrun þjóta og nefndi það aldrei við pilta. Hann ætlaðist til að þeir sjálfir seinna meir, þegar þeir væru

komnir til vits og ára, mundu fyrirverða sig fyrir þetta athæfi, og honum mundi síst hafa komið til hugar að *einn* þeirra *tíu árum* eftir andlát hans og *hálfri öld* eftir að allir höfðu viðurkent, að hann hefði barist hinni góðu baráttu gegn niðurskurðarmönnum, mundi svo fávís, að nota uppnefnið »kláðakóngur« um hann.

Þegar árið *1878* segir Jón Sigurðsson í brjefi til föður míns: »Jeg óska þjer til lukku, að þú hefir barist sem hetja, og *unnið sigur í verunni* og því geta þeir mótstöðumenn vorir ekki neitað«.

Auðvitað dirfist Dr. Þorvaldur ekki heldur að segja neitt *beint* í gagnstæða átt, en hann lætur það í veðri vaka, að kláðamálið hafi verið föður mínum til vanvirðu, að hann hafi borið lægra hlut, að Jón Thoroddsen hafi með rjettu húðflett hann með níðvísum sínum, en faðir minn reynt að endurgjalda það með *rógi* um hann og óvild til barna hans!! Á bls. 48 í minningabókinni segir hann þetta fullum fetum, segir að faðir minn hafi kært embættisfærslu föður síns og Hilmar Finsen farið upp að Leirá, en ekkert fundið athugavert eða vítavert, »datt þá þessi rógur niður«.

Hjer er annaðhvort *vísvitandi* farið með rangt mál, eða Dr. Þorvaldur er ekki betur að sjer en svo, að hann blandar tveimur ólíkum atriðum saman. Embættisfærslu og drykkjuskap sýslumannsins á Leirá *gat* faðir minn ekki kært, og þar að auki eru engar líkur til, að Hilmar Finsen hefði farið eftir því, enda hefur gangskör verið gjörð að því, að vita hið rjetta í þessu máli, en engin skjöl finnast þessu til sönnunar.

Þar á móti mun faðir minn, áður en Finsen kom til Íslands, hafa kært til ráðgjafans niðurskurðaræsingar og ofbeldishótanir af hálfu Bened. Sveinssonar og Jóns Thoroddsens og var það einungis bein skylda hans, sem þingmanns, lækningamanns og föðurlandsvinar, og vart mun hægt að kalla það *róg*. Um þessa sjálfsögðu skyldu stjórnmálamannsins í öðru eins velferðamáli þjóðarinnar og

kláðamálið var, skrifar herra dýralæknir Magnús Einarsson mjer:

Halldór Kr. Friðriksson bar gæfu til þess, sem mörgum stjórnmálamönnum bæði fyr og síðar hefur ekki tekist, að skipa sjer í fylking með þeim mönnum, sem meira mátu vísindalega þekking í kláðamálinu en valtan hugarburð ósjerfróðra manna. — Með því ásamt Jóni Sigurðssyni og fleirum að fylgja hæfasta sjerfræðingnum, sem þá var völ á, prófessor Tscherning, yfirmanni dýralækningamála í Danmörku, sýndi hann, að hann þekti sjálfsagða skyldu stjórnmálamannsins, sem sjálfur er ekki sjerfræðingur í því máli, sem um er rætt, og að hann hafði djörfung til að gjöra þessa skyldu sína. Síðar sýndi hann flestum öðrum fremur annálsverðan áhuga og dugnað í að vinna bæði með ræðum, ritum og framkvæmdum þeim málsstað gagn, er hann hafði tekið sjer að berjast fyrir.

Kláðamálið er eitt af hinum allra merkustu almenningsmálum Íslands á síðari hluta 19. aldar og gefur allglögga hugmynd um menningar- og þroskastig þjóðarinnar um þær mundir. En verði saga þessa máls rituð af þar til hæfum óvilhöllum manni, efast jeg ekki um, að höfundurinn muni fremur hallast að því að nefna Halldór Kr. Friðriksson »*grjótpál*« og »*þjóðhetju*« eins og Jón Sigurðsson gjörði fyrir afskifti hans af því máli, heldur en »*kláðakóng*« eins og Dr. Þorv. Thoroddsen.

Hjer er ekki rúm til að fara langt út í þetta mál, en jeg hygg, að það, sem hjer er sagt, sje samt nóg til að sýna fram á, hve flaustrslega og óáreiðanlega höfundur minningabókarinnar fer með *söguleg sannindi*, og þarmeð er tilgangi mínum náð: *að leiðrjetta það, sem rangt er sagt um föður minn.*

Thora Friðriksson.

Kenning Wegeners um landflutning.

Eftir Þorkel Þorkelsson.

Sú hefir verið skoðun manna, að jörðin hafi upphaflega verið glóandi hnöttur, en hún hafi smásaman kólnað. Þó væri hún ennþá glóandi heit innan; eldgosin eru vottur um hitann niðri í jörðunni, og skoðun þessi styðst ennfremur við það, að þar sem grafið hefir verið eða borað djúpt í jörðu, þar hefir hitinn vaxið eftir því sem neðar dróg. Eftir þessari skoðun er jörðin stöðugt að kólna, einkum vegna útgeislunarinnar, en hún kólnar mjög hægt. Nú er það eðli flestra hluta að minka, er þeir kólna, og væri kenningin um kólnun jarðarinn rjett, þá ætti jarðarhnötturinn að smáminka. En ef yfirborð jarðar kólnar einkanlega, dregst það mest saman og getur ekki spent yfir allan jarðhnöttinn, það tognar á því, uns á það koma rifur og sprungur. Stundum getur yfirborð jarðar kólnað tiltölulega minna á sumum stöðum en undirdjúpin, yfirborðið verður þá of stórt, það koma á það hrukkur eða það legst í fellingar. Jarðfellingar eru oft stórkostlegar og mynda fjallgarða t. d. Alpafjöllin. Þar sem yfirborðið kólnar mest, þrengir að undirdjúpunum, þrýstingin verður þar mikil, og þegar rifur eða göt koma á yfirborðið, vellur glóandi hraunið, jarðeldurinn, þar upp um. Þrýstingunni niðri í ljettir af við þetta, og til að ná jafnvægi aftur, fellur yfirborðið niður eða sígur, þar myndast landsig eða jarðföll, en jafnframt landbrot og jarðfellingar.

Þetta þrent ásamt áhrifum frá vindi, vatni og jökl-

um getur smátt og smátt breytt útliti jarðar. Reyndar kemur fleira til greina, er ræða er um breytingar á yfirborði jarðar, en þetta, sem nú hefir verið talið, hefir einna mesta þýðingu, og nægir til að sýna, að á miljónum ára getur landslag og landaskipun gjörbreytst Menn voru þess vegna tiltölulega ánægðir með þessa skýringu, þangað til eftir því var tekið, að ofurlítið af radíum er í flestum þeim bergtegundum, sem eru aðalefnin í yfirborði jarðar. Af radíum framleiðist hiti, og sá hiti, sem stafar frá radíum í bergtegundunum, er nógur, og jafnvel meira en nógur, til að viðhalda hitanum í undirdjúpum jarðarinnar.

Það eru horfur á því, að kenningin um það, að jörðin sje altaf að kólna, sje óþörf til að skýra hitann, sem í jörðunni býr. Það er alveg eins sennilegt, að úr radíum hafi jörðin hitann, og að hún sje ekki að kólna, að minsta kosti nú sem stendur.

Ef þetta er rjett, þá hefir það áhrif á skýringar þær, sem hjer á undan hafa verið greindar. Sumt af þeim verður vafasamt, og menn verða að efast um það, að þær sjeu nægileg skýring á þeim breytingum, sem auðsjáanlega hafa orðið á ytstu lögum jarðarinnar. En svo er það fleira í jarðsögunni, sem torvelt hefir verið að skýra.

Ný tilraun til að skýra margt af þessu tæi er kenning Þjóðverjans Alfr. Wegeners. Wegener þessi var hjer á landi með Grænlandsfaranum P. Koch, og fór með honum frá Akureyri fyrst til Vatnajökuls, síðan til austurstrandar Grænlands. Þaðan fóru þeir þvert yfir Grænlands jökla til bygðarinnar á vesturströndu Grænlands. Grænlandsför þessi er mönnum hjer í fersku minni og sjerstaklega minnisstæð fyrir það, að með þeim var íslenskur maður, Vigfús Sigurðsson, og af því að þeir höfðu íslenska hesta á ferðalagi sínu á Grænlandi.

Kenning Wegeners miðar mest að því að útskýra, hvernig standi á mishæðunum á yfirborði jarðar. Af landabrjefi má sjá, hvernig hæðahlutföllin verða á þurru

landi, en yfir meiri hlutanum af yfirborðinu liggur sjór. Til þess að sjá, hvernig yfirborð hins fasta lands undir sjónum er, þarf að athuga dýptarlínur á sjókortunum. Þó að í þessari grein verði lítið farið út í einstök atriði, er samt best að hafa við lestur hennar landabrjef við hendina, því að þau gera margt auðskildara en ella.

Með útmælingum á landabrjefum og sjókortum hafa menn fundið þau hæða- og dýptahlutföll á yfirborði jarðar, sem eftirfarandi tafla sýnir:

Dýpt:	meira en 7km	7-6km	6-5km	5-4km	4-3km	3-2km	2-1km	1-0km
Yfirborð:	0,2%	0,7%	2,1%	36,0%	13,0%	6,5%	4,0%	9,2%
Hæð:	0-1km	1-2km	2-3km	3-4km	meira en 4km			
Yfirborð:	22,3%	4,0%	1,0%	0,5%	0,5%			

Samkvæmt þessari töflu er meira en þriðjungur (36%) af yfirborði jarðar í 4—5 kílómetra dýpi og næstum því fjórði hlutinn (22,3%) frá sjávarmáli og upp að eins kílómetra hæð. Þetta er harla eftirtektarvert. Ef jörðin hefði öll verið sljett upphaflega, þ. e. alt yfirborð hennar hefði verið í sömu hæð, sem mundi hafa svarað til hjer um bil 2300 metra dýpis, og ýms smáatvik síðar valdið því, að það varð ósljett og mishæðótt, þá hefði samt mátt búast við því, að mestur hluti yfirborðsins hefði nálega þá sömu hæð, sem það hafði í upphafi, og að það að miklu leyti fylgdi hinu alkunna lögmáli um reglulega dreyfingu, að mest af yfirborðinu væri sem næst í meðalhæð, en því minna yfirborð sem hæðarmunurinn frá meðallagi yrði meiri. Meðfylgjandi teikning sýnir í stórum dráttum, hvernig flatarmál yfirborðsins skiftist niður á hæðalínurnar og svo hvernig það hefði átt að skiftast niður, ef regluleg dreifing hefði átt sjer stað; það sýnt með punktalínu.

Vegna þess að hæðahlutföllin á jörðunni eru önnur en við hefði mátt búast, þá þarf að leita að orsökunum til þess. Skýring Wegeners er á þessa leið: Hann hugsar sjer eins og flestir fræðimenn nú á tímum, að insti hluti



jarðarinnar sje hnöttur úr nikkel-stáli, en utan um hann sje þykt lag af bergtegundum. Bergtegundir þessar álítur hann, að sje aðallega blágrýtistegundir, og nefnir Wegener þær Sima, af því að aðalefni þeirra sje Silicium (Si) og Magnium (Ma), en jafnframt þessu Sima-bergi sjeu aðrar ljettari bergtegundir og nefnast þær einu nafni Sial af Silicium og Aluminium (Al), sem eru þar aðalefnin. Sial-bergtegundirnar eru skyldar bergtegundinni gneiss. Af Sialberginu er til miklu minna en af Simaberginu, og myndar það útaf fyrir sig stóra hellu á yfirborði jarðar. Þessi hella verður nefnd Sial-hellan eða landhellan. Þessi landhella er að vísu upp undir 100 kílómetrar á þykt, samkvæmt útreikningi Wegeners, og er því óvenjulega þykk hella, en þar sem hún nær yfir hjer um bil þriðjung

jarðarinnar, samsvarar hún sjer nokkurn veginn, og er þó raunar þunn í samanburði við breidd og lengd.

Vjer skulum hugsa oss, að landhellan væri lögð ofan á blágrýtis-(Sima)-bergið; vegna þunga hellunnar mundi bergið láta undan og hellan síga niður í það. Yfirleitt hyggur Wegener, að grjóthart bergið geti látið undan og hnigið til, þegar þrýstingin er orðin svo afarmikil eins og hún er djúpt niðri í jörðunni, einkanlega þar sem hitinn líka er töluverður. Landhellan sígur þessvegna niður í blágrýtisbergið alveg á sama hátt og viðarkubbur sígur hægt og hægt niður í þykka leðju, og hún stöðvast ekki fyr en jafnvægi er náð með því móti, að þrýstingin undir landhellunni af þunga hennar verður jöfn þrýstingunni af blágrýtisberginu við hliðina á og af sjónum, sem ofan á því liggur.



Til skýringar er hjer mynd, er sýnir, hvernig menn hugsa sjer, að jafnvægi komist á milli landhellunnar og blágrýtisbergsins. Á myndinni sjest brúnin af landhellunni

og er hún talin 91 km. á þykt, en eðlisþyngd hellunnar álítur Wegener að sje 2,8. Þrýstingin á hvern flatarcentimetra við neðri hlið hellunnar verður þá: $91 \times 2{,}8 \times 100 = 25480$ kílógrömm. Landhellan er talin að ná 100 metra eða 0,1km upp úr sjó, en sjóardýpið utan við hana er talið 4,7km, sem er meðalhafdýpið, er komið er út fyrir grunnsævið við strendurnar. Þyktin á blágrýtisberginu utan við landhelluna og niður á móts við neðri brún hellunnar verður þá 86,2km og þrýstingin vegna þunga blágrýtisbergsins og sjávarins ofan á því er þá, þegar eðlisþyngd sjávarins er 1,03 og eðlisþyngd blágrýtisins er talin 2,9: $4{,}7 \times 1{,}03 \times 100 + 86{,}2 \times 2{,}9 \times 100 = 484 + 24998 = 25482$kg á flatarcentimetra. Þrýstingin verður þannig hjer um bil sú sama, hvort heldur reiknað er með þunga landhellunar (Sial) eða með þunga blágrýtisbergsins (Sima) og sævarins ofan á því. Þarna er þá fengið jafnvægi, og Wegener gerir þess vegna ráð fyrir því, að þykt landhellunnar sje 91km. En þó að þessi Sialhella sje æðiþykk, er þó Simalagið margfalt þykkra, því að það er talið alls um 1500km á þykt eða hjer um bil $^1/_4$ af vegalengdinni frá yfirborði jarðar inn að miðdepli hennar.

Hjer verður ekki leitast við að gera grein fyrir því, hvernig hellan hugsast mynduð í fyrstu, en vjer skulum gera ráð fyrir því, að fyr á öldum hafi hún verið öll samföst og náð yfir svo sem $^1/_3$ af yfirborði jarðar, en geysistórt úthaf, sem var 4700m á dýpt, hafi tekið yfir hinn hlutann af jarðarfletinum. Á botni þessa úthafs var Sima eða blágrýtisbergið. Með tímanum komu mishæðir bæði á úthafsbotninn og landhelluna, en þrátt fyrir þessar mishæðir náði þó meginið af landhellunni með efra borð sitt hjer um bil 100m yfir sjávarmál, og mesti hluti sævarbotnsins hjelst í námunda við hina upphaflegu dýpt, og á þann hátt útskýrir Wegener það, að mikill hluti af jarðaryfirborði er annaðhvort í 4—5km dýpt eða í 0—1km hæð yfir sjó.

Landhellan fór síðar að rifna, það komu á hana sprungur, sem voru svo djúpar, að þær náðu alla leið

niður í blágrýtisbergið undir eða um 100km djúpt. Það mætti búast við ógurlegum eldgosum og miklum jarðeldum, er þessar rifur urðu til, en það hefir orðin minna úr þeim en við mátti búast, því að fljótlega hefir sjór komist í sprungurnar og kæft gosin. Á sjávarbotni, þar sem dýpið er um 5000m er þrýstingin af sjónum svo mikil, að vatn getur eigi soðið, og það myndast engar sprengingar við það, að sjórinn leiki um glóandi hraunin.

Í Afríku austarlega, við vötnin Niassa, Tanganika og Rudolfsvatnið, eru afardjúpar grafir eða skorningar, sem ganga frá suðri til norðurs og sem framhald þeirra í norðurátt má skoða Rauðahafið og Jordandalinn með Dauðahafinu. Þessa skorninga skoðar Wegener leifar af stórri sprungu í jarðhelluna á þessum stað. Þessi jarðsprunga, þótt mikil sje, hefir eigi orðið til þess, að skifta landhellunni í tvo hluta, en það hafa aðrar ennþá stærri sprungur gert. Einhver allra stærsta af þess háttar sprungum er Atlantshafið. Upphaflega var Ameríka samföst við Afríku og Evrópu, en stór sprunga frá suðri til norðurs klauf landhelluna, og það mikla hellubrot, sem við það varð viðskila við meginlandhelluna, er Ameríka. Sprungan, sem myndaðist við þetta, fyltist að neðan af Sima (blágrýtisbergi), en ofan á það lagðist sjórinn. Sprungan breikkar hægt og hægt. Ameríka mjakast vestur á við, en eins og áður er á vikið, stendur landhellan djúpt niður í blágrýtisbergið, yfir 80km, bergið lætur aðeins hægt undan, og vegna mótstöðu þess er suðuroddi Ameríku og Grænlands sveigður austur á við. Þessir mjóvu landoddar hafa orðið að láta undan og bogna vegna mótstöðunnar í Simaberginu, er meginlandið mjakaðist vestur á bóginn.

Wegener er þeirrar skoðunar, að landhellan sje yfirleitt á vesturleið, en þó einkanlega Ameríka, þegar miðað er við blágrýtisbergið undir, og dregur þá ályktun af ýmsu, svo sem því að flestar eyjar eru austan við meginlöndin, og lega þeirra og lögun virðist benda til þess, að þær sjeu að slitna aftan úr meginlöndunum, og má sem

dæmi nefna eyjagarðana austan við Asíu og Mið-Ameríku. En á vesturströnd þeirra landa, sem færast mest til vesturs, svo sem Ameríku, þjappast landhellan saman vegna mótstöðunnar og myndar þar fjallgarða strandlengis.

Atlantshafið var eftir kenningu Wegeners svo sem nú hefir verið frá skýrt upphaflega sprunga í landhelluna, en á þeim miljónum ára, sem síðan eru liðnar, hefir hún breikkað svo, að úr henni er orðið stórt úthaf, þar sem ekkert minnir á, að það sje gömul sprunga. En ef vjer lítum á landabrjef, sjáum vjer, að austurströnd Suður-Ameríku getur fallið svo saman við vesturströnd Afríku, að hvergi verður verulegt bil á milli, og er þetta óneitanlega mikil bending um það, að kenning Wegeners hafi hjer við rök að styðjast, enda var það einmitt þetta, sem kom honum fyrst á þá skoðun, að þessar heimsálfur hefðu í fyrndinni verið samfastar.

Við rannsókn á landslagi beggja megin við Atlantshafið kemst Wegener að þeirri niðurstöðu, að fjallgarðar austan hafs og vestan standist víða alveg á, ef Ameríka hugsast skeytt vestan við Afríku og Evrópu; þannig finnur hann framhald af fjallgarði í Afríku sunnarlega aftur í Suður-Ameríku, og kolalögin í Norður-Ameríku og Englandi hafa upprunalega verið sama kolalagið, sem hefir slitnað í sundur, er Ameríka fjarlægðist Evrópu, og ýmislegt fleira þessu líkt bendir Wegener á. Það væri harla einkennilegt, ef þetta væri tilviljan eintóm, og næstum óhugsandi, að svo sje. Líkurnar verða svo litlar, að tvent af þessu tæi geti staðist á, er löndin eru færð saman, eins og þau falla best saman.

Í jarðsögunni er ýmislegt, sem ekki hefir fengist skýring á, einkanlega eru það ísaldirnar og veðráttubreytingarnar, er menn eru eigi ásáttir um, hvernig skýra skuli. Flestar skýringar á því, hvað valdið hafi ísöldunum, eru að flestra dómi ófullnægjandi. Reyndar viðurkenna allir, að breyting á landaskipun og straumahvörf í sjónum geti til leiðar komið allmiklum veðráttubreytingum, en flestir álíta, að þær geti alls ekki skýrt þær stórkostlegu hitabreyt-

ingar, er lýsa sjer í því, að þar sem einu sinni hafi blómgast suðrænir skógar, þar hafi á öðrum tíma verið stórfeldir jöklar. Ein útskýringin á veðráttubreytingum þessum er sú, að heimskautin hafi flutst til, og mun þessari kenningu fyrst vera á lofti haldið af Þjóðverjunum Reibisch og Kreichgauer, og þó sjerstaklega hinum síðar nefnda. Skýring þessi er að flestra dómi nægileg, ef menn deildi eigi á um það, hvort nokkur líkindi væri á því, að heimskautin hafi flutst til. Mælingar síðari tíma hafa sýnt, að heimskautin hvika til, en hreyfingin er þannig löguð, að úr henni verður hringsól um sama blettinn, en enginn verulegur heimskautaflutningur. En athuganir þessar ná aðeins yfir fá ár, svo að þær sanna lítið. Í rauninni þurfa heimskautin ekki að flytjast nema um 4cm á ári að jafnaði til þess að þau hafi endaskifti á jörðunni á 500 miljónum ára, en svo langt er síðan, að ætlan manna, að elsta tímabilið í jarðsögunni hófst, og þó ef til vill lengra. Nú er líklegt, að hreyfing heimskautanna hafi eigi verið jöfn, heldur í sprettum, og getur þá verið, að nú sje eitt af þessum kyrstöðutímabilum, en um þetta geta athuganirnar á heimskautahreyfingunni ekkert sagt.

Kenningin um flutning heimskautanna kemur að mörgu leyti vel heim við jarðsöguna. Kreichgauer gat rakið feril heimskautanna frá einu jarðtímabili til annars, og voru á honum engin óeðlileg stökk, og mælir það undir eins mikið með þessari kenningu. En staða heimskautanna á hverju jarðtímabili var ákveðin með tilliti til þess, að hún væri í góðu samræmi við það, sem menn vissu um veðráttufarið á jörðunni á þeim tímum. Vitanlega voru samt á þessu ýmsir agnúar, sem búist var við að hyrfu, er málið væri rannsakað nánara. En sjerstaklega eitt af þessu hefir orðið enn þá torskildara við frekari rannsókn.

Í lok kolatímans og á Permtímanum, sem þar kom næst á eftir, hefir verið ísöld í Suður-Afríku, en nú hefir það komið í ljós, að þessi sama ísöld hefir einnig náð til Indlands og suðurodda Suður-Ameríku og Falklandseyjanna. Svæði það, sem jöklarnir á þessum tíma hafa náð

yfir, hefir eftir þessu verið mjög stórt. Og þó að suðurheimskautið væri flutt til, yrði ætíð einhverjir af þessum stöðum of langt frá því, til þess að hugsanlegt sje, að jöklar þaðan næðu yfir þau lönd. En eftir kenningu Wegeners lá fyrrum suðuroddi Ameríku fast upp að Afríku syðst, og þegar því landi er kipt úr fellingunum, sem myndað hefir Himalaya-fjallgarðinn, færist Indland suður á bóginn og nálgast Madagaskar. Og á þann hátt verður það landflæmi, sem Permjöklarnir náðu yfir, miklu minna, og vel skiljanlegt, að það alt hafi legið svo nálægt suðurheimskautinu, þar sem það var þá, að það hafi verið hulið jökli.

Kunnugt er það, að skyldleiki mikill hefir verið milli dýralífs tveggja landa, þótt þau sjeu nú aðskilin af breiðum og djúpum höfum, og sömuleiðis skyldleiki milli jurtalífs þeirra. Þessi skyldleiki verður varla skýrður á annan hátt en þann, að sömu tegundir dýra og jurta hafi upphaflega komist til beggja landanna. En þar sem óhugsandi er, að sumar þessar tegundir hafi komist yfir höfin, sem aðskilja löndin, hafa menn komið fram með þá skoðun, að fyrrum hafi verið landbrýr milli landanna, og þá hafi samganga þeirra á milli verið eftir henni, en síðan hafi landbrúin sokkið í sæ.

Jarðfræðingar hafa orðið að smíða allmargar landbrýr fyr á tímum til þess að skýra fyrir sjer þenna skyldleika milli dýra og jurta í fjarliggjandi löndum. Af þessum landbrúm má nefna Lemúríu, sem tengdi saman Vestur-Indland og Madagaskar. Álíta flestir jarðfræðingar, að þessi landbrú hafi horfið snemma á nýju öldinni eða frá Eocen til Plíocen. Önnur landbrú átti að vera milli Ástralíu og Vestur-Indlands, Gondwanalandið, sem nú væri þá sokkið og það fyrir löngu, því að flestir ætla, að það samband hafi slitnað á miðöldunum, í lok Tríastímans. En það er einnig skyldleiki milli nokkurra dýrategunda í Suður-Ameríku og Ástralíu, er bendir til þess að landbrú hafi verið millum þessara heimsálfa. Hjer á landi þekkja menn þó yfirleitt lítið til þessara landbrúa,

en flestum er hins vegar kunn sú landbrú, sem jarðfræðingar segja, að hafi tengt Ísland við Skotland.

Eftir kenningu Wegeners verða þessar landbrýr óþarfar til að skýra skyldleika dýra eða jurta fjarlægra landa, því að hann skýrist sjálfkrafa við það, að löndin lágu saman, áður en Sialhellan fór að rifna, og þá gátu dýrin gengið þurrum fótum frá einu landinu til annars, og jurtirnar borist á milli þeirra, þareð engin sund nje sjávarbelti aðgreindu löndin.

Þetta og margt fleira styður mál Wegeners, en það er eigi rúm til að fara frekara út í það hjer. En aðeins líta ofurlítið á aðra hlið þessa máls. Ef það er rjett, sem kent er, að löndin sjeu á vesturleið og þó eigi öll jafn hraðskreið, þá er þar auðsjáanlega leið til að prófa þetta, því að sum löndin eru þá að fjarlægast, en sum aftur að nálgast. Það er hægt að mæla fjarlægð landanna með stjarnfræðilegum mælingum. Ef mælingum þessum er haldið áfram um langt skeið, hlýtur það að verða augljóst af þeim, hvort löndin breyta afstöðu..

Nú er því haldið fram, að Ameríka hafi orðið viðskila við Afríku og Evrópu, og fjarlægst í vestur. Það verður þá sennilegt, að Atlanshafið sje ennþá að breikka, og Ameríka að færast fjær Evrópu. Wegener gerir ráð fyrir því, að Suður-Ameríka hafi fyrst slitnað frá Afríku og sjeu margar (um 20) miljónir ára síðan. Þótt vegalengdin sje mikil, hefir þessi hluti Ameríku að jafnaði sigið mjög hægt áfram, svo sem $^1/_4$ úr metra á ári, því að langan tíma hefir það haft til ferðalagsins. En það á að vera tiltölulega skamt síðan, að löndin hjer norður frá urðu viðskila. Landahreyfingin hjer hefir því verið einna mest á síðari tímum, jafnvel 10—20 metrar á ári að jafnaði samkvæmt reikningi Wegeners.

Með mælingum á fremur fáum árum ætti þessi hreyfing að verða opinber. Nú vill svo til, að mælingar hafa verið gerðar á Grænlandi árin 1823—1870—1907, og eftir þeim mælingum er Grænland að færast vestur á við og það töluvert hratt, eftir því sem um er að gera hjer.

Á árunum 1823—1870 9m á ári að jafnaði, en á árunum 1870—1907 32m að jafnaði á ári. En mælingar þessar eru ekki nákvæmar, því að aðstaðan til mælinga á Grænlandi hefir ekki verið góð. Þó álíta þeir, sem kunnastir eru þessum mælingum, að þeim geti ekki skeikað svo mjög, að engin hreyfing hafi þar átt sjer stað. Aftur hafa þær mælingar sem gerðar hafa verið í Bandaríkjunum og Evrópu, eigi sýnt neinn verulegan mun á breidd Atlandshafsins fyr og nú; það, sem það er, virðist það þó hafa breikkað, og er það í samræmi við kenningu Wegeners. Við landmælingarnar í Færeyjum kom einnig einhver óregla í ljós, en óvíst er um orsök hennar.

Nú er verið að undirbúa mælingar á afstöðu Grænlands við Ísland og Evrópu í þeim tilgangi að ganga úr skugga um það, hvort það sje rjett, sem Wegener kennir og eldri mælingar virðast benda til, að Grænland sje á vesturleið. Búist er og við því, að Ísland sje einnig að fjarlægjast Evrópu, og á þetta sömuleiðis að leiðast í ljós við mælingarnar.

Það veltur mjög mikið á því fyrir kenningu Wegeners, hvernig niðurstaðan verður í þessum mælingum. En ennþá er alt óvíst um það, hve mikil tilhæfa er í því, sem hann heldur fram. Þessi kenning hefur skift mönnum í flokka, meðhaldsmenn og andstæðinga. Svo sem gefur að skilja, komst málið fyrst á dagskrá hjá Þjóðverjum, og berjast sumir kunnir vísindamenn, svo sem veðurfræðingurinn W. Köppen í Hamborg, ótrauðir fyrir henni, en aðrir reyna að rífa hana niður, og virðist sá andróður jafnvel mestur hjá jarðfræðingum. Síðast liðinn vetur var kenning Wegeners mikið rædd af enskum fræðimönnum. Skoðanirnar hjá þeim eru einnig skiftar, þótt flestir hafi eitthvað út á hana að setja, en ný sönnunargögn fyrir henni hafa einnig komið fram hjá þeim. Af andmælendum má einkanlega nefna Englendinginn Philip Lake. Dregur hann í efa sönnunargildi þeirra aðalröksemda, sem drepið hefir verið á hjer að framan, og má af því ráða, að kenning Wegeners er ekki ennþá viðurkend af vísindamönnum alment.

Það er að vísu mikilvægt atriði, að kenningin sje rjett, en þó að svo skyldi reynast við nánari rannsókn, að hún væri eigi rjett, er það eigi þýðingarlaust að kynnast henni. Hún sýnir oss löndin og landaskipunina í alt öðru ljósi en áður. Af henni má draga ýmsar ályktanir, og af því leiðir rannsókn á því, hvort ályktanirnar sjeu rjettar. Sennilega kemur margt nýtt í ljós við þær rannsóknir. Og altaf eimir eitthvað eftir af þeim hugsjónum og þeirri andlegu útsjón, sem kenningin vísaði mönnum á.

Eigi er það ósennilegt, að kenning Wegeners verði til þess, að vjer skiljum betur land vort og uppruna þess. Eins og áður hefir verið minst á, byggir hann mikið á þeirri skoðun, að landið sígi, er mikill þungi legst á það, á svipaðann hátt og steinn sekkur dýpra í leðjuna, er stigið er á hann. Þess vegna hefir Ísland átt að sökkva dýpra í sæ, er miklir jöklar láu á landinu, en svo hefir það risið hægt og hægt úr sænum er jöklarnir bráðnuðu aftur. Í samræmi við þetta eru þær athuganir, sem jeg gerði við Akureyri, að þegar síðasta ísöldin gekk þar, þá hafi samtímis og rjett þar á eftir sjórinn gengið hæst á land. Þó má skýra þetta á annan hátt, svo sem með færslu heimskautanna. Það er eigi heldur nein ný kenning, að landið sígi undan jöklunum, en eftir því sem Wegener kennir, verður hún aðeins þáttur í almennri kenningu.

Ef vjer lítum á kortið af Vestfjörðum, þá er eins og skorið hafi verið þar norðvestan af landinu, því línan um ytstu annes frá Straumnesi til Látrabjargs er nærri því þráðbein, og fjöll og hamrahlíðar eru þverhnípt. Er framhaldið af þessu hálendi sokkið í sæ, eða er það norðvestur í Grænlandi? Þar er, svo sem kunnugt er, blágrýtisjarðlög á nokkru svæði, sem á einhvern hátt standa í sambandi við blágrýtið íslenska.

Mikið af Íslandi er blágrýti og skyldar bergtegundir. Samkvæmt kenningu Wegeners eru þessar bergtegundir úr undirstöðuberginu, og eiga þær bergtegundir óvíða að vera ofar í jörðu en í 4—5km dýpi. Ef Ísland væri bygt upp af þessu bergi frá rótum, þá væri það of þungt

í sjer, og ætti að smásíga í sjó. En þar sem ekkert verður við þetta vart, þá verður að útskýra þetta, svo sem Wegener gerir, á þann hátt, að undir blágrýtisbeltunum sjeu ljettari bergtegundir (Sial). Annars á blágrýtið að vera undirstöðubergið, og þar sem eldfjöllin eins og hjá oss spúa blágrýtishraunum, þá er það vottur um það, að eldfjallagöngin ná mjög djúpt niður. Nú hefir verið frá því skýrt, að bilið milli landanna hjer norðarlega í Atlantshafinu sje að aukast. Sprungur þær, sem sennilega eru í hafsbotninum á þessum stöðum, eru þá að gleikka og ná alla leið niður í Sima-bergið. Það er þess vegna eigi svo undarlegt, þótt úr eldfjöllunum íslensku komi blágrýtishraun. Á sama bendir og það, að venjulegustu gosin hjerna eru sprungugos; svo sem Skaftáreldarnir; Dyngjufjallagosin 1875, þá vall einnig upp hraun norður í Mývatnsöræfum, líklega alt úr sömu jarðsprungunni; og gosin nú hin síðustu bæði í Vatnajökli og norður í Öskju virðast bera vott um hið sama. Yfirleitt útskýrist hæglega hið mikla eldfjallabelti yfir þvert Ísland frá suðvestri til norðausturs, ef kenning Wegeners er lögð til grundvallar. Belti þetta á að vera að breikka og Vesturland að færast lengra í norðvestur, og þó að þetta fari hægt, þá er þó skiljanlegt að eldgosin hjer á landi sjeu tíð, þareð þetta jarðrask á sjer stað.

Það er í rauninni ekki gleðileg tilhugsun að eiga von á því að berast í áttina til Grænlandsjökla og kuldanna þar; en það er þó bót í máli, að hægt er farið og sennilegt, að Grænland færist ennþá hraðara undan, svo að vegalengdin til Grænlands sje í rauninni að vaxa. Getur þá orðið rýmra um Golfstrauminn á milli Íslands og Grænlands, svo að veðráttan versni ekki. En fyrir landmælingarnar getur þetta haft óþægilegar afleiðingar, því að þegar loksins er lokið mælingunum um alt landið, þá getur svo farið, að þeir staðir, sem fyrst voru mældir, sjeu á alt öðrum stað en áður, og ekki verði hægt að koma kortunum saman. Svona fór það að sögn með Færeyjar, hverju sem um var að kenna.

Nöfnin.

Framsöguræða Bjarna Jónssonar frá Vogi
um frv. til laga um mannanöfn.

Sagan sýnir það hverjum heilskyggnum manni, að engin þjóð hefir verið nokkru nýt, sú er eigi sýndi fortíð sinni og forfeðrum ræktarsemi, sú er eigi sýndi fulla tryggð við tungu og siðu sjálfrar sín, sú er eigi varði þjóðerni sitt með oddi og egg. Tvær öndvegisþjóðir má nefna til dæmis úr fornum sið, þær er oft hafa verið nefndar saman og nú síðast í mjög merkilegri grein eftir Neckel hóskólakennara í Berlinni, er hann birti í riti Íslandsvinanna. Þessar tvær þjóðir eru Hellenar og hinir fornu Íslendingar.

Eg veit að öllum þingheimi er það ljóst, að andleg afrek hinna fornu Hellena rísa sem bjartur eldstólpi upp úr rökkri samtíðarinnar og að við þann eld hafa verið kveikt öll þekkingarblys allra alda, þeirra er síðan eru liðnar, og að svo er enn. En hitt er mönnum síður kunnugt, að í engri annari tungu er svo lítið um aðfengin orð sem í fornhellenskri tungu. Og flestir vita að þeir skiftu íbúum jarðarinnar í tvennt, í Hellena (ɔ: þá er mæla á hellenska tungu) og Óhellena (ὁι βάρβαροι eða ὁι βαρβαρόφωνοι = þeir sem tala ómál, þ. e. ekki grísku). Ást og virðing á öllu þjóðlegu var einkenni þessarar höfuðmenntaþjóðar, svo og tryggð við tungu og siði forfeðranna. Sömu stoðir renna undir herfrægð þeirra, því að frægastir urðu þeir fyrir landvörn sína. Hinn bjarti eldstólpi þeirra Hellenanna, er eg nefndi fyr, kviknaði af hinum helga arineldi, sem Hestia varðveitti bæði á arni þeirra og í hug þeirra.

Eg þykist og vita, að hv. þm. sje það eigi síður kunnugt en mér, að andleg afrek hinna fornu Íslendinga eru og hafa öldum saman verið gullnáma allra Norðurlanda og geirmennskra þjóða, hafa verið lýsigull, er sló birtu yfir fortíð þessara þjóða, hafa verið það lýsigull og eru enn, sem leiða mun í ljós margt það um ágæti þeirra sjálfra og menning vora og frændþjóða vorra, er nú dylst. Enda er oss sjálfum og háskóla vorum ætlað þetta ljós til þess að vinna við það gullnámu þá, er eg nefnda. Og úr því eg nefndi ræktarsemi Hellena við móðurmál sitt, þá er og rétt að nefna einnig samstætt dæmi frá forfeðrum vorum. Þeir hleyptu að vísu fleiri erlendum orðum inn í tunguna en Hellenar, en þó unnu þeir eigi að síður meiri þrekvirki um varðveizlu hennar. Hinn allt sigrandi kristindómur fór þá um öll lönd með bagal og mítur og latneska tungu sem eldur í sinu. En Íslendingar tóku að vísu trúna og bagal og mítur, en þeir létu eigi svo mjög undan þessu mikla heimsveldi, að þeir léti latneska tungu sitja í fyrirrúmi fyrir sinni eigin tungu. Hitt var heldur, að þeir mótuðu og festu gullaldarmál vort á sama tíma sem aðrar þjóðir, þar á meðal Norðurlandaþjóðirnar, leiddu latneskuna til hásætis og afræktu sína eigin tungu og týndu henni síðan.

Einn hluti tungunnar eru eiginnöfnin. Meðferð beggja þessara fyrnefndu öndvegisþjóða var hin sama. Hver maður hjet sínu nafni og var kenndur við föður sinn og kölluðust karlmenn synir feðra sinna, en konur dætur þeirra. Og þenna sið höfðu báðar þjóðir haft með sjer úr landi, þar er allir Herjar bjuggu, áður en þjóðagreining og þjóðaflutningur hófst. En það hefur sennilega eigi verið síðar en þrem þúsundum ára fyrir Krists fæðing. Hjá oss er því síður þessi meira en fimmþúsund ára gamall og ætti því að þurfa meira en litlar orsakir til breytingar.

Mér er sem eg heyri menn koma fram með þá mótbáru, að eigi sé mikils vert um nöfnin. En hér er þó allt annað í efni. Nöfn, þ. e. nafnorð, eru sá þáttur

tungunnar, sem er einna langminnugastur á sögu þjóðarinnar. Má þar minna á orðið brullaup (brúðkaup), er sýnir, að í fyrndinni var það siður að nema konur brott í alvöru, en síðar í leik, er var þá leifar af hinu eldra. Síðar kemur upp sá siður, að mey skal mundi kaupa og er orðið brúðkaup lifandi vottur þess. Mætti telja slík nöfn í hundruðum. En eiginnöfnin eru þó einna merkilegust að þessu leyti. Sýna þau á margvíslegan hátt æfikjör og hugsunarhátt þjóðarinnar örófi vetrar áður væri saga rituð. Allur sá aragrúi af nöfnum, sem dregin eru af nafni Þórs, sýnir ljóslega, hversu mikil helgi hefir verið á guði afls og eldinga. Auðvitað má sjá þetta á fleiri hlutum, svo sem því, að sumar byrjar á Þórsdag, en ljósast verður mönnum þó hugarfar þjóðarinnar, er foreldrar kunna eigi að velja börnum sínum heillavænlegra nafn en að kenna þau til Þórs. — Þá sýna og nöfnin að forfeður vorir hafa verið menn gunnreifir, svo sem Sigfús, Gu(nn)rún (Guðrún), Vigfús, Brandr. Og enn sýna þau að þeir bjuggu í köldum löndum, þar sem birnir voru og úlfar, svo sem Jökull, Bersi, Úfr, Bera. Mætti lengi telja slík dæmi, en hér er þó eigi staður né stund til þess. Eg hefi nefnt þessi dæmi til þess að vekja þá menn til umhugsunar um málið, sem hafa, ef til vill, eigi gert sér það ljóst áður. Geta hv. þm. ef til vill gert sér nokkru ljósara en ella, hvað orðið væri úr þeirri hlekkjafesti frá kyni til kyns, sem gerð er úr endurminningum tungunnar, ef hinn nýi nafnasiður hefði verið kominn á á landnámsöld. Hefði Þórvarður Þórarinsson verið kallaður Th. Önfer og Þórgerður Egilsdóttir verið nefnd Th. Brundebjalvesen, eða Ingólfr Arnarson kallaður I. Sunnfer, eða Ólafr feilan nefnzt O. Breiðfer eða O. Hvammon eða þá O. Thorstensen, eða hefði bræður Unnar djúpúðgu verið menn eignarfallsins og heitið Flatnefs, þá hefði landar vorir eigi þurft að fyrirverða sig fyrir nöfn sín. Þá bæri þeir að líkindum Kleppsskinnunöfn, sumir með endingunni — *an*, t. d. Þvaran, Kveran, Skeifan, Skemman, Skaran, sumir með endingunni — *on*, t. d. Skolpon,

Gvendarbrunnon, Þvælon, Útverkon, sumir á — *fer*, t. d. Hrútfer, Önfer, Breiðfer, Faxfer, Flófer og Lucifer. Enn aðrir mundu heita jurtanöfnum, t. d Skollafingur, Geitnaskóf, Lokasjóður, Pjetursbudda. »Þó mundum vér forgöngumenn nýja tímans«, sagði einn af forkólfum hinnar nýju nafnamenningar, »velja oss veglegri heiti en þessi, sem að vísu eru nógu góð handa almenningi. Og víst veit eg, hvað oss mundi bezt sæma, en það er að vera menn eignarfallsins«. Hefði nú sá maður verið uppi fyr á öldum, þá er sennilegt að vjer hefðim nú nöfn sem: Snerils, Húns, Svæfils, Kodda, Potts, Skotts, Dalls, Kjaralds, Faralds, Erils, Jálks, Skálks, Álku, osfrv.

En staðanöfn eru eigi síður langminnug en mannanöfn. Renni menn aðeins huganum til bæjarnafnanna í Holti. Á þeim má gerla sjá, hvar skógur var, þá er land bygðist, og hvar ryðja þurfti mörkina áður reistur yrði bærinn. Örnefni sem Holtin sýnir að allar hæðirnar þar voru skógi vaxnar (á latnesku: saltus). Og við hvert bæjarnafn og hvert örnefni eru bundnar einhverjar minningar og má að jafnaði sjá á nafninu, hverjar þær eru, t. d. Svalbarð, Veðramót, Akr, Akreyjar, Akranes, Gerði, Mannabani, Berufjörður, Svínavatn og ótalmörg fleiri. Allar þessar minningar geta mennn skafið út, ef þeir breyta nöfnunum. Og ekki fríkkar, ef þeir bæta gráu ofan á svart og klína helgum heitum á ómerkilega staði. Skessur kváðust á:

Systir ljáðu mér pott.
Hvað vilt þú með hann?
Sjóða í honum mann.
Hver er hann?
Gizurr á Botnum,
Gizurr á Lækjarbotnum.

Nú verður að yrkja þessa vísu upp fyrir skessukindina og geta þess, að Gizurr búi nú að Lögbergi!! Eg læt þetta dæmi nægja, því að öllum munu kunn mörg dæmi slíkra skemmdarverka.

Þá er annað höfuðatriði, sem gerir viðhald réttra nafna

mikils vert fyrir viðhald tungunnar. Þau eru allra orða geymnust á beygingar og rjettar orðmyndir, en í þeirra stað koma í hinum nýja nafnasið óbeygileg orð. Það verður endinn á þessari ættarnafna og gæsarlappa öld að beygingar hverfa úr málinu, enda er byrjun þegar gerð: Skramban á frú, sem heitir einnig Skramban, en ekki Skrambana svo sem búast mætti við eftir lögum og eðli tungunnar. Í gæsarlappahríðinni er það algengt að menn eigi hluti í »hf. Kári«, ekki í Kára, menn koma »með e.s. Gullfoss«, en ekki á Gullfossi o. s. frv. En nái snikjumenningin beygingunum úr tungu vorri, þá er slitið sambandið milli vor og fortíðarinnar, þá er íslenzkan orðin ill danska. En hún kve vera auðlærð.

Þriðja höfuðatriði þess mikla hlutverks, sem eigin-nöfn hafa unnið í þjónustu íslenzks þjóðernis og munu vinna, ef þeim er ekki brjálað, skal nú og talið: Nafnasiður vor er skuggsjá hins mikla einstaklingfrelsis og einstaklingssjálfstæðis, sem einkennir þjóðabálk vorn, og skuggsjá þeirrar virðingar sem vjer og forfeður vorir hafa jafnan borið fyrir konum og rjetti þeirra, svo sem hinn rómverski nafnasiður var skuggsjá þess ófrelsis, er konur áttu þar við að búa.

Svo sem eg sagða fyr var nafnasiður Hellena nákvæmlega hinn sami sem vor, og svo gjörsamlega eins var hann, að þar tíðkuðust og auknefni sem hjá oss. En siður Rómverja var allur annar, þótt þeir væri af sama stofni runnir. Þar hétu menn þrem nöfnum: fornafni (prænomen), ættarnafni (nomen gentilicium) og viðnafni (cognomen) og stundum auknefni (agnomen) hinu fjórða. Dæmi: Marcus Tullius Cicero, Publius Cornelius Scipio Africanus. Um kvennaheiti var nú sá siður, að dætur hétu ættarnafni föður síns, meðan þær sátu í föðurgarði, og var þá greint svo á milli margra dætra að þær voru kallaðar eldri og yngri eða 1., 2., 3., o. s. frv. Til að mynda hét dóttir Ciceros Tullia, og hefði hann átt þrjár dætur, þá hefði þær heitið 1., 2., og 3. Tullia. En er heimasætan var manni gefin, þá skifti hún aðeins um

ætt og hét þá ættarnafni mannins síns. Ef Tullia hefði átt mann, er hét Publius Cornelius Scipio, þá hefði hún upp frá því heitið Cornelia*. Þetta var eðlilegt þar fyrir þá sök, að þar átti fyrst faðirinn og síðar maðurinn vald á lífi kvennmannsins og því lýsir nafnasiðurinn með þeim hætti, að hún er aldrei sjálfstæður maður, heldur eignarhlutur fyrst þessarar ættarinnar og síðan hinnar. Þetta verður ennþá ljósara þegar borinn er saman við þær nafnasiður leysingja. Þeir tóku fornafn og ættarnafn húsbónda þess, er gaf þeim frelsi, en að viðnafni höfðu þeir hið gamla þrælsheiti sitt. T. d. Lucius Cornelius Chrysogonus leysingi Sullu, en það er sama sem að heita: Chrysogonus, fyrrum þræll hjá L. Cornelius Sulla. En eftir rómverskri löggjöf voru þrælar res þ. e. hlutur, sem húsbóndinn hafði jafnt vald yfir sem vér yfir fénaði vorum.

Telja menn það sæmandi íslenzkum konum að taka nafnasið, sem svo er upp kominn og hvílir á slíkum endurminningum? Og telja menn það sæma frjálsum mönnum að taka upp þann nafnasið, er á þann uppruna, sem nú mun sagt verða?

Rómverjar lögðu undir sig alla Gallíu, Spán og nokkurn hluta Þýskalands og settu nýlendur víðs vegar um þessi lönd og fleiri, sem eg hirði eigi að nefna. Nú voru undirokararnir ríkari og betur settir um flest, en landsmenn sjálfir, og leysingjar þeirra slíkt hið sama. Urðu því nokkrir til þess fyrstir í hverju landi að smeygja sjer inn í valdhafaflokkinn með því, að taka sjer nöfn er sambærileg væri þeirra nöfnum. Þetta smá-ágerðist svo eftir því sem stundir liðu og eftir margar aldir var nafnasiður þessi orðinn algengur um flest lönd álfunnar, nema Norðurlönd. En svo fór þó að lokum, að þessi ófagri skuggi gamals þrældóms skreið einnig yfir þau og var þá að lokum engin þjóð eftir, nema hinn tryggi útvörður norræns þjóðernis, tungu og siða, Ísland.

Vjer höfum verið trúir verðir þessara dýru hluta allt frá því, er Ísland bygðist. Þó hefir á orðið fyrir oss á

margvíslegan hátt um vernd tungunnar, og var svo langt komið að embættismenn vorir rituðu mjög skælt mál og úr lagi fært. En öll alþýða manna var geymnari á þann fjársjóð, en lærðu mennirnir.

Þessvegna geymdist tungan og fjekk viðreisn sína fyrir forgöngu ágætismanna á fyrra hluta nítjándu aldar. Þó var ein meinsemd þá, er fjekk jafnvel vöxt og viðgang á sama tíma sem menn unnu að því að reisa tunguna við. Þetta var sú meinsemd sem ættarnafna sýkillinn veldur. Jafnvel Jón Sigurðsson skrifaði sig um tíma »Sivertsen«, en hann hætti því fljótt. Þó smáfjölgaði »—sen«-um, og var þó við hóf. Þetta var svipað vægri »influenzu« eða landfarsótt, sem berst stundum hingað frá Norðurlöndum. En er á nítjándu öldina leið, elnaði sóttin, er nýir sýklar bárust úr Vesturheimi, svo sem fór um landfarsóttina miklu, er gerðist að drepsótt. Austrænn og vestrænn uppskafningsháttur gerðu nú fjelag sín á milli og urðu þá nafnalögin ávöxtur af því sambandi. Hefir sá ávöxtur haft Draupnis eðli, því að fyrst draup af honum Kleppskinna og síðan öll sú nafnaprýði, er við hefir bættst á síðustu árum.

Enginn efi er á því, að rjett er það, sem sagt var hér að framan um þá spilling tungunnar af nafnafargani síðustu ára, og væri ekki minsta vit í því, að láta slíkt afskiftalaust. — Breytingar á bæjanöfnum og örnefnum þurfa eigi nauðsynlega að verða til málspillingar, nema þau sjeu rangt mynduð og smekklaus nýju nöfnin, sem oft vill verða. En bæði er slíkt nafnahringl og eigi síður útskit fornhelgra heita sjúkdómseinkenni á þjóðerniskend vorri og sá sjúkdómur dregur þjóðina til dauða, sje eigi við gert nú þegar: Trygðarleysi, ræktarleysi og vanþakklæti samfara undirlægjuskap og uppskafningshætti verður þessari þjóð að tortíming, ef vjer gerum eigi við þegar. Mjer er það ljóst að það mega heita óyndisúrræði, að vernda þjóðerni með lögum fyrir sjálfri þjóðinni, en þó er nú sjálfsagt að reyna þann veg

í þeirri von að komandi kynslóðir verði betri en þessir menn, er nú kallast: Ólafss, Arnar, Gormar, Fanndal, Lokasjóður, Skollafótur, Tungal, frk. Útverkon, frk. Reykjavík, Tunglon og Solon, frú Utan og Útsunnan, herra Ofan og frk. Neðan o. s. frv.

Verður mikið til þess að vinna, að þær kynslóðir fái óskemt í sínar hendur mótað og ómótað gull fortíðarinnar og þá einkum hinn dýrasta gimstein, sem vjer eigum, tunguna. Geymni vor á tunguna hefir gert þjóð vora mikils metna meðal þjóðanna, hefir gert oss að sjálfstæðri og frjálsri þjóð. Og þau gæði munu endast oss alla stund, sem vjer göngum í spor forfeðra vorra um ræktarsemi og trygð við tungu vora og þjóðerni. Nú er þess gætanda, að vjer verðum að gjalda miklu meiri varhuga við erlendum áhrifum en fyr, því að samgöngur hafa vaxið svo mjög sem allir vita, en hafið hefir reynzt oss hin mesta verndarvættur á umliðnum öldum.

Eg hefi heyrt það á ýmsum mönnum að þeim þykir þetta allmikið harðræði, að banna mönnum að nefnast sem þeir vilja. Vil eg í því sambandi benda á tvent. Fyrst er það alkunna, að það hefir lengi verið í lögum hjer og er enn að prestar mega neita að skíra ónefnum, og hefði nafnalögin frá 1913 aldrei komið út, þá hefði klerkastjettin getað kæft þenna ófögnuð allan í fæðingunni, en þeir fá við ekkert ráðið, ef ósóminn hefir lagavernd.

Í öðru lagi vil eg geta þess, að helzt má snúa þessu brigsli um harðneskju við. Örfáir menn vilja leyfa sjer að breyta siðum heillar þjóðar, 2% ætla að knjesetja 98%. Hafa menn heyrt slíkrar bíræfni getið? Hafa menn gert sjer ljóst, hvílík ósvífni felst í þessu?

Mundi eigi kominn tími til þess, að níutíu og átta menn sýndi þessum tveim í tvo heimana?

Enginn skyldi halda að eg sé hinn fyrsti eða hinn eini maður, sem vill setja lög um þetta efni. Mun jeg því til sönnunar lesa nokkur atriði úr þingtíðindum 1881, ef hæstvirtur forseti leyfir.

Þgsk. 263 í þingtíðindum þess árs á bls. 609 er frum-

varp til laga um nöfn manna. Þar stendur í 1. gr. »Í hvert sinn, sem kveðja skal mann til embættissýslanar, þingstarfs eða annars starfs, snertandi málefni almennings, skal nefna, auk nafns þess, er hann er skírður með, nafn föður hans eða móður. Sömuleiðis á í hvert sinn, er yfirvald eða prestur nefnir menn í rjetti eða frá predikunarstóli, að skýra frá því, hvers son eða dóttir hlutaðeigandi sje«. Í 2. gr. segir svo: »Ekki má skíra neitt meybarn karlmannsnafni og ekki má nefna eða skrifa neinn mann, sem hefir fast heimili á Íslandi, son annars manns en föður síns eða móður«. Þá hljóðar þriðja grein svo: »Eftirleiðis má ekki skíra neinn mann ættarnafni, nema konunglegt leyfi sje til þess. Ekkert ættarnafn má enda á »son«. Fyrir ættarnafnsleyfi skal borga 500 krónur, sem renna í landssjóð. — Hver sá, sem skrifar sig ættarnafni, skal þar að auki greiða árlegan nafnbótarskatt, 10 krónur fyrir hvert atkvæði, sem í nafninu er«.

Flutningsmenn voru þeir Jón Jónsson (landritari) og Jón Ólafsson, sem var þá í fyllsta þroska og í blóma lífsins. Við 1. gr. gera þeir meðal annars þessa athugasemd: »Í Þingskapaþætti 25. kap. þess handrits hinnar fornu lögbókar Íslendinga, sem konungsbók nefnist, stendur meðal annars: oc er goþinn skyldr at segja ryþiandanum, hvern hann nefnði í dóm, ef hann spyr, oc nefna dómandann oc svá föþur hans eða moþur, ef þau voru íslenzk«. Í athugasemd við aðra grein segja þeir svo: »Að láta skíra meybörn karlmannsnöfnum, sjer í lagi nöfnum, er enda á son, virðist ótilhlýðilegt hjer á landi, þótt slíkt viðgangist í öðrum löndum. Það virðist ekki verra fyrir útlendinga, er setjast hér að fyrir fult og alt, að þurfa að breyta nöfnum sínum, að svo miklu leyti sem þau koma í bága við þessi lög, en það er fyrir Íslendinga að breyta nöfnum sínum þegar að þeir setjast að í útlöndum«. Og loks segja þeir í athugasemdum sínum við 3. gr.: »Ættarnöfn virðast hjer á landi eigi aðeins óþörf, heldur jafnvel skaðleg, þar sem þau geta komið til leiðar misskilningi og rjettaróvissu«. Má sjá á þessari athugasemd

þeirra, að þeir hafa eigi verið á sömu skoðun sem maðurinn, er ljet svo um mælt: »Enginn gengur heilt ár í sömu skyrtunni, og er hún þó minna brúkuð en nafnið«.

Þessir menn fóru að vísu skemmra en eg í tillögum sínum, en þess ber að gæta að ónefna sýkillinn var þá ekki svo ægilegur sem nú er orðið. Og sammála mjer hafa þeir verið um það að vel mætti skipa slíku með lögum og slíkt sje ekki neitt harðræði. En oss verður ekki eins dæmi í þessu sem nú verður sagt.

Dæmi eru og til frá öðrum þjóðum, að þær hafi sett lög um nöfn, sumar til hins verra og sumar til hins betra. »Socaldemokraten« norski 5. febr. 1923 segir frá því, að lögþingið norska hafi nú sett lög til þess, að laga nöfn manna þar í landi. Sögðu þingmenn, að eigi væri vanþörf á slíkum lögum, því að þar væru nöfn slík sem Appelsína, Rúsína, Polka, Mazurka — og einn kvenmann þekktu þeir sem hét Clossetta. Eftir því mættum vjer og eiga von á ættarnöfnum eins og Closetton, Aborton, Toiletton osfrv. Sá aðall yrði vafalaust meiri háttar en hinn forni landsnámsaðall, sem ber hin fornu íslenzku nöfn, að minnsta kosti bæri þá nöfnin vott um það, hversu bjartur sjálfstæðislogi brynni þar hið innra.

Nú afhendi eg fulltrúum þjóðarinnar þetta mál og er vel að kjósendur hafa nú bráðlega tækifæri til þess, að sýna þeim, hvern veg undirtektir þeirra mælast fyrir.

---

* Hjónaband var með tvennu móti hjá Rómverjum, annaðhvort með þeim hætti, að konan gekk manni sínum á hönd (in manus), eða þá án þess (sine in manum conventione). Þá er hún gekk manni sínum á hönd, hvarf hún undan valdi (potestas) föður síns, en undir vald manns síns, gekk að öllu leyti yfir í hans ætt og var honum í dóttur stað (filiæ loco), og hjet því nafni hans sem dætur hans. Eigur hennar fær maðurinn, ef hann er sjálfvaldur (sui iuris), ella faðir hans, en konan fær í þess stað erfðarjett í hans ætt. En gengi konan ekki manni sínum á hönd, þá var hún framvegis undir valdi föður síns og átti sjálf eigur sínar, og hjet þá áfram nafni föður síns.

Handgöngu hjónabönd urðu til á þrennan hátt: confarreatio (brauðfórn æðstu presta, pontifex maximus og flamen Dialis), usus, hefð (ef konan var svo heilt ár hjá manni sínum, að hún var eigi að heiman þrjár nætur í röð) og coemtio, kaup (sbr. mey skal mundi kaupa). Konan lét hér í ljós vilja sinn að ganga mannum á hönd með þessum orðum: »quando tu Gaius, ego Gaia« (þar sem þú ert Gaius, þar em eg Gaia) og samþykkir með því, að hún taki nafn mannsins.

Þessi siður er eldri en hinn, og var upphaflega almennur, en á síðari öldum þjóðveldisins urðu hin hjónaböndin algengari og hafa þeirri breyting valdið fjármálin, en eigi vaxandi virðing fyrir konum, enda var allur munurinn sá, að hún skifti ekki um eigendur, því að hún hélt þá áfram að vera eign föður síns. Handgönguhjónabönd voru þó jafnan í meiri metum, því að enginn gat orðið pontifex maximus nje flamen Dialis, nema hann væri fæddur af handgönguhjónum (confarreatis parentibus, Tac. Ann. IV. 16). Nafnaskifti kvenna við gifting í ættarnafnasið nútímans eru runnin frá hinum fornu rómversku hjónaböndum in manus.

Bjarni Jónsson
frá Vogi.

Vísa Konráðs Gíslasonar.

Jeg er gimbur, jeg er timburmaður,
jeg er nimbur, jeg er von,
jeg er Imba Þorsteinsson.

Um Aþenuborg.

Eftir Einar Magnússon.

Síðustu turnar Constantinopels hverfa í sjó. Eftir tæpa tvo sólarhringa sje jeg Aþenu. En margt er á milli. Næsta morgun snemma skríður skipið gegn um Dardanellasund, blátt og glitrandi undir sólheiðum hausthimni. En á báðar hendur eru hrunin vígi og rústir. Hjer háðu Tyrkir og Englendingar hjaðningavíg árum saman. Brynvarðir drekar óðu um sundið, og spúðu blýi og eldi á báðar hendur. Nokkrir þeirra liggja nú á ströndinni með brotna reykháfa og brákaðar síður. Uppi á hæðinni Evrópu megin er hvítt grafhýsi og stór breiða hvítra krossa út í frá. Þar liggja þúsundir ungra Vesturlendinga. Þeir fjellu fyrir föðurlandið, auðvitað! Undir kvöld legst skipið undir Lesbos, heimaland Sappho og hins víðfræga víns. Nú eru þar fákunnandi fiskimenn og vínið er súrt. Af fornum menjum sjest ekki annað en grasigróin holt, þar sem eitt sinn var vígi. Lesbos hverfur, eyja tekur við af eyju, allar hálendar og hrjóstrugar og sjest fátt til býla.

Loks blasir við Ægínuflóinn, blár og víður. Í vestri sjást Peleponnesfjöllin, en framundan Attíkusljettan, fjöllum girt að baki. Aþena er hjeðan að sjá sem hvít ullarbreiða. Skipið líður inn Salamis sund, þar sem múgurinn persneski laut mannviti og harðfylgi Hellena endur fyrir löngu.

Stundu seinna stíg jeg á land í Piræus, hafnarborg Aþenu. Veðrið er afarkalt og hráslagalegt, bylslitringur öðru hvoru, og fjöll hvít fyrir snjó niður í miðjar hlíðar. Fyrsta verkið er því að fá þak yfir höfuðið og eitthvað til

matar. Legg jeg síðan af stað að litast um. Það fyrsta, sem jeg rek augun í og mig furðar á, er það, hve hjer er hreinlegt um að litast. Valda þar, ef til vill, nokkru um viðbrigði frá Constantinopel. Held jeg þó að aldrei hafi jeg sjeð hreinni hafnarborg, hver gata sópuð og þvegin. Aðalgatan liggur í mjúkum boga fyrir botni fjarðarins, breið og sljett. Húsin eru látlaus og snotur. Fjörug umferð og hávaðasamt götulíf eins og víðast í Suðurlöndum. »Viðkunnanlegt«, segi jeg við sjálfan mig, »og ekkert þar framyfir«. Hafði jeg þá búist við einhverju öðru? Ferðalanginn hendir oft sá harmur að koma á helgan stað, búinn til þess að draga skó af fótum sjer, og finna að helgispjöll eru orðin. Hvað var hjer annað en grýttar og gráar hæðir, hávaðasamur bær, veltandi, æðandi þröng af vögnum og mönnum? Á nesinu, er lykur um höfnina öðrum megin, er grýtt og gróðurlaus hæð, lík og Skólavörðuholtið var til útlits fyrir nokkrum árum. Þangað geng jeg upp og sje yfir Piræus og höfnina. Þar liggja fjölmörg grísk kaupför aðgerðalaus og ryðbrunnin af óhirðu. Slíkt hið sama má sjá í öllum sjóborgum heimsins þessi árin. Af hæðinni sje jeg einnig yfir til Aþenu. Borgin er hvít eins og ull. Akropolis er eins og rauðgrá þúst í suðaustur horni borgarinnar og slær fölum roðablæ á marmarann þar uppi.

Daginn eftir fór jeg til Aþenu. Er það um skamman veg að fara, eitthvað 25 mínútur með járnbrautinni. Um þessar mundir (í nóv. 1921) var illt til samgöngutækja milli borganna. Járnbrautarverkfall var nýhafið og að eins örfáar lestir sendar á dag til þess að bæta úr brýnustu þörfinni. Unnu við það verkfallsbrjótar, því að Grikkjum hefir ekki enn lærst samheldni í verkföllum, hvað þá heldur öðru. Með herkjum komst eg með lestinni, því að þröng var mikil.

Fátt sjer merkilegt á leiðinni. Landið er að vísu vinlegra og hlýrra, er ofar dregur og mjög ræktað. Káljurtir stóðu grænar í görðum og olívurunnar á báðar hendur. Lestin þýtur fram hjá Faleronvíkinni. Þar er á sumrum fjölsóttur baðstaður og glæsileg gistihús. Jeg litast um,

hvort ekki sjái neitt af hergörðum þeim hinum fornu, er Aþeningar höfðu gjöra látið um veginn milli borganna. Þeirra sjer nú engin merki. Í stað þess má segja að járnbautin sje víggirt auglýsingaspjöldum, sem reist eru á stangir beggja vegna, svo sem títt er í útlöndum. Mátti þar sjá boðinn hverskyns varning, mest tóbak og vínföng. Tvennir eru tímarnir. Fyrrum voru hjer torsótt vígi. Þau eru nú hrunin í moldu. En margur fjandmaður Aþeninga hneig þó í gras áður það yrði. Nú fylgir sigur vopnum þeirra óvina, er varða veginn milli Piræus og Aþenu.

Hvítaborg mætti Aþena vel heita. Jeg þori að fullyrða, að hún er hvítust á yfirlit allra borga Norðurálfu. Hvert sem litið er, er alt glóandi, glitrandi hvítt. Húsin öll bygð af hvítum sljettum steini og eru mörg hin stærstu og hin fegurstu klædd hvítum gljáfægðum marmara utan. Gangstjettarnar eru og hvítar, og alt þvegið og fágað, svo að hvergi sjer ryk. Járnbrautarstöðin stendur við einkar fagurt torg, er nefnist Stjórnarskrártorg. Eru þar á alla vegu stórar og glæsilegar sölubúðir og veitingahús með Parísarsniði, og á torginu blómsalar hópum saman, og á allar hendur þeim breiður af bláum, rauðum og hvítum skrautblómum. — Þetta voru fyrstu kynnin, og mjer þótti vænt um að þau voru svo hugnæm, því að þau skifta jafnan miklu.

Aþena stendur í hallanum sunnan og vestan undir Lykabettos fjallinu, en í suðausturhorni borgarinnar stendur hin nafnfræga Akropolis. Liggur borgin að henni á tvo vegu, norðan og vestan. Borgin er ekki stór, þar munu vera nær 180 þús. íbúa. Aþena er höfuðborg grísku ríkisins. En engi maður mundi gera sjer torsótta ferð til Aþenu fyrir þá sök eina. Ágæti hennar er ekki þann veg tilkomið, að æðstu stjórn landsins hefir þóknast að gera hana að aðsetursstað sínum. Aþena er hjartastaður grísku þjóðarinnar, og hefir verið það frá alda öðli jafnt í hagsæld sem hnignun. Hún er minnisvarði fornrar og dásamlegrar menningar. Í því er ágæti hennar fólgið. Verður enda hvergi gengið um borg-

ina svo, að ekki sjái þess merki, bæði forn og ný. Jafnvel göturnar bera flestar nöfn fornra mikilmenna og goða, svo sem Sokratesgata, Herakles vegur, Æolastræti og Þesevstorg. Jeg skoðaði háskólann, listasafnið, þjóðleikhúsið og konungshöllina. Allt eru það nýjar byggingar í gömlum stíl. Óneitanlega fagrar og ljett yfir þeim öllum, og hvítar eins og allt annað. Eigi að síður er þó eins og einhvers sje ávant í þeim öllum, þær eru ekki fremur grísk list, en þinghúsið enska er gotnesk list. Munurinn er að vísu hvergi svo auðsær, að á verði bent í einstökum atriðum, en heildarsvipurinn allur fölur hjá því sem hugvitrir snillingar skópu fyrir hundruðum ára.

Jeg þreyttist brátt á að skoða þessa hluti. Jeg gekk því í hægðum mínum upp að Lykabettosfjalli, eftir fáförnum götum milli fallegra blómgarða. Jeg var orðinn dálítið þreyttur, því að sólskin var heitt um daginn. Eigi að síður rjeðst jeg þó til uppgöngu á fjallið. Vegurinn er eftir mjóum sniðgötum og vínekrur og olívurunnar eru þar á báðar hendur. Kyrt var og svalt þar uppi í hlíðunum, enda var nú degi tekið að halla. Jeg gekk alla leið upp á eggjar. Þar er gömul kapella, girt háum múrgarði og þverhnípt niður á þrjá vegu. Jeg gekk inn í kapelluna og hitti munk að máli. Hann var orðglaður og málreifur og kvað kapellu þessa helgaða heilögum Georgíó, sem er annar þjóðdýrlingur Grikkja. Hinn er heilagur Nikulás. Kerti langt og grant varð jeg að kaupa af munki, en sjálfráður var jeg þess, hverjum heilögum til dýrðar jeg brendi því. Var þar milli margra að velja, því að hvergi sást til veggja fyrir dýrlingamyndum. En fæstir voru þeir mjer að svo góðu kunnir, að jeg ynni þeim kertisins. Loks rjeð jeg af, að láta heilaga Maríu guðsmóður njóta góðs af þangaðkomu minni, og ljet kertið á fótstalla hennar. Kvaddi jeg munkinn og gekk brott. Á leiðinni niður mætti jeg hóp hvítklæddra meyja. Voru þær kátar, hlógu og mösuðu á hinni hljómfögru og skýru nýgrísku, sem mjög líkist hinu forna máli, þó að í sumu sje frábrugðin.

Daginn eftir árla gekk jeg til Akropolishæðar. Var veður hið fegursta. Fanst mjer þá líkt og mælt var um Helgafell forðum, »að þangað mætti enginn óþveginn líta«, og að jeg væri nú að gjalda mína lotningar og þakkarskuld við þá ofuranda, sem í fornöld og allt til þessa hafa borið hróður Hellena með himinskautum. Svo herma forn munnmæli, að þjóðflokkur sá, er Pelasgar nefndust, hafi fyrstir manna bygt Akropolis, hafi þeir jafnað hæðina að ofan og bygt varnargarð um utanvert. Getur enn þá að líta nokkurn hluta garðs þessa, og er hann gerður af risavöxnum björgum. Í forneskju höfðu konungar hallir sínar á klettinum, en Peisistratos harðstjóri (561—527 f. Kr.) gjörði þrep þau, er upp skyldi ganga á suðvesturenda klettsins og auk þess bygði hann Aþenumusteri á hæðinni. Voru þar í fegurstu höggmyndir þeirrar tíðar. Hafa sumar fundist síðan, og eru þær nú varðveittar í Akropolis safninu, sem er lítið hús á norðausturhorni klettsins. Litlu fyrri en orustan yrði við Salamis (480 f. Kr.) höfðu Persar, er inn höfðu ráðist í Attíku, jafnað við jörðu musterum öllum og minnismerkjum. Kimon og Þemistokles rjeðu því, að aftur voru veggir hlaðnir um Akropolis. Ljetu þeir til þeirrar iðju nota nokkuð af grjóti því, er í rústunum lá. Skyldi það minna Aþeninga á ófarir þeirra jafnan síðan, að ekki skyldi slíkt henda þá aftur. Þess má enn sjá merki norðaustanvert á Akropolis. Standa veggir þeirra Kimons enn, og eru háir mjög og hvergi kleifir.

Veglegast mundi hafa verið um að litast á Akropolis eftir daga Perikless. Hann var maður stórvitur og skörungur og áhrifamikill um alt, er laut að veg ríkisins. Sú var hugsjón hans að gjöra Aþenu fegursta og mesta allra gríska borga um allra hluta sakir, og sparði hann til þess hvorki útgjöld nje erfiði. Honum auðnaðist og að reisa þar byggingar þær, er alt til þessa dags hafa verið taldar hámark fegurðar og snilli.

Nú á dögum er Akropolis og rústir þær, er í kring liggja, luktar hárri gaddavírsgirðingu, til varnar ágengni

manna og dýra. Innan girðingarinnar er grösugt mjög og liggur marmarinn víða fólginn grasi. Utan girðingarinnar liggur breiður vegur í boga sunnan og austanmegin hæðarinnar, en sunnan vegarins eru Pnyxhæðin og hæð, er heitir nafni þokkagyðjanna. Við veginn milli hæðanna er kaffihús lítið og er það kallað eftir Sokratesi. Mundi honum þykja lítil virðing í. Andspænis þar er hlið á girðingunni og er það vegurinn upp á Akropolis. Gekk jeg þar inn og eftir mjóum troðningum upp brekkuna sunnanverða. Hafa Aþeningar hlíft við að leggja þar veg og er það vel. Þar sem brekkan endar taka við múrarnir. Er þar lítið hlið á og er kent við Beulé, franskan mann, er fann það undir tyrkneskum brjóstvirkjum. Innan hliðsins sjest enn, að höggin hafa verið þrep í klöppina; eru það síðustu leifar gamals vegar, er náði alla leið upp að miðhliði súlnahliðsins mikla. Voru þrepin til þess gerð, að fórnardýrum þeim, er upp voru leidd, yrði ekki fótaskortur. Þegar upp er komið þessa leið taka við hin nafnfrægu súlnahlið (Propylea). Veit það til suðausturs. Voru þau bygð að tilhlutun Perikless 437. Eru þau anddyri Akropolis, og þannig gerð að múrgöng eru og tvær hliðarálmur. Fremst standa enn sex súlur af dóriskri gerð og eru þær digrar og viðamiklar, taka þá við 6 ionskar súlur, þrjár til hvorrar handar, og báru þær uppi þakið. Öll er bygging þessi af marmara gjörð. Eru nú margar súlurnar brostnar og skældar, og þakið fallið. Tyrkir notuðu Propylea til púðurgeymslu, en 1656 sló þar niður eldingu og varð sprenging mikil og hrundi þá byggingin.

Þegar kemur inn fyrir Propylea og upp á sjálfan klettinn, er eyðilegt um að litast. Hvarvetna liggja brotnaðar súlur og stór marmaralög, og á hvert sína sögu.

Jeg tók lítinn marmarastein og hafði á brott með mjer og liggur hann nú hjer á borðinu. Tók jeg hann við eina af súlum þeim, sem fallið hafa úr þeirri byggingu Akropolis, er frægust og fegurst þykir allra, og er það

Parþenon, en það þýðir meyjarmusteri, og var musteri þetta helgað Aþenu, en hún var mey (Aþena Parþenos).

Var musteri þetta einnig gert að tilhlutun Perikless. Fekk hann til þess smíðis þá Iktinos og Kallikrates og hinn víðfræga höggmyndasmið Feidias, er var mikill vinur hans. Er það mála sannast, að fátt muni fegurra vera af steini gjört en musteri þetta, þótt nú sje mjög hrunið. Ber það mest til, hve hárnákvæmt samræmi þar er í hverjum hlut, línur allar hreinar og heildarsvipurinn fullkominn. Um musterið stóðu 46 súlur, 8 fyrir hvorum gafli og 17 til hvorrar hliðar, ef taldar eru hornsúlur tvisvar. Eru súlur þessar full 30 fet á hæð, en 6 í þvermál neðantil. Að innanverðu var musteri þessu skift með skilvegg í tvo hluta misstóra. Vesturhlutinn, sá er minni var, var notaður sem fjehirsla og dýrra gripa. Austurhlutinn var helgidómur, helgaður gyðjunni Aþenu Parþenos. Stóð þar á stalla miklum ferhyrndum líkneski gyðjunnar, 30 feta hátt. Gjörði Feidías það af gulli og fílabeini og þótti það dásamlegast verka hans. Nú er það löngu týnt.

Svo mátti segja, að bygging þessi væri þakin listaverkum, hvert sem litið var. Myndir úr sögu þjóðarinnar og borgarinnar voru höggnar hvarvetna á staflægjur og stalla. Ennfremur myndir úr goðsögum og helgum fræðum. Á austurstaflægjunni voru festir skildir þeir, er Alexander mikli gaf musterinu í þakklætisskyni fyrir sigurinn við Granikos. Parþenon hefir átt við misjafnan hag að búa. Eitt sinn var það kristin kirkja, þá var það prýtt helgra manna myndum og sjást þess enn merki. Seinna breyttu Tyrkir Parþenon í moské og er það ekki einsdæmi, að guðskristni hafi þannig orðið að þoka fyrir Allah. Þeir bygðu turn í suðausturhorninu, og stendur hringstigi sá, er var í turninum, enn þann dag í dag. 1687 notuðu þeir það sem vopnabúr. Sátu þá Venezíumenn um Akropolis og skutu á það sprengikúlum. Síðan er fátt að sjá fornrar dýrðar. Súlurnar standa þó enn, tignarlegar sem fyr, og hrópa til himins um skam-

sýni og fávisku þeirra, er dirfðust að fórna dýrlegu listaverki á altari stundarhagnaðar. En þrátt fyrir það, er ekki alt horfið. Af hinum fornu höggmyndum sjást þó enn á vesturgafli nokkrar menjar. Það eru höfuðin á hestum Helioss (sólar), er hann brunar á himinn upp, og höfuðin á hestum þeim, er ganga fyrir vagni Selene (tunglsins), er þeir hníga í sjó fyrir hækkandi degi. Mjer dettur í hug máninn í tyrkneska fánanum. Nú er hann að hníga fyrir hækkandi sól.

Norður af Parþenon er Erechþeion, er þótt hefir hið skrautlegasta af grískum hofum. Var það bygt um 400 f. Kr. af marmara, svo sem annað allt. Að lögun er það mjög ólíkt öllum öðrum hofum Forngrikkja, því að utan sjálfs musterisins voru tvö anddyri er vita til norðurs og suðurs. Það er til norðurs veit, er óviðjafnanlegt að fegurð. Í stað súlna eru þar sex kvenlíkneskjur, er bera þakið á höfðum sjer. Nefnast líkneskjur þær Karyatides og skyldu þær tákna meyjar þær, er á hátíðum gengu með fórnir upp á Akropolis. Báru þær fórnirnar, sem voru blóm í körfum, á höfðum sjer. Samræmið í líkneskjum þessum þykir einsdæmi. Stíga þrjár fram hægri og þrjár vinstri fæti. Nokkuð eru andlitsdrættir máðir, svo sem vænta má, þar sem þær hafa staðið þarna í hálfan þriðja tug alda. Eina af þessum líkneskjum tók Lord Elgin og flutti til Englands. Í hennar stað stendur eftirgerð mynd af leir.

Á stað þeim, er Erechþeion stendur, herma fornar sögur, að barist hafi Poseidon sjávarguð við Pallas Aþenu um yfirráð yfir Aþenuborg.

Má enn sjá í klettinum holur þrjár misstórar og eru þær svo tilkomnar, að Poseidon stakk þar niður þrífork sínum og spratt þar fram lind, sem nú er þornuð. Þar rjett hjá gróðursetti Aþena olívutrje, en eigi vita menn nákvæmlega, hvar það var. Var olían af trje því notuð í lampa þann, er Kallimachos gjörði af gulli. Brann sá lampi eilíflega fyrir framan líkneski Aþenu, er í hofinu

stóð. Var það líkneski af trje gjört og svo gamalt, að enginn kunni að greina aldur þess. Það var almenn trú manna, að það hefði fallið af himnum ofan.

Ýmsar breytingar hafa á liðnum öldum orðið á Erechþeion. Á dögum Miklagarðskeisara var því breytt í kirkju, en Tyrkir gerðu það að kvennabúri. 1827 skutu Tyrkir á það sprengikúlum og hrundi það þá til grunna. En litlu eftir síðustu aldamót var það reist að nýju upp úr gömlu brotunum sem fallið höfðu. Svo er og um Parþenon. Margar súlur, sem fallnar lágu, hafa verið reistar og er enn unnið kappsamlega að því að reisa þær, sem enn liggja, en þær eru margar. Er það mikið verk og erfitt, því að björgin, sem þær eru gerðar af, eru svo þung, að fullerfitt reynist að lyfta þeim, jafnvel með nýtísku vjelum. Má nærri geta, að erfitt hefir verið að vinna við byggingar þessar í fornöld. En erfiðið gleymist og frægðin lifir. Enginn minnist nú þeirra þúsunda af þrælum og akneytum, sem barðir voru til þessarar vinnu, sem þeir ekki skildu, að væri til annars en að auka á eymd þeirra og þrautir. En nafn Perikless lifir svo lengi, sem hjer sjer stein yfir steini.

Margt er enn á Akropolis fornmenja, en það er nú alt í rústum, súlnabrotin liggja alstaðar. En maður þreytist líka á því að skoða það, sem fornmenn hafa vel gert. Jeg varð þreyttur og settist á stein og virti fyrir mjer útsýnið, sem er dásamlega fagurt, svo að ekki má orðum lýsa. Alt í kring eru gamlar rústir og fornhelgir staðir. Er Aresarkletturinn rjett fyrir neðan. Þar boðaði Páll postuli Aþeningum rjetta trú. Eru höggin þrep í sjálfan klettinn og upp þau þrep hefir hann gengið. Fyrir neðan hæðina að austanverðu er Dionysos leiksviðið, þar sem hinir fornu Aþeningar sátu í marglitum fötum á marmarabekkjum og horfðu á leiki þeirra Aristofaness og Sofokless. Lengra burtu tekur við Attiku sljetta, fögur og frjósöm, og blátt hafið. En í vestri sjest Salamis og fjöllin í fjarska.

Þegar komið var að kvöldi, gekk jeg niður af Akropolis sömu leið og jeg kom, brott frá þessum forn-helgistöðum og niður í iðandi borgina. — Jeg kom þar mörgum sinnum aftur. Þar er æfinlega fjöldi fólks, sjerstaklega á sunnudögum. Kemur það til þess að njóta góða veðursins. Fullorðna fólkið liggur milli steinanna og jetur appelsínur, en krakkarnir fara í feluleik, því að nægir eru felustaðirnir í hinum fornu hofum.

Seinna skoðaði jeg marga aðra forna hluti, svo sem Zevs musterið mikla, sem kallað var 8. furðuverk heimsins. Af því standa nú aðeins 15 súlur, allar svo stórar og miklar að firnun sætir. Tyrkinn braut musteri þetta og bræddi steinlím úr marmaranum. Sömu voru örlög leikvallarins mikla, sem Lykurgus ljet byggja um 350 f. Kr. En grískur stórkaupmaður í Alexandríu, er Averoff hjet, ljet endurreisa hann árið 1894 nákvæmlega eins og hann var í fornöld. Er hann allur úr marmara og eru þar sæti fyrir 60 þúsundir áhorfenda.

Flest þau listaverk forn, sem fundist hafa í Grikklandi, varðveitast í forngripasafninu í Aþenu. Þar eru merkastir þeir hlutir, er Schliemann fann við Mykæne 1879.

Um Aþenu er óþarfi að fjölyrða meir, til allrar hamingju fyrir hinn þreytta lesara.

Þeim, sem ekki þekkja, myndi oflof þykja, en þeim, sem horft hafa af Akropolis á einn hinn fegursta stað á jörðu hjer, er eigi þörf lýsinga.

Fæðingarár Jóns byskups Arasonar.

Eftir Pál Eggert Ólason.

Í 94. árgangi Skírnis, bls. 19—26, hefir hr. Kl. Jónsson ritað grein um þetta efni, með fyrirsögn: »Hvenær er Jón Arason fæddur?« Tilefni greinarinnar var það, að eg hafði í bók minni um Jón Arason getið neðanmáls um þá tilgátu Árna Magnússonar, að Jón kynni að vera fyrr fæddur en almennt hefir verið talið (1484), en látið málið órannsakað að öðru leyti. En niðurstaða hr. Kl. J. var sú, að Jón byskup myndi fæddur allt að því tíu árum fyrr en talið hefir verið, eða einhvern tíma á árunum 1474—8.

Annars vegar hafði eg að gefnu tilefni um líkt leyti birt grein um sama efni í 15. árgangi Lögrjettu, 3. og 4. tölubl, og hallazt þar að hinni upphaflegu og elztu skýrslu um fæðingarár Jóns byskups, sem runnin er frá sonarsyni hans, Magnúsi Björnssyni á Grund.

Eins og menn sjá, er hér hvorki um stórmál né tilfinningamál að ræða, en þó afsakanlegt, að eytt sé fé og tíma í rétting þess, með því að slíkt stórmenni á í hlut sem Jón byskup Arason.

Meginstoðir hr. Kl. J. undir vefengingu hans á fæðingarári Jóns byskups, eins og það hefir almennt verið haldið hingað til, eru tvær, ákvæðin um vígslualdur presta í kaþólskum sið annars vegar og dómsbréf nokkurt, sem talið hefir verið frá 1502, hins vegar. Skulu þær nú athugaðar hvor í sínu lagi.

I. Það stingur auðvitað í fljótu bragði nokkuð í augu, að vígslualdur presta samkvæmt kristinrétti kaþólskra manna var 24 ár. Hr. Kl. J. tekur þetta bókstaflega og

segir: »Þar sem Jón Arason þannig er orðinn prestur 1502, getur hann eigi verið fæddur síðar en 1478«.[1]) Eg ætla með hr. Kl. J. í bili að taka það gilt, að Jón Arason hafi verið prestur orðinn 1502, en mun athuga það sér síðar í þessari grein. Hér verður þá að eins um að ræða rannsókn á því, hvort maður, sem fæddist 1484 geti verið orðinn prestur árið 1502, þ. e. 18 ára gamall Eg hafði í Lögréttugrein minni, er fyrr var í vitnað, nógsamlega sýnt fram á það, að svo gæti verið, en mun nú herða enn betur að því.

Eins og alkunnugt er, voru páfarnir stjórnendur kristninnar með svo ríku valdi, er tímar liðu, að þeir voru metnir yfir settir kirkjulögin. Komst í venju, að þeir veittu undanþágur frá ýmsum hömlum kristinréttarins, t. d. vígsluskilyrðum klerklegra manna, hjúskaparmeinbugum o. s. frv., jafnvel þótt í lögum fornkirkjunnar væri svo til ætlað, að ákvæðin væru fortakslaus með öllu. Öllum sögufróðum mönnum eru kunn dæmi þessa, svo að ekki þarf að fjölyrða um það. En þeir, sem vilja, geta slegið upp Glossarium mediæ et infimæ Latinitatis eftir du Cange, II. bindi, bls. 881; þar eru tilfærð greinilega ummæli kaþólskra kirkjuréttarfræðinga, sem sýna þetta sama.

En nú myndi það hafa orðið ókleift erfiði páfunum annars vegar og óhagræði hið mesta almenningi hins vegar, ef hlaupa hefði þurft til páfans úr öllum löndum kristninnar með allt slíkt snatt um undanþágur. Til hagræðis almenningi fálu því páfarnir umboðsmönnum sínum um tiltekin svæði úrlausn ýmissa mála, er undir páfa lágu (causæ papales), og vald til þess að veita undanþágur (dispensationes), að minnsta kosti frá hinum smærri hömlum Slíkt umboð hafði erkibyskup í Niðarósi óslitið frá 1437 um erkibyskupsdæmi sitt. Nú hagaði svo til hér á Íslandi, að erfiðlega gat veitt um að ná til erkibyskups í hentugan tíma. Það var því nærgætni við almenn-

[1]) Skírnir bls. 23.

ing úti á Íslandi að veita byskupum landsins vald til þess að koma fram fyrir hönd erkibyskups í ýmsum málum, er páfi hafði veitt honum umboð yfir. Þessa eru og dæmi. Erkibyskup veitti íslenzkum byskupum umboð, ekki einungis í þeim málum, er undir hann heyrðu beinlínis, heldur og þeim, er hann hafði í umboði páfa. Til slíkra umboðsmanna erkibyskups má telja Ólaf byskup Rögnvaldsson[1]), Jón byskup Arason[2]) og Ögmund byskup Pálsson[3]). Ekki hefi eg beinlínis fundið í skjölum, að Gottskálk byskup Nikulásson hafi haft eða fengið þvílíkt umboð, en vel gæti hann hafa haft það fyrir því, er og ekki annað sannlegra um svo kynstóran mann og mikilfengan.

En það, sem mestu skiptir í þessu máli, er það, hvort gögn megi færa fram um það, að 18 ára gamlir menn eða svo hafi tekið prestsvígslu í byskupstíð Gottskálks Nikulássonar. Og þau gögn eru til, sem nú skal sýnt.

Í skjali einu óprentuðu Ólafs byskups Hjaltasonar, sem dagsett er að Hólum 12. júlí 1561, segist hann með þessum orðum hafa verið prófastur í Húnavatnsþingi »fimm samfelld ár fyrir utan kvíslir í byskups Jóns tíð (góðrar minningar); *hafði eg þá sjö um tvítugt, er eg við því prófastsdæmi tók* . . . . . Er eg nú sextigi ára og nokkuru betur«[4]). Veitingarbréf Ólafs byskups fyrir prófastsdæmi um Húnavatnsþing er dagsett *20. júlí 1527*, og er það óyggjanlegt; sjálft frumritið er enn til á skinni[5]). Eftir þessu er þá Ólafur byskup Hjaltason fæddur annaðhvort árið 1500 eða 1499. Nú segist hann vera sextigi ára »og nokkuru betur« 12. júlí 1561, svo að eftir því ætti hann að vera fæddur einhvern tíma á bilinu frá 12. júlí 1500

[1]) Dipl. Isl. V. nr. 549 (bls. 606—7).

[2]) Menn og menntir siðskiptaaldarinnar I. bls. 242.

[3]) L. c. II. bls. 214.

[4]) Bréf þetta er að finna í skjalabögglum Árna Magnússonar, AM. Apogr. 1050. Eg rannsakaði bögglana í fyrra sumar, en hafði því miður, ekki haft tök á því að kynna mér þá áður. Má eftir þessu lagfæra það, sem sagt er um aldur Ólafs byskups í Menn og menntir II. bls. 478.

[5]) Dipl. Isl. IX. nr. 348 (bls. 420—2).

til 12. júlí 1501, svo framarlega sem orðin »nokkuru betur« tákna ekki meira en part úr ári.

En hvenær varð þá Ólafur byskup prestur? Ekki þarf að fara í grafgötur um það. Í þrem skjölum[1]) vorið 1517 (6. maí, 12. maí og 16. júní) er Ólafur Hjaltason talinn til presta Hólabyskupsdæmis og er í tveim þeirra meira að segja í tölu dómanda í prestadómi; eitt þessara skjala er frumrit á skinni og því öldungis óyggjanlegt.

Eftir þessum gögnum er þá öllum auðgert að fara nærri um aldur Ólafs byskups, er hann tók prestsvígslu.

Annað dæmi í sömu átt frá sömu tíð má enn nefna, en það er síra Þorsteinn Gunnason, allmerkur maður, prestur síðast að Þingeyraklaustri. Í vitnisburði einum, dags. að Þingeyrum 24. ágúst 1574, segist síra Þorsteinn hafa tekið prestsvígslu 18 vetra gamall. Eru orð hans svo um þetta: »Svo felldan vitnisburð ber eg Þorsteinn prestur Gunnason[2]), að þá eg fyrst þingaprestur var í Eyjafirði, í Miklagarði, á Grund og á Hrafnagili, var eg xviij vetra í tíð byskups Gottskálks, góðrar minningar . . . .«[3]). Því má bæta hér við, að í öðru vitnisburðarskjali óprentuðu, sem út er gefið að Holtastöðum í Langadal 13. nóv. 1579, segist síra Þorsteinn hafa einn um áttrætt[4]). Kemur allt vel heim, þó að síra Þorsteinn komi fyrst við skjöl í tölu presta nyrðra eftir dauða Gottskálks byskups, eða í gerningi, dags. 22. dezbr. 1520[5]).

Af þessum dæmum má mönnum vera það ljóst, að á byskupsárum Gottskálks Nikulássonar gátu menn tekið prestsvígslu innan við tvítugt, jafnvel 18 vetra gamlir, svo að í sjálfu sér getur það vel farið saman, að maður, sem fæddur er 1484, sé prestur orðinn 1502.

---

[1]) Dipl. Isl. VIII. nr. 469 (bls. 611—12); nr. 471 (bls. 615—19); nr. 480 (bls. 629—31).

[2]) Vitnisburðurinn er að eins til í eftirriti, og af þekkingarleysi skrifarans hefir föðurnafnið orðið „Gunnarsson“.

[3]) Alþb. Ísl. I. bls. 363—4.

[4]) AM. Fasc. lvij, 36; sbr. AM. Apogr. 4888.

[5]) Dipl. Isl. VIII. nr. 578 (bls. 767—8).

II. Allt annað mál er það, hvort Jón byskup Arason hafi verið prestur orðinn árið 1502. Í bók minni um Jón byskup hafði eg beinlínis talið hann prestvígðan árið 1507 og í Lögréttugrein minni, er áður var getið, hafði eg ve fengt sterklega dómsbréfið frá 1502. Allt reynist og þetta vera svo sem eg hefi haldið fram áður.

Skemmst er af að segja, að dómsbréf það, er fyrst getur við Jóns Arasonar og menn hafa talið vera frá 1502, hefir aldrei til verið; *bréfið er frá 1517.*

En þá fellur og allt í ljúfa löð; þá er ekki að undra, þótt Jón Arason sé talinn upp fyrstur prestanna, næstur á eftir ábótunum; sæti hans var þar samkvæmt stöðu og virðingum, er hann hafði þá hlotið.

En hversu má þetta vera, munu menn spyrja. Því er fljótsvarað. Nálægt 1693 lét Einar byskup Þorsteinsson Sigurð son sinn, síðar sýslumann (lögsagnara) að Geitaskarði, skrifa upp ýmis skjöl stólsins, eldri og yngri, í eina bók; er sú bók til vel varðveitt í Þjóðskjalasafni (Bisk. 2, fol.). Sigurður var góður skrifari, en ekki alls kostar öruggur í lestri skjala þeirra, er hann ritaði upp. Kemur það fram víða, þar sem frumskjölin eru enn til. Einmitt í þessari skjalabók er dómsbréfið, sem talið hefir verið frá 1502, eins og stendur skýrum stöfum í bréfinu sjálfu. En nú vill svo vel til, að einmitt að þessu eftirriti er til frumskjalið sjálft, innsiglað skinnbréf;[1]) er það dómur dæmdur að Víðivöllum »á miðvikudaginn næstan fyrir Hallvarðsmessu« árið 1517, en innsiglaður á Hólum »in die Medardi et Gillardi episcoporum et confessorum« sama ár. Í þessu bréfi hefir Sigurður mislesið ártalið, sett »1502« í stað 1517, og enn fremur nafn þess manns, er dómurinn gekk um (sett »Sveins« í stað Sæmundar). Í frumskjalinu er ein ritvilla (»optabeizt« fyrir optla beizt); hefir Sigurður lent þar í vandræðum, en skringilega bjargað sér með því að lesa »opinberad«, og er ekkert vit í

[1]) Það hefir komizt úr vörzlum Hólastóls í hendur Árna Magnússonar og er nú í Árnasafni, AM. Fasc. xliij, 8.

því hjá honum, eins og allir sjá, sem athuga skjölin. Þetta er öldungis óyggjanlegt.

En afleiðingin er þá auðvitað sú, að eftirritið Sigurðar verður að falla fyrir frumritinu sjálfu og að menn verða að telja marklaust, strika beinlínis út í Fornbréfasafni voru bréfið nr. 575 (bls. 600—1) í VII. bindi, því að rétta skjalið er prentað í VIII. bindi, nr. 473 (bls. 620—1).[1])

En þar með er og fallið niður allt skraf um prestskap Jóns byskups Arasonar árið 1502, því að einmitt þetta rangt árfærða eftirrit er það skjal og hið eina skjal, sem hr. Kl. J. og aðrir hafa borið fram til stuðnings sínu máli.

III. En úr því að hrundið er meginástæðum hr. Kl. J., er þarflaust að eyða mörgum orðum að hinum smærri atriðum í grein hans. Þó vil eg leyfa mér að setja fram þessar athugasemdir.

Í ritgerð Magnúsar Björnssonar um afa sinn er fæðingarárið sett rómverskum tölum í upphafi. En í ritgerð Odds byskups Einarssonar, sem er rituð upp eða samin eftir sömu ritgerð, er sama ártalið (1484) bæði í upphafi og endi, svo að heimildarlaust er að ætla, að t. d. rómverska talan X (tíu) hafi komizt inn af vangá.

Eins er um það atriði, að Magnús Björnsson segir afa sinn hafa haft fjóra um tvítugt, er hann tók prestsvígslu. Engin mótsögn er fólgin í þessu, svo að Jón byskup megi ekki fyrir þær sakir hafa tekið prestsvígslu 1507, þótt fæddur sé 1484. Þessu er svo farið, að dæmi eru þess ýmis á fyrri tímum, að þegar til er greint um aldur manna, sé með talið ár það, sem er að færast yfir þá, en ekki fullnað; því getur það »að hafa fjóra um tvítugt« vel táknað það, sem nú er kallað »á tuttugasta og fjórða árinu«.

Aftur á móti kann vel að hafa skolazt til í minnum manna um ábótana á Munkaþverá, nafnana Einar Ísleifs-

---

[1]) Sjálfur útgefandi Dipl. Isl., Dr. Jón þjóðskjv. Þorkelsson, hefir fyrst veitt athygli samhenginu með frumbréfinu og eftirritinu (segist hann hafa fengið slíka bending frá Jósafat ættfræðingi Jónassyni í bréfi til Kl. J.).

son og Benediktsson, svo að menn hafi, er frá leið, blandað þeim saman. Vitanlega getur ekki komið til mála, að Jón Arason hafi verið í skóla á Munkaþverá á dögum Einars Ísleifssonar. Hitt er annað, að Jón hefir notið þessa frænda síns hjá ábótum og munkum þar síðar. Og við Einar ábóta Benediktsson eiga að sjálfsögðu orðin í ritgerð Odds byskups Einarssonar, um stuðning við Jón svo langt, að hann hafi komið Jóni á framfæri við Gottskálk byskup, þótt ekki nefni Oddur byskup þar föðurnafn ábótans og jafnvel þó að hann nokkurum línum framar hafi nefnt Einar Ísleifsson í því samhengi, að ekki sé beinlínis óhugsanlegt, að Oddur byskup hafi ætlað, að hér væri um einn og sama mann að ræða.[1]) Er og ekki fráleitt, að báðir ábótarnir með þessu nafni hafi verið skyldir Jóni byskupi.

Ekki mun þurfa að skyggnast langt um til þess að sjá hálfsjötuga menn lotna í herðum og hvíta fyrir hærum; er og ekki óeðlilegt, að menn, sem ekki hafa lifað í hóglífi, eldist og slitni um aldur fram, en slíkt harðrétti hafði Jón byskup þolað í æsku, þær svaðilfarir farið og erjur átt, að engan þarf að kynja það, að hann kallar sig síðasta ár ævinnar gamlan og mæddan af elli, þótt hann sé þá 66 ára gamall.

Enga undrun þarf það heldur að vekja, þótt þau Jón byskup og Helga á árunum 1507 (eða 1508) til 1519 eignist 9 börn; ekkert óeðlilegt er við þann barnafjölda foreldra á blómlegasta skeiði. Má menn og samtímis reka minni til þess, hve frjór sá kynstofn var og kröftugur, er af þeim Jóni byskupi var kominn. Þekkja og allir frjósemina í föðurætt Helgu, þeir sem kannast við föðurföður hennar, síra Sveinbjörn Þórðarson í Múla.

Alveg fellur og um koll tilraun hr. Kl. J. til ákvörðunar á aldri barna Jóns byskups. Hann telur Ara, sem var elztur, fæddan árið 1504. En Ari var einmitt fæddur 1508. Þetta sést bezt á því, að Ari fer fyrst með umboðsstörf

[1]) Bps. Bmf, II. bls. 326.

föður síns í Vaðlaþingi 1528.[1]) Eftir Jónsbókarlögum voru menn fullveðja til dómarastarfa tvítugir. Það þarf engum getum um það að leiða, að Jón byskup hefir ekki dregið að nota jafnvitran og jafnágætan mann sem Ara son sinn lengur en hann mátti. Og það var einmitt það meðal annars, sem olli mótstöðunni gegn því, að Ari yrði lögmaður 1529, að mönnum þókti hann ungur, nýskriðinn yfir aldurstakmarkið; 25 ára gömlum manni myndi ekki um þessar mundir hafa verið viðnám veitt sökum þroskaleysis fyrir æsku sakir. Erlendur lögmaður Þorvarðsson getur t. d. ekki hafa verið stórum eldri, er hann tók við lögmannsdæmi (1521). Ríkilátir höfðingjar fóru lítt eftir aldri manna og lífsreynslu í þá daga; þeir létu sér nægja, ef aldursskilyrðunum var fullnægt.

Eftir þessu lagfærist það, sem hr. Kl. J. segir um aldur annarra barna Jóns byskups. Það stendur og skýlaust í vígslubréfi síra Magnúsar, sonar Jóns byskups, að hann sé vígður með undanþágu[2]), og á hún að sjálfsögðu við aldursleyfi, auk skírgetnaðar, sem fá varð til handa öllum sonum prestvígðra manna í kaþólskum sið, þeim er í prestastétt gengu.

Eg býst ekki við því, að eftir því, sem nú hefir verið tínt til, geti nokkur verið í vafa um niðurstöðuna, og skal því ekki fara fleiri orðum um efnið.

Að eins skal eg geta þess, að eg hafði ekki hugsað mér að birta þessar athugasemdir fyrr en í viðaukum í síðasta bindi ritsins Menn og menntir siðskiptaaldarinnar; ritdeilur um ekki veigameiri efni en ártöl og því um líkt virðast tæplega geta verið til mikilla nytja, þótt oft kunni með að slæðast nokkur fróðleikur almenns eðlis. En með því að svo virðist sem sumir fræðimenn séu nú farnir að hallast að skoðun hr Kl. J., hefir þókt rétt að birta þessar athuganir á sama véttvangi sem hann; var og grein

[1]) BB. Smævir I., bls. 182, kveður svo ríkt að orði, að hann kallar þetta „víst", svo að hann hefir haft óvefengjanleg gögn fyrir því.

[2]) Dipl. Isl. IX, nr. 480 (bls. 579—80).

hans hógværlega og fræðimannlega rituð, þótt rök hans reynist röng og niðurstaðan falli því um koll.

Til afsökunar hr. Kl. J. skal eg geta þess, að fleiri en hann hafa látið glepjast fyrrum af athugasemd Árna Magnússonar, þótt ekki sé það kunnugt almennt. Svo var um Erlend sýslumann Ólafsson (d. 1772), er var skrifari Árna um tíma. Eftir hann er til æviágrip Jóns byskups. Ekkert er á því að græða, er menn vita ekki nú. En um fæðingarár Jóns byskups segir þar, að hann sé fæddur »kannske 1474«. Æviágrip þetta Erlends þekki eg að eins í eftirriti síra Björns Halldórssonar í Sauðlauksdal[1]). Þá má mönnum og skiljast, hvern veg komin er inn í annálasamtíning síra Björns[2]) athugasemd hans við árið 1474, að »líklega« sé Jón byskup fæddur þá. Þetta má þannig augljóslega beint rekja til athugasemdar Árna Magnússonar.

Að síðustu skal eg taka þetta fram. Það munu ekki vera deildar skoðanir um það, að Árni Magnússon sé sá maður, sem traustastur og skilríkastur fræðimaður hafi verið með Íslendingum. Mér er nær að halda, að ekki muni það of mælt, sem eg hefi einhverstaðar séð, að leitun muni að jafnoka hans að þessu leyti með samtímismönnum hans um Norðurálfu alla. En allir, sem kunnar eru athuganir Árna í skjölum og handritum í safni hans, vita það, að hann varð eins og aðrir menn oft að fikra sig áfram í rannsóknum sínum. Þessi athugasemd hans um fæðingarár Jóns byskups er hrein minnisgrein, tilgáta, sem hann hefir skrifað upp sér til minnis, til athugunar síðar meir, eins og hann og margir gera oft. Og vitanlega stendur Árni jafnréttur eftir sem áður, þótt aðrir menn leggi meira inn í slíkar minnisgreinir hans heldur en heimilt má telja. Ef til vill sýnir þó fátt betur en einmitt þetta, hvert mat menn hafa á Árna Magnússyni.

---

[1]) Handrit þetta er í Edinborg, Advocates' Library 21. 7. 14.

[2]) Ehdr. síra Björns er í Lbs. 494, 4to., eftirrit í Lbs. 230, fol.

Louis Pasteur 1822—1922.

Fyrirlestur haldinn 27. des. 1922.

Alþýðufræðslunefnd stúdentafjelagsins hefir beðið mig að tala um franska efnafræðinginn Louis Pasteur hjer í dag. Tilefnið er það, að nú í dag eru liðin nákvæmlega 100 ár síðan hann fæddist. Þessa dags verður minnst víðsvegar um lönd.

Hver er þá Pasteur? Það er ef til vill rjettast að einkenna hann sem byltingamann. Ekki svo að skilja, að hann hafi verið nokkurskonar Robespierre og gengið milli bols og höfuðs manna í þúsunda tali með fallöxi. Nei, Pasteur var friðsamur maður og mesti mannvinur og hefir beinlínis og óbeinlínis bjargað lífi og heilsu þúsunda manna. Byltingin sem hann orsakaði var ekki í stjórnmálum eða stjórnarfari, heldur í vísindum og friðsamlegum störfum. Byltingagreinar hans voru ekki æsingarit, full af »slagorðum«, þar voru skýrar lýsingar á hugvitsömum tilraunum, skörpum athugunum og rökrjettar ályktanir af þeim. Ekki birtust þær í dagblöðum, eða voru festar upp á strætum og gatnamótum, þær komu út í vísindalegum tímaritum og bókum, sem fjöldinn aldrei les. Markmið Pasteurs var sannleikur og aukin þekking, en ekki völd. Pasteur var með öðrum orðum vísindamaður og um leið einhver mesti hugvitssnillingur Frakklands á 19. öld, og Frakkland hefir átt þá marga. Jeg get sagt það strax, að hann hefir afkastað meiru í náttúruvísindum, en líklega nokkur annar maður fyr eða síðar. Pasteur hefir gjört stórmerkar uppgötvanir, sem hafa varanlegt gildi í fjölda fræðigreina og margar þessara.

uppgötvana eru þess eðlis, að hver ein fyrir sig nægði til þess að varðveita nafn hans um aldur og ævi. Pasteur hefir gjört uppgötvanir, sem hafa varanlegt gildi í kristallafræði, efnafræði, jurtafræði, í landbúnaðarfræði, í iðnaði, lífeðlisfræði, mjólkurfræði, sjúkdómafræði og heilsufræði. En ekki er um það minna vert, hve mikil hvetjandi áhrif hann hafði á öðrum sviðum. Öll nútímans gerla og og blóðvatnsfræði og meðferð sára á beinlínis og óbeinlínis rót sína að rekja til hans, að mestu leyti.

Það er nú bæði ljett og erfitt að lýsa mikilmennum, alt eftir því, hvernig á er litið. Ljett að því leyti, að altaf má eitthvað um þau segja, hitt er erfiðara að velja svo efni, að áheyrendur fái í stuttu erindi hugmynd um manninn. Þótt lýst sje starfsemi mannsins og áhrifum hennar, þá er þó eftir persónan sjálf, sem er bak við starfsemina, persónan með sínum eiginlegleikum og sjereinkennum, og loks umhverfið og áhrif þess. En þá fyrst er lýsing fullkomin, er alt þetta er athugað og sett í rjett samband innbyrðis hvað við annað og sýnd gagnkvæm áhrif. Jeg ætla að velja mjer ljettasta hlutverkið og lýsa aðeins *störfum* Pasteurs og áhrifum þeirra, eftir því sem tími endist til. Og þá sjerstaklega því, sem snertir mína eigin grein, læknisfræðina. En hjer eru þó nokkrir erfiðleikar á. Störf Pasteurs liggja fyrir utan það svið, sem þorri manna fæst við daglega, og því er erfitt að gefa góða hugmynd um þau.

Jeg skal þá fyrst í stuttu máli skýra frá aðalæfiviðburðum Pasteurs, og á eftir tala um störf hans. Það verður einföld frásögn. Pasteur þarf ekkert lof.

Louis Pasteur er fæddur 27. des. 1822 í litlum bæ, sem heitir Dole í Jurafylkinu á austanverðu Frakklandi. Faðir hans, Jean Joseph Pasteur, var sútari og af lágum stigum. Ættfeður hans voru handiðnamenn og ánauðugir, nokkurskonar þrælar greifa nokkurs d'Udressier. 1763 keypti langafi Pasteurs sjer frelsi. Hann, afi og faðir Pasteurs voru allir sútarar, hver fram af öðrum. Faðir Pasteurs, f. 1791, misti foreldra sína á unga aldri og var-

alinn upp af frændfólki sínu. 1811 gekk hann í herinn og var 1812—13 í herdeildinni, sem þá var á Spáni í lok Napoleonsófriðarins mikla og lenti þar í miklum mannraunum, en gat sjer góðan orðstír og varð undirliðsforingi. Hann var og með í ófriðnum 1814, þegar bandamenn ráku Napoleon frá völdum. Var hann þá sendur heim. Tók hann svo þar upp sútaraiðn eins og faðir hans og kvæntist nokkru síðar konu af góðum borgaraættum. Hann virðist hafa verið mjög vandaður og merkur maður að ýmsu leyti. Hann reynir fram á gamals aldur að fylgjast með starfi sonar síns og fær hjá honum ýmsa fræðslu brjeflega, til þess að geta kent dætrum sínum. Er mjög merkilegt að sjá brjefaviðskifti feðganna um eitt og annað; sá gamli spyr, en ungi Pasteur fræðir. Hafði gamli Pasteur mestu mætur á syni sínum og gerði fyrir hann alt, sem í hans valdi stóð. Sútaraiðn hans var ekki stærri en svo, að öll fjölskyldan vann að henni. Þó hefir hann verið sæmilega efnum búinn, sem sjá má af biðilsbrjefi Pasteurs 1848. Þar segir Pasteur, að faðir sinn muni eiga alt í alt hjer um bil 50,000 fr. Er gamla Pasteur annars lýst svo, að hann hafi verið fámæltur, og dulur í skapi og þunglyndur, átti fáa en góða vini. Kærasta skemtun hans var að lesa um frægðardaga Napoleons, það hefir farið fyrir honum eins og flestum öðrum hermönnum Napoleons, þeir gátu ekki gleymt. Meðan Pasteur var kornungur, fluttu foreldrar hans til Marmoz og þar ólst Pasteur upp. Er ennþá sýnt húsið, þar sem hann bjó og kallað Pasteurshúsið. Þegar hann var orðinn fullorðinn, bjó hann þar löngum í tómstundum sínum. Faðir Pasteurs dó 1865. Þarna ólst nú Pasteur upp í föðurhúsunum og fjekk fyrstu fræðslu þar í barnaskóla. Síðar var hann látinn ganga á lærða skólann í Besançon og tók þar loks stúdentspróf 1842, tvítugur að aldri. Hafði verið sendur til Parísarborgar í skóla, en leiddist þar svo mjög, að faðir hans tók hann heim aftur. Iðraðist Pasteur þess lengi síðan, að hann hefði ekki sýnt meiri skapfestu. Seinþroska og enginn sjerlegur námsmaður virðist Pasteur

hafa verið á þessum árum. Við stúdentsprófið var hann 15. af 22 og fjekk 3 í efnafræði, sem hann þó síðar gjörði að aðalnámsgrein sinni. 1843 kemur hann til Parísarborgar og gengur þar á l'École normale og stundar efnafræði. Skiftir þá alveg um. Þá er hann bæði framúrskarandi iðinn og duglegur. Föður hans, sem altaf fylgist nákvæmlega með störfum hans, þykir nóg um, hvað mikla vinnu hann leggur á sig og hvetur hann oft til þess að taka sjer frístundir. Sömuleiðis skrifar hann skólabróður Pasteurs og biður hann að fá Pasteur til þess að hlífa sjer, með þessu áframhaldi ofbjóði hann sjer og eyðileggi heilsu sína.

Það kom líka brátt í ljós, að Pasteur tók skjótum framförum og kennarar hans fengu mikið álit á honum. 1846 verður hann aðstoðarmaður við skólann. Fer hann þá þegar að gjöra sjálfstæðar rannsóknir. 1848 birtist fyrsta greinin eftir hann; er hún um kristalmyndan brennisteins. Sama ár, en nokkru síðar, kom önnur grein, um vínsýru, sem vakti mjög mikla eftirtekt vísindamanna. 1848 er hann gjörður kennari í efnafræði við skóla í Dijon, en leiðist þar, þykist ekki geta starfað að rannsóknum sínum nægilega, og er fyrir tilstyrk vina og kennara sinna í París fluttur til Strassburg eftir fáa mánuði 1849. Er þar prófessor í efnafræði til 1854. Heldur þar áfram rannsóknum sínum á vínsýru og kvongast dóttur háskólaskólakennara (Marie Laurent). Síðan fer hann til Lille og er þar kennari frá 1854—1857, flytst þá til Parísarborgar og verður forstjóri við sinn gamla skóla l'École normale. 1867 varð hann kennari í efnafræði við Sorbonneháskólann. Á seinni árum hans voru honum sýnd óteljandi heiðursmerki bæði á Frakklandi og erlendis. 1873 er hann gjörður meðlimur í læknafjelaginu í París. 1875 veitir franska þingið honum í heiðursgjöf 12000 fr. á ári, var það seinna hækkað upp í 25000 fr. 1881 er hann gjörður að fjelaga í Academie française, og er það æðsta virðing, sem Frakkar geta veitt vísinda- og listamönnum sínum. 1888 er vígð Pasteursstofnunin, sem eingöngu var

honum að þakka og áliti hans. Pasteur dó 1895, tæplega 73 ára gamall.

Þetta er í stuttu máli æfisaga Pasteurs. Hvað hefir þá Pasteur unnið? Það er alveg ógjörningur í stuttu erindi að gefa nema örlítið yfirlit yfir störf hans. Jeg skal því að eins drepa fljótlega á helstu atriðin.

Eins og áður er getið, voru fyrstu rannsóknir Pasteurs um *kristalmyndun brennisteins*. Sama árið 1848 kemur út grein um *rannsóknir hans á vínsýru*. Vöktu þessar rannsóknir almenna athygli visindamanna á honum, en ekki skal farið nánar út í að skýra það, í hverju þetta er fólgið, nema að til eru efni, sem að öllu leyti eru eins samansett og haga sjer að öllu eins og þau væru eitt og sama efni, mismunurinn liggur að eins í því, að þau hafa mismunandi áhrif á ljós sem gengið hefir í gegnum bergkristall, svokallað polariserað ljós. Þetta skýrði Pasteur, en áður voru orsakirnar óþektar. Að þessum vínsýru rannsóknum vann hann næstu 10 árin, auk kenslu í efnafræði. 1852, meðan hann er í Strassburg, fer hann til Þýskalands og Austurríkis til þess að kynna sjer, hvaðan menn fái vínsýru. Af brjefum hans má sjá, hvað áhuginn og vinnuákafinn er mikill. Hann segir í einu þeirra, að hann hafi verið 3 daga í Leipzig, en ekkert sjeð af bænum, nema götuna, sem liggur milli gistihússins, sem hann bjó í, og rannsóknarstofunnar, því að þar starfaði hann frá því snemma á morgnana og langt fram á kvöld.

Næsta viðfangsefni Pasteurs eru rannsóknir á *vín- og ölgerð*. Hann segir sjálfur að rannsóknir sínar á kristalmyndun ýmsra alkoholtegunda og vínsýrunnar hafi leitt sig til þess. (Jeg má ef til vill skjóta því inn í, að alkohol í efnafræðinni á við heilan flokk af efnum, en ekki eingöngu við æthylalkohol, sem vjer þekkjum best og er í öllum áfengum drykkjum). Það hefir og sennilega átt sinn þátt í því, að Pasteur byrjaði þessar rannsóknir, að umhverfis Lille, þar sem Pasteur var háskólakennari í efnafræði, er mesta vínræktarland.

Pasteur sýndi fram á það, að lifandi smáverur or-

saka víngerðina í þrúgusafanum. Um leið og þær tímgast og vaxa, orsaka þær klofnun þrúgusykursins, sem er í safanum frá vínberjunum og myndast þá kolsýra og alkohol. Áður höfðu menn alt aðrar skýringar á þessu, En Pasteur gerði meira. Hjer kom strax í ljós skarpskygni hans, að sjá undir eins, hvaða *afleiðingar* og *notagildi* uppgötvanir hans höfðu, hvaða gagn mætti verða að þeim í daglegu lífi manna. Þetta kemur alstaðar fram í allri hans vísindastarfsemi. Svo var mál með vexti, að vínin vildu oft skemmast hjá bændum og bakaði það þeim stórtjón árlega, svo miljónum skifti. Pasteur sýndi fram á það, að þessi skemd stafar af því, að skaðlegar smáverur komast í vínlöginn, og hann kendi mönnum jafnframt að þekkja þær frá þeim nytsömu og rjettu. Sömuleiðis sýndi hann fram á, að *gerð í öli* orsakast af smáverum. Ef ölið verður slæmt, þá er það líka af því að skaðlegar smáverur komast í það. Hann sýndi og, hvernig mætti verjast þessum skemdum, hvernig mætti fá *hreint ölger*. Með því að hita bæði vínlöginn og öllöginn upp í 60° eyðileggjast skaðlegu gerlarnir, en þeir gagnlegu halda sjer. Er það síðan kölluð Pasteurs hitun, ef vökvi er gerilsneiddur með upphitun, sem nær ekki 100°. Allir hjer í Reykjavik kannast við Pasteurshitun á mjólk til þess að hún haldi sjer betur, það er aðferð, sem er notuð í stórum stíl á öllum mjólkurbúum og í öllum stórbæjum. Pasteur hefir einmitt ráðlagt þessa aðferð. Víðsvegar um lönd var aðferðin tekin upp við tilbúning öls og víns og hefir gefist ágætlega. Hefir hún árlega sparað framleiðendum margar miljónir. Margir kannast við Gamla Carlsberg, ölið danska. Eigendur verksmiðjunnar græddu offjár á því, að verða fljótir til þess að nota aðferð Pasteurs.

Í sambandi við þessar rannsóknir, rannsakaði Pasteur líka *mjólkursýru-*, *smjörsýru-* og *edikssýru*-gerð. Hann kendi löndum sínum, hvernig þeir *ættu að forðast skemdir* á ediki og var þeim stór hagur að því. Pasteur sýndi að smáverur, hver annari ólíkar, orsaka allar þessar gerðir, að hver gerð orsakaðist af einni ákveðinni tegund.

Alls starfaði hann nærfelt 20 ár að þessum rannsóknum sínum. Lengi vel mætti hann megnustu mótspyrnu. Kenningin um allar þessar smáverur, sem höfðu svona mikla verkun, var algerlega ný, menn gátu ekki áttað sig á henni, hún fór í bága við alt það, sem þeim hafði verið kent. En svo fór að Pasteur sigraði. Vín- og ölgerðarmenn viðurkendu brátt, að aðferð hans væri ágæt og sparaði þeim of fjár árlega og kenningar hans standa óbreyttar enn.

Á þessum árum, meðan Pasteur er að leysa öll þessi miklu störf af hendi, og gera uppgötvanir sínar nothæfar, gerir hann líka margar aðrar stórmerkilegar rannsóknir og uppgötvanir. Jeg skal nefna tvö dæmi. Eins og allir vita getum vjer ekki lifað án lofts, eða rjettara sagt vjer getum ekki lifað án súrefnis loftsins. Súrefnið í andrúmsloftinu þarf ekki að minka svo ýkja mikið til þess að oss fari að líða illa. Pasteur sýndi nú að til eru verur, sem geta lifað án súrefnis, meira að segja súrefnið verkar eins og eitur á þær. Þær geta ekki dafnað í því, en veslast upp. Þetta þótti fjarstæða á þeim tímum. En uppgötvunin hefir verið til mikils gagns fyrir sjúkdómafræðina. Ýmsir algengir sýklar geta nefnilega ekki gróið í súrefni, t. d. stjarfagerillinn og syfilissýkillinn. Hitt dæmið er um svokallaða generatio spontanea, þ. e. a. s. um sjálfkviknun lífs í mótsetningu þess, að líf kviknar af lífi. Með sjálfkviknan lífs er átt við það, að lifandi vera geti myndast af dauðum efnum, ef viss skilyrði eru fyrir hendi, með öðrum orðum, það kemur fram lifandi vera, sem enga foreldra á, hvorki föður nje móður. Þetta atriði hafði lengi verið deiluefni líffræðinga. Sumir hjeldu því fram, að þetta væri mögulegt, aðrir neituðu því.

Nú er það og alkunna, að þetta er gömul trú, og kunn alstaðar í goðasögum fornþjóða. Má þar meðal annars benda á Ými jötun. Þessi skoðun hjelst um allar miðaldirnar og var talin vísindalega sönnuð. Og enn þann dag í dag er það trú alþýðu, að lýs geti kviknað af sjálfu sjer í fötum og hári manna. Jeg má ef til vill nefna dæmi frá 17. öld. Van Helmont, frægur

belgískur læknir d. 1644, gefur óbrigðult ráð til þess að búa til mýs: Taka skal mjög óhreina skyrtu og láta hana í ílát. Undir skyrtuna skal setja dálítið af korni eða osti. Eftir nokkra daga er ílátið fult af nýsköpuðum músum. Þetta er sagt í fullri alvöru. Annar vildi láta visnar trjátegundir rotna í sjó, kviknuðu þá í þeim ormar, úr ormunum yrðu fiðrildi og úr fiðrildunum fuglar. Við nákvæmari athugun sáu vísindamenn, að þetta var ekki rjett; nú vitum vjer t. d., að lýs kvikna ekki af sjálfu sjer. Vjer tökum aðeins ekki eftir eggjum lúsanna, nitinni. Nitin leynist í saumunum. Á dögum Pasteurs voru þessar fjarstæður kveðnar niður að vísu, en þó var því haldið fram, að smáverur gætu myndast af sjálfu sjer, kviknað af dauðum hlutum. Það var smásjáin, sem gaf tilefni til þess. Vísindamenn sáu nefnilega í smásjá, að í dauðum hlutum, t. d nýju kjötseyði kom, ótrúlega fljótt fram óteljandi grúi af smáverum, á nokkrum kl.st. eða einum degi. Þessar smáverur hjeldu þeir að kviknuðu í vökvanum af sjálfu sjer. Pasteur sýndi fram á, að öllum tilraunum, sem gerðar hefðu verið til þess að sanna þessa sjálfkviknun lífs, væri ábótavant, og hefðu þær ekkert sönnunargildi, þær hefðu ekki verið gerðar nógu grandgæfilega. Ef tekinn er næringarvökvi og látinn í flösku og hitaður nógu mikið, svo að vissa er fyrir því, að alt líf er dautt, og ef nógu tryggilega er búið um hálsinn á þessum flöskum, þá má geyma þær eins mörg ár og vera skal, án þess að nokkurt líf komi í þær. Hann sýndi og, að þessar smáverur koma utan að, frá loftinu, ílátum, höndum og verkfærum. Smáverurnar eru alstaðar nálægar. Hann sýndi og fram á, að þessu er eins varið við rotnun. Ef kjöt er geymt með nægu hreinlæti þannig, að gerlar frá lofti eða umhverfi komast ekki að því, þá rotnar það ekki. Rotnunin stafar frá gerlum. Pasteur hefir aldrei sannað eða reynt að sanna, að sjálfkviknun lífsins gæti ekki komið fyrir, það liggur í hlutarins eðli, að það er ómögulegt. Það er reynsluatriði. Ef vjer köstum steini upp í loftið, þá vitum vjer að hann kemur niður aftur, en hver

segir oss, að hann geti ekki einhverntíma flogið út í geiminn. Eins er um sjálfkviknun lífs. En Pasteur sýndi fram á, að þær sannanir, sem vísindamenn þóttust hafa, voru einskis virði. Þessi spurning um sjálfskviknun lífs er auðvitað eitt af grundvallaratriðum líffræðinnar og virðist í fljótu bragði vera aðeins vísindalegs eðlis, en hún er líka undirstöðuatriði fyrir öll gerlastörf og varnir gegn sýklum í læknisfræðinni. Hvaða gagn er að drepa sýklana eða verja þeim aðgöngu, ef þeir geta kviknað af sjálfu sjer? Mótbárur gegn þessari kenningu voru afskaplegar, en Pasteur sigraði að lokum. Og nú er það trúarjátning allra náttúrufræðinga, að allar frumur komi frá öðrum frumum og það frumum sömu tegundar og þær eru sjálfar. En Pasteur hefir auk þess, sem talið er hjer að framan, gert margt annað á þessum árum. Meðal annars kendi hann mönnum allar helstu aðferðir við gerlarækt un. Alt þetta var eins og nokkurskonar aukageta í viðbót við aðalstörf hans.

Meðan Pasteur var önnum kafinn við þessi störf, var hann kvaddur til annara athafna, sem voru gjörólíkar því, sem hann hafði fengist við áður. Um þessar mundir geysaði veiki í silkiormum sunnantil á Frakklandi, en þar er silkiiðnaður mikill og var sá atvinnuvegur í voða staddur. Silkiormurinn spinnur silkiþráðinn eins og kunnugt er. En nú veiktust ormarnir og vesluðust upp, en bændur fengu ekkert silki, og biðu stórtjón. Sjúkdómsorsökin var óþekt. Það sýnir best það álit, sem Pasteur hafði þá unnið sjer meðal vísindamanna, að efnafræðingurinn Dumas, gamall kennari Pasteurs, fól honum að ráða bót á þessu meini silkiormsins. Var þetta árið 1865. Pasteur færðist undan í fyrstu. Bar það fyrir sig, að hann væri þessu máli ókunnugur, hann hefði aldrei á æfi sinni haft silkiorm milli handanna. Pasteur ljet þó tilleiðast að lokum. Vann hann í 5 ár að þessum rannsóknum og rjeð hann fram úr öllum vandræðum. Sjúkdómsorsökin er ofurlítið frumdýr, sem berst með fæðunni. Frá móðurinni berst sýkillinn í eggið

og keinur svo í ljós í lirfunni og fiðrildunum. Hann sýndi hvernig mátti verjast smitun með mjög einföldu móti, og útrýma þannig sjúkdómunum. Á þennan hátt bjargaði hann heilum atvinnuveg frá eyðileggingu, ekki eingöngu á Frakklandi, heldur líka í nágrannalöndunum, sem tóku upp aðferð hans.

1876 hefir Pasteur bundið enda á rannsóknir sínar á gerð og gefur þá út mjög merkilegt rit um ölgerð, og er það eitt af aðalritum hans; áður hafði hann skrifað um edik (1868) og vín (1866). Auk þess hafði hann skrifað ótal minni ritgjörða. Úr þessu fer hann því nær eingöngu að fást við rannsókn næmra sjúkdóma og heldur því áfram það, sem eftir er æfinnar. Byrjaði hann á alidýra sjúkdómum og endaði á sjúkdómum manna, eða rjettara sagt hundaæðinu.

Það hefir löngum verið samband milli skoðana vísindamanna á allskonar gerð, eins og til dæmis öl- og víngerð, og orsökum næmra sjúkdóma. Gerð og rotnun virtust að mörgu haga sjer eins og næmir og bráðir sjúkdómar í mönnum og dýrum. Við rannsóknir sínar á gerð fór Pasteur allsnemma að hugsa um þetta efni. Hann sá nefnilega, eins og áður er getið, að ólíkar gerilstegundir í vökva orsökuðu mismunandi gerð, sömuleiðis orsökuðu mismunandi gerlar mismunandi skemdir í öli, víni og ediki. Hann sá, að þessar smáverur komu úr loftinu og frá umhverfinu. Eins var þetta með rotnunina. Það var því líklegt, að einhverjar smáverur, »gerlar«, orsökuðu næma sjúkdóma á mönnum og dýrum. Hann styrktist og mjög í trú sinni við rannsóknirnar á silkiormunum. Þar sá hann að örlítil vera var sjúkdómsorsök. Þessar sóttkveikjukenningar höfðu komið fram áður, en lítinn byr fengið vegna þess, að allar tilraunir voru mjög ófullkomnar. Pasteur fór nú eingöngu að gefa sig við næmum sjúkdómum. Skal farið fljótt yfir sögur. Hann finnur sóttkveikju að mjög skæðum sjúkdómi í hænsnum, sem nefnist hænsnakólera. Hann fann og bóluefni til verndar gegn þessum sjúkdómi. Bóluefni þetta er

merkilegt að því leyti, að það er fyrsta bóluefnið, sem búið hefir verið til af þektri og hreinræktaðri sóttkveikju og því fyrirmynd allra seinni tíma bóluefna. Á þessum árum sýndi hann og, hvernig má veikla svo sýkla, að hægt er að spýta þeim inn í líkamann án þess að þeir orsaki hættulegan sjúkdóm. Notaði hann þá við tilbúning á bóluefnum sínum.

Hann bjó og til bóluefni gegn miltisbrandi, sem var mjög skæður á Frakklandi og drap árlega fjölda nauta og sauða, bóluefni gegn svonefndri heimakomu á svínum o. fl. Árangur af bólusetningum þessum var góður og fjárhagslega var þetta afskaplega mikilsvirði fyrir bændur. Enski vísindamaðurinn frægi, Huxley, segir einhversstaðar, að uppgötvanir Pasteurs hafi margborgað skaðabæturnar, sem Frakkar áttu að greiða Þjóðverjum eftir ófriðinn 1870—71, en það voru 5 miljarðar. Bólusetningarnar mættu afar mikilli mótspyrnu af hálfu dýralækna, og um þessar mundir voru gerðar árásir á Pasteur úr öllum áttum. Komu þá fyrir ýms atvik, sem eru beinlínis »spennandi«, eins og fólk segir. En hjer fór eins og fyrri daginn, Pasteur bar sigur úr býtum. Jeg má ef til vill skjóta því hjer inn í, að bólusetningin við bráðafárinu á auðvitað óbeinlínis rót sína að rekja til Pasteurs.

Á þessum tímum, litlu eftir 1870 og um 80, fer að byrja algerlega ný öld í sjúkdómafræðinni og stendur hún að nokkru leyti enn. Þá fara menn að uppgötva orsakir næmra sjúkdóma, alstaðar er unnið af kappi um öll lönd, alstaðar er veðhlaup milli vísindamanna um það að verða fyrstir til þess að finna sýkla næmu sjúkdómanna. Á þessum árum finst meiri hluti þeirra sýkla, sem vjer þekkjum, eins og t. d. berkla-, tauga- og barnaveikisgerillinn o. fl. o. fl. Og það er einmitt Pasteur, sem hefir komið þessu öllu á stað með rannsóknum sínum. Hann hafði bent á veginn og að nokkru leyti líka aðferðina við gerlarannsóknir. Það var eingöngu um að gera að halda þann veg, sem hann hafði bent á.

Allar þessar uppgötvanir gerðu meiri breytingu og

byltingu, en með orðum verði lýst. Fyrir mönnum var opnaður stór nýr heimur, alt úði og grúði af þessum örsmáu gerlum, sem voru svo margvíslegir og höfðu svo ólíkar verkanir. Heimurinn var orðinn svo miklu ríkari, fullur af lífi, hvar sem litið var, bæði í lofti, landi og sjó. Með þessu breyttist líka eðlilega margt annað. Nú þektu menn sóttkveykjurnar og lífsskilyrði þeirra, meðferð sjúkdómanna breyttist, möguleikinn til þess að gera bóluefni var fenginn, varnirnar gegn farsóttum breyttust eðlilega líka eftir þessar nýjungar. Þannig má rekja til Pasteurs því nær allar gerlarannsóknir nútímans og varnir gegn næmum sjúkdómum, sömuleiðis bólusetning og blóðvatnslækningar.

En til Pasteurs og áhrifa hans má og rekja aðra gerbreyting, sem orðið hefir í læknisfræðinni, nefnilega meðferð sára. Jeg skal fara nokkrum orðum um þetta efni, því að það stendur í sambandi við áhrif Pasteurs.

Enski skurðlæknirinn Joseph Lister er talinn með rjettu faðir núverandi skurðlækningaaðferða. Ástandið fyrir hans daga var hörmulegt fyrir allar þær manneskjur, sem þurftu skurðlæknis við. Á spítölunum dóu menn hópum saman úr sárasjúkdómum, alt holgróf, alt flaut í greftri, sjúklingarnir fengu drep í sárin og heimakomu út frá þeim; eins og farsótt gengu þessir sjúkdómar um alla spítala. Það gat í þá daga verið alvarlegt að taka nögl af manni eða skera í lítið kýli, það gat verið eins víst að sjúklingurinn fengi blóðeitrun, sem drægi hann til bana. Um holskurði var varla að ræða, það var vís dauði. Það var alvarlegra þá að taka nögl af manni, en að gera holskurð nú. Ekki var ástandið betra á fæðingarstofnununum, þar geysaði barnsfarasótt og dóu konurnar úr henni hrönnum saman. Oft varð að loka þessum stofnunum af því að allar konurnar veiktust og meiri hluti þeirra dó. Óþrifnaður var þá mikill við meðferð sára. Læknar þvoðu ekki hendur sínar, óhreinar og beinlínis skítugar umbúðir lagðar á sárin. Læknar fóru beint frá líkskurðarstofu til sængur-

kvenna og sjúklinga með sár, svo að ekki var á góðu von. Einstöku læknar höfðu tekið eftir því, að sár höfðust betur við, ef hreinlega voru meðfarin. Semmelweis hafði á fæðingarstofnuninni í Wien látið stúdenta og lækna þvo sjer um hendur úr klórkalksblöndu; minkaði barnsfarasótt stórum við það, og ýmsir aðrir reyndu að verjast sárasjúkdómum. En allar þær tilraunir, sem gerðar höfðu verið, voru ófullkomnar og fálmkendar. Það er Lister, sem fyrstur kemur föstu lagi á sárameðferðina. Hann sannfærðist af ritum Pasteurs, að sárasjúkdómar og smitun sára kæmu af smáverum, sem væru í andrúmsloftinu og á verkfærum og höndum læknanna sjálfra. Til varna notaði hann karbólsýru. Síðan á dögum Listers hefir meðferð sára tekið miklum framförum með aukinni þekkingu á graftrarsýklunum. En þessi fullkomnari meðferð var skilyrði þess, að skurðlækningarnar gætu tekið þeim framförum, sem þær hafa gert síðan Lister var uppi. Lister segir sjálfur í brjefi til Pasteurs 1874, að hann hafi farið að nota þessa nýju aðferð við skurðlækningar, eftir að hafa lesið greinar Pasteurs um vín- og ölgerð. — 1873 var Pasteur gerður fjelagi í læknafjelaginu í París. Kemur hann þá á spítala og sjer, hvernig farið er með sár. Gefur hann læknum ýms góð ráð, hvernig binda megi um sárin, meðal annars ætti að dauðhreinsa bómullina, sem lögð er á sárin. Hann segir og beint, að læknar beri sóttnæmið á sjúklingana. Í forngrískum sögnum er getið um konu, sem hjet Kassandra. Guðirnir höfðu gefið henni spádómsgáfu, en til þess að hefna sín á henni jafnframt lagt þau ósköp á hana, að enginn skyldi trúa henni. Kassandra sá fyrir allar þær hörmungar, sem áttu að dynja yfir fæðingarborg hennar, vini og vandamenn, hún varaði landa sína við eftir mætti, en enginn vildi trúa henni, eða láta að orðum hennar. Það má nærri geta, hvernig henni hefir verið innanbrjósts. Jeg gæti hugsað mjer, að nokkuð líkt hafi verið um Pasteur, Lister og aðra, sem í þá daga sáu, hvað gamla sárameðferðin var, og urðu að berjast í mörg ár til þess að sannfæra læknana um það.

Síðasta þrekvirki Pasteurs er bólususetningin til varna gegn hundaæðinu, það afrek, sem gjörði hann frægastan. Jeg má ef til vill koma með nokkrar skýringar á sjúkdómnum fyrst.

Sjúkdómur þessi kemur fyrir bæði á mönnum og dýrum, og þá aðallega hundum og stundum úlfum. Á hundinum lýsir hann sjer með tvennu móti: Ýmist sem lamanir, hundarnir verða alveg máttlausir, eða þeir verða óðir (af því kemur nafnið). Hlaupa þessir óðu hundar um geltandi og bíta alt, sem fyrir verður, jafnt menn og málleysingja. Er bitið hættulegt, því að með munnvatninu berst sótkveikjan, sem þó er ópekt, í sárið. Af biti svona óðs hunds smitast fólk. Eftir meðgöngutímann, sem varir frá 3 vikum og upp í 3 mánuði, veikist sjúklingurinn Hann verður órólegur og eftir nokkra daga byrja krampar aðallega í koki og öndunarvöðvum. Í byrjun koma kramparnir einkum, ef sjúklingurinn reynir að kyngja, síðar ef hann bara sjer vatn (þar af nafnið hydrofobie, vatnshræðsla), við umhugsunina eina. Kramparnir ágerast og eru ofsalega kvalafullir. Sjúkdómurinn er undantekningarlaust banvænn og jafn kvalafullur fyrir sjúklinginn eins og hann er ægilegur fyrir þá, sem á horfa, því að meiri hrygðarmynd getur varla að líta. Meðferðin, sem læknar höfðu að bjóða þessum sjúkingum, var ekki glæsileg. Til varnar því, að sóttnæmið kæmist inn í líkamann, var sárið skorið burt með holdinu umhverfis, ef það var hægt, eða sárið var brent með glóandi járni eða brennandi efnum. En hvorugt gat komið að gagni, nema sárið væri alveg nýtt, annars var sóttnæmið komið út í líkamann. Við sjálfan sjúkdóminn var ekkert að gjöra, nema að reyna að lina kvalirnar. En hjer við bættist, að fólk var hrætt við þessa sjúklinga og flýði þá í dauðans ofboði og ljet þá liggja hjálparlausa, eða stundum voru sjúklingarnir beinlínis drepnir, skotnir eða kæfðir í rúmfötunum. Um aldamótin 1800 virðist þetta enn þá hafa komið fyrir á Frakklandi og 1816 er þess getið, að maður með hundaæði hafi verið kæfður í rúmfötunum.

Jeg skal taka það fram, að engin smitunarhætta stafar af þessum sjúklingum.

Á móti þessum ægilega sjúkdómi byrjar Pasteur baráttuna 1880, nærri sextugur að aldri. Hann hafði ýmsar ástæður til þess að velja sjer hundaæðið að verkefni. Hann langaði til og hafði óskað þess í mörg ár, að prófa á mönnum reynslu þá, sem hann hafði fengið við dýralækningar. Og þá var sjúkdómur þessi vel til þess fallinn, þar sem hann er sameiginlegur fyrir menn og dýr. Önnur ástæðan var sú, að meðgöngutími veikinnar er svo langur, að möguleiki var til þess að gjöra líkaman ónæman, áður en sóttnæmið gæti gjört skaða. Því að það er auðsjeð, að strax frá byrjun stefnir Pasteur að því takmarki að bólusetja og hindra með því, að sjúkdómurinn brjótist út. Pasteur gat ekki ræktað sóttkveikjuna, það hefir ekki hepnast enn. En hann komst að því, að sóttnæmið er bæði í munnvatni dýrsins, sem sjúkt er, og þó einkum í heila og mænu. Starf hans hefir sjálfsagt verið afarmikið. Hann hafði og við þá örðugleika að stríða, að erfitt var að fá húsnæði fyrir hundana, því að hann þurfti marga til tilrauna, en bæði eru þeir hávaðasamir nágrannar, og svo var fólk hrætt við þá. Vorið 1884, eftir $3^1/_2$ ár, er hann farinn að geta gjört hunda ónæma og þá um sumarið gjörir fyrstu tilraun á 9 ára dreng, sem óður hundur hafði bitið. Hafði drengurinn als 14 sár. Töldu læknar það efalaust, að hann fengi hundaæði. Pasteur bólusetti drenginn og drengurinn veiktist ekki. Bóluefnið, sem Pasteur notaði, var mæna úr kanínu, sem drepist hafði úr hundaæði; er mænan geymd fleiri eða færri daga áður en hún er notuð. I mænunni er sóttnæmið, sem veiklast við geymsluna og þeim mun meir, sem mænan hefur verið geymd lengur. Mænan er svo hrærð út í votu og spýtt inn undir hörund sjúklingsins. Vinna sú, sem Pasteur hefir lagt í það að að finna þessa aðferð, er sjálfsagt afar mikil, þótt hann sje fáorður um það, en það sjest þó á ýmsu. En það var líka djarft að gjöra það, að spýta inn svo hættulegu efni. Þessi uppgötvun Pasteurs er sú, sem gjörði hann frægast-

an um öll lönd. Auðvitað mætti hann mótþróa frá læknanna hálfu, því að nú var hann beinlínis kominn inn á þeirra verksvið. En alþýða manna fjekk strax mikla trú á aðferðinni og undir eins fór að streyma til Pasteurs fjöldi fólks, sem bitið hafði verið. Eftir svo sem $^3/_4$ árs hefir hann bólusett 350 manns, og aðeins einn af þeim dó, enda hafði hann verið bitinn 37 dögum áður en Pasteur fjekk hann til meðferðar. Það varð brátt nauðsynlegt að útvega húsnæði fyrir þessar lækningar, og var fje safnað til þess bæði innanlands og utan. Sýnir það best álit það, sem Pasteur hefir þá áunnið sjer, að á nokkrum mánuðum safnast $2^1/_2$ milj. franka Breska þingið gaf 200000 fr. 1888 er svo Pasteurstofnunin reist í París. Síðan hafa risið upp samskonar stofnanir um öll lönd og það mjög fljótt. 1892, 4 árum síðar en Pasteurs stofnunin í París var vígð, eru komnar 20 slíkar stofnanir víðsvegar í Evrópu.

Til þess að geta dæmt um, hvaða gagn þessi bólusetning hefir gjört, verður fyrst að geta þess, að aðeins 10—15 að hundraði af þeim, sem bitnir eru, fá sjúkdóminn og deyja. 1886—89 hafði Pasteur til meðferðar alls 7919 manns og af þeim dóu 79 eða 1%. Svo að einhlít er aðferðin ekki. En ef engin bólusetning hefði verið framkvæmd, hefðu dáið að minsta kosti 800 manns. Hann hefir því beinlínis bjargað lífi fleiri en 700 manna á þessum 3 árum. Schüder hefir nýlega safnað árangri meðferðarinnar á 98,478, og dóu af þeim 863 = $0{,}9\%$, annars hefðu dáið um 10000. Árangurinn er þó betri, ef leitað er nógu snemma til læknis, þá er dauðatalan aðeins $0{,}64\%$. Af 15000 bitnum og óbólusettum dóu 9% = 13—14 hundruð. Þótt aðferðin sje ekki einhlít, eins og sagt hefir verið, þá hefir hún þó bjargað þúsundum manna frá kvalafullum dauða. Enda er nú aðferðin alment viðurkend og sárlitlar breytingar á henni orðnar síðan. Ef menn nú á dögum eru bitnir af óðum hundum eða úlfum (Rússlandi), þá fara þeir undireins til næstu stofnunar og láta bólusetja sig. Það er um að gera að koma sem fyrst.

Þetta er, sem sagt, síðasta þrekvirki Pasteurs og það sem gjörði frægð hans mesta um öll lönd.

Ef litið er yfir rannsóknir Pasteurs, þá virðast þær við fyrsta álit ærið fjarlægar hver annari og liggja á mjög ólíkum sviðum. Hann byrjar á sinni eigin fræðigrein með kristalla og efnarannsóknir, en endar með bólusetningarlækningar á mönnum. En ef starfsemi hans er fylgt, þá sjest, að hún er í samhangandi og áframhaldandi röð Hann byrjar með vínsýrurannsóknum og og kemst við það inn á efnafræðislegar rannsóknir á víni, þaðan inn á framleiðslu víns og öls, vín- og ölgerð. Uppgötvar að gerðin stafar af smáverum, sömuleiðis að aðrar smáverur orsaka gerð annars eðlis, enn aðrar smáverur orsaka skemdir á víni og öli, og rotnun. Hann fer að setja smáverurnar í samband við næma sjúkdóma, að þær geti verið orsök þeirra, styrkist í þeirri skoðun við rannsókn á silkiormasjúkdómnum. Fer að gjöra rannsókn á dýrum. Finnur gerla við alidýra sjúkdóm og vill fara að dæmi Jenners, sem innleiddi kúabólusetninguna og búa til bóluefni mót þessum sjúkdómum. Þetta heppnast ágætlega. Það næsta er að reyna þetta á mönnum og hann tekur fyrir hundaæðið, sjúkdóm sem er sameiginlegur mönnum og dýrum.

Það var ekki furða þótt Pasteur yrði fyrir mótstöðu, og hann fór ekki varhluta af henni. Mikill hluti uppgötvana hans og kenninga kollvörpuðu alveg skoðun manna á ýmsum grundvallaratriðum vísindanna og ollu uppnámi. Pasteur var á undan sínum tíma, menn þurftu að átta sig á öllu þessu nýja, sem streymdi að. Pasteur rjeðist á rótgrónar skoðanir, sem vísindamennirnir höfðu lifað á alla æfi. Árásirnar á Pasteur komu úr mörgum áttum, því að hann kom víða við. Fyrst komu líffræðingar og efnafræðingar, síðar dýralæknar og síðast en ekki síst læknarnir. Oss læknum er aldrei vel við, að menn, sem ekki eru læknar, sjeu að grípa inn í vorn verkahring. Þeir voru líka margir hverir lengi vel örðugustu mótstöðumenn Pasteurs og neituðu kenningum hans um næma

sjúkdóma Læknar og dýralæknar spurðu, hvað Pasteur, sem ekki væri annað en efnafræðingur, vildi vera að vasast í lækningum, sem hann hefði ekkert vit á. Mjer þykir leiðinlegt að segja frá þessu, læknastjettarinna vegna, en satt er það samt. En auk vísindamanna, sem þó rökræddu vel flestir uppgötvanir Pasteurs, þó ekki allar, voru aðrir, sem fóru öðruvísi að ráði sínu. Það voru menn, sem vantaði skilning og greind til þess að gagnrýna rit og gjörðir Pasteurs, en rjeðust ósvífnislega og illgjarnlega á hann sjálfan. Þeir báru honum á brýn, að hann væri samviskulaus og ágjarn skrumari, sem væri að reyna að hafa peninga út úr fólki, að hann leyndi því, sem mishepnaðist við bólusetningar hjá sjer, að hann væri trúleysingi og vildi kollvarpa öllu heilögu og göfugu. Þessir smágerlar hans væru orðnir nokkurskonar guð hjá honum og væru í hans augum því nær almáttugir. Pasteur varði skoðanir sínar af miklum krafti og sigur hans að lokum í öllum þessum deilum liggur í því, að hann svaraði mótstöðumönnum sínum með þessu: Setjið nefnd til þess að athuga rannsóknir mínar, eða hvað heimtið þjer, hvernig viljið þjer að jeg hagi tilraunum mínum, komið og sjáið sjálfir, hvað jeg gjöri, og svo árangurinn, og dæmið svo. Hann var boðinn og búinn að endurtaka tilraunir sínar, hvenær sem var, og með því hlaut hann að sannfæra mótstöðumennina að lokum. Seinasta ár æfi sinnar hafði hann sigrað í öllum deilum og fengið fulla viðurkenningu. Hann var orðinn fjelagi í mörgum vísindafjelögum, og hafði fengið heiðurslaun hjá franska þinginu. Bæði bændur og iðnaðarmenn veitu honum margvíslega viðurkenningu fyrir hjálp þá, sem hann hafði veitt þeim. En 2 viðburðir sýndu þó best, hve mikið álit hann hafði: Það er Pasteursstofnunin, sem getið var áður, og var reist 1888, og hátíðin, sem honum var haldin á 70 ára afmæli hans 1892. Voru þar saman komnir vísindamenn frá öllum löndum til þess að heiðra hann.

46 ára gamall fjekk Pasteur heilablóðfall og varð máttlaus vinstramegin. Batnaði honum að vísu eftir all-

marga mánuði en aldrei að fullu. Hann var alla æfi síðan haltur á vinstra fæti og vinstri höndin var afminni. En þetta alvarlega sjúkdómskast hafði engin áhrif á starf hans, það lítur svo út sem það hafi þvert á móti eggjað hann til þess að herða sig enn þá meira. Hann vann aldrei meir en næstu árin þar á eftir, honum fanst það minna sig á, að æfin er stutt, þegar mikið er að vinna. Þegar þess er gætt, hvað kappsamlega hann vann alla æfi, og varð hinsvegar stöðugt að verja sig fyrir árásum, sem oft voru illkvittnislegar og persónulegar og hann tók sjer nærri, þá er ekki að furða, þótt hann þreyttist og ljeti undan. 1884 er honum auðsjáanlega farið að fara aftur og 1888, þegar Pasteurstofnunin er vígð, verður hann að láta son sinn lesa upp ræðu sína, eins á 70 ára afmæli sínu 1892, hafa það þó líklega verið einhver stærstu augnablik í hinni viðburðamiklu æfi hans. Seinustu árin var hann mjög hrumur, en gat þó fylgst með því, sem gjörðist. En lífið heldur áfram og heimtar nýja menn í stað þeirra, sem falla í valinn. Lærisveinar Pasteurs hjeldu áfram starfi hans og hafa hafið Pasteursstofnunina til vegs og virðingar. Pasteur og kona hans voru grafin undir tröppu byggingarinnar í fagurri og skreyttri grafhvelfingu. Má segja, að Pasteursstofnunin, sem er heimsfræg vísindastofnun, sje vel viðeigandi og fagur bautasteinn yfir hann.

Öllum kemur saman um, að Pasteur hafi verið framúrskarandi hugvitssnillingur og unnið meira stórvirki í líffræðinni en nokkur annar. Ef vjer nú spyrjum, í hverju það liggi, að hann fjekk svo miklu afkastað, þá má taka þessi atriði fram. Fyrst og fremst hefir hann þann heilaga eld, þessa brennandi löngun til þess að rannsaka, í öðru lagi er hann alla æfi sístarfandi, frá morgni til kvölds á rannsóknarstofu sinni. Tilraunir sínar gjörir hann af fágætu hugviti, þær eru vel hugsaðar og framkvæmdar með sívakandi eftirliti og þó blátt áfram og svo auðskildar, að þær eru nú orðnar klassisk fyrirmynd. Hann leggur dæmafáa elju, þolinmæði og þrautseigju í það að leysa

viðfangsefni sín, hann hættir ekki fyr en full vissa er fengin. Ályktanir hans eru skarpar, rökrjettar og frábærlega skýrt framsettar. Ekki skiftir þó minstu máli, hversu fljótt honum verður ljóst, hvaða afleiðingar rannsóknir hans hafa á ýmsum sviðum. Loks hefir hann sívakandi löngun til þess að gjöra gagn með uppgötvunum sínum, hann reynir undireins að gjöra þær nothæfar. Þar kemur fram mannvinurinn Pasteur.

Heimilislíf Pasteurs var ágætt. Kona hans var honum alla æfi góð hjálp í störfum hans og skrifaði mjög mikið fyrir hann. Öll fjölskyldan fylgdist með í störfum hans og það þótt hún væri dreifð út um alt Frakkland. Fjölskyldan fjekk strax að vita brjeflega, hvaða tilraunir Pasteur ætlaði að gjöra og svo hvernig þær hepnuðust. Var þetta Pasteur mikill styrkur í starfi hans og baráttu.

Ýmsar skrítlur eru sagðar um Pasteur. Meðal annars er sagt, að hann hafi gleymt brúðkaupsdegi sínum. Hann var að vinna á rannsóknarstofu sinni og það varð að sækja hann þangað í mesta flýti til þess að koma í kirkjuna. Veislufólkinu leiddist að bíða eftir honum. Meðan hann var í tilhugalífinu, kvartaði hann undan því, að sjer hætti við því að slá slöku við rannsóknirnar. Þá er og sagan frá læknafundinum í Höfn 1884 alþekt. Í veislu, sem fundarmönnum var haldin, útlistaði Pasteur fyrir borðdömu sinni, hvernig gerlarnir, þessar örsmáu skaðlegu verur, væru alstaðar á öllum hlutum. Á borðum voru meðal annars kirsiber og Pasteur þvoði þau vandlega í vatnsglasi áður en hann át þau, til þess að losa þau við gerlana. En af ákafanum að skýra þetta efni, gleymdi hann sjer svo, að hann drakk skolavatnið með öllum gerlunum. Menn mega þó ekki halda, að Pasteur hafi verið neitt afkáralegur, það var hann alls ekki, hann gekk vel til fara og ekkert ankannalegt var við hann í ytra útliti.

Jeg get ekki lokið máli mínu án þess að minnast á lyndiseinkenni Pasteurs í fám orðum. Skrítlurnar, sem jeg nefndi, sýna ef til vill betur en flest annað eitt af

aðaleinkennum hans, ástina á vinnunni. Vinnusemi hans, elja og þolgæði var framúrskarandi. Hann var vinfastur og hjelt trygð alla æfi við æskuvini sína og kennara. Óeigingjarn var hann, ekkert var fjarstæðara en að brigsla honum um fjegirni. Hann vildi láta systur sínar taka allan arfinn eftir föður þeirra; hann hefði getað grætt of fjár á rannsóknum sínum, en gjörði það ekki. Hann var tilfinningaríkur og tilfinninganæmur og tók sjer nærri, ef illa var talað um hann. Föðurlandsvinur var hann heitur og mætti nefna þess mörg dæmi. Hann vildi ganga í herinn 1870—71, en var synjað þess, vegna þess að hann var fatlaður. Mannvinur var hann og mikill. Jeg ræð þeim, sem þess eiga kost, að lesa ræður hans, þær lýsa góðri og göfugri sál.

Jeg byrjaði erindi mitt með því að segja, að Pasteur hefði verið byltingamaður, í óvenjulegum skilningi þó, og vona að hafa sannað, að það sje ekki ofmælt. En það væri líka eins hægt að segja, að Pasteur hafi verið töframaður. Hann var eins og þessir indversku töframenn, sem geta sýnt fólki ný sjónarsvið. Pasteur opnaði alveg nýjan heim fyrir mönnum, fullan af óteljandi, lifandi smáverum um loft, láð og lög, heimurinn var orðinn ríkari, margfalt auðugri en áður, alstaðar var líf. Pasteur opnaði nýtt svið fróðleiks og þekkingar, og þessa þekkingu notaði hann til gagns og blessunar mannfjelaginu. — Æfisaga Pasteurs er dæmi, mynd, ímynd, æfintýrið um eilífa viðleitni mannsandans að rannsaka náttúruna og finna þar lögmál, sem ráða oss sjálfum og umheiminum og nota þessi lögmál sjer til gagns í baráttunni við efnið, til meiri þroska. — Maðurinn, hugvitssnillingurinn og mannvinurinn Pasteur á það skilið, að hans sje minst með virðingu, aðdáun og þakklæti.

Diocletianus keisari.

Eftir **Þorleif H. Bjarnason.**

Til þess að skilja stefnu og starfsemi þessa stórmerka keisara, verða menn að gera sjer grein fyrir, í hvert óefni högum rómverska ríkisins var komið, er hann kom til sögunnar, og hver ráð nokkrir fyrirrennarar hans höfðu tekið upp, til þess að reisa rönd við aðsteðjandi sundurlimun og hruni ríkisins. Skal því hjer á eftir skýrt stuttlega frá aðaldráttunum í þessari raunasögu, áður en vjer víkjum að sjálfu aðalefninu.

Eftir víg Commodusar keisara 192 e. Kr., rjeðu lífverðir keisara því um all-langt skeið, hver varð keisari, og seldu jafnvel stundum keisaratignina þeim, er best bauð. En þá vildu og hersveitir þær, er áttu setu í útjöðrum ríkisins hafa hönd í bagga með kosningu keisara og kvöddu hershöfðingja sína til þeirrar tignar. Hófst þá hin mesta skálmöld og gekk ekki á öðru en mannskæðum styrjöldum milli þessara svonefndu hermannakeisara frá 192—284. Voru þeir flestir ríkir einvaldar, er studdust við herinn, en virtu öldungaráðið að vettugi og hlutdeild þess í stjórninni. Þvarr því óðum vegur þess og völd. Innanlandsstyrjaldirnar og hin ógurlegu hervirki, er þeim voru samfara, drógu smásaman þrótt úr ríkinu, og ofan á það bættust svo drepsóttir, hallæri og afarmikil fjárþröng. Af því leiddi aftur, að atvinnubrögðum hrakaði stórum, velmegun og hagsæld fór forgörðum og loks tók smátt og smátt fyrir fjör manna og glaðværð.

Þegar hjer var komið fór Rómverjum auk þess að standa miklu meiri hætta af erlendum fjandmönnum en áður. Má þar einkum tilnefna Persa, er 226 e. Kr. höfðu brotið undir sig alt Parþaríki og stofnað hið nýpersneska ríki. Þeir tóku sjer fyrir hendur að vinna aftur lönd þau, er eitt sinn höfðu lotið Persaveldi, og sóttu með miklum her vestur á skattlönd Rómverja í Asíu. Þá tóku og Germanar, sem til þessa höfðu barist við Rómverja í ótal smáum þjóðflokkum, að gerast miklu ægilegri óvinir, er þeir gerðu bandalag með sjer og skipuðu sjer undir sameiginlega herstjórn. Loks voru ýmsar gotneskar þjóðir komnar norðan úr Eystrasaltslöndum suður að Svartahafi. Sættu þjóðir þær, er nú voru taldar, löngum færi og rjeðu þar að rómverska ríkinu, er litlar varnir voru fyrir, og tækist þeim, að brjótast inn yfir landamærin, gátu þeir rænt og ruplað eftir vild sinni. Keisari hjelt oftast nær liði sínu þangað, er hættan var mest, og þá kom það oft fyrir, að þeir hershöfðingjar hans gerðu uppreisn, sem áttu yfir her að ráða á öðrum stöðvum ríkisins.

Hættulegast var ríkið statt frá því um 250 fram undir 270 e. Kr. Innanlands geisuðu borgarastyrjaldir, en Persar og ýmsar germanskar og gotneskar þjóðir hjeldu með ránum og manndrápum langt inn í ríkið; auk þess var fjárhagur þess eins bágborinn og mest mátti verða. Var þá ekki annað sýnna en það mundi liðast í sundur, og það því fremur sem ýmsir hershöfðingjar tóku sjer keisara nafn. Er t. d. talið, að frá 260—268 hafi 18 hershöfðingjar verið teknir til keisara. Þá varð það ríkinu til bjargar, að dugandi menn hófust hver fram af öðrum til keisaratignar. Eru þeir oftast nær kendir við land það, sem þeir voru ættaðir frá, og nefndir keisararnir frá Illyríu. Einna merkastur þeirra var *Lucius Domitius Aurelianus* (270—275). Verður hjer vikið stuttlega að höfuðdráttunum í utanríkis- og innanríkisstjórn hans, af því að Diocletianus mun í nokkrum verulegum atriðum hafa tekið sjer hana til fyrirmyndar. Aurelianus fjekk yfirstigið Vandala og Gota, sem gert höfðu herhlaup suður

á Ítalíu. En þar sem hann í viðureigninni við þá hafði komist að raun um, að Róm gat verið hætta búin af árásum útlendra óvina, ljet hann víggirða hana með miklum múrvegg, 16 km. að lengd, sem ber nafn hans og stendur að miklu leyti enn í dag. Hann braut aftur til hlýðni skattlönd þau, er gengið höfðu undan ríkinu, og rak frá ríkjum Zenobiu drottningu í Palmyra, sem hafði lagt undir sig skattlönd Rómverja í Asíu og Egiptaland. Sömu skil gerði hann keisara einum, sem brotist hafði til valda í Gallíu. Fyrir öll þessi afreksverk var hann sæmdur virðingarnafninu »viðreisnarmaður heimsins« („restitutor orbis"). Þó að mikið væri aðgert, duldist Aurelianusi ekki, að gera þyrfti frekari ráðstafanir til þess að treysta ríkið og gera keisara fastari í sessi en þeir höfðu verið hina síðari mannsaldra. Í því skyni jók hann, að sið austurlenskra einvaldsdrottna, völd og helgi keisara og gerðist allskostar einvaldur í stjórn sinni. Til marks um það tók hann upp höfuðdjásn (diadema) Austurlanda konunga og á peningum, sem hann ljet móta, er hann kallaður »herra og guð« (dominus et deus). Til þess að gera ríkið traustara og varnirnar samfeldari ljet hann Daciu — hjeruðin fyrir norðan Dóná — lausa við Gota. Hafði hún síðan á dögum Trajanusar kostað Rómverja líf margra hraustra drengja og of fjár. Nokkrir yngri sagnfræðingar, svo sem Guglielmo Ferrero, halda því fram, að Aurelianus hafi gert Miþrasátrúnaðinn í þeim búningi, sem hann hafði fengið í Vesturlöndum, að ríkistrú; en eftir þeirri trú taldist einvaldinn hafa þegið völd sín af Miþras og samlagast honum og vera fulltrúi hans hjer á jörðu. Hinsvegar telur hinn frægi sagnaritari Jacob Burckhardt það vafasamt, hverrar trúar Aurelianus hafi verið. Í fornum heimildum er þess getið, að eftir eyðing Palmyru hafi hann látið endurreisa þar hof sólarguðsins og síðan reist mikið og veglegt sólarhof í Róm og komið þar fyrir 15000 pundum gulls. Er ekki ósennilegt, að eitthvert samband hafi verið milli Miþras og sólarguðsins, er vjer vitum ekki deili á. Á sumum peningum, er Aurelianus ljet móta, er

sólarguðinn kallaður »Sol invictus« (hinn ósigrandi sólarguð). En hvort sem hann hefir verið Miþrastrúar eða sólartrúar, þá er ekki ólíklegt, að þessi átrúnaður hans hafi stuðlað að því, að veita keisara meiri helgi í augum þegna hans.

Aurelianus tók sjer fyrir hendur að koma betri skipun á peningamál og fjármál ríkisins, en áður honum tækist að koma henni í framkvæmd, var hann í árslok 275 veginn af nokkrum æðri liðsforingum í her sínum. Má vera að dugnaður hans og óbilgirni í að framfylgja nýjungum þeim, er fyr voru taldar, hafi bakað honum óvinsældir og hatur hinna æðri stjetta, en þó er ekki loku fyrir skotið, að hin austurlenska einvaldsstefna hans hafi ráðið mestu um víg hans. Hitt er víst, að liðsmönnum hans þótti vígið svo illt verk, að þeir vildu engu ráða um kosningu eftirmanns hans og báðu öldungaráðið fyrir að sjá. Kom það svo flatt upp á það, að það færðist í fyrstu undan tilmælum þeirra og var þá keisaralaust nokkra hríð, en loks ljet það tilleiðast og nefndi til keisara *Marcus Claudius Tacitus*, oddvita ráðsins. Hann fjekk ráðinu aftur í hendur völd þau, sem það hafði haft endur fyrir löngu. En er Gotar rjeðu inn í Litlu-Asíu og Tacitus keypti þá af höndum sjer, var hermönnunum nóg boðið og drápu þeir keisara eftir nokkura mánaða stjórn. Þannig mistókst með öllu tilraunin að reisa aftur við völd og áhrif öldungaráðsins, enda þótt eftirmaður Tacitusar, Marcus Aurelius Probus, er herinn hóf til keisaratignar, gerði sjer títt við ráðið og ljeti það staðfesta fyrirskipanir keisara, til þess það eiga þar bakhjarl gegn ofstopafullum og róstugjörnum hermönnum.

Marcus Aurelius Probus (276—282) var vitur stjórnari og dugandi hershöfðingi, er rak hvervetna óvini ríkisins af höndum sjer. Hann setti marga hertekna menn niður sem leiguliða á útjöðrum ríkisins, einkum á Bretlandi og í Þrakíu, en suma gerði hann að hermönnum sínum. Ráðstöfun þessi verður skiljanleg, þegar þess er gætt, hversu landslýðurinn hafði undanfarandi áratugi

fallið unnvörpum í styrjöldum og drepsóttum; af henni leiddi aftur, að lönd þessi og hjeruð urðu fyrir miklum germönskum áhrifum, en hin rómverska menning þeirra þvarr. Annars var Probus mikill umsýslumaður í ríki sínu og ljet hermenn sína starfa að því að gera vegi, brýr og skurði og þurka upp mýrar. Hann ljet þá og flytja vínvið frá Ítalíu til Gallíu og Dónaulandanna og gróðursetja þar. En hermönnunum gatst lítt að þeim störfum, brugðu trúnaði við keisara og myrtu hann og tóku *Marcus Aurelius Carus* til keisara. En hann tók aftur tvo sonu sína *Numerianus* og *Carinus* fyrir meðstjórnarmenn. Hófst þá aftur mikil óstjórn og ófriður í ríkinu, er lauk svo, að þeir feðgar Carus og Numerianus voru drepnir af hermönnum sínum, en Carinus vildi ekki hlíta úrskurði hinna rómversku herforingja, sem höfðu eftir víg þeirra feðga kosið Diocletianus til keisara (284), og fór með her manns á hendur honum. Lenti herjum þeirra saman í Mösíu vorið 285 og var tvísýnt hvor þeirra mundi verða yfirsterkari, en í þeim svifum var Carinus veginn af sínum mönnum.

Gajus Aurelius Valerius Diocletianus (284—305) var ættaður úr Dalmatíu. Er talið að faðir hans hafi verið þræll eða leysingi. Hann nefndist á gríska tungu Diokles (‚hinn Zeusfrægi'), en breytti síðan nafni sínu að rómverskum sið í Diocletianus. Hann þótti hraustur, duganði og skyldurækinn herforingi, hafði einnig verið skattlandstjóri og borið ræðismannsnafn og loks verið foringi fyrir lífverði keisara. Þó mun hann einkum hafa átt vitsmunum sínum og öðrum andlegum yfirburðum að þakka, að hann var kjörinn keisari, eins og fyr er sagt.

Diocletianus átti í því sammerkt við Augustus keisara, að hann gaf sig lítt við herstjórn, en ljet aðra menn, sem hann treysti, hafa hana á hendi. Aftur á móti reri hann öllum árum að því, að koma fastara og betra skipulagi á ríkið, enda tókst honum það framar öllum vonum. Hann sá glögt af reynslu undanfarinna ára, að baráttan um völdin og styrjaldir þær, sem af henni leiddu, voru

eitthvert mesta mein ríkisins. En það átti hinsvegar rót sína að rekja til þess, að keisarar voru kosnir. Hann nam því kosning keisara úr lögum og dró öll völd óskoraað í hendur keisara. Við það fjell stjórnarskipun Augustusar um koll, er laut að því, að keisari og öldungaráð skiftu með sjer völdunum og stjórnarstörfunum. Öldungaráðið misti þannig að fullu og öllu hlutdeild þá í stjórn ríkisins, sem það hafði haft hingað til að lögum, þó að hún væri í raun rjettri að miklu leyti gengin úr greipum þess, eins og áður hefir verið sýnt.

Áður fyr hafði keisari verið trúnaðarmaður og æðsti fulltrúi þjóðarinnar og farið æfilangt með völdin, hann hafði verið þjónn, en ekki drottinn ríkisins. Nú gerðist hann drottinn þess og þegnanna og var jafnvel talinn guð. Hann átti nú ekki framar að sækja völd sín undir fullveldi þjóðarinnar, heldur varð hann nú sjálfur fullvaldur. Hin austræna skoðun á konungsvaldinu, er hnje að því, að það væri guðdómlegt og ótakmarkað, hafði nú einnig borist til Róm og orðið þar ofan á og gerbreytt skilningi manna á valdi og stöðu keisara. Hann var friðhelgur og allar athafnir hans heilagar. Hann var æðsti löggjafi og dómari, engum lögum háður og þurfti ekki að gera neinum grein fyrir orðum sínum eða gerðum. Hann bar hvítt bindi um enni sjer til marks um, að hann hefði þegið völd sín af guðunum, og viðhafnarbúningur hans var purpuraskykkja, sett gulli og gimsteinum. Keisarinn var hátt yfir aðra menn hafinn og átti sem minst mök við þá, en hirð hans fjölmenn og tiguleg og hirðsiðirnir margbrotnir og strangir að austrænum sið. Hver sem gekk fyrir keisara varð t. d. að kveðja hann og ávarpa með knjefalli. En með allri þessari helgi og viðhöfn skyldi loku fyrir það skotið, að nokkur dirfðist að seilast eftir völdum keisara. Það var hvorki hjegómagirnd eða fordild, er kom Diocletianusi til þess að gera þessa stórfeldu breytingu á stjórnarfarinu, heldur einlæg viðleitni að gera keisara svo fastan í sessi og voldugan, að hann gæti tálmunarlaust starfað fyrir land og lýð.

Honum duldist ekki heldur, að einangrunin gat orðið keisara hættuleg og kvartaði jafnvel oftlega yfir henni. En þeim mun brýnni munu ástæður þær hafa verið, er knúðu hann til þessarar breytingar. Diocletianus vildi ekki að eins treysta og auka völd sín, heldur gerði hann sjer far um að sjá ríkinu fyrir góðri og öflugri stjórn eftir sinn dag. Úr því sem komið var, virðist hafa legið beinast fyrir, að taka upp fastar ríkiserfðir. En keisari mun annaðhvort hafa kynokað sjer við að gera það — enda fór það þvert ofan í rómverskar venjur og hugsunarhátt, að embætti gengi að erfðum — eða efast um, að það mundi gefast vel. Hann tók því upp aðra skipun, sem erfiðleikar þeir hinir miklu, er hann átti við að stríða fyrst eftir að hann varð keisari, munu hafa skotið honum í brjóst.

Borgarastyrjöldin milli Carinusar og Diocletianusar kom af stað uppreisnum víðsvegar í ríkinu, einna mest brögð voru að þeim í Galliu. Þar hófu öreiga bændur og annar gjaldþrotalýður uppþot mikið og gerðu jafnvel foringja sína að keisurum. Tryltar og siðlausar þjóðir fóru að gera aftur vart við sig á landamærum ríkisins og víkingar rupluðu og rændu strendur Galliu og Bretlands. Öll þessi vandræði færðu keisara heim sanninn um, að einum manni væri ofvaxið að stjórna ríkinu og verja það ágangi útlendra óvina. Fyrir því tók hann sjer árið eftir að hann settist að ríkjum dugandi hershöfðingja, er *Maximianus* hjet, fyrir meðstjórnanda eða undirkeisara. Hann var af lágum stigum, eins og Diocletianus, og ættaður úr Illyriu; hraustur maður og herkænn, geðríkur og vanstiltur í skapi, en einkar auðsveipur og hollur Diocletianusi. Maximianus sefaði á nokkrum vikum með mestu grimd og harðneskju uppreisnina í Galliu, en fyrir dugnað þann, sem hann sýndi í viðureign þeirri, gerði Diocletianus hann árið 286 að yfirkeisara og setti hann yfir vesturhluta ríkisins, en sjálfur stjórnaði hann austurhlutanum. Þar var miklu betri friður og næði til löggjafarstarfa og annara umbóta en í

Vesturlöndum, þar sem alt logaði í róstum og styrjöldum. Maximianus bar eins og Diocletianus tignarnafnið Augustus og skyldi vera jafn honum að metorðum og fullvaldur í sínum ríkishluta, en löggjöf og peningamál skyldu vera sameiginleg og allar tilskipanir keisara skyldu undirskrifaðar og birtar af þeim báðum. Samt sem áður hafði Diocletianus í raun rjettri einskonar forræði sakir yfirburða sinna og andlegrar atgervi. Á það bendir og einkunnarnafn hans Jovius (helgaður Jupiter), þar sem Maximianus varð að láta sjer nægja að kallast Herculius.

Maximianusi var ekki til setu boðið. Þegar hann hafði sefað uppreisnina í Gallíu, varð hann að snúast gegn Burgundum, sem áður höfðu búið fyrir austan Oder, en hjeldu nú með ránum og manndrápum vestur að Rín. Þeir stöktu burtu þjóð þeirri, er Alamannar nefndust, en bundu síðan fjelagsskap við þá og fóru herskildi um skattlönd Rómverja milli Rín og Dóná. Í sama mund hjeldu Herular nokkru norðar með ránum og gripdeildum vestur yfir Rín. Maximianus fór á móti þeim með her manns og sigraði þá, hinsvegar tókst honum ekki að flæma Alamanna og Burgunda burt frá Rínarbökkum hinum eystri, þar sem þeir höfðu búist fyrir. Loks hófu Frakkar og Saxar norðan frá Englandshafi ránsferðir til stranda Gallíu og Bretlands. Maximianus fól germönskum manni, er *Carausius* hjet, að reisa rönd við yfirgangi þessara víkinga. Hann kom sjer upp herskipaflota, en lagði síðan lag sitt við víkinga. Þegar Maximianus bjóst til að láta hann sæta ábyrgð fyrir þessar tiltektir, hjelt hann með her og flota yfir til Bretlands og ljet taka sig til keisara. Maximianus reyndi að flæma hann þaðan burtu og leggja undir sig landið, en tókst það ekki. Lauk viðskiftum þeirra svo, að hann varð árið 291 að viðurkenna Carausius keisara til þess að geta beitt sjer og öllum herafla sínum móti germönsku þjóðunum við Rín.

Þessir erfiðleikar, sem nú voru taldir, munu hafa komið Diocletianusi til að skifta keisaravaldinu enn meir

en komið var. Árið 292 skipuðu því yfirkeisararnir tvo aðstoðar eða undirkeisara *(Caesares)* og ættleiddu þá. Jafnframt var lögfest sú skipun, að þegar annar yfirkeisarinn fjelli frá eða ljeti af stjórn, skyldi hinn einnig fara frá, en undirkeisararnir verða yfirkeisarar í hinna stað og skipa þá um leið nýja undirkeisara. Diocletianus vildi með skipun þessari koma á einskonar ríkiserfðum og koma í veg fyrir, að ýmsir hershöfðingjar brytist til valda við fráfall keisara, eins og áður hafði tíðkast. Meðan Diocletianus sat sjálfur að stjórn gafst þessi margbrotna og óeðlilega skipun hans vel, því að samkeisarar hans báru svo mikla lotning fyrir honum; en skömmu eftir að hann ljet af stjórn var henni kollvarpað af Constantinusi keisara. Undirkeisarar þessir nefndust *Gajus Galerius Valerius Maximianus*, er gekk að eiga Valeriu einkadóttur Diocletianusar, og *Marcus Flavius Valerius Constantius*, sem venjulega er kallaður *Constantius Chlorus* (hinn fölleiti), af litarhætti sínum. Hann var kvæntur Theodóru stjúpdóttur Maximianusar yfirkeisara. Báðir hinir nýju undirkeisarar voru ættaðir frá Illyriu. Galerius var af lágum stigum, en dugandi hershöfðingi. Hann var maður harðráður, geðríkur og drambsamur, en hinn auðsveipasti við Diocletianus. Constantius var aftur á móti af göfugu bergi brotinn, hafði í uppvextinum notið góðrar fræðslu og fengið áhuga á forngrískum og rómverskum fræðum og þótti góður og röggsamur hershöfðingi og mannúðlegur og mildur stjórnari. Skiptu nú þessir 4 keisarar þannig löndum með sjer: Diocletianus áskildi sjer austurlönd þ. e. Biþyniu, Arabiu, Lybiu, Egiptaland og Sýrland; Galerius hlaut Dalmatiu, Pannoniu, Mösiu, Þrakiu, Grikkland og Litlu-Asiu; Maximianus Róm og Ítalíu, Rhätiu, Sikiley, Sardiniu, Spán og Norður-Afríku; Constantius Bretland og Galliu. Þar sem varnir ríkisins höfðu ráðið svo miklu um skipun hinna nýju keisara, fengu þeir aðsetur á þeim útjöðrum ríkisins, sem einna mest mæddi á, en ekki í Róm. Diocletianus í Nikomediu í Biþyniu, Galerius í Sirmium í Pannoniu, Maximianus í Mediolan-

um (Milano) og Constantius í Augusta Trevirorum (Trier). Enda þótt æðsta stjórnarvaldinu væri þannig skift milli 4 stjórnenda, skyldi ríkið að tilætlun Diocletianusar samt vera eitt og óskift eftir sem áður. Hann fór með æðstu yfirráðin og hans boði og banni var alstaðar fylgt. Hann og meðstjórnendur hans teljast hafa þegið völd sín af sólguðnum og vera góðbornir og goðafeður (‚a deis geniti et deorum creatores'). Diocletianus sjálfur átti auk þess að fagna sjerstakri handleiðslu og vernd Jupiters, eins og kenningarnafn hans Jovius ber vitni um.

Það varð hlutverk Constantiusar að fara með her manns á hendur Carausius, sem áður var nefndur. Hann vann fyrst vígi eitt í Galliu, sem Carausius hafði kastað eign sinni á, og nú nefnist Boulogne. Því næst snerist hann í móti Frökkum, bandamönnum Carausiusar, fór herskildi um land þeirra og gerði marga af þeim að leiguliðum í Galliu. Að því búnu kom hann sjer upp öflugum flota og hjelt til Bretlands. En þá hafði lífvarðarforingi Carausiusar, er Alectus hjet, ráðið hann af dögum og tekið sjer keisara nafn. Varð Constantiusi því sigurinn auðunninn (296). Hann sýndi fylgismönnum Carausiusar mikla vægð og hafði eftir það oft aðsetur á Bretlandi í Eboracum (York). Þegar Constantius hafði brotið Bretland undir sig, tók hann að treysta landvarnir í Galliu og reisa aftur við bjargræðisvegi landsmanna, er hafði hnignað mjög undanfarin ófriðarár. Hann átti einnig vopnaviðskifti við Germana og hafði löngum betur í þeirri viðureign. Meðan Constantius var önnum kafinn í að friða Bretland, hafði Maximianus orðið að fara með her manns til Afríku til þess að hrinda áhlaupum þjóðflokka, sem brotist höfðu sunnan úr eyðimörku inn í lönd Rómverja í Norður-Afríku. Er svo að sjá sem honum hafi tekist að reka þá af höndum sjer.

Árið 293 fól Diocletianus Galeriusi undirkeisara að halda uppi landvörnum í Donaulöndunum. Átti hann þar í höggi við ýmsa germanska og slafneska þjóðflokka, sem gerðu löngum usla í löndum Rómverja fyrir sunnan fljótið.

Í þann tíma gerðu Egiptar uppreisn og tóku sjer þarlendan keisara. Diocletianus tókst sjálfur á hendur forustuna og settist um Alexandriu, sem var miðstöð uppreistarinnar. Borgarbúar vörðust af mikilli hreysti, en er keisari gat loks náð borginni á sitt vald, ljet hann hermenn sína ræna hana og rupla og leggja eld í mörg hús og drepa margt manna. Þegar uppreisnin var sefuð, friðaði hann hinn róstugjarna öreigalýð í borginni með því að gefa honum fyrirheit um ríflegan kornfangastyrk.

Fyrstu stjórnarár Diocletianusar fór allvel á með honum og Persum. En er hann var í allmiklum vanda staddur í Egiptalandi, rauf *Narses* Persakonungur, ungur maður og stórhuga, friðinn og kastaði eign sinni á Armeniu, sem Diocletianus hafði aftur gert lýðskylda Rómverjum. Þótti keisara sóma sínum og ríkisins misboðið með þessu og sendi Galerius undirkeisara með her manns á hendur Persum. Hann lagði til orustu við þá á sljettum völlum ekki langt frá Carrhae, þar sem Crassus hinn auðgi endur fyrir löngu hafði beðið mikinn ósigur fyrir Pörþum og látið líf sitt. Lá við sjálft, að eins færi nú fyrir Galeriusi. Hann fjekk ekki reist rönd við riddaraliði Persa, misti gervallan her sinn og komst sjálfur nauðulega undan. En í þeim svifum kom Diocletianus þangað með liðsauka. Þegar þeir Galerius hittust, ljet Diocletianus undirkeisara sinn hlaupa 1 rómverska mílu í öllum keisaraskrúða við hliðina á vagni sínum, án þess að virða hann viðtals. Hann svifti hann þó ekki herstjórninni, heldur gaf honum kost á, að bæta aftur fyrir glappaskot sitt með því að vinna sigur á Persum. Dró nú Galerius að sjer mikið lið vestan úr löndum og hjelt her sínum ári síðar yfir fjallaskörð Armeniu, þar sem Persar gátu ekki komið við riddaraliði. Þegar hann nálgaðist her óvinanna, hjelt hann sjálfur uppi njósnum um herbúðir þeirra og herafla og rjeðst á þá snemma morguns, er þeir ugðu ekki að sjer. Narses var gersigraður og misti her sinn, hersjóð og kvennabúr og komst með herkjum undan á flótta. Ósigur ‚konungsins mikla' var svo tilfinnanlegur, að hann

hóf að fyrra bragði friðarumleitanir við keisara. Diocletianus gaf konungi kost á friði með þeim skilyrðum, að hann ljeti af hendi alla Mesopotamiu, 5 armenisk hjeruð við Efri-Tigris, Iberiu (Georgiu) ásamt Kaukasusskörðunum, og að Armenia yrði aftur rómverskt lýðríki. Konungur sá sjer ekki annað fært en að ganga að þessum kostum, og var friðurinn saminn í ársbyrjun 298.

Fyrir hina samhentu og öflugu stjórn Diocletianusar og meðstjórnarmanna hans urðu óvinir ríkisins hvervetna að lúta í lægra haldi, og í Asíu urðu öll lönd austur að Tigris Rómverjum háð, eins og verið hafði á stjórnarárum Trajanusar. Átti friður þessi mikinn þátt í að treysta landamæri Rómaveldis í Asiu, enda hjelst friður með Persum og Rómverjum fram undir hálfa öld. Árið 300 má telja að hinum stórfeldu og hættulegu styrjöldum sje lokið, sem Diocletianus og meðstjórnendur hans höfðu átt í um allmörg ár, og árið 303 hjeldu keisararnir allir saman íburðarmikla og veglega sigurhátíð í Róm.

Þessi ófriðarár hafði Diocletianus og meðstjórnendur hans starfað látlaust að því að rjetta við hag ríkisins. Þeir, og einkum Diocletianus, voru á sífeldum eftirlitsferðum um ríkið. Auk þess gekst hann mest fyrir því að koma nýrri skipun á alla umboðsstjórn, atvinnumál, skattamál og dómgæslu ríkisins og treysta hana með lögum. Af einkalaga fyrirskipunum frá stjórnarárum hans, sem varðveitst hafa í rómverskum lögbókum, telst mönnum, að um 1200 sjeu runnin frá honum. Löggjöf hans á í ýmsum greinum sammerkt við hin mannúðlegu lög Antoniusar Piusar, Marcusar Aureliusar og Septimusar Severusar, eða er öllu heldur framhald af löggjöf þeirra. Lög hans mæla t. d. svo fyrir, að börnum sje skylt að sjá aldurhnignum foreldrum farborða, að faðir megi ekki selja son sinn; að sonur megi ekki bera vitni mót föður sínum nje bróðir gegn bróður eða þræll mót húsbónda sínum. Það er brýnt fyrir dómurum að láta lögin ganga jafnt yfir alla án nokkurs manngreinarálits og pyndamenn ekki til sagna nema í ítrustu nauðsyn.

Diocletianus skifti Rómaveldi í tvo ríkishluta, eins og áður hefir verið tekið fram. Þeir greindust aftur í tvo fjórðunga (praefaecturae). Á þessari skiftingu bygði hann hina gagngerðu breytingu sína á umboðsstjórn ríkisins, sem eftirmaður hans, Constantinus hinn mikli lagði síðan smiðshöggið á. Ríkisfjórðungarnir skiftust hinsvegar í mörg umdæmi (dioeceses), en þau aftur í skattsýslur (provinciae), er voru töluvert smærri og þar af leiðandi miklu fleiri en áður, eða alls 119 að tölu.

Af hinni nýju skipun ríkisins, er nú var getið, leiddi fyrst og fremst það, að fjölga varð embættismönnum að miklum mun, og í annan stað var tekin upp rík embættismannastjórn. Urðu embættismenn þessir að hlíta boði og banni keisara í öllum greinum, hlutast til um alt og annast hvað eina, sem fyrir þá var lagt. Í þess stað fengu þeir, sem gegndu hinum æðri embættum, há laun og ýmiskonar fríðindi og margskonar metorð og titla, sem nafnbætur og lögtign síðari alda er runnin frá. Þá var og tekin upp sú mikilsvarðandi stjórnarvenja að láta ekki sama manninn hafa á hendi herstjórn og stjórn borgaralegra málefna, eins og áður hafði tíðkast með Rómverjum. Fjórðungsstjórarnir (praefecti) fóru með æðstu umboðsstjórn og æðsta dómsvald hver í sínum fjórðungi, en höfðu engin hervöld. Sama máli var að gegna um umdæmisstjóra (vicarii) og skattlandsstjóra, sem nefndust ýmsum nöfnum. Yfirherstjórnin var falin hermentuðum mönnum, er nefndust hermeistarar (magistri militum), og áttu á að skipa æðri og lægri foringjum. Með þessari stjórnarvenju, sem telja má til einhverra hinna mikilvægustu stjórnmálaframfara í sögu mannkynsins, vildi Diocletianus þó einkum koma í veg fyrir, að æðstu embættismenn ríkisins yrðu ofjarlar sínir og steyptu sjer af stóli.

Róm og Ítalía mistu nú forræði það í Rómaveldi, sem þær höfðu haft um langan aldur. Ítalía var sett á bekk með skattlöndum ríkisins og skift í smærri skattsýslur eins og þeim, en Róm varð sjerstakt borgfjelag með líkri skipun og aðrar borgir ríkisins. Öldungaráðið í Róm, sem

áður fyr hafði fjallað um mál, sem vörðuðu alt ríkið, fór nú aðeins með málefni borgarinnar. Róm og ríkið var ekki lengur eins og áður fyr eitt og hið sama, heldur sitt hvað.

Þá var og að heita mátti sjálfsforræði rómverskra borga lokið. Þær höfðu framan af keisaraöldinni ráðið sjer að mestu leyti sjálfar og keisari og skattlandsstjórar aðallega haft eftirlit með stjórn þeirra. Síðan hafði sjálfstjórn þeirra farið smám saman hnignandi, þar til er embættismenn keisara, þegar hjer var komið, tókust á hendur stjórn þeirra. Stjórnin íþyngdi þeim á ýmsar lundir, einkum hinum svonefndu borgaráðmönnum (decuriones) þeirra, svo sem með því að skylda þá til að ábyrgjast, að borgir og umhverfi þeirra greiddu ríkinu lögskipuð gjöld. Við þetta var borgaráðunum svo íþyngt, að engir fengust til að vera í þeim, enda voru völd þeirra og áhrif þrotin. En þá greip stjórnin til þess úrræðis, að gera stöðuna, sem framan af keisaraöldinni hafði þótt virðuleg og eftirsóknarverð, arfgenga og þröngva öllum, sem áttu ákveðna fjáreign í jörðum, til þess að sitja í borgaráðunum. Skyldu þeir allir fyrir einn og einn fyrir alla bera ábyrgð á gjöldunum. Fyrir bragðið varð stjett þessi smám saman fjelaus. Allir atvinnurekendur í borgunum, svo sem verksmiðjueigendur, kaupmenn og iðnaðarmenn, voru þegar framliðu stundir flokkaðir í gildi, er skyldu greiða ríkinu fastákveðin skattgjöld. Staðan var og arfgeng, enginn kostur að losna úr gildinu, nema með því að fá einhvern til þess að ganga í sinn stað.

Sama ófrelsið ber fyrir oss í sveitunum. Frjálsir smábændur voru nú því nær alveg horfnir í vestrómverska ríkinu. Þar höfðu nálega allar jarðeignir safnast á hendur auðugra stóreignamanna eða voru í eigu ráðmannanna í borgunum. Á stóreignunum bjuggu nú eigendurnir og ættfólk þeirra, auk þræla, leysingja og leiguliða. Þessir frjálsu leiguliðar urðu skömmu eftir að hjer var komið ánauðugir og átthagabundnir. — Stjórnendurnir skirðust

ekki við að svifta þegna sína sjálfkvæðisrjetti og athafnafrelsi og flokka þá niður í erfðastjettir með ákveðnum skyldum og rjettindum, til þess að afla fjár þess, sem gekk til útgjalda ríkisins.

Þjóðfjelag, sem verður að taka til slíkra örþrifsráða, til þess að afla sjer nauðsynlegra tekna, er efnahagslega langt leitt. Það er engum vafa undirorpið, að rómverska ríkið lagði um þessar mundir þegnum sínum þyngri byrðir og kvaðir á herðar, en þeir fengu undir risið. Þess vegna fór velmegun þeirra og gjaldþol smáþverrandi. Með því að svifta borgarana sjálfstæði þeirra og athafnafrelsi upprætti stjórnin áhuga þeirra fyrir heill og velferð ríkisins. Vera má að ráðstafanir þessar hafi verið óumflýjanlegar eftir því sem högum ríkisins var þá komið, en það orkar ekki tvímælis, að þær urðu síðar meir ríkinu til niðurdreps og falls.

Þegar Diocletianus kom til valda, voru bjargræðisvegir ríkisins í mesta ólagi. Fjárkreppa, vöruskortur og dýrtíð þjökuðu land og lýð, einkum voru allar lífsnauðsynjar afardýrar. Líklegt er að þetta háa verðlag hafi haldist all-lengi, því að árið 301 setti keisarinn með tilskipun, sem hefir varðveitst í merkilegri áletrun frá Stratonicea, borg í Litlu-Asíu, hámarksverð á ýmsar lífsnauðsynjar og helstu iðnaðarvörur, og jafnframt ákvað hann hámarks-dagkaup verkamanna og ýmissa iðnaðarmanna og hámarks-mánaðarlaun kennara o. fl. Var lögð við dauðarefsing ef út af var brugðið. Tilskipun þessi náði að eins til Austurlanda, en kom alls ekki að tilætluðum notum, því að víða þutu vörur upp í hámarksverð, þar sem þær höfðu áður verið seldar við sanngjörnu verði, og margir vildu ekki selja varning sinn fyrir hið ákveðna hámarksverð, svo að vöruskorturinn varð enn tilfinnanlegri.

Peningamál ríkisins voru í mesta ólestri, þegar Diocletianus tók við stjórn. Hann gerði sjer mikið far um að kippa þeim í lag og gerði á 15 árum 4 allmiklar breytingar á peningamálum þess. En þær komu að litlum

notum og urðu fremur til að auka dýrtíðina en að draga úr henni, að því er Lactantiusi segist frá. Er ekki ósennilegt, að hámarks- og dýrtíðarráðstafanir hans, sem áður var getið, hafi með fram átt rót sína að rekja til þess, að afskifti hans af peningamálum ríkisins báru lítinn eða engan árangur. Loks má geta þess, að síðasta árið, sem hann sat að völdum, ljet hann meta allar jarðeignir í ríkinu til dýrleika, til þess að koma rjettlátari og fastari skipun á skattgreiðslu manna.

Nú skal þá loks vikið að þeirri stjórnarráðstöfun Diocletianusar, sem hefir bæði fyr og síðar bakað honum mikla óvild og megna áfellisdóma, en það eru ofsóknir hans gegn kristnum mönnum. Meðan Diocletianus og meðstjórnendur hans áttu í hinum erfiðu og hættulegu styrjöldum við útlenda og innlenda óvini, höfðu þeir látið trúmál ríkisins lítt til sín taka. En þegar þeim hafði loks tekist að friða ríkið og koma á það sæmilegri skipun, breyttist aðstaða þeirra til trúarbragðanna. Diocletianus hafði tekið sjer fyrir hendur að reisa Rómaveldi aftur við á fornrómverskum grundvelli, að því er honum taldist. Það var því eðlilegt, að hann snerist öndverður gegn öllu því, sem hefti þessa viðleitni hans og þá fyrst og fremst mót hinum nýja sið, sem var hættulegasti andstæðingur hinnar grískrómversku lífsskoðunar og þjóðfjelagsskipunar. Auk þess var hann mikill trúmaður á heiðna vísu og hafði eins og margir samtíðarmenn hans miklar mætur á vjefrjettum, innyflaspám og spásögnum, en virðist á hinn bóginn hafa verið örlagatrúarmaður og laus við trúarofsa og trúarofstæki. Hann studdi á ýmsan hátt hinn forna átrúnað og ljet reisa mörg hof og ölturu heiðnum guðum til dýrðar.

Diocletianus hefir því sennilega bæði sakir trúar sinnar og til þess að fyrirgera ekki náð og fulltingi hinna heiðnu guða talið sjer skylt að hefjast handa gegn kristinni trú. Hann mun enn fremur smám saman hafa komist á þá skoðun, að hann gæti því að eins hafið ríkið til forns vegs og frama, að honum tækist að gera kristna trú land-

ræka. Er það því sennilegra og í fyllra samræmi við lyndiseinkunn hans, að hann hafi sjálfur átt upptökin að ofsóknunum, en að hann hafi hafið þær, eins og kristnir rithöfundar halda fram, fyrir áeggjun Galeriusar undirkeisara, er var svarinn óvinur kristinnar trúar. Annars eru heimildarrit vor um ofsóknir þessar og upptök þeirra ærið einhverf og vilhöll. Tilskipunum keisara um ofsóknirnar hefir verið tortímt og rit heiðinna sagnaritara (Zosimos og Ammianus Marcellinus) sem meðal annars hafa fjallað um Diocletianus og ofsóknir þessar, hafa verið stýfð. Er ekki ósennilegt, að kristnir trúarofstækismenn, sem hefir t. d. þótt Zosimos bera Diocletianusi og trúarofsókn hans of vel söguna, hafi ónýtt þann kafla af riti hans, er ræddi um stjórnarferil keisara. Alveg eins og heiðnir menn stýfðu rit Ciceros ‚Um eðli guðanna' (De natura deorum), til þess að kristnir menn gætu ekki stuðst við röksemdir hans í baráttu þeirra móti fjölgyðinu. Eina ítarlega heimildin um ofsóknirnar er rit Lactantiusar kirkjuföður ‚Um dauða ofsóknaranna' (De mortibus persecutorum). Er það að vísu samið af samtíðarmanni, er átti heima í Nikomediu, aðseturstað keisara, en er í mesta máta hlutdrægt og óáreiðanlegt, og verður því að nota það með sjerstakri varúð. Frásögn Eusebiosar í kirkjusögu hans um ofsóknirnar er einnig víða óáreiðanleg og ruglingsleg, einkum hvað tímatal og rás viðburða snertir.

Nokkrum árum áður en kristni-ofsóknirnar hófust, eða sennilega árið 297 eða 298, lagði Diocletianus fyrir alla kristna hermenn og liðsforingja í her sínum að kasta trúnni, ef þeir vildu halda stöðu sinni. Vjer vitum ekki, af hverjum ástæðum þessi stjórnarráðstöfun keisara hefir verið sprottin. Það virðist þó liggja beinna við að ætla, að hún hafi fremur verið stjórnmálalegs en trúarlegs eðlis, eða með öðrum orðum, að keisari hafi á einhvern hátt komist að raun um, að kristnum hermönnum væri síður treystandi en heiðnum. Hins vegar kemur vantraust hans á kristnum hermönnum ekki vel heim við það, að hann

hafði enn nokkur ár eftir að þetta gerðist og jafnvel eftir að ofsóknin var byrjuð, kristna menn í þjónustu sinni við hirðina og það jafnvel í háum trúnaðarembættum. — Um þessar mundir hófu þeir keisararnir ákafa ofsókn móti hinni svonefndu Manikeatrú, sem þegar hjer er komið, hafði náð all-mikilli útbreiðslu í Rómaveldi, einkum í Norður-Afríku. Trú þessi var persnesk að uppruna og samsteypa af ýmsum austrænum trúarbrögðum og kristinni trú. Virðast Manikear hafa farið all-geist í rómverska ríkinu og meir að segja ráðist á ríkisátrúnaðinn. Í tilskipun Diocletianusar á móti Manikeum er sem sje svo að orði komist: ‚Forna trúin á ekki að verða fyrir aðkasti af hinni nýju' (neque reprehendi a nova vetus religio debet). Er ekki ósennilegt, að í orðum þessum felist meginregla sú, er keisari vildi, að hinir ýmsu trúarflokkar ríkisins fylgdu fram í sambúðinni hver við annan, svo að trúardeilur milli þeirra röskuðu ekki friðnum.

Hin mikla ofsókn Diocletianusar gegn kristnum mönnum hófst með því, að 23. febrúar 303 kom lífvarðarforingi keisara með embættismönnum og liðsforingjum og sveit varðliðsmanna til kirkjunnar miklu í Nikomediu. Hann ljet brjóta upp kirkjudyrnar, brenna hinar helgu bækur, sem geymdar voru í kirkjunni, rupla og ræna gripum hennar og loks jafna hana við jörðu. Daginn eftir var birt tilskipun keisara, er lagði svo fyrir, að kirkjur kristinna manna skyldu brotnar niður, allar guðþjónustu samkomur þeirra bannaðar og helgar bækur brendar. Þá voru og borgaraleg rjettindi kristinna manna skert að miklum mun: Þeir sem höfðu embætti eða virðingarstöður á hendi skyldu missa þær. Það var leyft að pynda þá til sagna, hversu hátt sem þeir voru settir í mannfjelaginu, kristnir menn af lægri stjettum mistu borgararjett sinn, og kristnir þrælar gátu alls ekki fengið frelsi, ef þeir hjeldu fast við trú sína. Þetta var nú aðalinntak tilskipunarinnar, að því er kristnir höfundar skýra frá. Mun það hafa vakað fyrir keisara að skerða svo rjett kristinna manna, að engir nema þeir, sem lægst voru

settir í mannfjelaginu, gætu unað við þá trú; en eftir því sem hinum sömu höfundum segist frá, vildi Diocletianus í upphafi komast hjá aftökum og blóðsúthellingum, enda vissi hann af reynslu undanfarandi ofsókna, að þær höfðu ekki gefist vel.

Kristnir menn snerust þegar öndverðir gegn ráðstöfunum keisara, af því að þeir fundu hjá sjer afl og áræði til að hefjast handa og gramdist á hinn bóginn rjettarskerðing sú, er þeir urðu fyrir. Aðfarir þeirra komu keisara til þess að herða á ráðstöfunum sínum og sýna kristnum mönnum í tvo heimana. Fyrsti píslarvotturinn eftir birting tilskipunarinnar var mikils metinn kristinn maður, er reif tilskipunina niður með hæðilegum ummælum. Er sagt, að hann hafi verið brendur. Er sennilegt, að hann hafi gert það í trausti til einhverra almennra samtaka af kristinna manna hálfu, sem hann hefir haft eða þóttst hafa einhverja vitneskju um, því að annars er þessi þvermóðska hans gegn keisara allskostar óskiljanleg. Þar næst greina heimildirnar frá grimmilegum pyndingum og aftöku allmargra kristinna hirðherra og hirðsveina. Má vera að eitthvert samband, sem oss er ókunnugt um, hafi verið milli þessara viðburða. Eusebios segir að vísu, að hirðmennirnir hafi látið lífið fyrir trú sína. En eftir tilskipuninni áttu þeir þá að fyrirgera stöðu sinni og metorðum, en ekki lífinu. Hitt mun sönnu nær, að Diocletianus og Galerius, sem þá var staddur í Nikomediu, munu þóttst hafa komist á snoðir um eitthvert samsæri, sem kristnir menn hefðu gert gegn þeim.

Skömmu eptir að tilskipunin var birt, kviknaði tvisvar á fjórtán daga fresti eldur í þeim hluta keisarahallarinnar, sem Diocletianus bjó sjálfur í. Lactantius skýrir svo frá, að Galerius undirkeisari hafi stofnað til íkveikjunnar, til þess að geta skotið skuldinni á kristna menn, Diocletianus hafi gengið í gildruna, lagt trúnað á áburð hans og látið þegar heipt sína og bræði koma niður á kristnum mönnum. Það væri óðs manns æði að deila á jafnhlutdrægan rithöfund og Lactantius er. En það er þó harla

ósennilegt, að Galerius hafi búið tengdaföður sínum fjörráð, og hitt ekki síður, að hann hefði gert honum slíkar glettingar, því að vjer vitum, að hann var Diocletianusi hinn auðsveipasti og virti hann ávalt manna mest. Hinsvegar er það ærið ótrúlegt, að maður gæddur jafnmiklum vitsmunum og Diocletianus og eins veraldarvanur hefði ekki þegar í stað sjeð, hvernig í öllu lá. Hitt er víst, að sá grunur lagðist á, að kristnir menn hefðu ætlað að brenna keisara inni. Var þá hafin grimmileg rannsókn til þess að komast fyrir hið sanna. Lauk henni svo, að margir kristnir embættismenn við hirðina og ýmsir safnaðarfjelagar í Nikomediu voru af lífi teknir. Þar næst greina heimildir vorar frá uppreisnum í Antiochiu og í hjeraðinu Melitene í Kappadokiu, sem kristnir menn höfðu vakið. Það er segin saga, að þær höfðu ekkert annað upp á sig en að hert var á ráðstöfunum þeim, er gerðar höfðu verið gegn kristnum mönnum. Ný tilskipun var gefin út, er lagði svo fyrir, að oddvitar safnaðanna skyldu færðir í fangelsi. Í þriðju tilskipuninni var svo fyrirmælt, að kristnir menn skyldu látnir lausir, ef þeir færðu heiðnum guðum fórnir, að öðrum kosti skyldi þeim þröngvað til þess með öllu móti. Loks mælti fjórða tilskipunin svo fyrir, sem var birt 304, að allir kristnir menn skyldu færa fórnir. Í raun rjettri var það sama sem dauðadómur yfir þeim, er ekki vildu kasta trú sinni. Í austurhluta ríkisins hófust nú grimmilegar ofsóknir, sem hjeldust fyrst óslitið í 4 ár og síðan meir eða minna í 5 ár.

Hjer er ekki tóm til að skýra ítarlega frá ofsóknum þessum eða gagnrýna frásögn Eusebiosar og helgisögurnar um hin afarmörgu hryðjuverk, er þá voru unnin. En það orkar ekki tvímælis, að ofsóknir þessar efldu stórum kirkjuna og gerðu hana færa til að takast síðar meir á hendur forustuna. Í austurhluta ríkisins voru mest brögð að ofsóknunum. Átti það ekki að eins rót sína að rekja til hinnar miskunnarlausu röggsemi Diocletianusar og hins ákafa trúarofsa Galeriusar, heldur stafaði það einnig af

því, að kristnir menn voru miklu fjölmennari í austurhlutanum og þar af leiðandi öflugri og hættulegri andstæðingar en í öðrum hlutum ríkisins. I Afríku beindust ofsóknirnar einkum að því, að heimta hinar helgu bækur kristinna manna framseldar. Í Vesturlöndum hafði kristnin náð minni útbreiðslu en í suður- og austurhluta ríkisins, enda ljet Constantius Chlorus sjer nægja að brjóta þar kirkjur og banna samkomur kristinna manna, en hins vegar fengu kristnir menn, sem þjónuðu í hernum eða gegndu störfum og embættum við hirð hans, að halda stöðum sínum. Lagðist því það orð á, að hann væri undir niðri fylgjandi kristinni trú, en svo var ekki. Mannúð hans og mentun munu hafa ráðið mestu um aðstöðu hans til ofsóknanna.

Skömmu eftir að ofsóknirnar byrjuðu, eða vorið 303, ferðaðist Diocletianus til Róm til þess að halda sigurhátíð þá, er að framan var getið, og jafnframt væntanlegt 20 ára stjórnarafmæli sitt. Í Róm hafði hann nokkrum árum áður látið gera baðhús þau hin miklu, sem voru stórfenglegust allra baðhúsa í Róm. Nú ljet hann útbýta afarmiklum fjegjöfum meðal lýðsins, er námu í vorum peningum um 200 miljónum króna. En lýðurinn kunni honum litlar þakkir fyrir þessa höfðinglegu gjöf, af því að honum fanst lítið koma til leika þeirra, sem keisari stofnaði til, en leikarnir voru lýðnum eins og fyr fyrir öllu. Þegar keisari varð þess áskynja, að menn lögðu lítið upp úr leikum hans, sagði hann í háði, að taka bæri fyrir allt óhóf í návist siðgæslustjóra. Kom það brátt í ljós, að hann kunni lítt við sig í hinni fornhelgu borg með hennar gömlu menjum og úrelta fyrirkomulagi. Hann hafði þar að eins skamma viðdvöl og fór burtu úr borginni í árslok. Á ferðinni austur til Nikomediu varð hann hættulega veikur, og síðan ágerðist sjúkdómurinn svo mjög, að menn hugðu honum ekki líf. Hann rjetti að vísu síðan nokkuð við, en var þá orðinn svo veiklaður og farinn, að hann afrjeð að leggja niður völdin. Sumir sagnfræðingar hafa aftur á móti haldið því fram, að hann

hafi fastráðið það löngu áður. Í keisaralögum hans hafi verið svo fyrir mælt, að yfirkeisarar skyldu láta af stjórn, þegar þeir hefðu setið 20 ár að völdum, og undirkeisarar taka við af þeim. Hjer skal ekki lagður neinn dómur á, hverir hafi meira til síns máls. En 1. maí 305 ljet Diocletianus stefna saman stórmennum, herforingjum og hermönnum á hæð einni fyrir utan Nikomediu og færði sig þar undir súlu með Júpiters líkneskju úr keisaraskrúðanum og lagði niður völdin, en skipaði Galerius yfirkeisara og systurson hans Maximinus Daza og Flavius Valerius Severus undirkeisara. Samtímis gerði Maximianus hið sama í Milano af hlýðni við fornvin sinn og embættisbróður og skipaði Constantius Chlorus yfirkeisara í sinn stað.

Jafnskjótt sem Diocletianus hafði lagt niður völdin hjelt hann til átthaga sinna í Dalmatíu eftir mikið og affaradrjúgt æfistarf. Í Spalato ljet hann reisa mikla höll, sem að lögun svipaði til herbúðanna, þar sem hann hafði alið mestallan aldur sinn. Þar lifði hann það sem eftir var æfinnar og gróðursetti trje og ræktaði jurtir og blóm sjer til afþreyingar. Af því virðist mega ráða, að hann hafi ávalt í hjarta sínu verið hátt hafinn yfir hina austurlensku hirðsiði og margbrotnu siðareglur, sem hann tók upp við hirð sína, og að hann í keisaradýrðinni i Nikomediu hafi oft þráð hið einfalda og óbreytta líf á æskustöðvunum. Þegar hann nú þóttist hafa lokið ætlunarverki sínu dró hann sig í hlje, farinn að heilsu, saddur metorða og genginn úr skugga um, að því hærra sem markið er sett, því erfiðara veitir mönnum að komast að því.

Diocletianus var hár maður og grannur, gæddur ósveigjanlegum vilja og þrautseigju. Hann hafði eitthvert töfravald yfir meðstjórnarmönnum sínum, sem höfðu þó alist upp við sjálfræði og ofsa hermanna harðstjórnarinnar. Aldrei er getið um misþokka og sundurþykkju milli þeirra; möglunarlaust gengust þeir undir boðorð alvaldans. Þannig datt Maximianusi, sem þó var mesta ofsamenni, ekki í hug að færast undan að leggja niður keisaravöldin, þegar

Diocletianus æskti þess. Og seint fyrnist manni frásögnin um Galerius undirkeisara, sem varð að hlaupa 1 rómverska mílu við hliðina á vagni Diocletianusar eins og hann væri þræll hans. Diocletianus átti í því sammerkt við Napóleon mikla, að hann sveigði ráð manna eftir geðþótta sínum og ljet þá þjóna sjer. Hann var þó engan veginn óvæginn eða tortrygginn að eðlisfari. Þegar hann var sestur að ríkjum lagði hann niður hina illa þokkuðu leynilögreglu, hefndi sín ekki á andstæðingum og ljet jafnvel embættismenn Carinusar fyrirrennara síns halda embættum þeim, er þeir höfðu haft á hendi. Hinsvegar var hann harður og refsingasamur við þá, sem hófust handa móti ríkinu og skipun þeirri, sem hann hafði komið á, eins og harðýðgi hans við Alexandríubúa og hinar grimmilegu ofsóknir hans gegn Manikeum og kristnum mönnum bera vitni um. Þegar á alt er litið, mun mega fullyrða, að stjórn hans, þegar vjer sleppum hinum hryllilegu ofsóknum, hafi verið einhver hin besta og nýtasta, sem Rómverjar hafa átt. Eftir því sem högum ríkisins var komið, þegar hann tók við stjórn, var hverjum manni ofvaxið að reisa það aftur við að fullu, enda var ellin farin að sækja það heim. Fyrir því varð nú annar eins stjórnskörungur og Diocletianus að láta sjer nægja að halda ríkinu óskertu og geta í bráðina ráðið nokkurn veginn bót á hinum margvíslegu innri meinsemdum þess.

Þegar eftirmenn Diocletianusar voru settstir að völdum, hófst brátt svo mikil sundurþykkja og ófriður með þeim, að þeir fengu ekki við neitt ráðið. Í þessum vandræðum komu þeir sjer saman um að leggja deilumál sín undir úrskurð hans. Fyrir bænastað Galeriusar yfirkeisara ljet hann tilleiðast að sækja fund með þeim í Carnuntum í Pannoniu árið 307. Lactantius telur að vísu, að hann hafi orðið vitskertur skömmu áður en hann ljet af stjórn, en keisararnir virðast ekki hafa vitað annað en hann væri með fullu viti og manna best fallinn til að ráða fram úr vandræðum þeirra. Hvað um það. Tillögur hans gengu fram og sættir tókust í svipinn. Deilur

þessar fengu Diocletianusi mikillar áhyggju, eins og eðlilegt var. Hann sá að keisaraskipun sú, er hann hafði sett, var að fara forgörðum og viðbúið, að ríkið liðaðist í sundur af óstjórn og innanlands óeirðum. Hann lifði enn nokkur ár mikilsvirtur af samtímamönnum sínum, en árið 313 rjeð hann sjer bana til þess að forðast svikráð þeirra máganna, Konstantinusar og Liciniusar keisara. Þannig lauk Diocletianus æfi sinni, 68 ára að aldri. Hefir hann að margra dómi verið einhver hinn merkasti og mesti keisari Rómverja, er sögur fara af. Heiðnir samtíðarmenn tóku hann í guðatölu, þótt hann væri valdalaus, eins og títt var að gera við framliðna keisara í heiðnum sið, er þóttu þess maklegir.

Vísur

heiðarlegs og guðhræddS síra Einars sáluga Sigurðssonar á Eydalastað um tölu barna sinna.

Syni á eg sjö til vonar,
set eg *Odd* fyrst í letri,
Sigurðr sæll mun verða,
sýslar trúlega *Gísli*,
Ólafi hjúin öll hæla,
Höskuld tel eg geðröskvan,
Eirekur og *Jón* líkjast
ungir, af snjallri tungu.

Dætr á eg sjö í sveitum,
Setzeliu [vil eg telja [1]),
Margrét mín skal heita,
meira hlýði eg *Sigríði*,
Anna er orðsnjöll kvinna,
allfróð *Gunna* móðir,
Herdís hornsóp lærir
hugarsvinn, verklag hinna.

[1]) [tel eg geðröskva, hdr.

Um faðerni Sverris konungs.

Eftir **Árna Pálsson.**

Sverris saga segir svo frá, að þá er Birkibeinar fundu Sverri á Vermalandi og skoruðu á hann, að hann gerðist höfðingi þeirra, þá hafi honum ekki þótt fýsilegt að bindast fyrir mál þeirra. Taldi hann á því öll tormerki, og þá auðvitað fyrst og fremst ríki og vinsældir þeirra feðga, Erlings jarls og Magnúss konungs, en vesæld og ráðleysi Birkibeina. »En jeg er maður fjelítill og yður ókunnur. Megi þjer svo mæla, ef yður mislíka mín ráð, að þjer vitið ógjörla, hverjum þjer þjónið«. Og nokkru síðar í ræðunni víkur hann aftur að hinu sama: »Veit og engin mína ætt, ganga allir þess duldir, nema það eina, er jeg segi einn saman«. — Svo fór, sem kunnugt er, að Sverrir tók við hinum fámenna og úrræðalausa flokki og braut síðan undir sig allan Noreg og gerðist einn hinn stórráðasti, vitrasti og víðfrægasti höfðingi, sem nokkru sinni hefir ríkjum ráðið á Norðurlöndum. En þó er það jafnsatt enn í dag sem í upphafi, að enginn veit ætt hans. Í því efni hafa menn það eitt við að styðjast, sem hann sjálfur sagði einn saman.

Svo sem kunnugt er ritaði Karl ábóti Jónsson fyrri hluta Sverris sögu »með fullu vitorði sjálfs Sverris konungs og hann fyrir sagði, hve rita skyldi eður hvernig setja skyldi«. Það er og vafalaust Karl ábóti, sem bætti seinni hlutanum við síðar úti á Íslandi. Sá hluti sögunnar er ritaður nákvæmlega í sama anda og með sama stílsmáta sem hin fyrri, og það eitt skilur, að hjer er farið miklu fljótara yfir sögu og frásögn öll ónákvæmari en í fyrri hlutanum. Er það og ekki undarlegt, því að þótt Karl ábóti hafi vafalaust leitað til hinna bestu heimildarmanna, sem kostur var á, þá hefir þó vitanlega enginn þeirra getað jafnast við Sverri konung sjálfan.

Margt er merkilegt um Sverri, en þó er þetta ekki síst, að í hans höndum verður alt að vopni. Hann sigraði fjandmennina ekki

síður með ræðum en með orustum, og hann vegur með pennanum eigi síður en með sverðinu. Hann sigraði hinn krýnda konung Norðmanna á vígvellinum, og reyndist klerkdómi Noregs hinn háskalegasti mótstöðumaður á ritvellinum. En það var ekki nóg að bera ægishjálm yfir samtíðarmönnum sínum, hann hugsaði eigi síður um framtíðina. Hinn vitri og langsýni mannþekkjari vildi ekki eiga dóminn um sig dauðan undir tungurótum annara manna. Þess er getið í Skáldatali í Snorra-Eddu, að 13 skáld hafi orkt um Sverri. En ekki hefir hann látið taka einn vísustúf úr kvæðum þeirra upp í sögu sína, enda eru þau nú öll glötuð, nema ef til vill einn ómerkilegur vísuhelmingur. Sverri hefir vafalaust getist lítt að skvaldri hirðskáldanna. Hann hefir haft þá virðing á, að minning sinni væri ekki að borgnara, þó að mærð þeirra og málskrúði væri fljettað inn í söguna. En hann tekur hina ungu íslensku sagnaritun í þjónustu sína, og á þann hátt tókst honum að ganga svo frá minningu sinni, að hann varð óvinum sínum aldrei skæðari en eftir dauðann. Þegar allir samtíðarmenn hans voru komnir undir græna torfu og steinþagnaðir fyrir löngu, þá mæltist hann einn við meðal eftkomandanna. Napoleon mikli stæði líkt að vígi gagnvart dómi sögunnar, ef vjer vissum ekkert eða lítið um hann annað en það, sem hann ljet sína menn rita á St. Helenu.

Þegar Sverrir hóf baráttu sína var honum það vitanlega fyrir öllu, að menn fengjust til þess að trúa því, sem hann sagði um ætt sína og uppruna. Birkibeinar mega eiga það, að að þeir voru ekki heimtufrekir við hann í því efni. Fyrst neyddu þeir hann til þess að taka við forustu flokksins, og síðan gáfu þeir honum konungs nafn, þó að hann sjálfur teldist undan því, með því að betur sæmdi, »að hans mál væri birt áður með sannindum«. En þeir vildu ekki heyra það, þeir hirtu ekki um neinar sannanir. Þá skorti alla hluti, en þó einkanlega konungsefni. Og nú höfðu þeir fundið mann, sem sagðist vera sonur Sigurðar munns, og það var þeim nóg. Sverrir virðist aldrei hafa birt þeim önnur »sannindi« um ætterni sitt, en drauma sína, en á þeim var hann líka óspar. Við Birkibeina var honum því ekki vandgert, en hitt skiftir meiru máli, hver gögn hann hefir fram að færa, þegar hann reynir að sannfæra aðra menn, bæði alda og óborna, um að hann sje rjett borinn til ríkis í Noregi. Í upphafi sögu sinnar gerir

hann þessa tilraun. Og skal sú frásögn nú rakin, og síðan athugað, hve sannfærandi hún er.

Sverri segist svo frá, að ofarlega á dögum þeirra bræðra, sona Haralds gilla, Sigurðar, Inga og Eysteins, hafi Unas (eða Unás) nokkur kambari (=kambasmiður), bróðir Hróa biskups í Færeyjum, fengið norrænnar konu, er Gunnhildur hjet. »Hún gat skjótlega son, er Sverrir hjet, og sagði hann vera son Unas«. »Fyrir þessum sveini birtust stórir og merkilegir draumar«, og er sagt frá einum þeirra, sem móður hans á að hafa dreymt, áður en hún varð ljettari. Þegar Sverrir var 5 vetra gamall var hann sendur út til Færeyja til Hróa biskups, sem síðan fóstraði hann. Biskup setti hann til bókar og loks var hann vígður til prests. »Enn er hann var roskinn maður, samdi hann sig lítt við kennimannsskap og var heldur óeirinn«. Ekki er getið annara tíðinda frá uppvaxtarárum Sverris, en deilu einnar, er hann átti við Brynjúlf, son Kálfs sendimanns, er þá hafði konungs sýslu þar í eyjunum. Var hann þá hætt kominn, og lá við sjálft, að hann misti lífið. Síðan segir frá því, að Sverri tók að dreyma drauma stóra, og var einn sá, að »hann þóttist vera í Noregi og verða að fugli svo miklum, að nef hans tók austur til landsenda, en velifjaðrar alt norður í Finnabú, en með vængjum huldi hann alt land«. Hann hafði fjóra um tvítugt, þegar hann varð viss hins sanna um faðerni sitt. Gunnhildur móðir hans hafði farið pílagrímsferð til Rómaborgar, og þar hafði hún skriftað fyrir presti einum, að hún hefði sagt rangt til um faðerni elsta sonar síns. Hann væri sonur Noregs konungs. »En er þetta mál var borið fyrir páfann, þá var henni það boðið í skrift, að hún skyldi segja syni sínum rjettligt faðerni sitt, þegar hún fyndi hann«. Því boði hlýddi hún, því að þegar hún kom »heim« (o: til Noregs) fór hún út til Færeyja og sagði syni sínum allan sannleikann. Tók þá Sverrir miklar áhyggjur, og ráðgaðist um við Hróa biskup, hvað gera skyldi, en hann rjeð honum til þess, »að sækja á erkibiskups fund og tjá fyrir honum sinn vanda«.

Hjer eru nú öll sönnunargögn Sverris. Í sögu hans segir að vísu þar að auki frá mörgum draumum, sem hann dreymdi og allir eru málstað hans til styrkingar. Þeir draumar voru auðvitað Birkibeinum feginsfengur, og í þeirra augum hafa þeir vafalaust haft fult gildi sem söguleg sönnunargögn. En væntanlega þarf ekki að eyða orðum að því, að í rannsókn þessa máls eru þeir elnskis virði.

Áður en lengra er farið, er rjett að athuga, hvernig ýmsir merkir rithöfundar og sagnfræðingar hafa litið á þetta mál.

Þrír hinir mestu sagnaritarar Norðmanna, Keyser, Munch og Sars hneigjast allir helst að þeirri skoðun, að meiri líkindi sjeu til, að Sverrir hafi sagt satt en ósatt um faðerni sitt. — Í Noregs sögu sinni þræðir Keyser Sverris sögu nokkurn veginn athugasemdalaust. En þó játar hann að lokum, að alt sje óvíst um ætterni Sverris, — »samtíðarmenn hans gátu tæpast vitað neitt með vissu um það, hvað þá heldur nútíðarmenn«. (Norges Hist. II., 166.). — P. A. Munch ritar rækilega um málið í sögu sinni, og er dómur hans sá, að það sje »vissulega fleira, sem bendi í þá átt, að Sverrir hafi haft rjett að mæla, en að hann hafi verið svikari« (Det norske Folks Hist., 4. b., 58.). En þess ber að gæta, að hinn mikli sagnaritari studdi þessa skoðun sína að nokkru leyti við heimild, sem seinna hefir reynst gersamlega marklaus. Presturinn J. H. Schröter hafði þá nýlega birt á prenti nokkrar þjóðsagnir um Sverri, sem hann fullyrti að gengju enn þá í munnmælum á Færeyjum. Munch taldi þessar þjóðsagnir hafa mikið sögulegt gildi, en löngu seinna sannaði G. Storm, að prestur, sem var allvel lærður maður, hefði skáldað inn í sagnirnar og lagfært þær í hendi sjer, beinlínis í þeim tilgangi að gera frásögn Sverris sögu sennilegri (N. Hist. Tidskr. 1884, 254). — Sars tortryggir frásögn Sverris miklu meir en þeir Keyser og Munch. En hann telur það »sálarfræðislega gátu«, hvernig Sverrir hafi getað þolað allar mannraunir og aldrei mist kjarkinn, heldur jafnan staðið fast á rjetti sínum og skotið máli sínu undir guðs dóm, e f hann hefði vitað það með sjálfum sjer að hann væri svikari. »Þrátt fyrir alt, er það ef til vill sennilegast, að hann hafi verið sonur Sigurðar munns, eða hafi að minsta kosti trúað því, að hann væri það«. (Udsigt over den norske Hist. II., 125).

Margir aðrir norskir fræðimenn hafa fjallað um þetta mál. G. Storm og Fr. Paasche halda því eindregið fram, að Sverrir hafi verið sá sem hann sagðist vera. Verður minst á röksemdir þeirra síðar í þessari ritgerð. Alex. Bugge virðist vera á báðum áttum, en þó heldur vantrúaður á málstað Sverris. Hinn eini Norðmaður, sem algerlega vefengir frásögn Sverris, er L. Daae. Árið 1905 birti hann ágæta ritgerð í (Norsk) Historisk Tidskrift um faðerni Sverris. Rakti hann þar sundur frásögn sögunnar og sýndi fram á með ljósum rökum, að hún er ekki eingöngu ósannanleg, heldur einnig mjög ósennileg. Höf. telur bæði fullyrðingar sögunnar tor-

tryggilegar og þá ekki síður þögn hennar um marga þá hluti, er miklu máli skifta. Er það furðulegt, að þeir sem síðan hafa ritað um Sverri, hafa gengið að mestu leyti þegjandi fram hjá þessari ritgerð. Í þeim línum, sem hjer fara á eftir, verður oft vitnað til hennar.

Áuðvitað hafa margir aðrir en Norðmenn látið í ljós skoðanir sínar um þetta höfuðatriði í sögu Sverris, og skulu hjer tilfærð ummæli nokkurra þeirra. — Werlauff gaf fyrstur manna út deilurit Sverris á móti biskupunum, og ritaði merkan formála fyrir því. Heldur er hann trúardaufur á það, að Sverrir hafi verið konungborinn, en lætur svo ummælt, að hafi Sverrir komist ranglega að konungstign, þá hafi hann verið jafnfrábær að kostum og löstum (»virtutibus et vitiis æque insignis«) (Anecdoton, XVIII.). — Hinn ágæti þýski sagnfræðingur Dahlmann ritar um Sverri í Danmerkur sögu sinni, og leggur lítinn trúnað á frásögn sögunnar um ætterni hans. Er það hans skoðun, »dass König Sverrir der Sohn seiner Thaten war« — að Sverrir konungur væri sonur afreksverka sinna!, — og hefir tæpast verið sagt viturlegra orð um það mál (Gesch. von Dänemark II., 155). — En sá, sem fyrstur tók af skarið fullkomlega og kvað uppúr með það, að Sverrir væri ekki og gæti ekki verið sonur Sigurðar munns, var Guðbrandur Vigfússon. Hann segir, að það komi ekki til nokkurra mála, að Sverrir hafi verið af því bergi brotinn (no chip of the Gilchrist bloc), — það sje óhugsanlegt að slíkt atgerfi og hæfileikar hafi komið fram í kyni Haralds gilla. Guðbrandur telur það benda í sömu átt, hvað sagan er fáorð, næstum því steinþögul, um æsku og uppvöxt Sverris. Ennfremur telur hann líkindi til, að Sverrir sje nokkru eldri en hann er talinn í sögunni. Venjulega er Sverrir talinn fæddur skömmu eftir 1150, en hafi hann verið fæddur nokkrum vetrum fyr, þá takast af tvímælin um það, að hann geti verið sonur Sigurðar munns, sem var fæddur 1133.

Enn má geta þess, að hinn sænski fræðimaður Cederschiöld hefir ritað bók um Sverri. Hann játar, að aldrei hafi komið fram neinar sannanir fyrir faðerni hans, en segir hinsvegar, að Sverrir hafi vafalaust t r ú a ð því að hann væri sonur Sigurðar munns, og vitnar um það efni til þeirra Munchs og Sars.

Þó að skoðanir manna um þetta mál hafi verið talsvert skiftar, þá hefir þó enginn neitað því að frásögn sögunnar um upp-

runa Sverris sje ærið ískyggileg og víða mjög ótrúleg. Þó virðist Fr. Paasche vera nokkurn veginn ánægður með hana.

Nú skulu einstök atriði frásagnarinnar tekin til rannsóknar og íhuguð nánar.

Gunnhildur á að hafa þagað í 24 ár um hið rjetta faðerni sonar síns, og þá fyrst sagt honum sannleikann, er sjálfur páfinn hafði skorist í leikinn og skipað henni það. Furðu ólík virðist hún hafa verið flestum barnsmæðrum Noregs konunga, því að ekki voru þær vanar að setja ljós sitt undir mæliker. En satt er það, að maður ætti ekki bágt með að trúa því um móður Sverris, að hún hafi verið sjaldgæf kona. Er það hinn mesti skaði að menn vita sama sem ekkert um hana, því að eftir að hún hefir gert skyldu sína, gengið til skrifta í Rómaborg og síðan birt Sverri, hvers sonur hann væri, þá hverfur hún orðalaust úr sögunni. Hvers vegna? Ef hún hefir dáið skömmu síðar, hefði sagan átt að geta þess, því að þá væri öllum skiljanlegt, hvers vegna Sverrir ljet hana aldrei vitna opinberlega um faðerni sitt, nje heldur neinar skýrslur fram fara sínu máli til sönnunar. Hefði það þó verið honum hinn mesti styrkur og vafalaust rutt mörgum steinum úr hans grýttu braut. En sagan getur Gunnhildar ekki með einu orði eftir þetta, og er það all-athugavert atriði. Í þessu sambandi má geta þess, að þegar Haraldur gilli kom til Noregs hafði hann móður sína með sjer, og báru þau bæði »sitt erindi fram fyrir konungi«. En Sverrir hafði ekki einu sinni fyrir því, að leiða nokkurn tíma eitt einasta vitni að framburði móður sinnar, og er lítt skiljanlegt, hvernig á því stendur, ef hann hefir haft satt mál að verja.

Þá segir sagan, að Sverrir hafi fæðst »skjótlega« eftir að Gunnhildur hafði gifst Unas kambara. Nú er eitt af tvennu, eins og L. Daae hefir bent á í ritgerð þeirri, sem fyr var getið. Annaðhvort hefir Unas ekki vitað betur en hann væri faðir að sveininum, og hafa þá kynni þeirra Gunnhildar verið svo náin fyrir hjúskapinn, að faðernið verður talsvert óvíst þó að sannanlegt væri, að Sigurður munnur hefði verið í þingum við hana líka. Eða hann hefir komist að því, að hún var þunguð af völdum annars manns, og þá vitanlega krafið hana sagna og síðan fyrirgefið henni. En merkilega þagmælskur maður hefir hann þá verið, hafi hann ekki vikið einu orði að þessu leyndarmáli við bróður sinn, biskupinn í Færeyjum, sem þó var fósturfaðir Sverris. En sagan segir, að Hrói

biskup hafi fyrst fengið að vita sannleikann eftir að Gunnhildur kom frá Rómaborg.

Hvorugt þessara atriða, sem nú hafa verið nefnd, eru til þess fallin að vekja traust á staðhæfingum Sverris um faðerni sitt. Og þá er frásögnin um ferð Gunnhildar til Rómaborgar, og um það, sem á að hafa gertst í þeirri ferð, heldur en ekki tortryggileg. L. Daae hefir jafnvel tilhneigingu til þess að rengja það með öllu, að Gunnhildur hafi nokkurn tíma til Rómaborgar farið, — hún, ekkja kambasmiðsins, hafi að líkindum verið fátæk, en suðurgangan allkostnaðarsöm. Ennfremur hafi pílagrímsferðir verið fremur sjaldgæfar á þeim tíma frá Noregi til Rómaborgar, — menn hafi farið beint til landsins helga, enda var þá krossferðahreyfingin sem öflugust í álfunni. Þessi mótbára er þó ekki mikilsvirði. Vitanlega er það ekki ósennilegt, að norsk kona, þótt fátæk væri, hafi ráðist til Rómaferðar, sjerstaklega hafi hún þurft að ljetta byrði af samvisku sinni. Að minsta kosti mætti tína til nokkur dæmi frá þessum tíma um íslenska menn, sem gengu suður. En hitt, sem sagan segir að gertst hafi í Rómaborg, er allsendis ótrúlegt. Í fyrsta lagi var það miklum vandkvæðum bundið fyrir norræna menn að ganga til skrifta í Róm um þessar mundir, því að þá voru ekki enn þá skipaðir þar skriftafeður (poenitentiarii) fyrir Norðurlönd. Þeir þurftu því að hafa túlk við skriftagönguna ef þeir töluðu ekki sjálfir latínu. Fr. Paasche, sem reynir af öllum mætti að verja frásögn Sverris sögu og gera hana trúlega, hefir bent á, að vel megi vera að einhver norrænn klerkur hafi verið með í förinni og hafi hann verið túlkur við þetta tækifæri. Satt er það, en þá vakna nýjar spurningar. Hvers vegna er ekki getið um þann klerk í sögunni? Kom hann ekki aftur til Norðurlanda? Gat Sverrir með engu móti náð til hans? Hann hefði þó verið eitt hið merkasta höfuðvitni í málinu, og engin hefði getað stutt framburð Sverris kröftugar en hann. En sagan þekkir hann ekki, veit ekkert um hann, og getur hann því ekki orðið frásögn hennar til stuðnings.

En allra ótrúlegast er þó það, sem sagan segir um afskifti páfans af málinu. Framburður umkomulausrar, norrænnar iðnaðarmannskonu á að hafa haft þau áhrif á hinn heilaga föður, að honum þótti ekki hjá sitjandi, heldur greip sjálfur í taumana. Hjer er nú talsvert margt að athuga. Samkvæmt lögum kaþólsku kirkjunnar getur skriftafaðirinn ekki tekið það upp hjá sjálfum sjer að segja neinum frá því, sem honum er birt í skriftastóln-

um, hvorki páfanum nje öðrum. Til þess hafði hann ekki leyfi, nema skriftabarnið bæði hann þess, og hefir þá Gunnhildur verið ærið stórhuga, ef hún hefir ætlað sjer frá upphafi að koma sjálfum páfanum í málið. Auðvitað mætti geta þess til, að klerkurinn hafi bent henni á, að sú aðferð væri reynandi. En hvernig sem á er litið, er sagan mjög ótrúleg. Og hún verður ekki trúlegri, þegar þess er gætt, að skömmu áður (1164) höfðu orðið miklar breytingar á stjórnarfari Noregs, þegar Magnús Erlingsson var krýndur. Var þá meðal annars gerð ný skipun um ríkiserfðir, en vald kirkjunnar um leið aukið stórkostlega og henni í rauninni fengið forræði yfir öllum málefnum ríkisins. Það er nú ekki trúlegt, að páfinn í Róm hafi viljað vekja upp mann til þess að stofna þessu nýja fyrirkomulagi í hættu. Þá sat Alexandir III. á páfastóli, einn hinn atkvæðamesti páfi á miðöldum. L. Daae hefir bent á, að einmitt hann hljóti að hafa haft talsverð kynni af málefnum Noregs og norsku kirkjunnar, því að formaður hans í embættinu (Hadrian IV.) hafði sjálfur verið í Noregi til þess að koma skipulagi á kirkjuleg málefni landsins (1152), og sjálfur hafði Alexander vígt eða látið vígja Eystein Erlendsson til erkibiskups, en hann var hinn öflugasti stuðningsmaður Magnúss Erlingssonar og seinna hinn skæðasti óvinur Sverris. Fr. Paasche hefir nú að vísu sýnt fram á, að Daae hafi yfirsjest í þessu. Það muni ekki hafa verið Alexander sem fjallaði um mál Gunnhildar, heldur páfi sá, (Calixtus III.), sem Friðrik Barbarossa hafði sett til höfuðs honum og þá rjeð lögum og lofum í Rómaborg, er Gunnhildur á að hafa verið þar (h. u. b. 1175). Þessi athugasemd er rjettmæt, en ekki sú ályktun, sem Paasche dregur af henni. Það er í fyrsta lagi alveg jafn ótrúlegt að málið hafi nokkurn tíma verið borið fyrir páfann, hvort sem hann hefir heitið Alexander eða Calixtus. En þó að svo óvenjulegri aðferð hefði verið beitt við þetta tækifæri, af einhverjum óskiljanlegum ástæðum, þá er þó harðla ólíklegt, að nokkur páfi hefði kveðið upp slíkan úrskurð, sem sagan greinir frá. Áð vísu var Calixtus skjólstæðingur keisarans og studdi hann af veikum mætti í deilum hans við Alexander III. og bæina á Langbarðalandi. En hvað gat honum gengið til að vilja spilla þeim glæsilega sigri, sem kirkjan í Noregi hafði þá nýlega unnið? Sá sigur hefir hlotið að vekja eftirtekt kirkjuhöfðingjanna í Rómaborg, því að á þessum miklu baráttutímum kirkjunnar hafði kúrían auðvitað vakandi auga á sókn og vörn klerkdómsins í öllum kristnum löndum. Annaðhvort verður þá að gera ráð fyrir því, að Calixtus hafi kveðið upp þennan úr-

skurð, sem honum er eignaður, í fullkominni blindni, eða hann hefir vísvitandl stofnað kirkjuvaldinu í Noregi í voða. Ef hann hefði gert það af þægð við keisarann, þá væri alt skiljanlegt. En engum hefir þó enn þá komið til hugar að halda því fram. Hann hlyti þvert á móti að hafa unnið þetta mikla fjandskaparverk við kirkjuna í Noregi alveg ótilneyddur. Þegar slíkar sakir eru bornar á kaþólskan kirkjuhöfðinga, þá verður að styðja þær með gildari rökum en þeim, sem hingað til hafa verið borin fram í þessu máli. —

Loks má geta þess, að rúmum 20 árum eftir að Gunnhildur á að hafa verið í Rómaborg segir Innocentius páfi III., að Sverrir fullyrði »móður sinni til svívirðingar, að hann sje af konunglegu kyni«. Það er auðvitað víst og satt, að Innocentius hafði allan sinn fróðleik um Sverri frá hans stækustu fjandmönnum, biskupunum í Noregi. En þetta eru hin einustu orð eða ummæli um ætterni Sverris, sem menn vita með vissu, að hafi komið frá páfastólnum. Og áreiðanlega hefir Innocentius gengið þess dulinn, að nokkur páfi eða preláti í Rómaborg hafi fjallað um þetta mál áður. — —.

Nú hefir verið sýnt fram á, að öll höfuðatriðin i frásögn Sverris eru mjög svo tortryggileg. En þar að auki er frásögnin athugaverð að mörgu öðru leyti. Hvers vegna er t. d. ekki greint frá því, hvar þau hafi kyntst, Sigurður munnur og Gunnhildur? Og hvers vegna er fæðingarstaður Sverris ekki nefndur? Þessi atriði eru ekki lítilsverð. Sigurður konungur var hinn mesti lausungarmaður og fór ekki dult með kvennamál sín. Það eru því mikil líkindi til, að á þeim slóðum, sem fundum þeirra Gunnhildar hafði borið saman, hafi margir verið lífs, sem vissu um kunningskap þeirra, þegar Sverrir kom til Noregs 24 árum síðar. Hinsvegar gat auðvitað verið bráðhættulegt að nefna nokkurn ákveðinn stað, ef alt var eintómur uppspuni. Hjer er því þögn sögunnar mjög ískyggileg. Hjer er öllu drepið á dreif og allar upplýsingar svo ófullkomnar og ófullnægjandi, að ekki má hönd á festa.

Í samanburði við það, sem nú hefir verið rætt um, er það ekki nema lítilfjörlegt ranghermi, að sagan segir, að Sverrir hafi verið sendur til Hróa »biskups« í Færeyjum, þegur hann var 5 ára gamall. Sagan telur Sverri fæddan h. u. b. 1151, en íslenskir annálar herma, að Hrói hafi ekki orðið biskup fyr en 1162. En Hrói getur vel hafa haft annað embætti í eyjunum áður en hann

varð biskup, og tekið Sverri að sjer á þeim árum. Slík ónákvæmni í frásögn er vel skiljanleg. Hitt er athugaverðara, að Sverrir segir, að Hrói biskup hafi gefið ajer það ráð, að leita til Eysteins erki biskups með sitt mál. Hrói hefir þó hlotið að hafa nokkur kynni af erkibiskupi, sem var vígslufaðir hans, og ekki geta þeir viðburðir, sem gerðust í Noregi 1164, hafa farið fram hjá biskupinum í Færeyjum. Hrói hefir því verið meira en í meðallagi heimskur maður, ef hann hefir talið erkibiskup líklegan til að víkjast vel undir mál Sverris, enda leitst Sverri ekki ráðlegt að leita hans, þegar til Noregs kom. Annars fer um Hróa eins og Gunnhildi, hann hverfur með öllu úr sögunni eftir þetta, og vita menn ekkert um hann síðan.

Enn má minna á það, að sagan segir, að Sverrir hafi verið vígður til prests úti í Færeyjum. En til þess hafði hann ekki lögaldur, ef rjett er greint frá aldri hans í sögunni. Ef til vill hefir hann þá fengið undanþágu frá hinum almennu reglum kirkjunnar, þó að sagan geti þess ekki. En heldur er þetta til stuðnings þeirri skoðun Guðbrands Vigfússonar, að Sverrir hafi verið eldri maður en hann sagðist vera. — Loks má geta þess, að íslenskir annálar segja, að Sverrir hafi verið í Orkneyjum 1168. Er þetta hin eina upplýsing um æviferil Sverris, sem finst í íslenskum bókmentum annarsstaðar en í Sverris sögu. Þessi annálsgrein gefur vísbending um, að hjer úti á Íslandi hafi menn þó vitað eitthvað meira um æsku Sverris, heldur en sagan hirðir um að greina frá. Hún steinþegir um þessa Orkneyjaferð, eins og um öll önnur tíðindi frá æskudögum Sverris.

Nú hefir öll þessi frásögn Sverris verið brotin til mergjar. Í öllum þeim mörgu og háskalegu mannraunum, sem hann rataði í, varð honum aldrei ráða fátt eða vitsmuna. Honum bregst í rauninni í fyrsta og síðasta sinn bogalistin við þetta tækifæri, þegar hann ætlar að »birta sitt mál með sannindum«. Það hefði mátt búast við því, að hann, sem venjulega hafði auga á hverjum fingri, hefði búið svo vel um þá hnúta, að öll frásögnin raknaði ekki upp óðar en við henni er hreyft. En það er ekki ofhermt, að auðveldara væri að trúa því, að Sverrir væri sonur Sigurðar konungs munns, ef maður vissi ekki, að fyrri hluti sögu hans var ritaður að sjálfs hans fyrirsögn. Úr því að slíkur maður hafði engin betri gögn fram að færa, þá dragast grunir á, að málstaðurinn hafi ekki verið sem bestur.

Öllum hefir komið saman um, að Sverrir hafi aldrei s a n n a ð neitt um faðerni sitt. En missmíðin á málsflutningi sögunnar hafa þó vaxið mönnum misjafnlega í augum. Ýmsir Norðmenn hafa reynt að styðja málstað Sverris eftir mætti, svo sem áður hefir verið á vikið. En einkum hafa þó þeir G. Storm og Fr. Paasche gert sjer far um að leiða rök að því, að Sverrir hafi ekki farið með fals og ósannindi.

G. Storm fjekkst mikið við Sverris sögu og skýrði mörg atriði, er hana snerta, betur en áður hafði verið gert. Í ritgerð, sem hann birti skömmu fyrir dauða sinn (í [Norsk] Hist. Tidskr. 1904), reyndi hann að færa sönnur á, að Sverrir hefði sagt satt um faðerni sitt. En honum var full-ljóst, að Sverris saga var ófullnægjandi heimild um það mál, og því leitaði hann fyrir sjer í útlendum bókmentum frá dögum Sverris, hvort þar fyndist ekkert, sem að gagni mætti koma í rannsókn málsins.

Þeir útlendir rithöfundar, sem eru samtímamenn Sverris og minnast hans, eru örfáir. Langmerkastur þeirra allra er Saxo Grammatikus, hinn nafnfrægi danski sagnaritari, og enda næst kominn frjett. — Hann minnist á Sverri í 14. bók hinnar miklu Danmerkur sögu sinnar, og farast honum orð á þessa leið:

»Nálega um sömu mundir hafði Sverrir nokkur (Sverus), sonur smiðs eins, látið af prestsembætti því, sem hann hafði farið með um hríð í Færeyjum, og leitað til Noregs. Þar gerðist hann hermaður úr klerki, og hafði dæmi Eysteins (Osteni) nokkurs (o: Eysteins meylu), sem Erlingur hafði felt, teygt hann til þess. Rakst hann af hendingu á liðsflokk hans, sem var á flótta um eyðimörk, bauðst að gerast foringi þeirra, og hóf síðan ófriðinn að nýju gegn sigurvegurunum. Og til þess að eigi liti svo út, sem hann hefði ekki burði til slíks, þá laug hann til ættar sinnar og kvað Harald hinn írska vera afa sinn, en Sigurð föður. Og nafn hans gaf hann syni sínum, sem hann áður hafði nefnt Unas, eftir föður sínum. Og til þess að eyða allri minningu um sín fyrri ævikjör, og til þess að fá menn til að trúa því, að hann hjeldi uppi sæmd þeirrar ættar, sem hann ljetst vera kominn af, með nafni langafa síns, þá dirfðist hann að skreyta sig með nýju nafni og ljet kalla sig Magnús til marks um ætt sína. Þessi ósvífna lýgi, sem studdist við ofsa afvegaleiddra hermanna og samþykki hins auðtrúa lýðs, hefir snúist til hins hræðilegasta tjóns og einstökustu glötunar fyrir allan Noreg. Um þennan sama mann er sagt, að þegar hann

hafði leitað til Birgis, jarls í Svíþjóð, þá hafi hann gefið prestl einum, sem hann hafði gist hjá, stólu, sem er sjerstakur embættisbúningur djákna, og helgisiðabók«.

Frásögn Saxa kemur vel heim við Sverris sögu, að öllu leyti nema þessu, að hann segir að Sverrir hafi logið til um faðerni sitt. Að vísu minnist sagan ekki á prestinn á Gautlandi nje að Sigurður lávarður, sonur Sverris, hafi upphaflega heitið Unas, en engin ástæða virðist til að rengja sögu Saxa um þau atriði. Sigurður lávarður hefir að líkindum verið fæddur fyr en Sverrir varð »viss hins sanna um faðerni sitt«, og er því ekki tiltökumál, þótt hann hafi upphaflega heitið Unas. Það er og rjett, að Sverrir tók sjer nafnið Magnús, þótt lítt festist það við hann. Hafa sumir litið svo á, sem það ætti að vera viðurnefni, en Saxi hermir það sjálfsagt rjett, að Sverrir hefir ætlað sjer að taka upp nafn Magnúss konungs berfætta. Það verður því ekki borið á Saxa, að hann viti ekki sæmilega deili á Sverri. En þó verða G. Storm engin vandræði úr því að ónýta vitnisburð hans í þessu máli. Hann fullyrðir blátt áfram, að ummæli Saxa um faðerni Sverris sjeu augsýnilega runnin undan rifjum hinna stækustu fjandmanna hans, biskupanna norsku, — að þau sjeu ekkert annað en »bergmál« af þeim ákærum, sem þeir báru á hann. Nú er það að vísu satt, að þegar norsku biskuparnir flýðu land fyrir Sverri, leituðu þeir á náðir Absalons erkibiskups, vinar og verndara Saxa. Storm leitast við að sanna, að Saxi hafi ritað þennan kafla um Sverri einhvern tíma á þeim árum, sem norsku biskuparnir dvöldust með Absalon. Þetta kann að vera rjett, og því skal alls ekki neitað, að Saxi, sem sjálfur var kirkjunnar maður, hafi haft meiri tilhneigingu til þess að trúa orðum biskupanna, einnig í þessu atriði, en framburði Sverris. En hitt er fjarri sanni, að telja dóm hans um Sverri ekkert annað en »bergmál« af ákærum kirkjuhöfðingjanna norsku. Samgöngurnar milli Noregs og Danmerkur voru svo greiðar og örar, að Saxi h l ý t u r að hafa haft frjettir af þeim stórviðburðum, sem þá gerðust í Noregi, af vörum margra annara manna en biskupanna. Og ef nokkur þau gögn eða rök hefðu fyrir hann komið, sem bentu í þá átt, að Sverrir hefði satt að mæla um faðerni sitt, þá hefði hann áreiðanlega ritað með meiri varúð um Sverri en hann gerði. Svo merkur og vandaður sagnaritari var hann. Það er því varhugavert að ætla sjer að gera ummæli hans að ónýtisorðum. Þau sýna að minsta kosti, að hann hefir engan

efa haft um það, að Sverrir væri allur annar maður en sá, sem hann sagðist vera.

Eftir að Storm hefir á þennan hátt gert vitnisburð Saxa að engu, leiðir hann fram aðalvitni sitt og Sverris, en það er enginn annar en — Eysteinn erkibiskup Erlendsson! Einna síst hefði maður þó búist við því, að sá maður yrði til þess að sanna framburð Sverris í þessu efni, meira en 700 árum eftir dauða þeirra beggja.

Þennan merkilega vitnisburð Eysteins erkibiskups uppgötvaði Storm í ensku sagnariti, sem samið var á dögum Sverris. Ritið heitir »Gesta Henrici II.« (saga Hinriks II.), og er eftir óþektan höfund. Inn í það hefir verið tekinn kafli, sem fjallar um sögu Noregs á árunum 1130—80, eða um hinn mikla innanlands ófrið, sem allan þann tíma geysaði þar í landi. Því miður er ekki rúm til að taka þann kafla upp í þessa ritgerð, en Storm fullyrðir að hann sje eftir Eystein erkibiskup eða stafi á einhvern hátt frá honum. Þar er gefið gagnort og að mestu leyti áreiðanlegt yfirlit yfir viðburðina í þessum langa ófriði. Um Sverri segir þar berum orðum, að hann sje sonur Sigurðar munns. Flokkur Birkibeina er talinn að hafa verið talsvert fjölmennari, er Sverrir tók við honum, heldur en sagan greinir (1100 menn í staðinn fyrir 70). Þá er þess getið, að Sverrir hafi felt Erling jarl og marga aðra göfuga menn, en Magnús konugur hafi orðið að flýja úr Niðarósi. Árið eftir hafi Magnús átt orustu við Sverri, en beðið ósigur »fyrir guðs leyndardómsfulla ráð«. Sverrir hafi elt hann alt til Björgvinjar, Magnús orðið að hrökkva úr bænum, og Sverrir þá setst þar að. »Og þetta sama ár, nefnilega 1180, hvarf Eysteinn erkibiskup í Niðarósi, sem engan veginn vildi veita Sverri presti neina þjónustu, frá stóli sínum, og kom til Englands og lýsti banni yfir Sverri presti«.

Þessi frásögn er öll rituð ofsalaust, og má ekki heita að verulega sje hallað á Sverri. Þó finst það á, að höf. fyllir ekki hans flokk.

Er nú líklegt, að svo stórráður og stórlyndur kirkjuhöfðingi sem Eysteinn hefði gætt svo hófs í frásögn sinni um Sverri? Oss er kunnugt bæði af Sverris sögu og af brjefum Innocentius III., hvernig kirkjunnar menn í Noregi litu á Sverri. Hatur þeirra á honum var ólmt og óslökkvandi, hann var í þeirra augum litlu betri en djöfullinn sjálfur. En enginn þeirra átti þó um sárara að binda, en Eysteinn erkibiskup. Árið 1164 hafði hann hafið

kirkjuvaldið hátt yfir konungsvaldið í Noregi, og þar með unnið meira kirkjulegt stórvirki, en nokkur annar norrænn kirkjuhöfðingi fyr eða síðar.. Og nú varð hann að horfa upp á, að prestur einn utan úr Færeyjum, sem gertst hafði forlngi illræmds óaldarflokks, var í þann veginn að kollvarpa öllu saman. Það vill líka svo vel til, að ekki þarf eð ganga í grafgötur um það, hvern hug Eysteinn bar til Sverris, því að Sverrir hefir lýst því sjálfur með ógleymanlegum orðum. Í hinni nafnkunnu ræðu, eem hann hjelt yfir grefti Erlings jarls, komst hann m. a. svo að orði:

»Enn það er, sem mörgum má kunnigt vera, að Eysteinn erkibiskup og margir lærðir menn hafa sagt, að þeir allir, er berðist með Magnúsi konungi og verði land og ljetist með því, þá sögðu þeir, að sálur þeirra manna allra væri fyr í Paradiso en blóðið væri kalt á jörðu. Nú megum vjer fagna hjer svo margra manna heilagleik, sem hjer munu nú helgir hafa orðið, ef svo er sem erkibiskup hefir sagt . . . . . Mun mönnum það nú vera mikil hjálp við guð, þeirra árnaðarorð, ef eigi væri það, að erkibiskup hefði verið heldur vinhallur í málinu því, er hann sagði þetta«. — Svo harðvítugar viðtökur veitti erkibiskup Sverri, er hann leitaði til ríkis, en þegar þessi sami maður hefir orðið að flýja land sitt og erkibiskupsstól fyrir honum, og er kominn á náðir erlends þjóðhöfðingja, þá á hann að hafa viðurkent af sjálfsdáðum, að Sverrir væri konungsson, og þar á ofan ritað um hann með slíkri hógværð og stillingu, að hann mælir tæpast eitt öfugt orð í hans garð Samt sem áður bannfærði hann Sverri í sömu andránni, eða að minsta kosti á sama árinu! Það er sannast að segja, að svo margt mælir á móti því, að Eysteinn erkibiskup g e t i verið höfundur að þessari ritsmíð, að efasemdirnar um þessa fullyrðing Storms verða að eins drepnar með ó r æ k u m s ö n n u n u m.

Og hverjar eru þá sannanir Storms? Hjer skulu tilfærð hans eigin orð: »I dette Værk (ɔ: Gesta Henrici II.) findes pludselig ved Aar 1180 og, som man ser, skrevet i dette Aar en Oversigt over Tronstridighederne i Norge (1130—80) sem ender med, at Erkebiskop Öistein flygtede fra Bergen til England, o g a l t s a a p a a e n e l l e r a n d e n M a a d e s t a m m e r f r a h a m.«[1]) Storm fullyrðir ennfremur, að þessi umræddi kafli sje brjef eða útdráttur úr brjefi, þar sem Eysteinn gefi Englandskonungi skýrslu um ástandið í Noregi, sjálfsagt í þeim tilgangi að fá hann til lið-

[1]) Leturbreytingin gjörð af mjer. — Á. P.

veitslu við sig, gegn óvinum sínum. Það mætti nú heita undarleg aðferð, að rökstyðja bón um liðveitslu gegn Sverri árið 1180 með því að gefa yfirlit yfir Noregs sögu frá 1130. Ekki er þess heldur getið í ritinu, að erkibiskup hafi borið neina slíka bón fram, nje að Henrik II. hafi á nokkurn hátt veitt honum fulltingi. Og ekki er það vel líklegt, að erkibiskup hefði farið að vitna um faðerni Sverris, honum í vil, einmitt í brjefi, sem hann á að hafa ritað til að eggja Englandskonung til ófriðar við hann. Þessi tilgáta Storms, sem hann sjálfur virðist telja óyggjandi sögulegt sönnunargagn, er svo fráleit, að ekki ætti að þurfa að eyða mörgum orðum að henni. Enda mælir og margt annað á móti henni, svo sem L. Daae hefir sýnt og sannað. Lítur Daae svo á, að þessi kafli sje tekinn úr einhverju óþektu latnesku söguágripi um Noreg, sem borist hafi til Englands, og er sú tilgáta mjög sennileg. Þarf engan að undra, þótt Sverrir sje þar kallaður sonur Sigurðar munns, því vitanlega t r ú ð u margir því í Noregi.

Samt sem áður grípur Fr. Paasche þessa tilgátu Storms feginshendi. Hann reynir að styðja hana með því, að þeir Eysteinn og Sverrir hafi sætst árið 1183, en það mundi slíkur maður sem Eysteinn vart hafa g e t a ð gert, ef hann hefði efast um, að Sverrir væri konungborinn. En hvenær gerðu þeir Eysteinn og Sverrir sætt sína? Erkibiskup sneri heim úr útlegðinni 1183 og reyndi þegar að veita Magnúsi alt það lið, er hann kunni. En þegar Sverrir hafði enn þá einu sinni sigrað Magnús, og rekið hann í annað sinn úr landi, þá loksins sá erkibiskup engan sinn kost annan en að sættast við Sverri. Hann hefir vitanlega ekki átt nema um tvent að velja, útlegð eða sættir. Þar að auki vita menn ekkert um, hvernig þessar sættir voru. En mjög er það líklegt, eins og Munch tekur fram, að Sverrir hafi ekki verið mjög kröfuharður við það tækifæri. Magnús Erlingsson var enn þá lífs, og Sverri var það fyrir öllu, að komast upp á milli haus og erkibiskups. — Annars eru miklar líkur til, að erkibiskup hafi ekki gert þessar sættir af heilum hug. Að minsta kosti voru tveir náfrændur hans fremstir í flokki Jóns kuflungs, og fleira mætti tilfæra, sem bendir í sömu átt. En satt er það að sagan segir, að erkibiskup hafi beðið Sverri fyrirgefningar fyrir andlát sitt. Þó er víst vissara að hafa það í huga, að Sverrir var einn til frásagnar um það, sem fram fór við dánarbeð Eysteins erkibiskups. Hann hjelt þar velli svo sem endranær, og átti síðasta orðið.

Þess má geta, að Storm vitnar í einn annan sagnaritara, — Roger af Hoveden, — sem kallar Sverri son Sigurðar munns. En þar sem það er víst, eins og Storm líka játar, að sá höfundur hefir mestan sinn fróðleik um Sverri einmitt úr »Gesta Hernici II.«, þá hefir vitnisburður hans enga sjerstaka þýðingu.

Þessar línur hafa verið ritaðar til þess að sýna fram á, að aldrei hafa komið fram neinar gildar heimildir fyrir því, að Sverrir væri sonur Sigurðar konungs munns. Honum hefði þó átt að vera innan handar að leggja fram einhverjar slíkar heimildir, ef þær á annað borð hefðu verið til. En sjálfsagt er þó að taka það fram, að samkvæmt hlutarins eðli verður aldrei neitt sannað *til fulls* um ætterni Sverris. Þrátt fyrir alt er þó *hugsanlegt*, að hann hafi sagt satt, þó að hirðuleysi hans um að sanna sitt mál verði þá lítt skiljanlegt. Og líklegt er það, að altaf verði einhverjir til þess að trúa sögusögn hans um faðerni sitt á meðan Sverris saga verður lesin.

Fr. Paasche kemst svo að orði, að hver sem taki sögu Sverris sjer í hönd, komist um leið á vald hans. Þau orð eru sönn. Hæfileikar mannsins voru svo fjölbreyttir og fátíðir, að ef til vill á hann engan sinn jafnoka í sögu Norðurlanda. Hann er jafnvígur á öllum sviðum. Hann var alt í senn: flokksforingi, hershöfðingi, landsstjóri, löggjafi, málsnillingur og fræðimaður. Hver sem ætt hans hefir verið, var hann »til mikilla hluta borinn«, — til mannaforráðs og stórræða. Hann hafði þann hæfileika, sem einstakastur er og aldrei verður með orðum skýrður, að hann gat látið aðra menn veita sjer fúsa og fullkomna þjónustu, án mögls og mótmæla. »Það hefir oss aldrei brugðist, er þú hefur oss sigrinum heitið« hrópuðu Birkibeinar einu sinni, er hann eggjaði þá fram til orustu. Og þó að óvinir hans hræddust hann og hötuðu hann, þá gátu þeir ekki að því gert, að þeir dáðust að honum um leið. »Sá *djöfuls prestur*« hafði konunglega yfirburði fram yfir alla þá, sem áður höfðu setst í sæti Haralds hárfagra.

Fr. Paasche, sem dáist svo mjög að Sverri, að það vantar fátt á, að hann telji hann heilagan, á bágt með að trúa því, að slíkur maður hafi bygt alt tilkall sitt til ríkis á falsi og ósannindum: Í 25 ár berst hann fyrir rjetti sínum með óbifanlegri sannfæringu og óþreytandi kappi. Enginn varð nokkurn tíma var við hik eða efasemdir hjá honum, aldrei gefur hann eitt augnablik höggstað á sjer. Oft skýtur hann máli sínu til guðs, þegar hættan er sem mest, og að síðustu lætur hann hefja sig deyjandi upp í hásætið og bið-

ur guð að fyrirgefa óvinum sínum og dæma alt sitt mál. Paasche spyr: Var þetta alt ein samhangandi svikakeðja? Getur nokkur maður haft slíka elju til lyga og blekkinga?

Þessi spurning er þung á metunum, enda er henni ekki auðsvarað. Enn samt eru líkurnar á móti Sverri svo sterkar, að hún gengur ekki af efasemdunum dauðum. Það eru ekki einsdæmi í sögunni að stórbrotnir hæfileikar mikilla framkvæmdamanna velta öllu um koll, sem í vegi þeirra verður, að eins í þeim tilgangi að fá að njóta sín. Slíkir menn eru ekki feimnari við sannleikann en svo, að þeir fótum troða hann, hvenær sem svo býður við að horfa, en virðast þó geta lifað góðu lífi, í fullum friði við samvitsku sína og guð sinn, ef þeir að eins geta haft full not krafta sinna. Napoleon átti margs að minnast á St. Helenu. En hann kunni ekki að iðrast. Hann var skapaður til starfs og stórvirkja, en ekki til iðrunar.

Því skal síst neitað, að í sögunni eru mörg dæmi um siðferðislega yfirburði Sverris. Hvað eftir annað fyrirgefur hann óvinum sínum, þó að þeir hafi margsvikið hann, og oft heftir hann ofsa og heift Birkisbeina, þegar þeir vilja svala sjer á sigruðum óvinum. Honum hefir fallið ljett, að láta sjer gleymast, hvað gertst hafði, eins og títt er um stórsýna framkvæmdamenn, sem sífelt hafa augun á framtíðinni. En hins eru vissulega mörg dæmi, að hann sveifst einskis. Lendum mönnum í Noregi munu hafa verið minnisstæð eggjunarorð hans til Birkibeina fyrir orustuna á Kálfsskinnsakri: »Sá er lendan mann fellir með sönnum vitnum, sá skal lendur maður vera, og þess kyns tignarmaður skal hver vera, sem hann sjálfur ryður sjer til rúms; sá hirðmaður er hirðmann drepur, og taka þar af aðra góða sæmd«. Þessi hryllilega herhvöt mun vera einstök í fornsögum vorum, og sjálfsagt þó að víðar væri leitað. Sá sem eggjar á þennan hátt siðlausan hermannaflokk, þar sem »allir eru þrælaættar og stafkarla«, — eins og Magnús Erlingsson komst að orði um Birkibeina, — hann lætur sjer ekki alt fyrir brjósti brenna. Ekki var hann heldur mjúkhendur á Sygnum, þegar hann brendi þar á einum degi 100 bæi, »og var það fögur bygð«. Kaldráður var hann og í meira lagi eftir orustuna á Strindsjó. Þar barðist Sverrir við Bagla, og hafði sigur að vanda. Hann var þá í svo grimmum hug að hann hafði bannað Birkibeinum að gefa nokkrum manni grið. En um kvöldið reyndist svo, að ýmsir sveitarhöfðingjar Birkibeina höfðu gefið grið frændum og vinum, sem barist höfðu með Böglum. En sumir

Birkibeinar vildu ekki þola það og hlupu til stofu, þar sem Baglar sátu inni, og drápu þá. Þeir sem höfðu gefið þeim grið, kærðu þetta fyrir konungi, en hann sagðist sjá þar gott ráð til, — þeir skyldu rannsaka, hvort þessir menn, sem drepið hefðu frændur þeirra, hefðu ekki sjálfir gefið sínum frændum grið »og bað þá þar á hefna. Eftir það gengu sveitirnar um bæinn og refstu þá hvorir annara frændum þar til allir voru drepnir«. Það er satt, að þetta grimdarverk er einsdæmi í sögu Sverris, enda höfðu Baglar þreytt hann og mætt meir en nokkur annar óvinaflokkur. En ekki tjáir að neita því, að sá maður er ekki alveg sannheilagur, sem til slíkra verka getur stofnað. — —

Staðfesta Sverris í því að hamra fram sitt mál á að dómi Paasche's og sumra annara að vera ólyginn vottur þess, að málefnið hafi verið gott. Það er nú svo! Um fátt talar hann af meiri alvöru í ræðum sínum, en að hann hafi stofnað sjer í mæðu og mannraunir vegna þess eins, að hann hafi sjeð aumur á landsfólkinu í Noregi, sem varð að þjóna þeim feðgum, Erlingi og Magnúsi. Þó játar Sverrir sjálfur, að þegar hann kom í Noreg, hafi allur landslýður verið hallur undir þá fegða, bæði höfðingjar og alþýða. Fólkið var fegið friðnum, og virðist hafa verið ánægt með hin nýju lög um ríkiserfðir og haft þá von, að þau mundu girða fyrir þann ófrið og óöld, sem geysað hafði i Noregi frá dauða Sigurðar Jórsalafara. Sverrir gekk þess og ekki dulinn, að hann varð að frelsa landslýðinn nauðugan. Er nú trúlegt, að slíkur vitsmunamaður sem Sverrir hafi haft þá hjátrú, að hinar fornu ríkiserfðir væru helgur dómur, sem ekki mætti hreyfa við? Samkvæmt þeim höfðu allir konungasynir, hvort sem þeir voru skilgetnir eða frillubornir, jafnan rjett til konungdóms, og þaðan stafaði öll sú óhamingja, sem yfir Noreg hafði dunið næstu áratugina áður en Magnús Erlingsson var kórónaður. Paasche svarar: Á miðöldunum var það trú manna, að öllum landslýð væri stofnað í voða, bæði þessa heims og annars, ef hann þjónaði þeim konungi, er ekki væri rjettborinn til ríkis. En taldist þá einnig sá konungur, sem kirkjan hafði kórónað, valdræningi? Krýningin var sakramenti! Og þar að auki var Sverrir óháðari kreddum samtímamanna sinna en dæmi eru til um nokkurn annan mann á Norðurlöndum. Enginn var vaxinn svo hátt upp úr miðöldunum sem hann. Það er því býsna örðugt að trúa því, að kenning hans um helgi hinna fornu ríkiserfða hafi verið neitt annað en handhægt vopn, sem hann notaði móti betri vitund er hann ruddi sjer til landa.

Paasche játar, að ef til vill hafi Sverrir falsað páfabrjef, enda eru talsverð líkindi, til að svo hafi verið. En út í þá sálma verður ekki farið frekar hjer. Það eitt er víst, að maðurinn var svo blandinn, að það mun verða seinunnið verk að sanna faðerni hans með »sálarfræðislegum« rökum, þvert ofan í allar líkur. — —

Sverri tókst aldrei að sannfæra mótstöðumenn sína um, að hann ætti rjetta kröfu til ríkis í Noregi, enda var þess engin von. En sjálfsagt hefir hans eigin flokkur og meiri hluti alþýðunnar smámsaman sannfærst um, að hann hefði rjett að mæla. Á miðöldunum trúðu menn því, að sigur í einvígi eða orustu væri guðs dómur. Sigrar Sverris voru sem hamarshögg á hamarshögg ofan og börðu þá trú inn í hugskot almennings, að hann væri rjettborinn til ríkis. Og þó verður efasemda vart, jafnvel hjá þeim sem næst honum standa. Þegar Eiríkur »bróðir« hans átti að sanna faðerni sitt með járnburði, þá »skildi Sverrir konungur fyrir eiðstafinum, og mælti svo: til þess leggur þú hendur þínar á helga dóma og bók, og því skýtur þú til guðs, að svo láti hann hönd þína heila koma undan járninu, sem þú er sonur Sigurðar konungs og bróðir minn«. En Eiríkur segir honum í augun upp, að um hans faðerni sje sjer alt ókunnugt: »eigi vil eg bera þetta járn fleirum mönnum til faðernis, en sjálfum mjer«. Þetta var eina tilraunin, sem Sverrir gerði, til þess að láta skírslur fara fram um sitt mál. — —

Menn verða að hafa hugfast, þegar rætt er um þetta mál, hvílík öld þá var í Noregi. Snorri segir um Eystein meylu, fyrsta konung Birkibeina, að hann hafi »kallast« sonur Eysteins konungs Haraldssonar. Meira þorir hann ekki að fullyrða. Og eftir að Sverrir kemur til sögunnar, þá spretta upp konungasynir víðs vegar um landið eins og gorkúlur á sorphaugi. Nokkru eftir fall Magnúss konungs náði flokkur hans sjer í nýjan konung, Jón kuflung. Sá hafði áður verið munkur í klaustri einu, en var tekinn þaðan út og gerður að konungi og sagður sonur Inga krypplings. Margir stórættaðir menn og göfugir gengu honum á hönd. Síðan börðust þeir í þrjú ár um ríkið, munkurinn og presturinn, sem báðir sögðust vera konungasynir, og mátti stundum vart á milli sjá, hvor bera mundi hærra hlut. Og fátt er vissara en að Jón kuflungur mundi enn þá eiga ákveðna fylgismenn, ef hann hefði sigrað. En ef trúa má Sverris sögu, þá voru leidd sönn vitni að því, að hann var maður lítillar ættar og hjet Ormur rjettu nafni. Síðan kemur fram einhver nýr konungsonur næstum því á hverju ári, og fengu þeir allir meira eða minna fylgi. Um suma þessara

manna er víst að þeir voru svikarar, um ætt hinna er jafnóvíst sem um ætt Sverris. Það eitt gerði gæfumuninn, að sigurinn gekk aldrei úr greipum Sverris. Hann einn var konungur að eðli, þótt hann að öllum líkindum hafi eigi verið það að ætt. Er war seiner Thaten Sohn!

Eitt erindi

síra Gunnars Pálssonar yfir kerlingarkvæði Einars Sæmundssonar.

Einar hefur lagað af list
ljóð um kerlinguna,
sem til forna ferðaðist
og flestir nú ei muna,
átti hún harða útivist
opt um landa hringinn,
kallar kerlingin,
soddan viðlag fann eg fyst
fræðið því næst spjallar,
kerlingin kallar,
þriðja er allra þeirra styzt,
þar af ekkert takast má,
kerlingin kallar á,
eptir það hið fjórða flyzt
fram með röddu klára,
hún kallar á hann Kára,[1])
við það fimta[2]) refla rist
Ránar hleypti jór á skeið,
henni var hugur að leggja á leið,[3])
síðast allra setr hann yzt,
sú var komin til ára,
lá þá austan yfir hafið bára.

---

[1]) Hér eru . . . . í hdr. eins og eitthvað vanti í, sem ekki mun vera.
[2]) Sjötta, hdr., sem sýnist vera rangt.
[3]) . . . . hdr. hér á eptir, eins og eitthvað vanti í, sem ekki mun vera.

Nokkur orð um „nokkur orð“.

(Sbr. ársrit hins ísl. Fræðafélags bls. 170—179, ritdóm Jóns Helgasonar um Faust-þýðinguna íslenzku).

Engan mun furða á því, þótt maður, sem numið hefir íslenzku í háskólanum í Kaupmannahöfn hneykslist á réttum íslenzkum nöfnum, svo sem Reykjarvík. Því að það er alkunna, að margir erlendir málfræðingar eru þess fúsastir að kljúfa íslenzkuna í mörg mál: forníslenzku, miðaldaíslenzku og nýíslenzku. Margir af vorum eigin málfræðingum hafa og látið berast með þeim straum, þótt undur megi heita, og afneitað þeirri þekking sinni á móðurmálinu, er þeir fengu við kné móður sinnar. Jón Helgason mundi vart talinn svo efnilegur námsmaður í íslenzku, sem raun er á orðin, ef hann hefði eigi numið þessa speki. Og því er ekki miklum vafa undirorpið, hver hans stefnuskrá er um meðferð á íslenzkum nöfnum. Má ganga að því vísu, að hann líti hornauga alla þá hluti, sem tengja saman það, sem hann vill sundurskilja, þ. e. »forníslenzku« og »nýíslenzku«, og kalli því »forneskju«, ef nöfn eru rituð rétt, eða gamalt og gott orð er heldur valið en nýtt og lélegt.

Jón Helgason lætur »ósagt, hve margir íslenzkir lesendur muni skilja þvílík nátttröll meðal orða málsins sem þessi«. Eg set hér nokksýnishorn af tröllunum hans. *Átall* er eitt nátttröllið, og íslenskir lesendur skilja þá ekki þessa vísu í Friðþjófs-þýðing Matthíasar:

og *atalt* augum rendi hann til öðlings hugum stór
og líktist bæði Baldri og brúnahvössum Þór.

Bekkur (ɔ: lækur) er annað, og Jón veit af lærdómi sínum, að íslenzkir lesendur muni eigi skilja það orð og þá ekki heldur vita, hvað Sökkva-*bekkur* þýðir. Hann veit það enn af lærdómi sínum, að Íslendingar muni eigi skilja þenna vísustúf:

— — blika dalbrekkur,
bali grær þekkur,
fagur fjall*bekkur*,
fram í sæ stekkur.
(Lárus Sigurjónsson).

eða þetta hjá Hallgrími Péturssyni í Passíusálmunum

Yfir um Kedrons breiðan bekk.

Nei, þetta er ekki rétt. Þessi orð skilur hver einasti íslenzkur lesandi. Sama er að segja um orðin *herðimaður*, *hjarni*, *hörmugur*, *innfjálgur*, *munnskálp*, *sinni* (sbr. liðsinni). Þetta eru alþekkt orð og skilur hver maður þau, *varða* sömuleiðis og *verki* (sbr. áverki). *Snarla* þarf ekki að nefna (sbr. harla), en *öngbýli* er að vísu ekki algengt orð, þótt allir skilji það, af *öngvegi*, sem er daglegt mál, og *öngþveiti* eigi síður. Þá er *stæra* eitt nátttröllið í málinu, en þá má Jón ekki heldur *stæra* sig af ritdóminum. *Svefja* er enn eitt nátttröllið hans Jóns. En heldur hann þá, að íslenzkir lesendur hafi aldrei skilið vísu Gísla Brynjólfssonar:

Hvítar mundir mér um háls
menjagrundin vafði frjáls,
svafði und í hjarta hrein — —

Íð hefi eg heldur kosið en *iðn* fyrir þá sök, að eg vildi eigi að menn bryti tennurnar á slíkum orðum sem iðnsveinn, iðnskóli osfrv. *Þryngva* er nú úrelt eins og Jón veit, nema þrunginn, en hversvegna mundi síður mega reisa gömul orð frá dauðum en nota nýgjörvingar? En það bannar Jón hvergi, þótt strangur sé, enda hefi eg gert það á nokkrum stöðum.

Þegar ritdómarinn hefir lokið glímu sinni við nátttröllin, flytur hann þá kenning, að orðaval, sem leiðir hugann til eddukvæðanna, geri fólkið í Faust að sjervitringum. Jón lætur ekki vita, að Goethe fyrnir af ásettu ráði málfæri og rithátt í Faust, og notar þar bæði sjaldgæf orð og orðmyndir. Gerir hann það í því skyni, að lesendur leiði hugann fremur að liðnum tímum, enda var Faust samtíðamaður Jóns Arasonar. Þýðingin varð að gera slíkt hið sama, og var þá um að velja, hvort færa skyldi nær gullöldinni, eður hinum rjetta tíma Fausts, fyrra hluta 16. aldar. En einkennið á málfari þess tíma á Íslandi eru útlendar slettur og var því frágangssök að velja þá leiðina. Allir beztu höfundar vorir á viðreisnartímum tungu vorrar hlupu yfir miðaldirnar hjá oss og tengdu málfar sitt við gullaldarritmálið svo sem sjálfsagt var, því að einmitt það mál hafði jafnan lifað á tungu landsmanna, þótt lærðir menn blönduðu mjög tunguna í ritum sínum. Mér var því hægt um vik, þegar eg átti að velja. Með því að nota mér við og við hálfúrelt orð, sem allir skilja þó, fekk eg einmitt sama málblæinn, sem á frummálinu er. Ef ritdómarinn hefði kynnt sér málið ögn betur, þá hefði hann fundið viðlíka mikið af »nátttröllum« í frummálinu.

Hann fer þessu næst að rekast í því, hvernig eg rita lýsingarorð, vill ekki leyfa að rita *—igur*, heldur *—ugur*, vill eigi heldur leyfa réttan nafnhátt af sagnorðum með þátíðarmynd og nútíðarmerking. Þetta er svo hjákátlegt, að það er engra svara vert. Og enn rekst hann í einni fornri orðmynd og rithætti á nokkrum orðum, sem honum hlaut þó að vera ljóst að svo voru sett og rituð, til þess að hinn eða þessi sparðatínirinn fyndi færra af rímvillum. Einkum er ritdómarinn

skemtilegur, þar sem hann talar um gildrur, sem eg hafi lagt fyrir lesendur. Ein af þeim er *efstur* = síðastur. Eg gæti nú trúað því, að ritdómarinn teldi það þó enga gildru, þegar hann væri komin á *efri* ár og farinn að óttast hinn *efsta* dag. Og um hinar gildrurnar er það að segja, að ritdómarinn ætti að *vega* betur orð sín, því að *arður* (o: plógur) er alþekkt orð, og þótt *græðari* þýði ekki beinlínis garðyrkjumaður, þá verður engum erfitt að skilja hvers konar græðara er átt við. Sambandið segir til þess. Dómarinn mun og eigi *geta* sér neina frægð fyrir skraf sitt um notkun nokkurra sagnorða eða hann *má* að minsta kosti verða heppinn. Það má æra óstöðugan að elta misskilning hans á hverju orði, sem hann nefnir, en þó verð eg enn að nefna tvö orð, sem hann hefir hengt sig í. Hann segir að eg láti *einn* þýða sama sem *einhver* í 1842 línu. En þar fer hann alveg vilt. Í þýzkunni stendur:

1840. Das beste, was du wissen kannst,
darfst du den Buben doch nicht sagen.
Gleich höre' ich *einen* auf dem Gange

Annaðhvort hefir hann ekki skilið að hér er töluorðið, eða þá, ef eg á að vera velviljaðri en hann, að textinn hefir verið öðruvísi, sem dómarinn fór eftir. En vindhögg er þetta, hvernig sem á því stendur. Ritdómarinn segir, að það sé þvert ofan í núverandi mál að hafa *lík* um lifandi líkama. En mætti eg spyrja? Þegar hann situr við ritstörf sín og lítur á handarbakið á sér og sér líkhárin á sjálfum sér, hvort heldur hann þá að þessi hár séu á lifandi líki eða dauðu?

Eg hefi gert það með ráðnum hug að forðast eftir mætti erlend orð svo sem *náttúra*, jafnvel þótt þau hafi verið öldum saman í málinu og hefi lagt mig víss vitandi undir strangan dóm eltinna málfræðinga, sem meta svo mikils blinda hending, sem ræður oft málvenju, að það er heimska í þeirra augum að gera tilraunir til þess að hreinsa málið. Þessar tilraunir mínar þola vel sólarbirtuna og eru því eigi náttt röll, þótt ritdómari þessi kalli þau svo. En þeir sem vilja þiggja hverja erlenda slettu með þökkum til þess að geta klofið íslenzka tungu, sem jafnan hefir verið ein samfeld heild, þeir eru réttnefnd náttt röll og dagar uppi fyr en þá dreymir um. Og ekki vildi eg vera í þeirra sporum.

Ritdómarinn gerir þá kröfu til þýðingar á Faust, að ekkert sé þar talað nema daglegt mál og orðaröð sé sem í sundurlausu máli. En þessi krafa sýnir fyrst og fremst, að hann þekkir ekki meðferð Goethes á málinu í Faust, né tilgang hans með því, og í öðru lagi annaðtveggja: að hann hefir eigi vit á að þetta væri sama sem að seilast upp í stjörnurnar, eða að hann er svo ósanngjarn að gera kröfur til óframkvæmanlegra hluta, til þess að geta eftir á fordæmt það, að þessum kröfum er ekki fullnægt. Má vel sjá sanngirni hans á því, að hann átelur að við og við eru notuð algeng ljóðorð, sem öll íslenzk skáld hafa notað og nota, svo sem *fljóð*, *fold* (sbr. Eldgamla Ísafold), *gríma*, *hlýr*, *hlýri*,

hrund, mund, sprund, svanni, und (sbr. Háum helzt *und* öldum), *víf*. Þegar svo er langt seilst eftir aðfinningum, þá er enginn í vafa um, hvað veldur.

Þegar hér er komið sögunni fer nú ritdómarinn að íhuga sjálfa þýðinguna og kemst að þeirri niðurstöðu, að hún sé eigi nákvæm nema í ytra formi. Reynir hann að sanna þetta með því að prenta samhliða bæði málin, línu og línu á stangli, slitið úr öllu samhengi og þykist finna máli sínu stað með þessum dæmum. Auðvitað hefir hann eigi valið af betri endanum. Og þó rekur hann sjálfum sér löðrung með því, að prenta þessi sýnishorn, því að hver sá maður, sem læs er á þýzku og íslenzku, kemst að þeirri niðurstöðu, að lökustu línurnar sé sæmilega þýddar og flestar vel þýddar. Munu menn þá komast að raun um, að sérvizka ritdómarans gangi úr hófi.

Enn kemur ritdómarinn með ný sýnishorn og kemst svo að þeirri niðurstöðu, að Faust muni hafa tapað sér í þýðingunni. Skárri er það nú uppgötvunin! Flestar menningarþjóðir hafa þýtt hann, og engin þýðin er svo góð að hún nái frumritinu. Eg hefi séð nokkrar og haft þær til samanburðar við mína þýðing og má vafalaust segja þetta um þær allar. Að minnsta kosti er engin svo góð, að hótfyndinn maður gæti ekki náð svipuðum árangri sem þessi ritdómari.

En það er meira blóð í kúnni. Nú snýr hann sér að ríminu og segir að röng stuðlasetning sé á 19 stöðum. Þó er hann ekki vandvirkari en svo, að hann segir algerlega rangt til um 14 staði af þessum 19, því að stuðlar standa þar efalaust rétt. Um 5 af þessum stöðum má segja að það sé á takmörkum, hvort stuðlarnir standi eigi ofgleitt, en ef nánara er aðgætt, þá standa þeir þó rétt, ef rétt er lesið. „Þrír stuðlar standa 610“, segir hann. Þetta hefir hann dreymt, því að þar eru aðeins tveir stuðlar. Tvo höfuðstafi finnur hann í 1435, en þar eru tvær línur (1434 og 1435) með tveim stuðlum hvor, í 1813, og þar má fá það út, ef skakkt er lesið, í 3627, og þar er að vísu rímgalli, en þó ekki tveir höfuðstafir, heldur aukastuðlar; höfuðstafurinn er *s*, en aukastuðlarnir *hl—hl*. Þá segir hann að rangt sé ort í þessum línum:

Þau fara í dansi fljótt í hring,
svo að fötin skvettast allt um kring,
því að ei var fótur fúinn.

Hann kann þá ekki að hlaupa á atkvæði, og er þó ótrúlegt að Finnur Jónsson hafi eigi kennt honum svo algengan hlut í íslenzkri rímfræði. En hann kemur því hér upp um sig, að honum er illa við, að menn geri greinarmun á *því að* og *því* og á *svo að* og *svo*, og segir að sá munur finnist ekki í *núverandi máli*. Hann vill að menn sé þrælar hvers latmælis og riti heldur málvillur en að hlaupa á atkvæði, þar sem þó engar rímreglur eru brotnar.

En þessu næst kemur ritdómarinn þó með réttmæta athugasemd um rímið. Það reyndist mér nálega ófæra að finna svo mörg karlrím,

sem á þurfti að halda, og varð eg því að nota einkvæð orð sem til eru í tungunni. Var mér ljóst að þetta hafði orðið til lýta á stöku stað. Þó hygg eg að frekar væri orð á því gerandi, hve lítil þau missmíði eru en hinu, hve mikil þau sé.

Það sem ritdómarinn finnur að hendingum, er sumt rétt. T. d. gera stundum orð eða endingar rím við sjálf sig og hefi eg á öllum þeim stöðum, þar sem slíkt kemur fyrir, heldur kosið smásynd í rími, enn að skemma þýðinguna. En bæði kemur sjaldan fyrir að rímað sé t. d. *hœðir — flœði*, enda réttar hendingar og kemur oft fyrir í íslenzkum ljóðum.

Þá talar hann um hortitti og fæst það eitt út úr því, að hann skilur ekki svo algengt orð sem *víst*, og hefi eg þó ekki vikið þar frá *núverandi máli*. Annars fer hann þar með þvaður, er helgast mest af þeirri meginvillu, sem hann byrjaði á, að heimta það í rímaðri þýðing, að þar svari orð til orðs í frumritinu. Að lokum talar hann enn mikið um orðaröðina og nefnir nokkur dæmi, þar sem orðaröð er nokkuð önnur en í daglegu tali, eins og altítt er í íslenzkum ljóðum og meira að segja í beztu ljóðum beztu skálda. Stundum er hann þá að reyna að misskilja íslenzkuna, og skal það átölulaust af mér, ef hann hefir gaman af því, eða hyggst auka virðingu sína á þann hátt.

Eg hefði eigi minnst á þenna ritdóm, *ef* nokkursstaðar hefði fundist vottur þess, að ritdómarinn vildi segja kost og löst á ritinu, *ef* hann bæri ekki allur með sér, að hann er ritaður af óvild.

Jón Helgason endar þessa fyrstu göngu sína á þeirri einkennilegu fyndni, (því að fyndni mun það eiga að vera), að Dalamenn sé ekki Íslendingar, og er það andríkasta setningin í öllum ritdóminum.

Reykjavík, 4. júní 1923.

B. J. frá Vogi.

Leiðrjett ranghermi.

Herra ritstjóri! Gerið svo vel að ljá eftirfylgjandi athugasemdum rúm í Skírni, með því að ranghermi þau, sem jeg þarf að leiðrjetta hafa birtst í öðru tímariti, Ársriti Fræðafjelagsins.

Í síðasta hefti Ársritsins er ritgerð eftir Boga Th. Melsteð um Þorvald Thoroddsen, æfi hans og störf, sem einnig hefir birtst í sjerprentun. Þar er Landsbókasafns Íslands getið í sambandi við bókagjafir Thoroddsens til safnsins á þann hátt, að jeg finn mig knúðan til nokkurra andsvara og leiðrjettinga á ranghermum þeim, sem þar standa, svo að ekki verði sagt, að jeg hafi samþykt þau með þögninni.

Höfundurinn segir (bls. 74), að Þ. Th hafi sumarið 1912, áður en hann flutti frá Svanemosegaardsvegi, sent Landsbókasafninu að gjöf um eða undir 800 bindi, en »ekki einu sinni fengið að vita frá Landsbókasafninu, hvort bækur þessar hefðu komið til skila, hvað þá nokkra þökk«. Og enn er bætt gráu ofan á svart: »1919 kom hann (Þ. Th.) til Reykjavíkur og þá var ekki búið að taka bækurnar upp úr kössunum!«

Hjer er furðu margt ranghermt í fáum línum.

Jeg er svo heppinn að eiga enn í fórum mínum vinsamlegt einkabrjef frá Þorvaldi sál., dagsett 5. jan. 1913. Þar getur hann bókagjafar sinnar, sem hann hafi komið í far stjórnarinnar, og vonar, að jeg hafi fengið hana, en segist vonandi »senda síðar mikið meira, „því að jeg á nú orðið allstórt bókasafn (ca. 5 þús, bindi)“ o. s. frv.

Þessu brjefi svaraði jeg svo 25. jan. með þakklæti fyrir komnar og ókomnar gjafir.

Bækur þessar skrifaði jeg svo inn í viðtökubók, þær sem tækar þóttu, en hinar, sem annaðhvort voru áður til í safninu (svo sem Smithsonian bækurnar o. fl.) eða voru svo ljelegar, að enginn slægur var í, voru aftur látnar niður í kassana til að forða þeim við týnslu og firra þrengslum.

Yfirleitt var þessi sending fremur ljeleg og úrgangssöm, eins og oft vill verða, þegar menn eru að hreinsa til hjá sér undir flutning, margt af »defectum«, gömlum skólabókum o. fl. Aftur á móti var síðari sendingin, dánargjöfin, hin ágætasta.

Út af fyrri sendingunni skal það tekið fram, að þar sem hún er

talin 72 bindi í minningarriti safnsins, þá er það ekki rjett, þau eiga að vera 160, og vil jeg biðja þá, sem lesa minningarritið að breyta tölunni eftir því sem hjer segir.

Þá kem jeg að dánargjöfinni, sem B. M. segir, að aldrei hafi komið svar upp á, »hvort safnið vildi taka á móti henni«.

Til sönnunar því, hve hreinlega sannleikurinn hjer er handleikinn, skal jeg leyfa mjer að taka hjer orðrjett upp greinarstúf þann, sem jeg sendi blaði þáverandi stjórnar, Morgunblaðinu, þegar er jeg hafði fengið tilkynningu frá hr. Jóni Krabbe um gjöfina. Hún stendur í »Morgunblaðinu« 3. d. nóvemberm. 1921 og er þannig:

Stór bókagjöf.

Tveir eru þeir menn íslenskir, sem nú um langan aldur hafa verið búsettir erlendis, föðurlandi voru til hins mesta sóma og vísindunum til eflingar, þeir prófessorarnir Finnur Jónsson og Þorvaldur Thoroddsen. Nú er hinn eldri þeirra, Þ. Th., látinn og hefi jeg í dag fengið tilkynningu frá executor testamenti, Jóni Krabbe utanríkismálafullfrúa, að hann hafi ánafnað Landsbókasafni Íslands í erfðaskrá sinni allar bækur sínar aðrar en þær, sem ritnar eru á íslenska tungu, svo og handrit sín öll, fullgerð og ekki fullgerð.

Í nafni Landsbókasafnsins þakka jeg þessa dýrmætu gjöf, og bið þjóð vora að geyma minningu þessa mæta, sístarfandi afkastamanns í maklegum heiðri.

Requiescat in pace Domini.

Jón Jacobson.

Bið önnur blöð landsins að tilkynna lesendum sínum gjöfina.

Þá kemur síðasta hnútan, gefin í skyn slæleg afgreiðsla á endursendum bókakössum til Danmerkur. Henni verður ekki svarað á annan hátt, en þann að hún er með öllu ástæðulaus. Það var unnið að tæming kassanna með dugnaði og svo var stundum þröngt á skrifstofu minni á safninu, að varla varð þverfótað þar inni fyrir gjafabókunum, því að jeg hafði ekki undan að innrita þær. Um þetta er oss öllum, sem að verkinu unnu, bókavörðunum, dyraverði og mjer kunnugra en höfundi kversins, búsettum í fjarlægu landi.

Jón Jacobson.

Ritfregnir.

Nokkur erlend rit um íslensk fræði.

Maurice Cahen: Études sur le vocabulaire religieux du vieux-scandinave. La libation. Paris 1921. — Sami: Le mot „dieu“ en vieux-scandinave. S. á. og st.

H. G. Leach: Angevin Britain and Scandinavia. Cambridge (U. S. A.), 1921.

Die Edda: Herausgegeben von R. C. Boer. I—II. Haarlem, 1922.

Fr. Paasche: Snorre Sturlason og Sturlungerne. Kristiania, 1922.

Knut Liestöl: Norske ættesogor. Kristiania, 1922.

Bækur M. Cahens fjalla um það merkilega fyrirbrigði, hvernig kristinn dómur tekur orð og siði heiðins dóms og gefur hvorutveggja nýja merkingu. Að nokkru leyti er nýju víni helt á gömlu belgina, en þó er býsna mikill smekkur eftir af gamla víninu. Fyrri bókin fjallar um drykkjufórnir, full heiðinna manna og minni kristinna, og varpar margsháttar ljósi á venjur og menningu fyrir og eftir kristnitökuna. Bækur þessar eru samdar af miklum lærdómi og öruggri þekkingu á íslensku, ekki síður en öðrum Norðurlandamálum. Þeir eru ekki margir meðal Frakka, sem við íslensk fræði hafa fengist, en það hefir ekkert hálfverk á því verið. Væri óskandi, að M. Cahen, sem nú er nýorðinn prófessor í þýsku í Strassborg, gæfist kostur á að halda áfram rannsóknum sínum um norræn efni.

Rit H. G. Leach um menningarsamband Norðurlanda og Bretlands á dögum konunganna frá Anjou, flytur merkileg drög til íslenskrar bókmentasögu í þáttum þeim, sem taka riddarasögur vorar til meðferðar. Höfundur er manna kunnugastur íslenskum riddarasögum, óprentuðum eigi síður en prentuðum, og þá eigi síður samsvarandi bókmentum Suður- og Vesturlanda, er hafa verður til samanburðar. Hann er ekki einungis vandvirkur vísindamaður, heldur ágætur rithöfundur. Enginn maður mun geta lesið þáttinn „Tristan in the North“ án þess að verða snortinn. Þar er saga Tristans-sögunnar rakin í fám skýrum dráttum, alt frá Trostan Piktakonungi til Tristrams þjóðkvæðanna. Á Íslandi hefir hið upprunalega nafn geymst í örnefninu Trostansfjörður, og hjer á landi

hefir líka kveðið verið hið fegursta þjóðkvæði um Tristan og Ísoldu, kvæðið sem segir alla söguna í einu vísuorði: „þeim var ekki skapað nema að skilja". — Eftirtektaverður er líka þátturinn „Eastern Romance", þar sem höf. setur fram þá skoðun, að hinn mikli bálkur íslenskra riddarasagna, sem enginn þekkir heimildir að og taldar hafa verið íslenskur skáldskapur, sje í raun og veru af austrænum rótum runninn. Telur hann líklegt, að Væringjar hafi flutt grískar og rússneskar sögur til Norðurlanda, en nokkuð kunni að hafa borist með grískum klerkum. Hjer er þó fremur bent á rannsóknarefni og rannsóknarleið en komist að fastri niðurstöðu. En það er eigi síður þakkarvert. Riddarasögurnar hafa haft gífurleg áhrif á íslenskar bókmentir og sálarlíf þjóðarinnar, og bíða þar framtíðarinnar mörg viðfangsefni og merkileg.

Eddukvæðaútgáfa prófessor Boers í Amsterdam, forustumanns Hollendinga í norrænum fræðum, er mikið verk og vandað. Eru kvæðin sjálf og inngangur í fyrra bindinu, en skýringar í því síðara. Meðferð textans er öfgalaus og skynsamleg. Ritháttur er ekki fyrndur frá því sem elstu handrit kvæðanna gefa ástæðu til, og vísuorðin ekki klipt á hæli og tá eftir vafasömum bragfræðireglum. Að því leyti má telja þessa útgáfu með þeim bestu. En það álít jeg galla á henni, að útgefandi otar þar um of fram gömlum skoðunum sjálfs sín, einkum um Völuspá, sem varla hafa náð nokkurri viðurkenningu fræðimanna, en vísar hinsvegar í skýringunum mjög víða í rit annara manna, án þess að greina frá niðurstöðunum. Hjer er því ekki um fullnægjandi skýringar að ræða fyrir mentaða leikmenn, heldur er gert ráð fyrir þeim bókakosti, sem fræðimenn einir hafa. En þeir munu allir taka þessu verki, sem er árangur langra rannsókna, með þökkum, bæði þar sem það vekur samkvæði og andmæli.

Fredrik Paasche hefir á síðasta ári gefið út tvær bækur, sem hvor um sig marka stórt spor í þekkingu Norðmanna á íslenskum fræðum. Annað er ný þýðing Njálu, kjarnmeiri og snjallari en áður var til á nokkru Norðurlandamáli. Hitt er saga Sturlunga og Sturlungaaldar fram yfir víg Snorra, mergurinn úr Sturlunga sögu, því af forvitnum vorum, sem einna torlesnast er útlendingum. Fyrir mentaðan almenning í Noregi, en hvorki sjerfræðinga nje Íslendinga, er bók þessi rituð, og þess verður að gæta, ef dæma á um hana með sanngirni. En fullyrða má, að enginn hefði getað ritað þessa bók, sem ekki væri sjálfur fræðimaður og hefði tekið efnið föstum tökum. Auk þess hefir Paasche ekki aðeins lesið Sturlungu, heldur lifað hana. Því getur bók hans, sem fyrir útlendinga á að vera uppbót fyrir Sturlungu, orðið Íslendingum ágætur inngangur að lestri þess flókna verks, en þeim, sem því eru kunnugir, kærkomið tækifæri til þess að rifja það upp og líta á sumt nýjum augum.

Knut Liestöl hefir í síðustu bók sinni flutt nýtt efni og nýtt líf inn í rannsóknir, sem um skeið virtust ætla að stappa í stað, og er það skjótast af að segja, að jeg hef fáar nýjungar í norrænni ritskýringu

lesið með slíkri ánægju. Um sannfræði fornsagna vorra hefir lengi verið deilt, en á síðustu áratugum hafa efasemdirnar risið hærra en áður. Má heita svo, að Finnur Jónsson hafi staðið sem klettur úr hafinu með traust sitt á sögunum, meðal þeirra, er um það efni hafa ritað á erlendum tungum. En á hverju hafa hinir erlendu fræðimenn bygt staðhæfingar sínar, að sögurnar væru að mestu skáldskapur? Að minstu leyti á sannanlegum dæmum, því um hin dæmin er ekki minna vert, þar sem sannindi frásagna hafa komið í ljós á óvæntan hátt (sbr. grein Finns Jónssonar í Skírni 1919, 183 o. áfr.). Langmest hafa það verið almennar efasemdir um, að menn gætu munað nokkuð aftur í tímann eða farið rjett með frásögur, sem þeir heyrðu. Þessir menn hafa varla þekt annað en bóklærða og bókum háða mentamenn, eða þá fáfróða og andlega sinnulausa alþýðu. Þeir hafa vanrækt að kynna sjer íslenska alþýðumenning nútímans, sem altaf má miklar ályktanir af draga um lífið í fornöld. Og sannast að segja hafa Íslendingar vanrækt að lýsa sínu eigin þjóðlífi fyrir þeim, hvernig sögur hafa gengið þvínær orðrjett mann frá manni og hvílíkur fróðleiksauður hjer hefir legið á vörum manna. En hjer kemur nú Liestöl til sögunnar. Í stað þess að leika sjer að almennum efasemdum um minni manna, spyr hann blátt áfram: hvað muna norskir sveitamenn, þeir sem spakastir eru og óljúgfróðastir, um forfeður sína og afrek þeirra? Hann stendur að því leyti betur að vígi en hægt er að gera á Íslandi, að hann getur ábyrgst, að sögur þessar sjeu ekki varðveittar með hjálp bleks og penna. Norðmenn hafa ekki átt í dölum sínum menn eins og Gísla Konráðsson eða Sighvat Grímsson Borgfirðing. Þeir hafa til skamms tíma verið jafnsaklausir af bókvísi og Íslendingar á 12. öld. En það sýnir sig við nánari rannsókn, að menn á 19. öld geta vel haft sögur allt aftur á 16. öld, sem sannar eru í meginatriðum, þótt skotist hafi um röð viðburða, syni verið eignuð afrek föður o. s. frv., líkt og dæmi eru til í Íslendingasögum. Eitt dæmið, sem Liestöl segir frá, er svo skemtilegt, að jeg get ekki stilt mig um að minnast á það. Í Knúts sögu skraddara, sem er aðalsagan í þessari bók, segir frá því, að kona Knúts kom þar að, sem hann hafði hlaupið frá fjársjóði sínum, og sá trog fult af ferhyrndum peningum. Þegar Liestöl ritaði söguna, lagði hann engan trúnað á þetta atriði og þekti ekkert til slíkra peninga. En 1919 kom hann til Kaupmannahafnar og sá þar í Myntasafninu heilmikið af ferhyrndum peningum, sem slegnir höfðu verið á dögum Friðriks II. og Kristjáns IV. En Knútur var einmitt uppi um og eftir 1600, eftir því sem sjá má af fornum skjölum og kemur líka vel heim við sögusagnirnar sjálfar.

Annars skiftir Liestöl efninu í hinum norsku ættasögum í þrjá hluti: 1) sannanlegt, eftir skjölum og skýrslum; 2) þjóðsögukent, förusagnir, sem festast við ýmsa menn, sem farið er að segja frá á annað borð; 3) vafasamt efni, sem hvorki verður sannað nje ósannað. — Hann skýrir frá því, hvernig sögurnar hafa varðveitst, í minni *fárra* fróð-

leiksmanna, þar sem hver hefir *numið* af öðrum, og gerir ýmsar skarplegar athugasemdir um efni, samsetning o. s. frv. Varpar það alt einhverju ljósi á Íslendingasögur. En Liestöl er ekki enn kominn út í verulegan samanburð. Þetta rit er ekki annað en upphaf: rannsókn íslensku sagnanna kemur á eftir. Þess framhalds munu allir lesendur þessarar bókar bíða með óþreyju, og mikið undir komið að vel takist, svo prýðilega sem á stað er farið. Því auðvitað má álykta með allri varúð um fortíð af nútíð, um Íslendinga af Norðmönnum. Og jeg get ekki stilt mig um að láta í ljósi eina ósk að niðurlagi, úr því hún var komin fram á varir mjer: að prófessor Knut Liestöl ferðist hjer um Ísland eitt sumar áður en hann gefur út framhaldið.

Sigurður Nordal.

Sigfús Blöndal: Islandsk-dansk ordbog. Hoved-medarbeidere: Björg Þ. Blöndal, Jón Ófeigsson, Holger Wiehe. I. Halvbind. Reykjavík 1920—1922 (Gutenberg). Aðalumboðsmaður á Íslandi: Þórarinn B. Þorláksson, Reykjavik.

Lengi hefir verið skortur á orðabók, þeirri er tæki yfir mál vort mælt og ritað; hefir hingað til ekki verið til annað af því tæi en Supplement dr. Jóns sál. Þorkelssonar, hin íslensk-enska orðabók G. T. Zoëga og orðabók Björns Halldórssonar. En þótt supplementin sjeu mikið verk og að ýmsu leyti merkilegt, eru þau þó aðeins viðaukar við orðabækur og því harla ófullkomin, ef búa skal við þau ein. Orðabók G. T. Zoëga er traust og góð það sem hún nær, en tekur því nær eingöngu yfir ritmálið; og loks er orðabók Björns Halldórssonar nú að sumu úrelt, og auk þess uppseld fyrir ævalöngu.

Þetta orðabókarleysi hefir verið næsta bagalegt bæði hjerlandsmönnum og útlendingum, einkum Norðurlandabúum, og er vafalítið, að margir hafa gefist upp við að nema nútíðar-íslensku fyrir þær sakir. En það er ekki hlaupið að því að taka saman orðabók; til þess að vinna megi slíkt verk, verður fyrst að rannsaka bæði mælt mál og ritað og orðtaka hvorttveggja. En til þessa þarf mikið fje, langan tíma, og helst marga menn. Nú hefir aldrei, svo að jeg muni eða viti, verið veitt fje, svo teljandi sje, til þessa undirbúningsstarfs, og því höfum við orðið að bíða svona lengi eftir orðabók yfir nútíðarmál vort. Einstöku menn hafa þó verið að fást við orðatíning, eins og t. d. dr. Hallgrímur Scheving, er safnaði orðum úr prentuðum bókum og handritum og ennfremur nokkrum úr mæltu máli, og Björn sál. Ólsen prófessor, er um mörg ár safnaði orðum og talsháttum úr talmáli voru. En eftir var að auka við þessi söfn og vinna úr öllu saman.

Nú hefir Sigfús Blöndal, bókavörður við konungsbókhlöðu í Kaupmannahöfn, um all-mörg ár notið styrks úr Carlsbergssjóði til þess að safna í íslenska orðabók og setja hana saman, og kom fyrri helmingur hennar (a—leggingabönd) út í fyrra sumar; er þetta mikil bók, 480

tvídálkaðar blaðsíður í stóru fjögra blaða broti, prentuð á góðan pappír með einkar skíru en þó svo smáu letri, að nær mundi 100 þúsund stöfum á örk, og má nokkuð af því ráða, að þetta er ekkert smásmíði, enda hefir höf. haft aðdrætti í hana hvaðanæva, að kalla má. Hann hefir fyrst og fremst lesið og orðtekið mesta fjölda rita um flest, ef ekki öll þau efni, sem ritað hefir verið um á íslensku máli síðan um aldamótin 1800, og reyndar ýmis eldri rit líka. Þá hefir hann og notað orðabækur og orðasöfn prentuð og óprentuð, og að því er sjerstaklega tekur til hins mælta máls, hafa söfn Björns Olsens einkum orðið honum drjúgur stuðningur. En auk alls þessa hafa svo ýmsir menn safnað orðum og talsháttum og ýmist sent höf. sjálfum eða nú upp á síðkastið Jóni adjunkt Ófeigssyni, er sjer um útgáfu bókarinnar hjer.

Það ætti því að vera auðsætt þegar af þessu stutta yfirliti, að bók þessi muni hafa margt það að geyma, sem ekki er að finna í hinum eldri orðabókum, enda er og svo; gegnir það furðu, hve margt er hjer saman komið orða og talsháttа mælts máls og ritaðs. Auðvitað dettur engum í hug, og þá síst höf. sjálfum, að hjer með sjeu allar lindir málsins þurausnar, og er slíkt alt annað en tiltökumál, þar sem kalla má, að nútíðarmál vort sje með öllu órannsakað, einkum mælta málið; og víst er um það, að ekki hefir enn verið safnað til nokkurrar hlítar orðum úr einu einasta bygðarlagi.

Framburður er sýndur á hverju ísl. orði í bókinni, og er það mikið hagræði erlendum mönnum, er hana nota. Vel getur verið, að eitthvað megi að þessum framburði finna, og að sumir beri fram eitt eða annað orð öðruvísi nokkuð, en sýnt er í bókinni. En hvað sem um þetta er, má þó ekki gleyma því, að framburðurinn, eins og hann er sýndur þar, er framburður mentaðs íslendings á íslensku máli eins og það er talað nú víðast hvar. Annars er ómögulegt að dæma um þessa hlið orðabókarinnar, uns framburðurinn hefir verið nákvæmlega rannsakaður um alt land.

Dönskuþýðingar hinna íslensku orða eru ágætar, að því er jeg fæ sjeð; fer það að vonum, því að bæði er höfundur hinn mesti tungumálamaður, og sagður óvenjulega orðmargur á ýmsar erlendar tungur. En auk þess hefir hann og auðvitað leitað til sjerfræðinga um þýðingu ýmissa fræði(tekniskra)orða. Þá hefir höf. og lengi notið aðstoðar Jóns adjunkts Ófeigssonar, sem hefir frá upphafi haft á hendi alla aðalumsjón með útgáfunni hjer; munu þeir, sem þekkja lærdóm Jóns, dugnað hans og samviskusemi, fara nærri um það, hvílík búningsbót orðabókinni hefir orðið að starfi hans. Og enn hefir magister Holger Wiehe farið yfir helming bókarinnar í handriti og lagfært hinar dönsku þýðingar á stöku stað. Hann lítur og yfir þriðju próförk af bókinni.

Þá er enn eitt, sem þess er vert, að um það sje getið sjerstaklega: Höf. hefir tínt saman alt það, sem hann hefir getað náð í af orðum, er varpa ljósi yfir alþýðumenningu vora, leika, kreddur, hjátrú, verkfæri,

vinnuháttu ofl. ofl.; og er ekki lítils um vert að eiga allan þann fróðleik geymdan í orðabók þessari nú, er forneskja og gamlir siðir og hættir eru óðum að hverfa og gleymast, og nýtt að koma í þeirra stað; en þetta munu menn þó kunna enn þá betur að meta, er stundir líða fram.

Það er sameiginlegt öllum tungumálum, sem eru »lifandi« eða hafa einhverntíma verið það, að nálega hvert orð hefir fleiri merkingar en eina, og sum margar. Þegar svo taka skal saman orðabók, er oftast ærinn vandi að raða merkingunum rjett. Að raða þeim eftir aldri, þ. e. að hafa frummerkinguna fyrsta og síðan hinar í rjettri tímaröð, er því að eins hægt (og þó ekki altaf), að alt málið hafi verið vendilega kannað, og að orðabókin sje afarstór. En þó eru gallar á þessu fyrirkomulagi. En í orðabókum, sem með rjettu má kalla, að taki yfir nútíðarmál, mælt og ritað, virðist handhægast, að hafa algengustu merkinguna fyrst, en síðan hinar sem sjaldgæfari eru, og þó tiðkanlegar. En áður en þetta megi verða, þarf að fara fram gaumgæfileg rannsókn á þessari hlið málsins.

Ef litið er á þenna þátt orðabókar Blöndals, virðist mjer, að því leyti sem jeg get um málið dæmt, sem honum hafi tekist vel að raða þýðingunum. Vafalaust mun þó einhverjum þykja rangt raðað merkingunum á stöku stað, og er ekki ólíklegt, að finna megi dæmi þess í bókinni. En þó er mjög hæpið að leggja dóm á þetta, uns málið hefir verið vendilega athugað í hverju bygðarlagi, orðum safnað og merkingarnar bornar saman. Þegar því er lokið, er auðveldara um að dæma, en þá er líka óumræðilega miklu auðveldara að taka saman orðabók og raða merkingunum eftir algengustu notkun hvers orðs.

Það er sagt, að ekki sje unt að taka saman gallalausa orðabók. Jafnvel hin mikla enska orðabók, sem fjöldi manna hefir nú unnið að í yfir 40 ár, kvað ekki vera alfullkomin. Það væri því engin furða, þótt eitthvað mætti finna að orðabók Sigfúsar Blöndals. Mjer virðist höf. t. d. hafa gengið oflangt í því að taka orð, sem ekki hafa fengið borgararjett í málinu, eða og nýyrði, sem lítil eða engin líkindi eru til að nokkur maður muni nokkurn tíma vilja líta við. Reyndar má lengi deila um það, hve langt skuli fara í þessu, og höf. mun varla mega teljast ámælisverður, ef hann getur þess jafnframt, að orðið sje úrelt, útlend ambaga eða heimilislaus nýgervingur. Þá er og annað það, að höf. grautar saman stöfunum i (í) og y (ý), og þykir mjer það óþægileg og óþörf nýlunda; get jeg ekki sjeð að það sje til nokkurs verulegs hagræðis erlendum mönnum, og oss Íslendingum er það til óþurftar. En þetta eru smámunir, lítils verðir í samanburði við kosti bókarinnar; mun bók þessi lengi halda uppi minningu höfundar og votta elju hans, atorku og lærdóm.

Útgáfa bókar þessarar er kostuð af ríkissjóði Dana og Íslendinga í sameiningu; kostar fyrra bindi 35 kr. og er það mjög lágt verð eftir

því sem nú tíðkast. Andvirði bókarinnar verður lagt í sjóð, og af honum á svo að kosta næstu útg. og svo koll af kolli.

Rvík í júlí 1923.

Bogi Ólafsson.

Halldór Hermannsson: Icelandic books of the seventeenth century, *1601—1700* (Islandica, Vol. XIV). Ithaca, N. Y. 1922. 8vo. [iiij +] xiij + 121 bls.

Þetta rit hefir að geyma lýsing á íslenzkum bókum eða eftir íslenzka menn, þær er prentaðar hafa verið á 17. öld.

Í inngangi gerir höf. grein fyrir sögu prentsmiðjunnar á 17. öld, og er hún hvorki margbrotin nje vafasöm. Telur höf., að skýrslur sjeu til um 255 bækur og ritlinga, er prentaðir hafi verið á Íslandi eða eftir íslenzka menn utanlands, þar af á Hólum 134 (27 þeirra glataðar, ef 7 af þeim hafa þá nokkurn tíma prentaðar verið), en í Skálholti 62 (þar af 1 glötuð), hinar allar prentaðar utanlands.

Síðan tekur við skrá um bækurnar eftir höfundanöfnum í stafrófsröð, með nákvæmum bókfræðilegum lýsingum, eins og títt er um slík rit. Hefir höf. ýmist sjálfur kannað heldtu bókasöfn á Norðurlöndum eða notað gildar skýrslur um þær, ekki hvað síst skýrslur Willard Fiskes.

Er verkið unnið með þeirri alúð og nákvæmni, sem einkennir verk þessa höf. og raunar er skilyrði fyrir því, að slíkar skrár komi að gagni. Til marks um þetta er og prýðilegur prófarkalestur, sem er afar erfiður á slíkum ritum. (Auðsæjar prentvillur eru á bls. 33, 9. l. a. n. „1595", í st. f. 1594, bls. 91, 5. l. a. n. „Þorsteinn" í st. f. Þorleifur).

Helzt mættu kunnugir taka eftir því, að höf. er illa í sveit settur vestur í Ameríku til þess að neyta þeirrar fræðslu, sem hafa má upp úr ýmsum ísl. handritasöfnum, til nánari skýringa um sumar þær bækur, sem nú eru glataðar. Má hjer til nefna ritið „Margarita Theologica" eftir Adam Franciscus (sbr. bls. 28 í skránni). Lýsing Árna Magnússonar um þá bók er að finna í safni hans (A. M. 231 e, 8vo. bl. 1982—3), svo nákvæma, að sennilega er unnt eftir henni beinlínis að ákveða, hver frumútgáfnanna hafi verið tekin til fyrirmyndar. Ekki er heldur ugglaust um, að til sjeu í handritum lýsingar rita, sem prentuð hafa verið, en hvergi er annars getið. En það væri næstum til of mikils ætlazt, að höf. hefði getað sinnt svo nákvæmri rannsókn, enda hætt við, að seint yrði lokið til hlítar. Mega menn vel við una, sem er.

Ekki er heldur í skránni getið allra þeirra prentaðra rita, sem enn eru til frá 17. öld í bókasöfnum. Í Landsbókasafninu hjer sakna jeg 8 rita, sem jeg hefi ekki fundið í skránni. Raunar eru þau öll smælki á lausum blöðum og því vorkunn, þótt yfir þau hafi sjezt. Þau eru talin hjer neðanmáls skrárinnar til leiðbeiningar:

1. Heillaóskakvæði á latínu (brot) til Þorláks Skúlasonar, er hann varð byskup. Prentað 1628 (líklega í Hamborg).

2. Brúðkaupskvæði á latínu til Brynjólfs byskups Sveinssonar og Margrjetar Halldórsdóttur eftir Sigfús rektor Egilsson. Prentað í Khöfn 1643.

3. Minningarljóð á latínu (brot) um síra Magnús Jónsson á Mælifelli (d. 1662) eftir tengdason hans, síra Þorstein Jónsson á Svalbarði.

4. Minningarljóð á latínu eftir Jón Þorkelsson Vídalín (síðar) byskup um föður sinn. Prentað í Khöfn s. a.

5. Minningarljóð á latínu eftir sama um Þorleif stúdent Gíslason (á Hlíðarenda Magnússonar). Prentuð í Khöfn s. a.

6. Minningarljóð á latínu eftir sjera Vigfús Guðbrandsson á Helgafelli um föður sinn, síra Guðbrand Jónsson í Vatnsfirði (d. 1690).

7. Minningarljóð á grísku eftir Torfa Pálsson (síðar prest) um Vigfús stúdent Jónsson. Prentuð í Khöfn 1695.

8. Minningarljóð á latínu, dönsku og íslensku eftir Benedikt Magnússon Bech („Bened. Magni Sigurdius"), síðar sýslumann í Skagafirði, um Ingibjörgu Gísladóttur, byskupsfrú á Hólum (d. 1695). Prentuð í Khöfn (ártalið rifið burt).

Vitanlega geta og komið síðar upp bækur, sem menn kunna ekki deili á eða taldar hafa verið glataðar, og er allt eftirlit með slíku hægara eftir að þessi skrá er komin út.

Á höf. þakkir skyldar fyrir verkið frá öllum bókavinum og menntamönnum, því að þeim eru slík rit sem þessi verulegur fengur. Er skrá þessi ásamt skránni um 16. aldar bækur veigamesta ritið, sem út hefir komið í Islandica-safninu, fyrir þá sök að hjer er tekið föstum tökum á lítt könnuðu efni. *Páll Eggert Ólason.*

Islandsk Grammatik. Islandsk Nutidssprog af Valtýr Guðmundsson. København. H. Hagerups Forlag 1922.

Þetta er að ýmsu leyti merkileg málfræði (hljóðfræði og beygingarfræði) íslenzkrar tungu vorra tíma. Hún er rúmar 170 bls. í 8 blaða broti og að auki orðaregistur meira en 20 síður, þar sem talin eru upp öll þau íslenzk orð sem nefnd eru í beygingafræðinni, en því miður ekki hin sem nefnd eru í hljóðfræðinni, sem er skaðlegur sparnaður. Vissulega er bókin þörf fyrir Norðurlandabúa, er læra vilja tungu vora til hlítar. En þótt hún sé þarfleg bók, þá finn jeg samt allmargt við hana að athuga.

Mjög óviðfeldið er það hjá höf. þarna í formálanum að segja að fornar orðmyndir og orð í nútíðarritum sjeu *lán* (= tökuorð) frá fornmálinu, öldungis eins og þar væri um allt annað tungumál að ræða. Eru þá t. d. orðin: *brynja, björn, langskip, lögsögumaður, fura, víkingur* o. s. frv. réttnefnd lánsorð? Ekkert af þessu er til á Íslandi nú og hefir sumt aldrei verið, en þó dirfist jeg að neita því að þetta séu tökuorð og bæti því við, að lærðir menn eigi ekki að koma með slíkt hjal. Jeg efast um að Dönum sé nokkur greiði gerður með þessu. Og

víst er um það, að stundum hittast hjá dönskum nútímahöfundum orð frá Holbergstímum sem nú eru lítt tíðkuð og þó eru þau eigi nefnd tökuorð, þrátt fyrir það að dönsku þeirrar tíðar munar víst litlu minna frá nútímamáli Dana, en Sturlungu máli frá málinu á „Pilti og stúlku“. Þess kennir allvíða í bókinni, að höf. sé að telja sjálfum sér og öðrum trú um að íslenzka málið, segjum 1290—1320 sé allt annað en t. d. málið nú 1890—1920. Vita má hann þó, hversu slíkt særir tilfundningar Íslendinga, sem líka sjá að þetta er rangt. Vissulega eru hin tilfærðu orð B. M. Ólsens sönn: „*að naumast finnist nokkur ein fornmynd, er eigi mætti finna dæmi upp á í nýja ritmálinu*“. En samhliða þeirri setningu má koma með aðra jafnsanna: „*að hartnær allar nýmálsmyndir megi finna dæmi upp á, í fornmálinu*“. Þessi skarpa skifting hjá höf. er því vísindalega röng.

Hljóðfræðin nær yfir 45 bls., en þrátt fyrir svo langt mál um framburð Íslendinga þá vantar þar sumt er með ætti að vera og sumt er á annan veg en rétt er.

Gr. 4 b. Þar er skýrt frá því að *a* á undan *ng*, *nk* sé alment borið fram sem *á*, en á Vestfjörðum haldist þó gamli framburðurinn. En í þessa hljóðfræði vantar að geta þess við *e* og *ö*, að Vestfirðingar halda þar enn í dag, fornum framburði á undan *ng*, þar sem aðrir hafa *ei* og *au*. Í *Gr. 19—38* er talað um framburð á samhljóðunum og er þar ýmislegt að athuga. Fyrst vil eg geta þess, að hvervetna þar sem um tvenskyns framburðarhátt er að ræða, annan latmæltan, en hinn skírmæltan, sem báðir tíðkast nokkuð jafnt, eins og t. d. *úldna* og *úlna* (í gr. 20 c. 1), þá er ótækt að setja latmælta háttinn inn sem reglu, en ekki þann skírmælta, en það virðist höfuðreglan í bókinni allri, líklega meðfram til að fá út sem mestan mun (þar oft ímyndaðan) á fornmáli og nýmáli.

Engin ástæða er heldur til þess, að setja upp tvennan framburð við sérhvert orð, þar sem því verður viðkomið, heldur hafa þar einn almennan, en geta afbrigðanna sem einkenna einstök héruð, einhversstaðar í eitt skifti fyrir öll. Þvert við þetta, sýnir þessi hljóðfræði jafnan tvennan framburð þar sem hægt er, sem einkum kemur fram í meðferð raddaðra samhljóða á undan lokhljóðunum *k*, *p*, *t*. Svo sem kunnugt er, þá ríkir sú mállýzka í sumum héruðum Norðurlands (frá Héraðsvötnum að Helkunduheiði) að hafa tekið upp raddmælt hljóð fyrir óröddað í ýmsum tilfellum í áðurgreindri stöðu, t. d. *maðkur* (f. maþkur), *stampur* (f. stam̄pur) o. s. frv., gagnstætt því er alment tíðkast í öllum hinum landshlutunum, er þar halda fornum framburði. Ef sýna á framburð við hvert orð þar sem um mun er að ræða, hefði eigi veitt af að hafa víða þrennan framburð, og það var öllu meiri ástæða til að sýna jafnan hinn einkennilega vestfirzka framburð á *ð* í *svæfdur*, *lagdi*, *varda* o. s. frv. (f. svæfður, lagði varða), enda hefði það verið í samræmi við sýningu tvenna framburðarins, sem hafður er

(án þess að nefna héruð) *f* og *g* á undan *ð*, t. d. *hafði* og *habbði*, *sagði* og *saggði*, þar sem ið fyrra er sunnlenzka og austfirzka, en hitt norðlenzka nokkuð gömul og líka vestlenzka (í syðra hluta fjórðungsins). Það er trúlegt að höf. hafi tekið þenna tvöfaldleik eftir Orðabók Sigfúsar Blöndals, en það er ekki eftirbreytnisvert úr því að sporið var eigi stigið lengra. Fráleitast er þó að telja framburðiun *kv* f. *hv* sem almennastan þar sem beint ið gagnsstæða á sér stað. Því hinn forni *hv* = framburður nær alla leið frá Langá á Mýrum yfir alt Suðurland og Austfirði vestur að Jökulsá í Öxarfirði. Þar bar að setja *hv* sem reglu, en geta hins í athugasemd.

Þá kem jeg að einstökum atriðum:

Gr. 21 anm.). Þar er sagt að á Vestfjörðum sé *ð* borið fram sem *d*. Þetta er of víðtækt, því það er eingöngu á eftir *f*, *g*, *r* að svo sé t. d. *vafdi*, *hægdi*, *bardi*, en annars alls ekki. Í þessari *gr. b.)* talar höf. um að *ð* sé hálfraddað í úthljóði eftir löng raddhljóð. Þetta segir hann um ýms fleiri samhljóð; eg efast um að hljóðfræðingarnir viðurkenni, að slíkt fyrirbæri sé til. Hluturinn er að *ð* (og sum önnur samhljóð) er ýmist haft raddað eða óraddað í úthljóði t. d. alt af sagt *boða* (í innhljóði), en aftur ýmist *boð* eða *bop* í orðsenda. Þarna mun höf. misskilja framburðartáknanirnar í Orðabók Sigfúsar. *Gr. 22 i) 1*, það er rangt að *skrjáa*, *þúa* sé almenni framburðurinn, því *skrjáfa* og *þúfa* er ið almenna. Það er helzt í orðunum *húfa* og *tófa* að úrfelling á *f* er almenn. *Gr. 23 d)* 2. Það er mjög vafasamt að stafavíxlun í *sigldi*, *ygldi* sé nokkuð algengari en rétt hljóðstaða. Sama er og um *efldi*, *telfdi* í næstu gr. á undan. Í sömu *gr. k) 1.* er það alrangt að *g* sé venjulega hljóðlaust í *fljúgi*, *sjúgi*, *rúgi* o. s. frv., því þar er nálega ávalt greinilegt *j*-hljóð í því (= fljúji). Hitt er einhver frábrigðaframburður, ef til er. *Gr. 24. c.)*. Þar er sagt að *hv* = χ, í framburði, sé einkum á Austurlandi, en þessi framburður finst alla leið frá Breiðdalsheiði vestur að Þjórsá.

Gr. 27. c. 3. Það er rangt að geta þess ekki að *l* getur verið hljómkvætt (= raddað) í *fólk*, *hjálp*, engu síður en í *fólki*, *hjálpa* o. s. frv. Þar er eingin munur í þeim héruðum er þarna hafa raddaða samhljóða, en þetta gerir lítið til. Hitt er verra og alrangt að telja *l* á undan *t* hljómkvætt t. d í *velta*, því slíkt á sér hvergi stað á landinu. Það er einungis á undan *k* og *p* svo sem í *stúlka*, *skólpa* að *l* í sumum héruðum er hljómkvætt, en til *lt* nær það hvergi, þótt undarlegt ósamræmi sé í því. Aftur á móti er víst að *m* og *n* eru í þeim sveitum hljómkvæð á undan *t* engu síður en á undan *k* eða *p*; svona dutlungasamt er þetta. *Gr. 30. h)*. Það er rangt um *pk* og *pt*, að þar verði *p* nokkurntíma hljómkvætt t. d. í *dýpka*, *dýpt*. Þar er vanalegi framburðurinn *dýfka*, *dýft* með óhljómkvæðu *f*, en hjá sumum heyrist stundum sagt *dýpka*, *dýpt* með hreinu *p*. (Sama gildir um *k*, t. d. í *sekta*, sem venjulega verður *seχta*, en getur hjá sumum hljóðað *sekta* með-

óbreyttu *k*). *Gr. 31. d.*). Það er alrangt að telja *r* nokkurn tíma hljómkvætt í samböndunum *rk*, *rp*, *rt* (marka, skerpa, kvarta), því í engu einasta héraði landsins er *r* hljómkvætt í þeirri stöðu og eigi heldur þar sem slíkt gildir um önnur linhljóð. Þar hafa hljóðtáknin í Orðabók Sigfúss ómögulega getað vilt fyrir höf., heldur er þetta víst ógát. Í *gr. 33* vantar að geta þess að *t* á undan *k* fær *þ*-hljóð víðast hvar um alt land t. d. *liþka*, *noþkun* (f. litka, notkun). Sumstaðar norðanlands er aftur sagt, *litka*, *notka* (sbr. *dýpka*, *sekta* sem fyrr var nefnt). Sama *gr. b. og f*). Óaðgengilegt er að fallast á það, að nokkur verulegur munur sé á *tl* og *tn* í úthljóði og innhljóði t. d. í *gutl*, *vatn* og í *gutla*, *vatna*. Mér virðist þetta horfa svo við, að munurinn verði þarna alls enginn á *t* en einungis ofurlitill á *l* og *n*. Í *gutl*, *vatn* (hljóðritað guht*l*, vaht*n*) hafa *l* og *n* mist hljóminn (ɔ: orðið óhljómkvæð) en í *gutla*, *vatna* fá þau hljóminn aftur (ɔ: eru hljómkvæð) og eiga menn því þar að hljóðrita „*guhtla*“ „*vahtna*“, en í þessari málfræði er það gert á tvo vegu, nefnilega þann, er nú var sýndur, og líka „*guhdla*“, „*vahdna*“ sem eg hygg alveg ranga hljóðritun á tannhljóðinn þarna. Eg er hræddur um að þetta sé órökstudd kredda úr ofviðkvæmum hljóðfræðingum. Að minsta kosti er munurinn þá svo smár, að nemendur málsins mundu alls engin not af slíkri greiningu hafa, sem því nær enginn megnar að heyra, þótt einhver líkindarök kunni að mega fyrir henni færa. (Sama dæmi gildir auðvitað um *kl*, *kn* og *pl*, *pn* í slíkri stöðu). Það tók því varla að setja þarna upp tvennan framburð í öllum þessum tilfellum, sem þó er hvervetna gert. *Gr. 37. anm.* Þar er talað um notkun á *z* fyrir *ds* og *ts*, en vantar *ðs* (sbr. *hirzla*).

Gr. 39. Mjög óheppileg er þarna niðurröðunin á hljóðbrigðinu (Aflyd). Ef litið er á þetta frá indgermönsku sjónarmiði þá er skiftingin beint röng, *bresta* (binda), *bera* (nema) og *sitja* hafa allar sama hljóðbrigðið (e—a) sem *bíta* og *fljúga*, þótt hvarfstig sé í sumum myndum og lenging í sumum. Það er alt *e*-flokkur. En svo er *fara* sá sanni *a*-flokkur. En sé litið á þetta frá sanngermönsku sjónarmiði, þá verður hentugast að miða við nútíðina og nefna þetta: *e*-flokk, *a*-flokk, *i*-flokk og *jú*-flokk. Að miða eins og þarna er gert, sitt á hvað í *1 fl.*: við eint. þát., í 2. *fl.*: við nútíð og í *3. fl.*: við hlutto. þát. er ótækt rugl. Vitanlega er inum lærða höf. þetta mál kunnugt, en þó eigi náð réttum tökum á því. *Gr. 45*). *Fjærri* er ekkert hljóðvarp heldur líkingarmynd eftir *nærri*. Úr því þetta á að vera málfræði nútíðarmálsins sé eg litla ástæðu til að taka myndir sem *fjer*, *fjetur*, *mjeg* (f. fjör, fjötur, mjög), því þær eru úreltar nú þótt þær finnist í eldra nýmáli. Aftur eru myndirnar *fjegur*, *mjel* o. fl. enn með góðu lífi og því rétt, eins og gert er, að taka þær. Eg er ekki sá málhreinsill að eg amist við, að talað sé um orðmyndir, sem illa þykja rithæfar, ef þær í sannleika fyrirfinnast í talmáli. *Gr. 48.*). Það er ónákvæmt að segja að *o* á eftir *v* sé (framv.) hljóðvarp af *á*, því miðað

við nýmálið er það einungis hljóðgrenning (frá 17. öld) úr *ó*, sem svo aftur miðað við fornmál er hljóðv. af *á (hvárr, — hvór — hvor)*. Alrangt er það, að minsta kosti hvað Suðurland snertir að *hver* og *hvor* sé blandað saman og verði hvorttveggja *hvur*. Þar er ávalt sagt *hvor* um tvo en *hver* eða *hvur* um marga. *Gr. 54)*. Það er eflaust vitleysa, að *eiga* sé fyrir *ega*. *Gr. 65)*. Í *sjö* (f. *sjau*) er hvorki úrfall né hljóðv., heldur einföld hljóðgrenning, sbr. *löður* (f. lauður), sem hvergi er nefnt.

Gr. 66. Það er misskilningur og málssögulega rangt að *nd* tilíkist í *nn*, heldur er *np* þar á fornnorrænni tíð orðið *nn*. Breytingin kemur nýmálinu ekkert við. *Gr. 71*. Tillíkingin *lt* í *tt* (er verður einfalt *t* og svo *ð* í léttum samstöfum, sbr. *mikið*, *lítið)*, er alls eigi til. Í *mikill* og *lítil* hafa upphaflega verið tvennar endingar, bæði *ill* og *inn* og því er *mikið* og *lítið* fyrir *mikint* og *lítint*. Með þessu er þá og tillíkingin *ln* í *nn* (í þolf. *mikinn*, *lítinn*) sjálffallin burtu. Í þessum kafla um tillíkingar, talar höf. um ýmislegt þess konar, sem nýmálinu, einu sér, kemur ekkert við t. d. *bekkur*, *ekkja* (fyrir benkur, enkja). Þar sést tillíkingin eingöngu af eldri málstigum (og erlendum tungum) og er því eigi nýíslensk hljóðbreyting í orðum. Aftur er þarna eigi nefnd tillíkingin *ht* í *tt* t. d. í *nótt* sem að vísu er heldur eigi nýíslensk breyting heldur miklu eldri, en snertir miklu meir hljóðfræði nýmálsins en hin. Af þessu kemur það þá víst, að höf. hefir neyðzt til að nefna hana framar (í 55. gr.) í sambandi við lenging raddhljóða og þó á bókin eingöngu að vera nýíslensk málfræði. En þar er það bæði málsögulega rangt og líka ekki nýíslenskt, að segja að þetta sé tillíking úr *gt* í *tt* t. d. í *dóttir*. Eg býst nú við að höf. myndi svara mér þarna, að sér komi ekkert við þetta *ht* í *dóttir*, *nátt* o. s. frv. (fyrir *dohtir*, *naht*) af því hann sé eingöngu að rita um nýíslenzku. En þar til er því að svara, að þarna er ekkert *dog*, *nag* til í nýmálinu, og ennfremur því, að þarna sé enginn munur á fornmáli og nýmáli, og því er tungan í þessu, eins og víðar, fornaldarmál. Skiftingin gerir því hér skaðlega villu, í bók, sem á að vera kenslubók.

Gr. 79—82. Ræða um tvöfaldan samhljóða. Þar vantar að geta þess, að í íslenzku nútímans, tvöfaldast allir samhljóðar á undan *l* og *n* t. d. er sagt: *rimmlar* (af rimill) *iððnir* (af iðinn), *meittlar* (af meitill), *gættnir* (af gætinn), engu síður en *möttlar*, *hittnir* (af möttull, hittinn). Um þetta var alveg sama ástæða til að geta sem um einföldunina á undan *d* og *t* svo sem í *skemdi* (af skemma) *felt* (af fella). Reglurnar um tvöfldun á *r* og *t* einsog í *hárri*, *hátt* (f. hári, hát) eru rangar sem oflangt er að útskýra hér.

Gr. 83—85. Ræða um einföldun samhljóða. Þar er sagt t. d. að *tt* einfaldist í *kettlingur*, *vettlingur*, *hvívettna*, en það er rangt miðað við talmál sem vera ber, en eigi margvíslega gallaðan rithátt, sem öll menningarmál hafa, óumflýjanlega, talsvert mikið af að segja. Mynd-

irnar *nokkuri*, *nokkurar* (f. nokkurri, nokkurrar) eru alveg ótíðkanlegar, nema, ef vera kynni, í ófullkomnu barnamáli. Með þessu hefi eg þá lokið að tala um hljóðfræðina. Þar er að vísu nokkuð fleira athugavert, en þetta er hið helzta. En þrátt fyrir þessi ummæli mín að framan um miklar misfellur hjá höf. segi eg þó að þessi hljóðfræði hafi ýmsa kosti, svo sem það að vera feiknarauðug að dæmum.

Þá kemur beygingarfræðin, mikið mál og að flestu leyti gott, á nær því 130 bls. En það hefi eg á móti niðurskiftingu nafna í flokka hjá höf., að hún er aðallega gerð eftir eignarfalli, en eigi eftir orðstofnum. Það er meinloka, sem seint gengur þó að kveða niður. Með því að skifta eftir stofnum, svo sem gert er í málfræðibókum yfir fornmálið, er í sterku beygingunni hægt að komast af með 6 flokka og alt verður miklu auðskildara og einfaldara, og þannig reynist það manni einum, sem eg veit um að er að efna til nýrrar íslenzkrar kenslubókar í málfræði tungu vorrar. En í þessari bók verða þar 8 flokkar, en þyrfti þó endilega að vera 9, því það er óhæft að taka frændsemisorðin í tvennu lagi sum í flokki við *vetur*, eins og gert er við *faðir*, en sum í flokki við *önd*, eins og gert er við *móðir*. Með svona skiftingu verður alt grautarlegra til yfirlits. Af því munurinn á fornu máli og nýju, hjá oss, er enginn málbyltingarmunur, þá er ókleift, að semja góða íslenzka málfræði handa vorum tímum, með nokkurri skarpri skiftingu í forníslenzku og nýíslenzku. Það yngra grípur þarna hvervetna inn í hið eldra, af því breytingarnar eru svo smástigar. Það er engin ástæða til að breyta um, þegar enginn hagur er að breytingunni, hvorki hægðarauki né meiri réttleiki fæst, heldur fremur ið gagnstæða, svo sem þarna. Þetta er engin fyrnskudýrkun úr mér, því það er sjálfgefið að sama skiftingin sem í fornmálinu á bezt við tunguna enn í dag, *af þeirri einföldu og auðsæju ástæðu*, að beygingarflokkarnir eru enn nákvæmlega inir sömu að tölu og gerð sem í fornmáli. Sé skifting eftir orðstofnum rétt þar, þá er hún því rétt nú. En hvernig sem litið er á niðurskipunina í bókinni, þá er hún til skaða og styðst við röng rök.

Gr. 106. Vel og rétt er það sagt, að í orðunum *læknir*, *hellir* o. s. frv. er *r* eiginlega orðið stofnlægt fyrir löngu, þótt ranglega hafi verið reynt að útrýma því, sem þó víst aldrei tekst í sumum af þessum orðum. *Gr. 111 a.*) 2. Það er ekki rétt að nöfnin *Hjálmtýr*, *Valtýr* o. fl. haldi jafnan *r* um alla beyginguna, í talmálinu er oft sagt *hjá Valtý* og *til Hjálmtýs*. *Gr. 112. anm.).* Rétt er það mælt að íslenzku ættarnöfnin séu flest óbeygjanleg, sem sýnir vel, hvílíkt málviðrini þau eru. *Gr. 114 i). Egill* beygist eigi einungis í ritmáli sem *Ketill* heldur líka oft í talmáli. *Gr. 121 A) a).* Þar vantar fremur bagalega að geta þess, að orðin *bylur*, *hylur* hafa (svo sem eðlilegast er) *j* í nefnif. og þolf. flt. (byljir), en eftir orðalaginu að dæma lítur svo út sem þarna sé *bylir* o. s. frv. *Gr. 132.* Þar vantar skýringu á myndinni *mennirnir*, en þar mun vera tvísett ending greinisins.

Gr. 144 c.). Það er skakt, að *vistir* sé eingöngu til í flt., því eintala er þar líka til (sbr. bar inn *vist* ærna. *Gr. 154 anm.*). Rangt er það, nema ef vera skyldi í vesturísl.), að *móðir* o. s. frv. sé í talmálinu oftast óbeygjanlegt í öllum föllum (ýmist *móðir* eða *móður*), því aldrei er sagt *móður mín* í nf., en aftur heyrist fremur að *móðir* sé líka haft í þolf. og þáguf. Það er líklega rétt að fræða útlendinga um hvernig vér afskræmum málið vort fagra, en eigi má þó ýkja þetta. *Gr. 175—176.* Óvarlegt er, að fullyrða það, að orð sem *deila*, *bára*, *kápa*, *róla*, *hjara*, *svala* o. fl. hafi aldrei *na* í eignarf. flt., en sönnu næst mun það vera, að orðin komi fremur sjaldan fyrir í því falli (sbr. þó: hiti landsmála-*deilnanna*).

Gr. 183—185. Þær eru um greinisorðið. Gott hefði verið að geta þess allmerka fyrirbæris þar, að á undan viðskeyttum greini fellur innskots-*u*-ið burtu, í kvk. og hvk. orðum (*lífrin*, *hreistrið*), en helzt í kk. orðum (*akurinn*). Þarna er (í 184 gr. a.) 2) nefnt úrfallið á *i* greinisins eftir fleirtöluendinguna *r* (barmarnir, sögurnar) og er þá óþarft og villanda að tala um hvk. orð sem *hreiður*, því þau hafa öll enga ending í nf.; þolf. flt.

Með 186. gr. byrja einkunnir og hefi eg lítið við þann kafla að athuga *Gr. 188 d.*). Rétt er það að *r* einfaldast óreglulega í almennu talmáli í *annari*, *annarar* en þó heyrist þar stundum tvöfalt *r* í tali. Þar á móti er *nokkuri*, *nokkurar* aldrei notað eins og áður er sagt. Þar kennir því ofmikillar nýjungadýrkunar, eins og víðar bregður fyrir. *Gr. 209.* Stundum hittist það í tali (og líka riti), að þolf., þgf., eignf. eint. í kk. miðstigsins endar á *a* sem að fornu, þótt venjulegast sé að hafa þar *i* frá nf., t. d. sorgin gerði hann að *betra* manni. *Gr. 212.* Þar koma atviksorðin. Af *fram* vantar miðstig *fremur*, en þó er yfirstigið *fremst* tilfært. *Gr. 214 anm.*). Þar hefir gleymzt að geta þess að *síðarmeir* er engu síður til en *fyrmeir*. Í 230—235 gr. ræðir hleytinöfn (pronomina). *Gr. 234 anm.*). Sem áður segir, er það skekkja, að *hver* og *hvor* séu fallin saman í tali, og eigi síður að almenni framburðurinn sé yfirleitt *kv* f. *hv (kvur)*. Það er afleiðis, meðan annað er hægt, að gera rangmælin að reglu, en á því virðist mér nokkuð bera sumstaðar í bókinni (plebejismus). Það er fráleitt rétt fremur í þessu efni en öðrum, að segja að alt sé jafnfagurt og jafngott. Hitt er auðvitað virðingarvert að vilja í hvívetna gefa sanna og trúa lýsingu á viðfangsefninu, og það eitt hefir efalaust vakað fyrir hinum heiðraða höfundi. Öll þessi beygingarfræði er og, yfirleitt, gott verk, feiknarauðugt af orðum og með gnægð af fimlegum skilgreiningum.

Þá koma nú sagnirnar. Niðurröðun orðanna í þessum kafla eftir hljóðbrigðum er hreint ágæt og dæmafjöldinn, engu síður en við nöfn og einkunnir, feykimikill, sem er stór kostur. Þarna í sögnunum, fylgir höf. þvert við venju sína alveg sömu flokkaskipun sem tíðkast í forníslenzkri málfræði og það gefur ágæta niðurstöðu, sem við er að búast,

úr því flokkafjöldinn og beyging er ið sama sem áður. Tungan er enn í dag eiginlega fornaldarmál, eða stendur á málstigi fornmála í flestu, þrátt fyrir allar skemdir.

Í 1. fl. sakna eg sagnorðsins *rökkva* — (*rökk*) — *rokkið*, sem að vísu finst eigi í þát. en er nokkuð notað í hlo. þát.: *Nú er orðið rokkið*, og einkum nútíðin í málshættinum: „*Eigi verður alt að regni er rökkur*“ (= *gerir dimmu*) *í lofti*. Eg þykist viss um að „*røkvið*“ (í Helgakv. Hjörvarðssonar 17) í vísuorðum: „*Reið á vargi, røkvið vas*“ sé alls eigi hlo. þát. eins og menn hafa haldið hingað til, heldur einkunn: *røkviðr* (= dimmur), beint myndað af nafninu *røkr*. Myndirnar *vóg* og *óg* af *vega* (257. gr.) eru rangar, þótt stundum sjáist í dagblöðum. Þarna á ekkert *g* að vera og er heldur ekki haft í talmáli (*vá*, f. *vag*, síðar *vó*, er uppbótarlenging). Sögnina *blífa* (í 258. gr.) var rétt að taka með, þótt tökuorð úr þýzku sé það. Orðið er íslenzkt síðan snemma á 15. öld, og beygist reglulega sem mest er um vert. Svo sem kaflinn um einkunnirnar framar í bókinni, hefir fimlegan frágang, má með sanni segja, að þessi, um sterku sagnirnar, sé vel saminn.

Þegar kemur í veiku sagnirnar, þá er sama og fyrr, að dæmafjöldinn er alveg ágætur. Þar eru fyrst í flokki: *ja*-sagnirnar og svo *ia*-sagnirnar, þá *e*-sagnirnar og síðast *a*-flokkurinn, sem víst er viturleg skifting. Hér er fátt að athuga og verður þetta helzt: *Gr. 289.* Þar kannast eg eigi við myndina *eg þýs* f. *þys* (af *þysja* eins og *flyt* af *flytja*), enda er orðið fremur óalgengt. Í þessum flokki (282. gr.) er trauðla rétt að telja sögnina *núa*. Það kann að vísu að vera, að börn segi stundum: *núði* (f. *neri*) eins og þau segja stundum *eg snúði*, *eg brjótaði* (f. *sneri*, *braut*), en slíkt á ekki heima í málfræði. *Gr. 291.* Þar byrjar 2. fl. og er þar fyrst talið *þreyja — þreyi — þreyði*, sú beygingarmynd orðsins á heldur heima í 3. fl. (eins t. d. *úa*), engu síður en hin klofningsmyndir úr sama orði: *þrá — þrái — þráði*. Annars beygist sögnin (eins og líka *heyja — háði*) tíðum í tali, svo sem í fornmáli, eftir 1. fl. *þreyja — þrey — þráði*, svo eiginlega eru úr henni orðnar þrjár beygingarmyndir eins og við stöku orð önnur. Í *gr. 311—326* eru 3. flokks sagnir veikar. Að upphafi eiga þar heima nokkrar frumsagnir (*vaka*, *tóra*), en inn í flokkinn hefir flækzt hópur af orðum úr ýmsum öðrum flokkum, svo við það hafa komið upp tvímyndir (og jafnvel þrímyndir) þegar upprunalega beygingin helzt líka, sem stundum er. Slíkar klofningsmyndir byrja þegar í fornmáli, en ágerast eðlilega með tímanum. Við *tæja* (312. gr.) skal eg geta þess, að hún beygist sumstaðar en reglulega eftir 1. fl. (*eg tæ — táði*), og sama er að segja um *dýja* (316. gr.), sem þá er *eg dý — dúði*, en svo er þar líka enn til myndin *dúa — dúi — dúði* eftir þessum 3. fl. og ennfremur *dúa — dúaði* eftir 4. fl. Þetta er hengtugast að taka hvað á sínum stað í flokkunum, en hópa því eigi saman eins og sumstaðar er gert

þarna, en geta hinna beyginganna neðanmáls (sem líka er gert í bókinni.) Þetta gildir líka um *hlýja — hlýi — hlýði* sem er reglulegt eftir þessum flokki eins og líka *hlúa — hlúi — hlúði* og ennfremur *hlýja hlý — hlúði* eftir 1. fl. En af *lýja* og *rýja* eru einnig til nútíðarmyndir, óreglulegar, nefnilega *lýi* og *rýi* (sem og eru þarna teknar). Þar á móti er myndin *eg spýi* (í frsh.) alröng og eigi tíðkuð. Það heitir annaðhvort *spýja — spý — spúði* eftir 1. fl. eða *spúa — spúi spúði* eftir þessum 3. fl. (og svo sterk mynd *spýja — spjó*). Um myndirnar *skapti, skaptur* (gr. 231) má fullyrða, að þær eru þarna ranglega dregnar af *skapa* (sem er *skapaði* í þát. eftir 4. fl. sbr. og *skapa — skóp* eftir sterku beygingunni), því *skapti* er beint af *skepja* eftir 1. fl. Myndin *œi* sem stendur framar í þessari skrá, er trauðla til. Það heitir nú alment *á — ái*, en fornmyndin *œja — œ*, heyrist líka stundum. *Gr. 327.* Þar er 4. fl. sýndur og á eftir kemur fyrirtaks góð upptalning á þeim aragrúa sagna, er eftir honum beygjast, skipt í deildir, fyrst eftir rótarraddhljóði, þar sem afleiðsluending er engin, og svo eftir afleiðsluendingum ýmsum, þar sem þær eru. Það er mjög þörf skrá. *Gr. 351 neðanm.).* Það er ofmælt, að myndirnar *greri, sneri* o. s. frv. séu eintómur tilbúningur bókmálsins, því þær myndir eru enn í dag bráðlifandi á Austurlandi við hliðina á *gröri* og *snöri* (sbr. *snerill*, sem er algengt). Annars má geta þess að höf. forðast ofmjög að geta um fornar beygingarmyndir, sem enn eru þó tórandi í talmáli sumra héraða t. d. *hafða, sagða* o. s. frv. (Árnessýsla) og einkum 3. pers. fl. viðth. í þát. *þeir hefði, tæki, væri, vildi* o. s. frv. sem alloft heyrist í tali og líka tíðkast nokkuð í bókmáli. Þar á móti er alveg ógerlegt að taka svo andstyggilega og líklega nú tilverulausa orðmynd sem *deyður* (á 135 bls.), því enginn Íslendingur lætur sér í hug detta að segja t. d. *Eggert Ólafsson er deyður árið 1764.* Slíkt kemur ekki til mála.

Það er vissulega fleira í bókinni, sem er nauðsyn að athuga, en rúmið er mér mjög takmarkað og þetta mun vera ið helzta og um það hefi eg viljað geta. Þessi beygingarfræðin er yfirleitt góð og stórauðug af dæmum, og registrið aftan við bókina hreinasta gull. — Hafi svo höfundurinn þökk fyrir verkið.

Ritað á Geisladaginn 1922.

Jóhannes L. L. Jóhannsson.

Ordbog over det danske Sprog. Grundlagt av Verner Dahlerup. Udgivet af Det danske Sprog- og Litteraturselskab. I—V. bindi. A—Frette. Kh. 1918—23.

Allar mentaþjóðir láta sjer ant um að vernda og skýra tungu þá, er þær tala, og koma sjer upp stórum og fullkomnum vísindalegum orðabókum; svo er t. d. um Englendinga og Þjóðverja og nú síðast Svía.

— Danir hafa nú farið að dæmi þeirra og hafið útgáfu orðabókar, er fræða skal ítarlega og skilmerkilega um ritað nútíðarmál. Þeir hafa að vísu áður eignast allstóra orðabók, Videnskabernes Selskabs Ordbog, í 8 bindum, en sá var galli á henni, að útgáfan stóð yfir 125 ár, eða frá 1780—1905, og var að vonum bæði næsta sundurleit og að sumu leyti úrelt orðin, um það er lauk. Tvær smærri orðabækur hafa og verið samdar, önnur frá fyrri hluta 19. aldar eftir Molbech, stórmerkilegt rit og vandað, en hin kom út skömmu eftir aldamótin síðustu, Dansk Orbog for Folket eftir Dahl og Hammer. Orðabók Molbechs er nú fyrir löngu ófáanleg og hin orðabókin hefur reynst ónóg, þótt hún sje furðulega auðug að orðum og talsháttum, miðað við stærðina (2 bindi). En báðar hafa þessar orðabækur, auk margra kosta, þann megingalla, að dómi nútíðarvísinda, að þær marka málinu alt of þröngan bás. Höfundarnir úthýsa fjölda orða, sem eru á hvers manns vörum, en hampa hins vegar, einkum þó síðari bókin, ýmsum orðum, sem fáir eða engir mundu taka sjer í munn.

Orðabók þeirri, sem nú er hafin og kend er við próf. Verner Dahlerup, er lengi vann að undirbúningi hennar og enn er einn af aðalstarfsmönnunum, er ætlað að verða miklu stærri en nokkur hinna, eða 15—17 stór bindi. Henni er ætlað að fjalla um nútíðarritmál, eða mál 18.—20. aldar aðallega, jafnt um vandað mál og ljelegt að dómi málhreinsunarmanna, en ekki um mállýskur alment nje útlend orð, sem litlar eiga rætur í málinu. Að orðabókinni vinna auk aðalhöfundar margir færustu vísindamenn Dana á þessu sviði og heill her aðstoðarmanna, enda styrkir ríkið og Carlsbergssjóður útgáfuna.

Af þeim bindum, sem út eru komin, má sjá, að mjög er vandað til ritsins. Efniviðurinn er eldri orðabækur, stórkostleg söfn aðalhöfundar og sjálfboðaliða og flest merkustu rit þess tímabils, er bókin fjallar um, bæði úr fagurfræði og ýmsum sjergreinum. Enginn skyldi samt ætla, að með þessu sje trygt, að aldrei verði árangurslaust í bókinni leitað, því að gnægtabrunnur lifandi máls verður aldrei þurausinn. Sumu er slept af ásettu ráði, svo sem urmul samsettra orða, en sumt gleymist eða verður útundan af öðrum ástæðum. Þykist jeg hafa rekist á, að stöku orð vanti úr sumum þeim ritum, sem sögð eru notuð. En þótt svo sje, ber bókin með sjer, að hún er prýðilega orðauðug á öllum sviðum. Fyrirkomulag er alt hið besta, niðurröðun ljós og skipuleg og hver merking rækilega studd dæmum. Við hvert aðalorð er skýrt frá beygingu, framburði, uppruna, sögu og notkunarsviði, auk merkinga, og verður varla á fleira kosið. Yfirleitt virðist óhætt að fullyrða, að ritið er vísindamensku þjóðarinnar til sóma.

Bókin er ódýr, kostar hvert bindi, fullar 600 bls. með smáu letri, óbundið 12 kr., en bundið kr. 16.50, 18 eða 28, eftir því hve vandað bandið er. Og einn aðalkostur bókarinnar er, að útgáfunni á að vera lokið á skaplegum tíma. Kemur eitt bindi út á ári, og geta því mið-

aldra menn, er kaupa hana, vel gert sjer von um að sjá hana alla fyrir æfilokin. Má það heita fyrirmyndarhraði og líklega einsdæmi um svo stórt rit af þessu tagi. *Jón Ófeigsson.*

Vald. Erlendsson: Um syfilis. Ársrit Fræðafjelagsins 1923. Sjerprentun.

Það má segja, að aldrei er góð vísa of oft kveðin og svo er um þetta, að seint verður þjóðin frædd nógu vel, hvað þá of vel, um þennan hættulega sjúkdóm, sem — þó hægt fari — stöðugt breiðist út hjer á landi. Árin 1901—1905 komu fyrir 10.6 tilfelli að meðaltali á ári, en 1916—1920 komu fyrir 22.8 tilfelli á ári. Eftir því sem næst verður komist eru nú hjer á landi yfir 200 sjúkl. með þessa veiki, þegar frá hafa verið taldir útlendingar. — Þessi sjúkdómur verður að teljast æfisjúkd. þeirra, sem fá hann, þar sem ekki verður með fullri vissu vitað, hvort eða hvenær sjúklingur er albata, en þó er aðalhættan af honum sú, að sjúkl. sje of skamman tíma undir eftirliti læknis, og sú hefir einnig orðið raunin á, því þessir sjúkl. þurfa að vera undir lækniseftirliti árum saman. Læknar hafa ekki heldur haft vald til, að halda sjúkl. undir sinni hendi frekar en sjúkl. sjálfum sýndist og gátu þeir farið frá lækni, þegar þeim hentaði best, og gerðu það líka oft, þó lækningatilraunin væri ekki nema hálfnuð. Þetta er því hættulegra, sem hætt er við, að sjúkd. berist frekar til maka og barna, ef ekki er gert alt, sem hægt er, til þess að verjast því. Má merkilegt heita, að slíkt hefur ekki orðið frekar að sök hjer á landi, en raun er á orðin. En nú ætti að vera bætt úr þessari hættu að fullu, því síðasta alþingi bjó til lög um varnir gegn kynsjúkdómum, sem skylda alla sjúkl. til að leita sjer læknis þegar í stað, og heimila læknum að halda sjúkl. undir sinni hendi eins lengi og þeim þykir þurfa. — Þó þessi grein fari fremur fljótt yfir lýsingu á þessum sjúkd., þá hermir hún alt rjett og er vafalaust góð og þörf hugvekja og ættu allir, sem hana lesa, að festa sjer í minni þær afleiðingar, sem þessi sjúkd. getur haft, eigi aðeins fyrir sjúkl. sjálfan, heldur einnig fyrir konu, börn, heimilislíf o.s.frv. Því ekkert er hjer ofsögum sagt, en hinsvegar *þarf* sjúkdómurinn ekki að vera slíkur vágestur, ef sjúklingar aðeins leita læknis þegar í stað er þeir hafa grun um hann og tryggja sjer góða og rækilega læknismeðferð og eftirlit framvegis. Þetta geta þeir alt fengið ókeypis, ef þeir hafa ekki efni á að greiða kostnaðinn sjálfir. Aðalatriðið er góð læknishjálp og að fylgja fyrirmælum læknis samviskusamlega, en þá geta líka jafnvel þessir sjúkl. horft rólegir fram á ófarna æfibraut. *M. J. M.*

Hafræna. — Sjávarljóð og siglinga. — Safnað hefur Guðm. Finnbogason. Rvík 1923. (Bókverzlun Sigf. Eymundssonar).

Guðmundur Finnbogason hefir nú um hríð lagt mikla stund á að smíða orð handa íslenskum sjómönnum til þess að hreinsa mál þeirra,

sem nú er fult af margvíslegum „orðahroða, sem skolað hefir inn í sjómannamálið og gert það að afskræmi tungu vorrar", eins og G. F. kemst að orði. Má og öllum vera ljóst, að íslenskur siglingafáni er ekki allra meina bót, — og er satt best að segja, að hann verður oss blátt áfram til vanvirðu, ef vjer reynumst ekki menn til þess að ráða bætur á þessu meini. Fáninn má tæpast heita íslenskur meðan hann er „hívaður" og „halaður" upp og niður á íslenskum skipum. — Af sömu ástæðum hefir G. F. tekið sjer fyrir hendur að safna þessum ljóðum. Hann vill gera tilraun til þess, að leggja sjómönnum vorum „á varir það, sem best hefir verið kveðið á íslenska tungu um sjó og siglingar", — til þess, að íslenskan hljómi aftur um höfin.

Þetta kvæðasafn nær svo sem vera ber yfir allar aldir Íslands bygðar. Elstu vísurnar eru frá landnámstíð, en síðasta vísan var orkt um leið og bókin var fullprentuð. Engin önnur þjóð getur gefið út slík ljóðasöfn, því engin önnur tunga hefir jafnmargar aldir á valdi sínu. Málfræðingar hafa rjett frá sínu sjónarmiði til að skifta sögu málsins í tímabil, sjálfum sjer og öðrum til hægðarauka við málfræðislegar rannsóknir. En meðan þess eru dæmi, og þau ekki fá, að íslensk börn taka að lesa fornsögurnar á samri stundu, sem þau eru orðin læs, þá tjáir ekki að ætla sjer að skifta íslenskunni í tvent eða þrent, eins og nú er efst á baugi hjá sumum. Hin eina og sama tunga hefir gengið hjer á landi, frá því er saga þjóðarinnar hófst. — —

G. F. hefir leyst verk sitt vel af hendi, og má óhætt fullyrða, að þetta er eitt hið besta ljóðasafn, sem birtst hefir á íslensku. En þó er hjer um svo auðugan garð að gresja, að vitanlega hefir oft verið vafamál, hvað taka skyldi og hverju skyldi sleppa. Jeg hygg að safnandinn hafi slept mjög fáu, sem verulegt verðmæti er í. Að hinu mætti heldur finna, að sumt af því, sem hann hefir leyft að fljóta með, er fremur veigalítið. Jeg skil t. d. ekki hvers vegna hann hefir tekið „Hvalaveiðina" eftir Sig. Breiðfjörð. Það er rýrðarkvæði og á helst ekki að standa við hliðina á ýmsum þeim snildarvísum, sem safnandinn hefir valið eftir sama höfund. Heldur er og vísa Þiðriks Arasonar (bls. 45) hörð undir tönn, en þó er hún ágætt dæmi um þá taumlausu tilhneigingu til bragrauna, sem lengi hafa einkent íslenskan kveðskap. — Annars er það einn af kostum bókarinnar, að hjer er margt af góðum kvæðum, sem áður hafa verið lítt kunn eða með öllu ókunn almenningi. Má til dæmis nefna vísur Árna Þorkelssonar um druknun Eggerts Ólafssonar, vísur þeirra systra Herdísar og Ólínu Andrjesdætra og ekki síst kvæði sjera Sigurgeirs Pálssonar, *Andey*. Sýnist það hjer sem oftar, að hjer á landi hafa verið og eru mörg góð skáld, sem lítið hafa orkt, og að hjer er til mikið af góðum kveðskap, sem fallið hefir í gleymsku.

Nokkurra kvæða og vísna sakna jeg í bókina. Hvers vegna varð Gunnlaugur ormstunga út undan („Rækik lítt þótt leiki" —)? Illa fer og á því að Þuríðar formanns er ekki mintst í formannavísunum

(„Þuríður snarast þóftu á mar“ —). Þá hefði og átt að taka meðal drauma og drauga vísnanna það ágæta draumkvæði, sem er í Huld V., bls. 76 („Mjer varð tíðin myrkra naum“ —). En auðvitað verður ekki komist hjá því, að ýmislegt verði út undan, þegar um svo margt er að velja.

Óskandi er að bókin komi að þeim notum, sem safnandinn og útgefandinn hafa til ætlast. *Á. P.*

Kyljur. — **Kvæði eftir Jakob Thorarensen.** — Reykjavík 1922.

Þetta er þriðja kvæðabókin, sem J. Th. gefur út, og eru nú öll einkenni hans orðin skýr og ákveðin. Hann er brúnaþungur nokkuð og fastmáll, miklu meiri alvörumaður en gleðimaður, fasið tilgerðarlaust, en hreyfingarnar ekki altaf sem mjúkastar. Hugsunin er altaf skýr og tilfinningin heilbrigð, en hann velur ekki altaf orð sín með svo nákvæmri athygli, sem búast mætti við af manni með hans gáfum. Stundum er hann fremur sannleiksvitni en söngvari. —

„Maðurinn á við margt að stríða
moldarniðjinn, þess er von“ —

segir J. Th. á einum stað. Hann er ekki bjartsýnn, og hann nennir ekki að segja lífið öðru vísi en honum sýnist það vera. En þó á hann ekkert skylt við þau ungu „skáld“, sem fylt hafa íslenska bókamarkaðinn með kverum sínum á síðustu árum og helst hafa það til síns einkennis og ágætis, að þau eru sífelt hágrátandi yfir sjálfum sjer og lífinu. Í kvæðum Jakobs er ekki grátraust, heldur kaldur hlátur, kjarkmikil fyrirlitning, þungar áhyggjur. Jakob er ekki ísmeygilegur veraldarmaður. Heimurinn er svo öfugsnúinn, að hann veit ekkert annað ráð, en að bíta á jaxlinn og hrista höfuðið:

Er geng jeg eftir götunum,
þá gín við huga mínum
svo margt af jarðlífs misfellum,
að mjer er spurn í huganum:
Skal sær ei hækka senn?
því sekkur land ei enn?
Æ, til hvers eru allir þessir menn?

Bestu kvæðin í bókinni eru „Vergangur“, „Blindur maður“, „Skaflar“, „Veður öll válynd“, „Snorri goði“, „Kongur“ og „Hrossa-Dóra“. Í öllum þeim kvæðum er mikill skáldskapur og mikil þekking á lífinu, og á köflum eru þau prýðilega orkt. —

J. Th. hefur þegar vakið meiri vonir en flest hinna yngri skálda. Hann hefur ekki eingöngu mikla skáldgáfu, heldur einnig þá geðsmuni og þá manndómslund, sem bókmentirnar mega síst án vera. Þess vegna hafa margir hin síðari árin haft vakandi auga á öllu, sem frá hans hendi hefur komið. *Á. P.*

Hin nýju ritsöfn Bókmentafjelagsins. — Annálar 1400—1800 I, 1. og I, 2. Rvík 1922—23. — Kvæðasafn eftir íslenska menn frá miðöldum og síðari öldum. Fyrsta deild I, 1. og I, 2. Rvík 1922—23.

Á ársfundi fjelagsins 1922 gat forseti þessara tveggja stórfyrirtækja, er Bókmentafjelagið nú hefur ráðist í. Verða þau hliðstæð hinum miklu ritsöfnum, sem fjelagið hefir áður gefið út, Sýslumannaæfum, Fornbrjefasafni og Safni til sögu Íslands og munu þessi nýju söfn, eins og þau er nefnd voru, flytja margháttaðan og mikilsverðan fróðleik frá miðöldum og síðari öldum Íslands sögu.

Svo er til ætlast, að í Annálasafninu verði birtir allir íslenskir annálar, er ritaðir hafa verið um tímabilið 1400—1800. Hinir fornu annálar, sem fæstir ná framyfir 1400, hafa tvisvar verið gefnir út, og var svo vel vandað til hinnar síðari útgáfu, sem kend er við G. Storm, að þar mun ekki þurfa um að bæta. Yngri annálarnir hafa hinsvegar orðið alveg útundan. Af þeim hafa einir tveir verið gefnir út, annálar Björns á Skarðsá og Magnúsar Magnússonar. Er þó nógu úr að moða, því að fjöldamörg annálasöfn eru til frá síðari öldum, sem lítt hafa verið notuð enn þá, og má nærri geta, að þar liggur margvíslegur fróðleikur grafinn. Í fyrra kom út 1. heftið, 4 arkir, og nú þetta árið bætist 2. hefti við og er það 8 arkir, og er þá Nýi annáll gefinn út og langt komið útgáfu Skarðsár-annáls. Sjer Hannes Þorsteinsson um útgáfuna og lætur fylgja margar athugagreinar, og mun óhætt mega fullyrða, að aldrei höfum vjer átt færari mann til slíks starfs en hann.

Af kvæðasafninu kom út í fyrra 10 arka hefti og kemur nú annað jafnstórt. Hefst það um 1400 og á síðan að halda áfram allar götur niður að 1800. Með doktorsritgjörð sinni sýndi Dr. Jón Þorkelsson svart á hvítu, að sú skoðun væri ekki á rökum bygð, að alt andlegt líf hefði orðið hordauða hjer á landi eftir 1400. Það eru býsnin öll sem Íslendingar hafa orkt á þessum öldum og þó að sá skáldskapur sje nokkuð blandinn, þá nær engri átt að láta hann liggja óhirtan og óhreyfðan, gleymdan og grafinn í handritasöfnunum. Því að ekkert er vissara, en að hin óþreytandi tilhneiging Íslendinga til ljóðagerðar hefur fremur öllu öðru haldið lífinu í íslenskunni og þar með andlegu lífi í þjóðinni. Þeir, sem skilja vilja fortíð þjóðarinnar, geta ekki gengið fram hjá íslenskum kveðskap, því að hann hefur um langan aldur verið sterkasti þátturinn í andlegri starfsemi Íslendinga. Í kvæðasafninu munu forfeður vorir koma til dyranna svo sem þeir voru klæddir og syngja hver með sínum rómi, háir og lágir, lærðir og leikir, karlar og konur.

Dr. Jón Þorkelsson annast um útgáfu þessa safns. Frá ungum aldri hefur hann verið vakinn og sofinn í því að rannsaka miðaldir Íslands — þó ekki síst bókmentir þeirra tíma. Hefir hann og vafalaust þekkingu langt fram yfir alla aðra menn á þeim efnum, enda bera þau hefti, sem út eru komin þess vott, að ekki hefir höndum verið kastað að útgáfu þeirra. Í þeim eru að eins kvæði nafngreindra manna og ritar

Dr. Jón fróðleg og skemtileg formálsorð um hvern þeirra. Meðal þeirra skálda, sem kvæði hafa þegar verið prentnð eftir í safninu, má sjerstaklega nefna Sigurð blind. Fæstum mun hingað til hafa verið kunnugt um, hvílíkt höfuðskáld sá maður hefur verið.

Það eitt er athugavert um þessar útgáfur, að búast má við að þær standi helst til lengi yfir, ef ekki verður hægt að útvega einhversstaðar fjárstyrk til að hraða þeim meir en nú er kostur á. Væri mjög æskilegt fyrir margra hluta sakir, að það gæti tekist. *Á. P.*

Bækur sendar Skírni:

Prestafélagsritið. Tímarit fyrir kristindóms- og kirkjumál. Ritstjóri S. P. Sívertsen. 5. ár 1923.

Askov Lærlinge. Aarskrift 1922. Kolding 1923.

Réttur. VI. ár 2. h. VII. ár 1.—2. h. Akureyri 1922—23.

Kemp Malone: The Literary History of Hamlet. I. Heidelberg 1923.

Stúdentafjelagið í Reykjavík fimmtíu ára. Reykjavík 1921.

Theódór Friðriksson: Útlagar. Rvík 1922.

Die Lilje. Dichtung von Eysteinn Ásgrímsson. Ans dem Isländischen frei übertragen von R. Meissner. Bonn und Leipzig.

Alexander Jóhannesson: Über die isländische Literatur. (Sonderdr. aus den Mitteilungen d. Islandsfreunde).

Norvegia Sacra. Andre aargang 1922. Kria.

Islandica. Vol. XIV. Ithaca, N. Y. 1922.

Arvid Hj. Uggla: Uppsala Universitetsbiblioteks Samling av nyisländsk Litteratur. (Särtr. ur Uppsala Universitetsbiblioteks Minnesskr. 1621—1921).

B. Sæmundsson: Zoologiske Meddelelser fra Island. XIV. (Særtr. af Vidensk. Medd. fra Dansk naturh. Foren. Bd. 74).

Þorsteinn Þorsteinsson: Verðbreytingar síðustu ára. (Sjerpr. úr Tímariti lögfræðinga og hagfræðinga).

Tímarit ísl. samvinnufélaga. 16. árg., 3. h.

Axel Thorsteinsson: Rökkur I, 8.—12. h. Winnipeg 1922.

Sigfús Blöndal: Islandsk-Dansk Ordbog. Hoved-medarbeidere: Björg Þ. Blöndal, Jón Ófeigsson, Holger Wiehe. I. Halvbind. Reykjavík 1920—1922.

Die Edda: Herausgegeben von R. C. Boer. I.—II. Haarlem, 1922.

Ólafur Lárusson: Grágrás og lögbækurnar. Fylgir Árbók Háskóla Íslands 1922. Reykjavík 1923.

Eline Hoffmann: Fjern Strand. Digte. Kh. 1923.

Prentvillur.

Bls. 2_{7} í Hrafnagili les á Hrafnagili.
— 4_{9} inn ena l. inn í ena.
— 5_{10} ausn l. rausn.
— 6^{11} afskifti l. afskifta.
— 13_{14} 26. júní les 25. júní.
— 16_{2} 1874 les 1875.
— 18_{4} fjelagsigs l. fjelagsins.
— 31_{8} árunum l. á árunum.
— 69_{7} málfræðina l. málfræðin.
— 71_{8} (neðanm.) vitnirburðir l. vitnisburðir.
— 72_{15} vafalalaust l. vafalaust.
— 83_{11} Kock l. Koch.
— 88^{3} orðin l. orðið.
— 96_{8} hóskólakennara l. háskólakennara.
— 171_{7} hin l. hinn.
— 176^{18} skýrslur l. skírslur.

Þess skal getið, að fyrir vangá prentsmiðjunnar voru fyrstu tvær arkirnar prentaðar áður en 3. próförk var lesin.

Skýrslur og reikningar
Bókmentafjelagsins 1922.

Bókaútgáfa.

Árið 1922 gaf fjelagið út þessar bækur og fengu þær þeir fjelagsmenn, er greiddu árstillagið, 10 kr.:

Skírnir, 96. árg.	kr.	8,50
Íslenskt fornbrjefasafn, X. 4.	—	7,75
Brjefabók Guðbrands biskups, 4. h.	—	4,25
Kvæðasafn, I. I. 1.	—	7,50
Annálar 1400—1800, I. I. 1.	—	3,00
Samtals kr.		31,00

Aðalfundur

Bókmentafélagsins 1923 var haldinn sunnudaginn 17. júní, kl. 9 að kvöldi, í húsi hins íslenska Eimskipafjelags, samkvæmt fundarboði, birtu í dagblöðum og sjerstöku brjefspjaldi til innanbæjarfjelaga í Reykjavík. Forseti setti fundinn og stakk upp á præp. hon. Kristni Daníelssyni sem fundarstjóra, var hann kjörinn með lófataki.

Forseti mintist þess, að síðan á síðasta aðalfundi höfðu þessir fjelagar andast: Andrjes Fjeldsted augnlæknir í Reykjavík, Einar Gunnarsson cand. phil., bóndi í Gröf, Hallgrímur Kristinsson framkvæmdastjóri í Reykjavík, Hannes Hafstein fyrrum ráðherra í Reykjavík, Janus Jónsson præp hon. í Hafnarfirði, Jónas Halldórsson hreppstjóri í Hrauntúni, Jón Ólafsson Foss læknir í Vest-

urheimi, præp. hon. Magnús Andrjesson á Gilsbakka og Þórður Pálsson hjeraðslæknir. Mintust fundarmenn hinna fráföllnu með því að standa upp.

Þá gat forseti þess, að 108 nýir fjelagar hefðu verið skráðir síðan á síðasta aðalfundi.

Því næst las forseti upp reikninga fjelagsins; fyrst ársreikninginn, með nokkrum skýringum. Höfðu endurskoðendur ekkert haft við hann að athuga. Enginn fundarmanna hreyfði athugasemdum og var reikningurinn samþyktur í einu hljóði. Síðan las forseti upp efnahagsreikning fjelagsins, reikning sjóðs M. Lehmann-Filhés og reikning afmælissjóðs fjelagsins. Var ekkert að athuga við reikninga þessa, hvorki af endurskoðöndum nje fundarmönnum.

Þá gat forseti um bókaútgáfu fjelagsins á yfirstandandi ári. Alls myndu verða gefnar út um 50 arkir: Skírnir, Fornbrjefasafn, Annálar, Lýsing Íslands og Íslendingasaga. Forseti mintist á ýmsar styrkveitingar, er fjelagið hlyti á þessu ári, og kvað hag fjelagsins ágætan, svo sem hann væri nú.

Endurskoðendur voru endurkosnir í einu hljóði.

Forseti kvað stjórnina hafa tekið til athugunar lagabreytingar uppástungur Þorkels Þorkelssonar vogarmeistara og að hún hefði eindregið viljað ráða til, að ákvæðum laganna um kosningar til stjórnarinnar yrði ekki breytt.

Þá lýsti forseti yfir því, að stjórnin legði til að fundurinn kysi þessa menn heiðursfjelaga: Prof. Karl von Amira í München, pater Jón Sveinsson í Dülmen og próf. Fr. Paasche í Kristianíu. Voru þeir kjörnir í einu hljóði heiðursfjelagar.

Præp. hon. Sigurður Gunnarsson vjek að því spurningu, hversu margir væru nýlega gengnir úr fjelaginu. Bókavörður gaf nokkra skýring á því, og á því, hversu menn kæmust úr fjelaginu einkum vegna vanskila. Spunnust út af þessu nokkrar umræður og snerust þær einkum um Skírni, helst eina grein í honum síðastliðið ár. Tóku þeir forseti, ritstjóri Skírnis, præp. hon. Sigurður Gunnarsson og pastor emerit. Jóh. L. L. Jóhannsson til máls.

Vigfús Guðmundsson, fyrrum bóndi í Engey, skaut því til stjórnarinnar, hvort ekki mætti hætta að prenta fjelagatalið með Skírni, annað hvort ár að minsta kosti. Svaraði forseti því nokkrum orðum og sýndist viðurlitamikið að sleppa fjelagatalinu. Ennfremur mælti Guðm. R. Ólafsson kennari á móti uppástungunni. — Jafnframt mæltist hann til að stjórnin stækkaði Skírni, ef fjárhagur fjelagsins leyfði. Svaraði forseti þeim tilmælum nokkrum

orðum og benti á, að útgáfa Skírnis kostaði fjelagið nú um þriðjung teknanna.

Fundarbók lesin upp og samþykt.

Síðan sleit fundarstjóri fundi.

Kristinn Daníelsson.

Matthías Þórðarson.

Reikningur

yfir tekjur og gjöld hins íslenska Bókmentafjelags fyrir árið 1922.

Tekjur:

1.	Eftirstöðvar frá 1921:				
	a. Í verðbrjefum	kr.	29000 00		
	b. Í peningum í sparisjóði ...	—	12861 98		
				kr.	41861 98
2.	Styrkur úr ríkissjóði			—	4000 00
3.	22. greiðsla fyrir handritasafnið			—	1000 00
4.	Styrkur úr sáttmálasjóði			—	1000 00
5.	Greidd tillög fjelaga			—	15194 05
6.	Fyrir bækur í lausasölu			—	4021 86
7.	Náðargjöf konungs			—	400 00
8.	Ágóði við sölu danskra vaxtamiða			—	55 50
9.	Ársvextir af:				
	a. 20400 kr. í bankavaxtabrjefum	kr.	918 00		
	b. 4000 kr. í kreditkassaskuldabrjefum landeigna	—	140 00		
	c. 2200 kr. í húskreditkassaskuldabrjefum	—	88 00		
	d. 1600 kr. í Þjóðbankahlutabrjefum	—	160 00		
	e. 200 kr. í kreditbankaskuldabrjefum jóskra landeigna	—	7 00		
	f. 600 kr. í skuldabrjefum ríkissjóðs Íslands	—	33 00		
	g. peningum í sparisjóði	—	164 55		
				—	1510 55
				Kr.	69043 94

Gjöld:

1.	Bókagerðarkostnaður:				
	a. Skírnir:				
	1. Ritstjórn, ritlaun og prófarkalestur	kr.	1448 29		
	2. Prentun, pappír, hefting o.fl.	—	5254 21		
				kr.	6702 50
	b. Aðrar bækur:				
	1. Ritlaun og prófarkalestur	kr.	1342 59		
	2. Prentun, pappír og hefting	—	11765 05		
				—	13107 64
2.	Afgreiðslukostnaður:				
	a. Laun bókavarðar	kr.	1800 00		
	b. Innheimtuuppbót til sama fyrir árið 1921	—	263 82		
	c. Burðargjald o. fl.	—	1595 87		
				—	3659 69
3.	Útgáfustyrkur til frv. bókav. E. Lind í Uppsölum			—	1000 00
4.	Upp í starf að registri við sýslumannaæfir			—	300 00
5.	Hluttaka í samskotum til brjóstlíkangerðar af Rask			—	100 00
6.	Prófarkalestur frá fyrri árum skv. reikningi ...			—	235 57
7.	Brunabótagjöld og ýms gjöld			—	180 85
8.	Eftirstöðvar 31. desbr. 1922:				
	a. Bankavaxtabrjef	kr.	20400 00		
	b. Kreditkassask.brjef landeigna	—	4000 00		
	c. Húskreditkassaskuldabrjef ...	—	2200 00		
	d. Þjóðbankahlutabrjef	—	1600 00		
	e. Kreditkassaskuldabrjef jóskra landeigna	—	200 00		
	f. Ríkisskuldabrjef Íslands	—	600 00		
	g. Peningar í sparisjóði	—	14757 69		
				—	43757 69
				Kr.	69043 94

Reykjavík 12. maí 1923.
Sigurður Kristjánsson,
p. t. gjaldkeri.

Reikning þennan höfum við endurskoðað og ekkert fundið við hann að athuga.

Reykjavík 31. maí 1923

Kl. Jónsson. *Þorsteinn Þorsteinsson.*

Efnahagsreikningur

hins íslenska Bókmentafjelags 1. janúar 1923.

Eignir:

1. Samkvæmt ársreikningi 1922:			
a. í verðbrjefum	kr. 29000	00	
b. Í peningum í sparisjóði	— 14757	69	
		kr. 43757	69
2. forlagsbækur samkvæmt skrá		— 20000	00
3. Skuldir útistandandi		— 4048	00
4. Munir ýmsir samkvæmt skrá		— 716	00
		Kr. 68521	69

Skuldir:

Skuldlaus eign	kr. 68521	69
	Kr. 68521	69

Reykjavík 12. maí 1923.

Sigurður Kristjánsson,
p. t. gjaldkeri.

Reikning þennan höfum við endurskoðað og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík 31. maí 1923

Kl. Jónsson. *Þorsteinn Þorsteinsson.*

Reikningur

Afmælissjóðs hins íslenska Bókmentafjelags fyrir árið 1922.

Eignir:

1. Við árslok 1921:			
Innstæða í söfnunarsjóði	kr. 1281	57	
2. Vextir 1922...	— 75	87	
	Kr. 1357	44	

Skuldir:

Við árslok 1922:		
Innstæða í söfnunarsjóði	kr. 1357	44
	Kr. 1357	44

Reykjavík 14. apríl 1923

Sigurður Kristjánsson,
p. t. gjaldkeri.

Reikning þennan höfum við endurskoðað og ekkert fundið við hann að athuga.

Reykjavík 31. maí 1923.

Kl. Jónsson. *Þorsteinn Þorsteinsson.*

Reikningur
sjóðs Margrjetar Lehmann-Filhé's fyrir árið 1922.

Tekjur:

1.	Eftirstöðvar við árslok 1921:				
	a. Stofnfje í Söfnunarsjóði	kr.	5584	69	
	b. Starfsfje í innlánsb. Ísl.banka	—	1745	39	
				kr.	7330 08
2.	Vextir 1922:				
	a. Af stofnfje í Söfnunarsjóði ...	kr.	330	61	
	b. Af starfsfje í Íslandsbanka ...	—	77	63	
				—	408 24
				Kr.	7738 32

Gjöld:

Eftirstöðvar við árslok 1922:					
a. Stofnfje í Söfnunarsjóði	kr.	5667	35		
b. Starfsfje í innlánsbók í Ísl.banka	—	2070	97		
				kr.	7738 32
				Kr.	7738 32

Reykjavík 14. apríl 1923.

Sigurður Kristjánsson,
p. t. gjaldkeri.

Reikning þennan höfum við endurskoðað og ekkert fundið við hann að athuga.

Reykjavík 31. maí 1923.

Kl. Jónsson. *Þorsteinn Þorsteinsson.*

Hið íslenzka Bókmentafjelag.

VERNDARI:

Kristán konungur hinn tíundi.

STJÓRN:

Forseti:

Jón Þorkelsson, þjóðskjalavörður, dr. phil.

Varaforseti:

Guðmundur Finnbogason, próf., dr. phil.

Fulltrúaráð:

Guðmundur Finnbogason, prófessor, dr. phil.
Matthías Þórðarson, þjóðminjavörður, skrifari og bókavörður fjelagsins.
Einar Arnórsson, prófessor, R. af Dbr., Str. F.
Guðmundur Magnússon, prófessor, R. af Dbr., Stórriddari Fálkaorðunnar.
Hannes Þorsteinsson, skjalavörður.
Sigurður Kristjánsson, bóksali, R. af Dbr., gjaldkeri fjelagsins.

HEIÐURSFJELAGAR:

Amira, Karl, prófessor, dr. jur., München.
Anderson, R. B., prófessor, Madison, U. S. A.
Boer, R. C., prófessor, dr. phil., Amsterdam.
Briem, Eiríkur, prófessor, Comm. af Dbr., Stórriddari Fálkaorðunnar m. m., Viðey.
Briem, Valdemar, vígslubiskup, dr. theol., R. af Dbr. og R.F., Stóranúpi.
Brögger, W.C., prof., dr. phil., jur. & sc., stkr. af st. Ól. o.m.m., Kristjaníu.
Cederschiöld, Gustaf, prófessor, dr. phil., Lundi.
Craigie, W. A., prófessor, dr. phil., Oxford.

Einar Arnórsson, fv. ráðherra, prófessor, R. af Dbr., Stórriddari Fálkaorðunnar, Reykjavík.
Falk, Hjalmar, prófessor, dr. phil., R. af st. Ól. o. m. m., Kristjaníu.
Finnur Jónsson, prófessor, dr. phil., R. af Dbr., R. af st. Ól. o., Stórriddari Fálkaorðunnar o. fl., Khöfn.
Gering, Hugo, dr. phil., leyndarráð, prófessor í Kiel.
Gjelsvik, N. M., prófessor, dr. juris, Kristjaníu.
Hermann, Paul, prófessor, dr. phil., Torgau.
Heusler, Andreas, prófessor, dr. phil., Berlín.
Jón Sveinsson, l'abbé, 310 rue de Vaugirard (Orphelinat)), Paris XVe
Jón Þorkelsson, dr. phil., þjóðskjalavörður, Reykjavík.
Ker, V. P., prófessor við háskólann í Lundúnum.
Kock, Axel, prófessor, dr. phil. Lundi.
Kristján Jónsson, hæstarjettarforseti, Comm. af Dbr. m. m., Reykjavík.
Lundborg, Ragnar, dr. jur., ritstjóri, Stokkhólmi.
Mogk, E, dr. phil., prófessor í Leipzig.
Noreen, Adolf, prófessor, dr. phil., Uppsölum.
Ólafur Halldórsson, konferenzráð, R. af Dbr. og Dbrm., Khöfn.
Olsen, Magnús, prófessor við háskólann í Kristjaníu.
Paasche, Fredrik, prófessor, dr. phil., Kristjaníu.
Pipping, H., prófessor, dr. phil., Helsingfors.
Stephan G. Stephanson, skáld, Markerville, Alb., Canada.
Söderwall, K. F., prófessor, dr. phil., Lundi.
Thomsen, Vilh., próf., dr. phil., R. af fo., stkr. af Dbr. m. m. Khöfn.

FJELAGAR:

A. Á Íslandi.

Reykjavík.

Alexander Jóhannesson, dr. phil. '22[1])
Alexander Jóhannesson, skipstj. '22
Alþýðubókasafn Reykjavíkur.
Andersen, Ludvig, kaupm., '22
Arinbj. Sveinbjarnars., bókb. '22
Arnar, Otto B., kaupm. '22
Arnór Guðmundsson, vftr. '22
Axel Böðvarsson, bókari '22
Ari Gíslason, Bergþg. 4 '22
Arni Jónsson, kaupm. '22
Árni Pálsson, bókav. '22
Árni Sighvatsson, kaupm. '22
Árni Sigurðsson, fríkirkjupr. '22
Ársæll Árnason, bóksali '22
Ásbjörn G. Guðmundss., kenn. '22
Asgeir Asgeirsson, kennari '22
Asgeir Sigurðsson, konsúll '22
Baldur Sveinsson, blaðam. '22
Beck, Simon, trjesmiður '22
Benedikt Sveinsson, alþm. '22
Benedikt Þórarinsson, kaupm. '22
Bergur Rósinkranzson, kaupm. '22
Bjarnason, Agúst, próf., dr. '22
Bjarnason ,Brynj. H., kaupm. '22
Bjarnason, Ingibjörg H., forstöðukona kvennaskólans '22
Bjarnason, Lárus H., hæstarjettardómari '22
Bjarnason, Nicolaj, afgrm. '22
Bjarnason, Þorleifur H., yfirkennari '22.
Bjarni Bjarnason, klæðskeri '22
Bjarni Einarsson, præp. hon. '22
Bjarni Jensson, læknir '22
Bjarni Jónsson, dómkirkjupr. '22
Björn Björnsson, bókb. '22
Björn E. Arnason, bókari '22
Björn Kristjánss., fv. ráðherra '22
Björn Ólafsson, kaupm. '22
Björn R. Stefánsson, kaupm. '22
Björnson, Guðm., landlæknir '22
Björn Þórðarson, hæstarj.rit. '22
Blöndahl Aslaug, frú '22
Blöndahl, Magnús, kaupm. '22
Blöndahl, Sighv., cand. jur. '22
Blöndal, Lárus H. '22
Blöndal, Ragnh., ungfrú '22
Blöndal, Valtýr. stud. jur. '22
Bogi Ólafsson, kennari '22
Bókasafn K. F. U. M. '22
Borgþór Jósefsson, bæjargjaldk. '22
Breiðfjörð, Guðm., kaupm. '22
Briem, Eggert, hæstarjettardómari '22
Briem, Ólafur, frá Alfgeirsv. '22
Briem, Sigurður, aðalpóstmeist.'22
Brynj. Arnason, Hvg. 18, '22
Brynjólfur Björnsson, tannl. '22
Brynjólfur Magnússon, bókb. '22
Brynj. Þorsteinss., Kárastíg 5 '22
Búnaðarfjelag Íslands '22
Böggild, J. E., sendiherra '22
Claessen, Eggert, bankast. '22
Copland, G., stórkaupm. '22
Courmont, André, ræðism. '22
Dýrleif Árnadóttir, bókari, '22
Ebeneser Ebenesersson, vjelstj.'22
Eggerz, Sigurður, fors.ráðh. 22
Einar Asmundsson, frá Bár '22
Einar Bjarnason, járnsm. '22
Einar Finnsson, múrari '22
Einar Helgason, garðyrkjufr. '22
Einar Jónsson, mag. art. '22
Einar Magnússon, bókh. 22.
Einar Magnússon, stýrim. '22
Einar Pjetursson, kaupm. '22
Eirikur Kristófersson, stýrim. '22
Eirikur Ormsson, trjesm. '22
Elías Eyjólfsson, kennari '22
Elka Björnsdóttir, Tg. 12 '23
Erlendur M. Guðmundsson, '22
Eyjólfur Jónsson, rakari '22

[1]) Áratölin aftan við nöfnin merkja, að tillag sje afhent bókaverði fyrir það ár síðast.

Eyþór Guðjónsson, bókbindari '22
Felix Guðmundsson, verkst. '22
Finnjón Móesesarson '22
Finnur Sigmundsson, stud. mag. '22
Fjeldsted, Lárus, cand. jur. '22
Freysteinn Gunnarss., cand. theol. '22
Friðrik Klemensson, póstafgrm. '22
Friðrik Magnússon, kaupm. '22
Geir Sigurðsson, skipstjóri '22
Georg Ólafsson, bankastj. '22
Gissur Baldursson, Hvg. 92 '22
Gísli Guðmundsson, gerlafr. '22
Gísli Ísleifsson, skrifstofust. '22
Gísli Jónsson, vjelstjóri '22
Grímúlfur Ólafsson, tollvörður '22
Gröndal, Ben. Þ., cand. phil. '22
Guðgeir Jónsson, bókb. '21
Guðjón Guðlaugsson, fv. alþm. '22
Guðjón Jónss., kaupm. Hvg. 50 '22
Guðjón Jónsson, verslm. '22
Guðjón Sigurðsson, Hvg. 71 '23
Guðm. Asbjörnsson, kaupm. '22
Guðm. Bjarnason, klæðskeri, '22
Guðm. Böðvarsson, kaupm. '22
Guðm. Finnbogason, próf., dr. phil. '22
Guðm. Gamalíelsson, bóksali '22
Guðmundur Guðmundsson, bókari, Ránarg. 23 '22
Guðm. H. Guðmundss. beykir '22
Guðm. Halldórsson Njálsg. 52' 22
Guðm. Hannesson, prófessor '22
Guðm. Jónsson, kennari '22
Guðm. Kr. Guðmundsson '22
Guðm. Magnússon, prófessor '22
Guðm. Ólafsson, steinsm. '22
Guðm. Ólafsson, málaflm. '22
Guðm. R. Ólafsson, kennari '23
Guðm. S. Guðmundsson, vjelstj.
Guðni Arnason, garðyrkjum. '22
Gunnar Benidiktss., cand. jur. '22
Gustaf Ad. Sveinsson, stud. jur. '22
Hafliði Helgason, prentari, '22
Halld. Guðms.s., rafmfr. Vg 25 '22
Halldór Daníelsson, hæstarjettardómari '22
Halldór Jónasson, verkstj. '22
Halldór Kr. Þorsteinsson, skipstjóri '22
Halldór Þórðarson '22
Hallgrímsson, Asta, frú '22
Hallgr. Benediktsson, heilds. '22
Hallgr. Hallgrímsson, mag. art. '21
Hallgr. Jónsson frá Bakka '22
Hallgr. Jónsson, kennari '22
Hallgr. Jónsson, vjelstj. '22
Hannes Jóhannesson, kennari '22
Hannes Þorsteinsson, skjalav. '22
Hansen, Halldór, læknir '22
Hansen, Jörgen, verslm. '22
Hansen, Morten, skólastjóri, '22
Haraldur Níelsson, prófessor '22
Haraldur Sigurðsson, verslm. '22
Héðinn Valdimarsson, skrifstofustjóri '22
Helgi Guðmundsson, bankarit. '22
Helgi Helgason, verzl.stjóri. '22
Helgi Jónasson, fr.kv.stj. '22
Helgi Jónsson, dr. phil., kennari '22
Helgi Jónsson, kaupm. '22
Helgi Kr. Jónsson (frá Vatnsenda)
Helgi Sveinsson, fv. útibússtj. '21
Helgi Valtýsson '22
Herbert Sigmundsson, forstj. '22
Hermann, Helgi, námafr. '22
Hjörtur Hansson, kaupm. Lvg. 14 '22
Hjörvar, Helgi, kennari '22
Hlíðdal, Guðmundur, verkfr. '22
Hólmfríður Arnadóttir '22
Hólmfríður Jónsdóttir '22
Hvanndal, Ólafur, myndamótari.
Ingólfur Jónsson, verzlm. '22
Ingvar Þorvarðsson, múrari '22
Ísleifur Jónsson, skólastj. '22
Jacobson, Jón, landsbókav. '22
Jakob Jónssson, verslunarst. '22
Jensen, Thor, stórkaupm. '22
Jensson, Sigríður H., frú '22
Jóhann Eyjólfsson '22
Jóhann Sæmundsson, stud. art. '22
Jóhann Þorsteinss., præp. hon. '22
Jóhanna Eiríksd., Þórsg. 8 '22
Jóh. Jóhannesson, bæjarfóg. '22

Jóhannes Jónss., trjesm., Bakkastíg 10 '22
Jóhannes L. L. Jóhannsson, fv. prestur '22
Jóhannes Sigfússon, yfirkenn. '22
Johnson, Ag. J., bankagjaldkeri '22
Johnson, Ólafur, heildsali '22
Jóna Sigurjónsdóttir, frú '22
Jónas Jónsson, skólastj. '22
Jón Arnason, gagnfræðingur '22
Jón Asbjörnss., hæstarj.málflm.'22
Jón Gíslason, steinsm. '22
Jón Gnðjónsson, bókari '22
Jón Gunnarsson, samábstj. '22
Jón Helgason, dr. theol., biskup'22
Jón Hermansson, lögreglustj. '22
Jón Hj. Sigurðsson, hjeraðsl. '22
Jón Jóhannsson, skipstj. '22
Jón Jónsson, stud., Miðstr. 8 '22
Jón Kjartansson, cand. jur. '22
Jón Magnússon, beykir '23
Jón Magnússon, fv. forsætisráðherra '22
Jón Pálsson, bankagjaldkeri '22
Jón Ólafsson, skipstj. '22
Jón Sigurðsson, ritari '22
Jón Sigurðsson, skrifstofustj. '22
Jón Sigurpálsson, afgrm. '22
Jón Þórarinsson, fræðslum.stj. '22
Jón Þorláksson, verkfr. '22
Kaaber, Ludvig, bankastj. '22
Kaldalóns, Sigv., læknir '22.
Kalman, Björn P., hrjmflm. '22
Karl Þorsteinsson, stud. art. '22
Kennarafjelag Barnaskólans '22
Kjartan Ólafsson, steinsm. '22
Kl. Jónsson, ráðherra '22
Kolbeinn Arnason, kaupm. '22
Kolbeinn Þorsteinsson, skipstj. '22
Konráð Konráðsson, læknir '22
Krabbe, Th., vitamálastj. '22
Kristinn Daníelsson, præp. hon. '22
Kristinn Jónsson, lyfjafr. '22
Kristinn Pjetursson, aðst.m. '21
Kristján Agústsson, prentari '22
Kristján Kristjánsson, bóksali '22
Kvaran, Einar, rithöf. '22
Laugarnesspítali '22
Laxdal, Jón, stórkaupm. '22
Lestrarfjelagið »Íþaka« '22
Lestrarfjelag kvenna '22
Leví, R. P., kaupm. '22
Lyngdal, Jóhannes, kennari '22
Lúðvig Jakobsson, bókb. '22
Lúðvík Jónsson, búfr. '22
Magnús Arnbjarnars., cand.jur.'22
Magnús Benjamínsson, úrsm. '22
Magnús Einarson, dýral. '22
Magnús Guðmundss., fv. ráðh. '22
Magnús Helgason, skólastj. '22
Magnús Jochumsson, póstrit. '22
Magnús Jónss., dócent, alþm. '22
Magnús, M., læknir '22
Magnús Magnússon, útg.m. '22
Magnús Sigurðsson, bankastj. '22
Magnús Stefánsson, verkstj. Lvg. 19 B '22
Magnús Vigfússon, verzlm. '21
Markús Jensen, verzlm. '22
Matthías Einarsson, læknir '22
Matthías Matthíasson, kaupm. '22
Matth. Þórðarson, fornm.v. '22
Meulenberg, M., prestur '22
Nikulás Friðriksson, innlm. Vg. 25 B '22
Nordal, Jóhannes, íshússtj. '22
Nordal, Sig., prof., dr. phil. '22
Oddur Hermannsson, skrifst.stj.'22
Ólafson, Gísli J., símastj. '22
Ólafur Bergmann Erlingsson, prentari, Bergþórugötu 20 '22
Ólafur G. Eyjólfsson, heilds. '22
Ólafur Guðnason, innh.m. '22
Ólafur H. Ólafsson, vm. '22
Ólafur Jónsson, gjaldkeri '22
Ólafur Kjartansson, kennari '22
Ólafur Lárusson, prófessor '22
Ólafur Ólafsson, umsjónarm. '22
Ólafur Ólafsson, Hverfisg. 87 '21
Ólafur Þorsteinsson, læknir '22
Olgeir Friðgeirsson, heildsali '22
Olsen, Carl, stórkaupm. '22
Óskar Jónsson, prentari '22
Páll Arnasson, lögregluþj. '22
Páll Einarsson, hæstarj.dómari '22
Páll E. Ólason, prof, dr. phil.'22
Páll Halldórsson, skólastj. '22

Páll H. Gíslason, kaupm. '22
Páll Jónsson, verslunarm. '22
Páll Ólafsson, kaupm. '22
Páll Stefánsson, heildsali '22
Páll Sveinsson, kennari '22
Pjetur Halldórsson, bóksali '22
Pjetur Lárusson, prentari '22
Pjetur Sigurðsson, mag. art. '22
Pjetur Zophoníasson, ritari '22
Pjeturss, Helgi, dr. phil. '22
Proppé, Carl, kaupm. '22
Proppé, Ólafur, kaupm. '22
Ragnar Jónsson '22
Richard Torfason, bankabókari '22
Ríkarður Jónsson, myndh.
Rósenkrans, Ólafur, kennari '22
Runólfur Sigurjónsson '22
Samúel Eggertsson, veðurath. '22
Sighv. Bjarnason, fv. bankastj. '22
Sigríður Björnsdóttir, bóks. '22
S. A. Gíslason, cand. theol. '22
Sig. Guðmundss., Freyjug. 10 '22
Sig. Gunnarsson, præp. hon. '22
Sigurður Jónsson, kennari '22
Sigurður Kristjánsson, bóks. '22
Sigurður Ólafsson, hárskeri '22
Sigurður Pálsson, bókari '23
Sig. Sigurðss., cand.jur., fulltr.'22
Sig. Sigurðsson frá Hoffelli '22
Sigurður Sigurðsson, ráðan. '22
Sigurður Skúlason, stud. mag. '23
Sig. Þórðarsson, fv. sýslum. '22
Sigurgeir Friðrikss., bókav. '22
Sigurjón Jónsson, Lgv. 43 A. '22
Sigurjón Markússon, fullm. '22
Sigurjón Ólafsson, skipstj. '22
Sivertsen, Sigurður, prófessor '22
Símon Jónsson, kaupm. '22
Skúli Skúlason, præp. hon. '22
Smith, Paul, heildsali '22
Snorri Jóhannsson, kaupm. '22
Snæbj. Arnljótsson, heilds. '22
Snæbj. Jónsson, bókari '22
Stefán Einarsson, stud. art.
Stefán Sveinsson, verzlm. '22
Steindór Gunnarss., prentsmiðjustjóri '22
Steingr. Arason, kennari '22
Steingr. Jónsson, verkfr. '22
Steinunn Bjartmarsdóttir, kenslukona '22
Sveinbjörn S. Arnason, bókari '22
Sveinbj. Sigurjónsson, stud. mag., Bergstaðastr. 12 '22
Sæm. Bjarnhjeðinsson, prof. '22
Theodór Arnbjarnarson, búfr. '22
Torfi Hermannsson, trjesm. '22
Thorarensen, Jakob, skáld '22
Thoroddsen, Sigurður, yfirk. '22
Thors, Haukur, framkv.stj. '22
Thors, Kjartan, framkv.stj. '22
Thors, Ólafur, framkv.stj. '22
Thors, Richard, framkv.stj. '22
Thorsteinsson, Davíð Sch., læknir '22
Thorsteinsson, H., fv. bankastj. '22
Thorsteinsson, Th., kaupm. '22
Tómás Tómásson, ölg.m. '22
Trausti Ólafsson, efnafr. '22
Tryggvi Magnússon, verzlm. '22
Tryggvi Þórhallsson, ritstj. '22
Tulinius, Axel, málafl.m. '22
Ungmennafjel. Reykjavíkur '22
Valtýr Stefánsson, ráðunautur
Vigfús Einarsson, fulltrúl '22
Vigfús Guðmundsson '22
Viggó Snorrason, símamaður '22
Waage, Ben. G., verzlm. '22
Waage, Einar G. '22
Waage, Jens B., bankastj. '22
Weber, Georg, stud. mag., Grjótagötu 7 '23
Zimsen, Knud, borgarstj. '22
Zoëga, Geir, vegamálastj. '22
Zoëga, Geir, rektor '22
Zoëga, Geir, kaupmaður '22
Zoëga, Margrjet, frú '22
Þórarinn Arnórsson '22
Þóra Marta Stefánsdóttir '22
Þórbergur Þórðarson St.m.st. 9 '22
Þór. B. Stefánsson, kaupm. '22
Þór. B. Þorláksson, málari '22
Þórður Erlendsson, Rauð.st. '22
Þórður Geirsson, lögregluþj. '22
Þórður Sveinsson, læknir '22
Þorgils Ingvarsson, bankarit. '22
Þorkell Þorkelsson, forstm. '22
Þorkell Þorláksson, ritari '22

Þorlákur Arnórsson, '22
Þorlákur Björnsson, verzlfulltr. '22
Þorlákur Vilhjálmsson, búfr. '22
Þorleifur Gunnarsson, bókb. '22
Þorleifur Jónsson, póstm. '22
Þormar, Andr. G., aðstm. '22
Þorst. Bjarnason, bókari, Þórsg. '22
Þorst. Finnbogason, kennari '21
Þorsteinn Gíslason, ritstj. '22
Þorsteinn Jónsson, bankaritari '22
Þorsteinn Sigurðsson, trjesm. '22
Þorst. Sigurgeirsson, verzlm. '22
Þorst. Þorsteinsson, hagst.stj. '22
Þorv. Þorvarðsson, prentsm.stj. '22

Gullbringu- og Kjósarsýsla.

Einar Einarsson, járnsm., Keflavík '21
Einar Magnússon, kennari, Gerðum í Garði '21
Framfarafjelag Seltirninga '22
Guðfinnur Eiríksson, sjómaður, Keflavík '22
Guðlaug Guðjónsd., Framnesi '22
Guðm. Guðmundsson, kennari, Keflavík '23
Heilsuhælið á Vífilstöðum '22
Ingibergur Runólfss., Alafossi '22
Jónas Björnsson, bústjóri, Viðey '22
Jón Jónsson, kennari, Hvammi '21
Jón Þorbergsson, Bessastöðum '21
Klemens Egilsson, óðalsbóndi, Minni-Vogum '22
Kolbeinn Högnason, kennari, Kollafirði '22
Lestrarfjelag Grindavíkur '22
Lestrarfjelag Kjalnesinga '22
Lestrarfjelag Lágafellssóknar '22
Magnús Bergmann Jónss., Fuglavík, Miðnesi '22
Sigurður Magnússon, læknir, Vífilsstöðum '22
Sigurður Þórólfsson. Ráðag. '20
Stefán Björnsson, Keflavík '22
Tómás Snorrason, kenn., Grindavík '21
Þorgrímur Þórðarson, læknir, Keflavík '21
Þórunn Lýðsdóttir, kennari, Sandgerði '21

Hafnarfjarðar-umboð:

(Umboðsmaður Einar Þorgilsson, kaupmaður í Hafnarfirði). [1])

Andrjes Runólfsson, verzlunarm.
Asgeir G. Stefánsson, trjesm.
Asgrímur Sigfússon, bókari.
Auðunn Níelsson, kaupm.
Bjarni Bjarnason, skólastj.
Bjarni Snæbjörnsson, læknir.
Davíð Kristjánsson, trjesm.
Eggert Jónsson, framkv.stj.
Einar Einarsson, klæðskeri.
Einar Hans Sigurðsson, klæðskeri.
Einar Þorgilsson, kaupm.
Flygenring, Aug., kaupm.
Flygenring, Garðar, bakari.
Flygenring, Sig., trjesm.
Guðm. Eyjólfsson, stöðvarstjóri.
Guðm. Magnússon, skipstj.
Guðm. Steinsson, nemandi.
Gunnar Jónsson, sjóm.
Gunnl. Kristmundsson, kennari.
Hafberg, Friðrik, kaupm.
Hákon Jens Helgason, bókari.
Hannes Jóhannesson, verzlm.
Helgi Guðmundsson, kaupm.
Johnsen, Andr., hárskeri.
Jón Gestur Vigfússon, verzlm.
Kjartan Ólafsson, verkam.
Magnús Böðvarsson, bakari.
Magnús Jóhannesson, verkstj.
Magnús Jónsson, sýslum.
Mathiesen, Jón, verzlm.
Oddur Ívarsson, póstafgr.m.
Ólafur Böðvarsson, kaupm.
Ólafur Sigurðsson, trjesm.
Ólafur V. Davíðsson, framkv.stj.
Salómon Heiðar, bókari.
Sig. Kristjánsson, kaupfjel.stj.
Sig. Sigurðsson, bifreiðarstj.
Skinfaxi, bókas. skólap. í Flensb.

[1]) Skilagrein komin fyrir 1922, frá fyrv. umboðsmanni.

Snæland, Pjetur V., kaupm.
Steingr. Torfason, kaupm.
Sveinn Jónsson, sjóm.
Sveinn Þorkelsson, kaupm.
Valdemar Sigmundsson, verzlm.
Þorvaldur Bjarnason, verzlm.
Þorvaldur Jakobsson, ív. prestur.
Þórður Edílonsson, læknir.
Þórður Einarsson, framkvæmdarstjóri.
Ögmundur Sigurðsson, skólastj.

Borgarfjarðar- og Mýrasýsla.

Eiríkur Albertsson, prestur, Hesti, '21
Hjörtur Snorrason, alþm., bóndi í Arnarholti '21
Jón Bjarnason, læknir, Ey '21
Jón Þorsteinsson, Hofstöðum '21

Akranes-umboð:

(Umboðsmaður Níels Kristmannsson, bóndi á Miðteigi).[1])

Armann Halldórsson, skólastj.
Arni Sigurðsson, skipstj.
Björn Lárusson, bóndi á Ósi.
Briem, Þorst., prestur, Akranesi.
Finsen, Ólafur, læknir.
Guðm. Bjarnason, sjóm.
Guðm. Olafsson, kennari, Akranesi.
Jóhannes Sigurðsson, sjóm.
Jón Sigmundsson, sjóm.
Kristín Asbjörnsdóttir, húsfrú.
Lestrarfjelag Akraness.
Magnús Guðmundsson, sjóm.
Magnús Sveinsson, sjóm.
Niels Kristmannsson, bóndi.
Óttesen, Pjetur, alþm.
Ólafur B. Björnsson, kaupm.
Olafur Magnússon, skipstjóri.
Sigurður Simonarson.
Skafti Jónsson, sjóm.
Svava Þorleifsdóttir, kennari.
Sumarliði Halldórsson, skógfr.
Thorlacius, Einar, prófastur, Saurbæ.
Ungmennafjelagið »Haukur«, Leirársveit.
Þorl. Kristjánsson, kennari.
Þórður Asmundsson, kaupm.

Borgarness-umboð:

(Umboðsm. Jón Björnsson, kaupmaður, Borgarnesi) [1])

Ari Guðmundsson, Skálpastöðum.
Arni Þorsteinsson, bóndi, Brennistöðum.
Aslaug Hjálmsdóttir, Bakkakoti.
Asm. Jónsson, verzlm., Borgarn.
Bjarni Bjarnason, bóndi, Skáney.
Björn Ólafsson, steinsm., Kaðalstöðum.
Brynjólfur Bjarnason, búfræðingur, Króki.
Bændaskólinn á Hvanneyri.
Davíð Þorsteinsson, Arnbjargarlæk.
Einar Sigurðsson, Stóra-Fjalli.
Enok Helgason, Neðranesi.
Fjeldsted, Sigurður, bóndi, Ferjukoti.
Geir Pjetursson, Gelrshlíð.
Grönfeldt. H., skólastj., Beigalda.
Guðjón Eiríksson, Hvítárbakka.
Guðm. Arnason, bóndi, Alftártungu.
Guðm. Daníelsson, bóndi, Svignaskarði.
Guðm. Illugason, Mýrdal.
Guðm. Jónsson, bóndi, Efranesi.
Guðm. Jónsson, bóndi, Skeljabrekku.
Guðm. Sigurðsson, Landbrotum.
Har. Sigurðsson, Krossi.
Hervaldur Björnsson, Borgarnesi.
Ingólfur Gíslason, hjeraðslæknir, Borgarnesi.
Jóhannes Jónsson, Bjargarsteini.

[1]) Skilagrein komin fyrir 1922.

Jóhann Guðjónsson, Leirulæk.
Jóhann Magnússon, bóndi, Hamri.
Jón Björnsson, bóndi, Ölvaldsstöðum.
Jón Björnsson, kaupm., Borgarnesi.
Jón Sigurðsson, Gerðhúsum.
Jósef Björnsson, Svarfhóli.
Kristinn Guðmundsson, Grund.
Kristinn Guðmundsson, Kaðalsstöðum.
Kristján Fr. Björnsson, bóndi, Steinum.
Lestrarfjelag Alftaneshrepps.
Lestrarfjelag Borgarness.
Lestrarfjelag Eldborgar.
Lestrarfjelag Hraunhrepps.
Lestrarfjelag Stafholtstungna.
Magnús Einarsson, Munaðarnesi.
Magnús Jónsson, kennari, Borgarnesi.
Ólafur B. Jónsson, Hvanneyri.
Páll Jónsson, kennari, Einarsnesi.
Runólfur Runólfsson, bóndi, Norðtungu.
Sigm. Sigurðsson, Arnarstapa.
Sigurjón Kristjánsson, Krumshólum.
Stefán Jónsson, prófastur, Staðarhrauni.
Tómás Jónasson, Sólheimatungu,
Ungmennafjelagið »Dagrenning«, Lundarreykjadal.
Þorgeir Bjarnarson, búfr., Hvanneyri.
Þorst. Þorsteinsson, Húsafelli.
Þórarinn Sveinsson, Efranesi.
Þórður Pálsson, hjeraðslæknir, Borgarnesi.

Hnappadals-, Snæfellsness- og Dalasýslur.

Benedikt Magnússon, kaupfjelagsstjóri, Tjaldanesi '21
Bergmann, Daníel, Sandi '21
Finnbogi Lárusson, kaupm., Búðum '23
Guðm. Guðjónsson, kennari, Saurum '22
Jón Ólafsson, Söðulsholti '22
Kristján Eggertsson, oddviti, Dalsmynni '21
Kristján Kristjánsson, kennari, Skógarnesi '22
Lestrarfjelag Sandara '21
Lestrarfjelag Saurbæjarhrepps '21
Ólafur Jónsson, Elliðaey '23

Stykkishólms-umboð:

(Umboðsmaður Stefán Jónsson, kennari í Stykkishólmi).[1])

Agúst Þórarinsson, verslunarstj., Stykkishólmi.
Einar Vigfússon, Stykkishólmi.
Elías Kristjánsson, Arnartungu.
Guðm. Guðmundsson, læknir í Stykkishólmi.
Hjálmar Konráðsson, verzlm., Stykkishólmi.
Jón G. Sigurðsson, Hofgörðum.
Jósep Jónsson, prestur, Setbergi,
Kristján Finnsson, Hnúki.
Lestrarfjelag Fellstrandar.
Pjetur O. Lárusson, verzlunarm., Stykkishólmi.
Runólfur Jónatansson, Spjör.
Sigurður Ó. Lárusson, prestur í Stykkishólmi.
Stefán Jónsson, kenn., Stykkish.
Sæm. Halldórsson, kaupmaður, Stykkishólmi.

Búðardals-umboð:

(Umboðsm. Bogi Sigurðsson, kaupmaður í Búðardal).[1])

Aðalsteinn Jakobsson, Stórholti.

[1]) Skilagrein komin fyrir 1922.

Árni Arnason, læknir, Búðardal.
Benedikt Finnsson, Fagradal.
Björn Jónsson, kaupm., Brautarholti.
Björn Jónsson, skólastj., Hjarðarholti.
Bogi Sigurðsson, kaupm., Búðardal.
Eggert Magnússon, gullsm., Saurhóli.
Gestur Magnússon, Ormsstöðum.
Jens Bjarnason, Asgarði.
Jens Skarphjeðinsson, Oddstöðum.
Jóhannes Jóhannsson, Goddastöðum.
Jón Guðmundsson, bóndi í Ljárskógum.
Jón Guðnason, prestur, Kvennabrekku.
Jón Jónsson, bóndi í Purkey.
Kristján Einarsson, Hróðnýjarstöðum.
Lestrarfjelag Haukdæla.
Lestrarfjelag Hvammshrepps.
Lestrarfjelag Hörðdæla.
Lestrarfjelag Laxárdalshrepps.
Lestrarfjelag Miðdæla.
Óskar Sumarliðason, Búðardal.
Ragnheiður Vigfúsd., Búðardal.
Rögnvaldur Sturlaugsson, Hvoli.
Skúli Jóhannesson, Dönustöðum.
Theodor Theodors, Stórholti.
Torfi Sigurðsson, Hvítadal.
Þorst. Þorsteinsson, sýslumaður, Staðarfelli.

Barðastrandarsýsla.

Bergsv. Skúlason, Skáleyjum '21
Bókasafn Flateyjar á Breiðaf. '21
Guðm. Bergsteinsson, kaupm., Flatey á Breiðafirði '21
Jón Einarsson, trjesm., Kletti í Geiradal '22
Jón Jóhannsson, Mýrartungu í Reykhólasveit '23
Jón Ólafsson, Króksfjarðarnesi '23
Lestrarfjelag Bílddæla '21
Lestrarfjel. Breiðuvíkursóknar '22
Lestrarfjelag Geirdalshrepps '21
Lestrarfjelag Rauðsendinga '22
Magnús Andrjesson, Flatey '21
Magnús Sæbjörnsson, læknir, Flatey '21
Magnús Þorgeirsson, Höllustöðum '21
Þorbj. Þórðarson, læknir, Bíldudal '22
Þorv Gíslason, Hóll í Árnarf. '21

Tálknafjarðar-umboð:
(Umboðsmaður Jón Kristófersson, Suðureyri í Tálknafirði.)[1])

Asgeir Jónsson, Reykjarfirði.
Benedikt S. Benediktsson, verzlm., Patreksfirði.
Bjarni Símonarson, prófastur, Brjánslæk.
Garðar Ólafsson, Vatneyri.
Helgi Guðmundsson, Sveinseyri, Tálknafirði.
Jónas Magnússon, Vatneyri.
Jón B. Ólafsson, Hvanneyri.
Jón Kristófersson, kennari, Suðureyri.
Kristinn Ólafsson, verzlunarm., Vatneyri.
Kristján Guðbrandsson, Patreksfirði.
Lestrarfjelag Patrekshrepps.
Lúðvík Einarsson, Vatneyri.
Magnús Þorsteinsson, prestur, Patreksfirði.

Ísafjarðarsýsla.

Bókasafn Hólshrepps, Bolungarvík '22
Halldór Kristinsson, læknir, Bolungarvík '21
Halldór Stefánsson, læknir, Flateyri '21
Högni Björnsson, stud. art., Hesteyri '23

[1]) Skilagrein komin fyrir 1922.

Jóhannes Teitsson, Bolungarvík, '22
Lestrarfjelag Dalamanna, Önundarfirði '22
Lestrarfjelag Flateyrar '21
Sighvatur Grímsson Borgfirðingur, Höfða. Gjaldfrí.
Sveinn Halldórsson, kennari, Bolungarvík '21
Ungmennafjelagið »Vorblóm«, Ingjaldssandi '21

Dýrafjarðar-umboð:

(Umboðsmaður Anton Proppé, kaupmaður á Þingeyri).[1])

Andrjes Kristjánsson, Meðaldal.
Björn Guðmundsson, kennari, Núpi.
Böðvar Bjarnason, prestur, Rafnseyri.
Friðrik Bjarnason, hreppstjóri, Mýrum.
Guðbrandur Guðmundsson, Þingeyri.
Guðm. A. Guðmundsson, skipstjóri, Hrygg.
Guðmundur Jónsson, Granda.
Guðm. J. Sigurðsson, vjelasmiður, Þingeyri.
Guðrún Benjamínsdóttir, kenslukona, Þingeyri.
Gunnlaugur Þorsteinsson, læknir, Þingeyri.
Jóhannes Davíðsson, Bakka.
Kristlun Guðlaugsson, búfræðingur, Núpi.
Kristján Sig. Kristjánsson, Þingeyri.
Lestrarfjelag Þingeyrarhrepps, Þingeyri.
Ólafur Hjartarson, járnsmiður, Þingeyri.
Ólafur Ólafsson, kennari, Þingeyri.
Óskar Jónsson, Þingeyri.
Proppé, Anton, kaupm., Þingeyri
Sigmundur Jónsson, kaupmaður, Þingeyri.
Sigríður Guðmundsdóttir, kenslukona, Höfn.
Sigtryggur Guðlaugsson, prestur, Núpi.
Zóphónías Jónsson, gagnfræðingur, Læk.

Ísafjarðar-umboð:

(Umboðsmaður Jónas Tómasson bóksali, Ísafirði).[1])

Alfons Gíslason, bakari, Hnífsdal.
Arngrímur Fr. Bjarnason, kaupmaður, Bolungarvík.
Arni E. Arnason, kaupm., Bolungarvík.
Arni J. Arnason, verslunarm., Ísafirði.
Asgeir Guðmundsson, Æðey.
Asgeir Kristjánsson, Svarthamri.
Axel Ketilsson, kaupm., Ísafirði.
Bárður Guðmundsson, bókbindari, Ísafirði.
Benedikt Bjarnason, húsmaður, Gróustöðum.
Bjarni Eiríksson, verkstj., Bolungarvík.
Björn Guðmundsson, kaupmaður, Ísafirði.
Björn Magnússon, símastj., Ísafirði
Elías Halldórsson, bankabókari, Ísafirði.
Engilbert Kolbeinsson, bóndi, Lónseyri. Gjaldfrí.
Finnbjörn Hermannsson, verslunarstj., Ísafirði.
Fjalldal, J. H., Melgraseyri.
Friðbert Friðbertsson, kennari, Suðureyri, Súgandafirði.
Friðbert Guðmundsson, skipstj., Suðureyri.
Friðrik Hjartarson, kennari, Suðureyri.

[1]) Skilagrein komin fyrir 1922.

Guðlaugur Kristjánsson, búfræðingur, Ísafirði.
Guðm. Bernharðsson, Ingjaldssandi.
Guðm. Geirdal, kennari, Ísafirði.
Guðm. G. Kristjánsson, verslunarm., Ísafirði.
Guðm. H. Finnbjörnsson, kaupm., Sæbóli í Aðalvík.
Guðm. Jónsson, oand. theol., Ísafirði.
Guðm. Sigurðsson, kaupm., Látrum.
Guðm. Sveinsson, kaupm., Hnífsdal.
Halldór B. Halldórsson, húsm., Ísafirði.
Halld. Jónsson, bfr., Rauðamýri.
Halld. Ólafsson, form., Berjadalsá.
Halldór Ólafsson, verkstj., Ísafirði.
Halldór Pálsson, útvegsbóndi, Hnífsdal.
Hannes Halldórsson, útgm., Ísafirði.
Hannibal Valdimarsson, v.m., Ísafirði.
Har. Guðmundsson, bankagjaldkeri, Ísafirði.
Hávarðarson, Þóra J., frú Ísafirði.
Helgi Halldórsson, vm. Ísafirði.
Helgi Ketilsson, Ishússtj., Ísafirði.
Ingólfur Arnason, framkv.stjóri, Ísafirði.
Jens Nielsson, kennari, Bolungarvík.
Jóhann Kristjánsson, verslm., Bolungarvík.
Jóhann Þorkelsson, trjesm., Ísafirði.
Jóhann Þorsteinsson, kaupm., Ísafirði.
Jón A. Jónsson, bankastj., Ísafirði.
Jón Grímsson, kaupm., Ísafirði.
Jón J. Fannberg, verslstj., Bolungarvík.
Jón G. Maríass., bankarit., Ísaf.
Jón Sn. Arnason, kaupm., Ísafirði.
Jónas Tómasson, bóksali, Ísafirði.
Jónas Þorvarðsson, kaupm. og oddviti, Hnífsdal.
Júlíus Hjaltason, Bolungarvík.
Karl Olgeirsson, kaupm., Ísafirði.
Kjartan Guðmundsson, hreppstj., Hnífsdal.
Kjerúlf, Eir., læknir, Ísafirði.
Kolbeinn Jakobsson, hreppstj., Sandeyri.
Kristján A. Kristjánsson, kaupm., Suðureyri í Súgandafirði.
Kristján Jónsson, kennari, Hnífsdal.
Kristján Jónsson, ritstj., Ísafirði.
Lestrarfjelag Bjarndæla og Fjarðarmanna, Önundarfirði.
Lestrarfjelag Hnífsdælinga, Hnífsdal.
Lestrarfjelag Seyðfirðinga.
Lestrarfjelag Sljettuhrepps.
Lestrarfjelag Súðavíkurhrepps, Alftafirði.
Lestrarfjelag Ögurhrepps.
Magnús Bárðarson, útvegsbóndi, Bolungarvík.
Magnús Jónsson, húsm., Ísafirði.
Matthías Sveinsson, verslunarstj., Bolungarvík.
Magnús Vagnsson, skipstj., Ísafirði.
Oddur Gíslason, bæjarfógeti, Ísafirði.
Oddur Guðmundsson, kaupm., Ísafirði.
Ólafur Arnason, bóndi, Bolungarvík.
Ólafur Pálsson, kaupm., Ísafirði.
Páll Pálsson, útvegsb., Heimabæ, Hnífsdal.
Páll Þórarinsson, sjóm., Hnífsdal.
Pjetur Oddsson, kaupm., Tröð í Bolungarvík.
Sigfús Daníelsson, verslunarstj., Ísafirði.
Sigurjón Sigurbjörnsson, verslm., Ísafirði.

Sigurður Kristjánsson, kennari, Ísafirði.
Sigurgeir Sigurðsson, prestur, Ísafirði.
Snorri Sigfússon, kennari, Flateyri.
Soffía Jóhannesdóttir, bókavörður, Ísafirði.
Stefán Sigurðsson, verslm., Ísaf.
Stephensen, Páll, prestur, Holti í Önundarfirði.
Thordarson, Finnur, konsúll, Ísafirði.
Valdemar Þorvarðsson, kaupm., Hnífsdal.
Vilmundur Jónsson, læknir, Ísafirði.
Þorvaldur Jónsson, præp. hon., Ísafirði.
Þorvarður Brynjólfsson, prestur, Stað í Súgandafirði.

Vigur-umboð:

(Umboðsmaður Sigurður Stefánsson, prestur, Vigur).[1])

Bjarni Sigurðsson, bóndi, Vigur.
Finnbogi Pjetursson, Hvítanesi.
Jón Guðmundss., kaupm., Eyrardal.
Sigurður Stefánsson, prestur og alþingismaður, Vigur.

Strandasýsla.

Bárðarson, Guðm. G., Bæ '21.
Daníel Ólafsson, Hólmavík '22.
Halldór Kr. Júlíusson, sýslum., Borðeyri '21.
Jón Jóhannsson, prestur, Stað '21.
Jón Jósefsson, Melum í Hrútafirði '22 og '23.
Lestrarfjelag Arneshrepps '21.
Lestrarfjelag Bjarnarfjarðar og Bala '22.
Lestrarfjelag Bæjarhr. í Hrútafirði '22.
Lestrarfjelag Hrófbergshrepps '22.
Lestrarfjelag Kirkjubólshr. '21.
Lestrarfjelag Kollafjarðar '22
Lestrarfjelag Selstrandar '21.

Húnavatnssýsla.

Jón Jónsson, bóndi, Stóradal '21.
Kristján H. Sigurðsson, kennari, Brúsastöðum '21.
Lestrarfjelag Tjarnarsóknar '21.
Líndal, Jakob, Lækjamóti '21.
Þóroddur Lýðsson, Oddsstöðum, Hrútafirði '21.

Hvammstanga-umboð:

(Umboðsm. Björn P. Blöndal, verslm. á Hvammstanga).[2]).

Ásgeir Magnússon, skólastjóri, Hvammstanga.
Bjarni Tryggvason, Kothvammi.
Blöndal, Björn P. verslunarm., Hvammstanga.
Bókasafn Vestur-Húnavatnssýslu.
Guðm. B. Jóhannesson, Þorgrímsstöðum.
Gunnar Kristófersson, hreppstj., Völlum.
Ingi Ól. Guðmundsson, Böðvarshólum.
Jón D. Guðmundsson, Barði.
Magnús Þorleifsson, Hvammstanga.
Ól. Gunnarsson, læknir, Hvammstanga.
Pjetur Gunnarsson, Hurðarbaki.
Pjetur Teitsson, Bergstöðum.
Sigurður Jónsson, kennari, frá Stöpum.
Sigurður Pálmason, Hvammstanga.
Skúli Guðmundsson, bókari, Hvammstanga.

[1]) Skilagrein komin fyrir 1922.
[2]) Skilagrein ókomin fyrir 1922.

Stefán Díomedesson, Hvammstanga.
Sæm. G. Jóhannesson, Finnmörk.
Valdimar Jónsson, Flatnefsstöðum.
Þorbjörn Teitsson, Sporði.

Blönduóss-umboð:

(Umboðsm. Friðfinnur Jónsson, trjesmiður, Blönduósi). [1])

Anna R. Þorvaldsdóttir, forstöðukona kvennaskólans á Blönduósi.
Baldurs, Jón S., verslunarmaður, Blönduósi.
Björn Stefánsson, prestur, Auðkúlu.
Bókasafn Höskuldsstaðasóknar.
Daði Davíðsson, bóndi, Giljá.
Friðfinnur Jónsson, trjesmiður, Blönduósi.
Guðm. Jósafatsson, búfr., Brandstöðum.
Hafsteinn Pjetursson, bóndi, Gunnsteinsstöðum.
Helgi Konráðsson, verzlunarm., Blönduósi.
Jakob Bjarnason, vinnum., Holtastaðakoti.
Jónas Illugason, bóndi, Brattahlíð.
Jón Magnússon, Hurðarbaki.
Jón Pálmason, bóndi, Þingeyrum.
Jón Pálsson, prestur, Höskuldsstöðum.
Jón Stefánsson, Kagaðarhóli.
Jón V. Vigfússon, Forsæludal.
Kristján Sigurðsson, búfræðingur, Hvammi í Laxárdal.
Lárus Ólafsson, trjesm., Blönduósi.
Lestrarfjelag Asahrepps.
Lestrarfjelag Langdælinga.
Lestrarfjelag Torfalækjarhrepps.
Leví, Eggert, hreppstj, Ósum.
Leví, Halldór B., verzlunarm., Blönduósi.
Líndal, Jónatan J., bóndi, Holtastöðum.
Magnús Björnsson, bóndi, Syðra-Hóli.
Magnús Jónsson, bóndi., Sveinsstöðum.
Málfundafjel. »Fjölnir« í Svínavatnshreppi.
Ólafur Arnórsson, Bjarnastöðum.
Pjetur Theodorsson, sölustjóri, Blönduósi.
Ragnar Einarsson, skósmiður, Blönduósi.
Sigvaldi Sveinsson, bóndi, Höskuldsstöðum.
Sigurgeir Björnsson, búfræðingur, Orrastöðum.
Sýslubókasafn Austur Húnavatnssýslu.
Sæmundsen, Edvald, verzlunarstjóri, Blönduósi.
Þórarinn Jónsson, alþm., Hjaltabakka.
Þorsteinn Bjarnason, kaupmaður, Blönduósi.

Skagafjarðarsýsla.

Björn Jónsson, præp. hon., Sólheimum '22
Gísli Magnússon, Frostastöðum '22
Guðmundur Davíðsson, hreppstj., Hraunum '23
Hartmann Asgrímsson, kaupm., Kolbeinsárósi '21
Jóhannes Friðbjarnarson, Stórholti '21
Lestrarfjelagið »Mímir« í Haganeshreppi '22
Magnús Jóhannsson, læknir, Hofsós.
Stanley Guðmundsson, prestur, Barði '22

[1]) Skilagrein komin fyrir 1922.

Sauðárkróks-umboð:

(Umboðsm. Margeir Jónsson, kennari, Ögmundarstöðum).[1])

Anna Kr. Jósefsdóttir, Hofi.
Arngrímur Sigurðsson, bóndi í Litlu Gröf.
Arni Rögnvaldsson, bóndi, Selnesi.
Björn Guðmundsson, bóndi, Ytri-Hofdölum.
Björn Jónsson Laxdal, Ögmundarstöðum.
Björn L. Jónsson, bóndi, Stóru-Seylu.
Björn, Kr., póstafgr.m., Sauðárkróki.
Bókasafn Skagafjarðarsýslu.
Guðm. Sveinsson, verzlm., Sauðárkróki.
Gunnar Einarsson, kennari, Vík.
Hafstað, Arni. J., bóndi, Vík.
Hálfdan Guðjónsson, prófastur á Sauðárkróki.
Hansen, Friðrik, kennari, Sauðárkróki.
Hjörtur Kr. Benediktsson, Marbæli.
Jóhannes Sigurðsson, Glæsibæ.
Jóhannes Örn Jónsson, Arnesi.
Jón Guðmann Gíslason, verzlm., Sauðárkróki.
Jón Jóhannesson, bóndi, Auðnum.
Jón Jónasson, búfr., Hróarsdal.
Jón Kr. Ólafsson, Dúki.
Jón Sigurðsson, alþm., Reynistað.
Jón Sveinsson, bóndi, Hóli.
Jón Þ. Björnsson, skólastj., Sauðárkróki.
Jónas Kristjánsson, læknir, Sauðárkróki.
Kristfinnur Guðjónsson, bóndi, Fossi.
Kvaran, Tryggvi, prestur, Mælifelli.
Lestrarfjelag Flugumýrarsóknar.
Lestrarfjelag Goðdalasóknar.
Lestrarfjelag Miklabæjarsóknar.
Lestrarfjelagið »Æskan«.
Margeir Jónsson, kennari, Ögmundarstöðum.
Ólafur Sigurðsson, bóndi, Hellulandi.
Ólafur Sigurðsson, Víðivöllum.
Pjetur Hannesson, ljósmyndari, Sauðárkróki.
Pjetur Jónsson, bóndi, Eyhildarholti.
Sigurður Björnsson, bóndi, Veðramóti.
Sig. Sigurðsson, bóndi, Gelrmundarstöðum.
Sig. Þórðarson, bóndi, Nautabúi.
Steindór Benediktsson, bóndi, Hólkoti.
Þórður Jóhannsson, bóndi, Kjartansstöðum.

Hóla-umboð:

(Umboðsm. Páll Zophoníasson, skólastjóri, Hólum).[2])

Bændaskólinn á Hólum.
Kristinn Guðmundsson, ráðsm., Hólum.
Lestrarfjelag Hólahrepps.
Lestrarfjelag Viðvíkurhrepps.
Ólafur Jónsson, Enni.
Páll Zophoníasson, skólastjóri, Hólum.
Vigfús Helgason, kennari, Hólum.
Þórarinn G. Árnason, Hólum.

Eyjafjarðarsýsla.

Siglufjarðar-umboð:

(Umboðsm. Helgi Hafliðason, Siglufirði)[1])

Bjarni Þorsteinsson, prestur.

---

[1]) Skilagrein komin fyrir 1922.
[2]) Skilagrein ókomin fyrir 1922.

Blöndal, Sophus, kaupm.
Guðm. Hannesson, lögreglustj.
Guðm. Skarphjeðinsson, skólastj.
Hallgrímsson, Guðm. T., læknir.
Helgi Guðmundsson, læknir.
Helgi Hafliðason, kaupm.
Jón Guðmundsson, verzlstj.
Jörgensen, Otto, stöðvarstjóri.
Lestrarfjelag Siglufjarðar.
Matthías Hallgrímsson, kaupm.
Sig. Björgólfsson, kennari.
Thorarensen, Hinrik, læknir.
Þormóður Eyjólfsson, kaupm.
Þórður Þórðarson, Siglunesi.

Eyjafjarðar-umboð:

(Umboðsm. Kristján Guðmundsson, bóksali, Akureyri). [1])

Arnesen, Jón, konsúll, Akureyri.
Árni Guðmundsson, Akureyri.
Árni Jóhannsson, Þverá.
Árni Jóhannesson, prestur, Grenivík.
Árni Þorvaldsson, kennari, Akureyri.
Ásmundur Gíslason, próf., Hálsi.
Auður Guðmundsdóttir, ekkja, Aslaksstöðum.
Axel V. Wilhelmsson, verzlunarstjóri, Akureyri.
Benjamín Kristjánsson, Tjörnum.
Bergland, H. O. M., Akureyri.
Bjarni Arason, bóndi, Grýtubakka.
Bjarni Jónsson, útibússtjóri, Akureyri.
Björn Arnason, bóndi, Pálsgerði.
Björn Jóhannson, Syðra-Laugalandi.
Bóksafn Gagnfræðaskólans, Akureyri.
Bókasafn Norðuramtsins, Akureyri.
Brynleifur Tobíasson, kennari, Akureyri.
Davíð Stefánsson, Akureyri.
Einar Guttormsson, bóndi, Ósi.
Einar G. Jónasson, Laugalandi.
Elísabet Eiríksdóttir frá Sveðjustöðum, Akureyri.
Eydal, Ingimar, kennari, Akureyri.
Framfarafjelag Grýtubakkahr.
Friðjón Jensson, læknir, Akureyri.
Garðar Halldórsson, Rifkelsstöðum.
Gísli Bjarnason, Fornhaga.
Gísli Jónsson, hreppstj., Hofi.
Gísli R. Magnússon, Akureyri.
Grímur Grímsson, kennari, Olafsfirði.
Guðm. Bergsson, póstm., Akureyri.
Guðm. Guðmundsson, hreppstj., Þúfnavöllum.
Guðrún Björnsdóttir, Akureyri.
Gunnar Benediktsson, prestur, Saurbæ.
Gunnar Jónatansson, Litla-Hamri.
Halldór G. Aspar, Akureyri.
Hallgrímur Davíðsson, verzlstj., Akureyri.
Hallgrímur Guðnason, verzlm., Akureyri.
Hallgrímur Pjetursson, bókbindari, Akureyri.
Haraldur Björnsson, verzlunarmaður, Akureyri.
Haraldur Leósson, kennari, Holti.
Helgi Arnason, prestur, Ólafsfirði.
Helgi Daníelsson, Björk.
Helgi Einarsson, Holtakoti.
Hólmgeir Þorsteinsson, bóndi, Hrafnagili.
Hólm, Magnús A., Saurbæ.
Hörgdal, Þorst. G., Holti.
Ingibjörg Jóhannsdóttir, Arnesi.
Ingimar Hallgrímsson, bóndi, Litla-Hóli.
Ingólfur Bjarnason, bóndi, alþm., Fjósatungu.

[1]) Skilagrein komin fyrir 1922.

Jóhann Skaftason, Akureyri.
Jóhann Sveinsson, kennari, Hólkoti.
Jón Einarsson, Rauðhúsum.
Jón Ólafsson, Lundi.
Jón Stefánsson, kaupm., Akureyri.
Jónas Sveinss., bókav., Akureyri.
Júlíus Tr. Valdimarsson, Kambi.
Karl Nikulásson, verzlunarstjóri, konsúll, Akureyri.
Kolbeinn Guðvarðsson, Hlöðum.
Kristinn Jónsson, Hjalla.
Kristinn Jónsson, Möðrufelli.
Kristján Benediktsson, Möðruvöllum.
Kristján Guðmundsson, bóksali, Akureyri.
Kristján Rögnvaldsson, Fífilgerði.
Laxdal, Eggert, kaupm., Akureyri.
Laxdal, Jóhann, Tungu.
Lestrarfjelag Arskógsstrandar.
Lestrarfjelag Glæsibæjarsóknar.
Lestrarfjelag Hríseyinga.
Lestrarfjelag Kaupangssóknar.
Lestrarfjelag Lundarbrekkusóknar.
Lestrarfjelag Munkaþverársóknar.
Lestrarfjelag Möðruvallasóknar.
Lestrarfjelag Svalbarðsstrandar, Svalbarði.
Lestrarfjelag Öxndæla.
Líndal, Björn, cand. jur., Akureyri.
Loftur Baldvinsson, Böggvistöðum.
Ólafur Runólfsson, Akureyri.
Ólafur Tryggvason, bóndi, Dagverðartungu.
Óskar Guðnason, prentari, Akureyri.
Otto Jón Baldvinsson, verzlm., Akureyri.
Pjetur Jónasson, kaupm., Hjalteyri.
Rafnar, Jónas, læknir, Akureyri.
Ragnar Ólafsson, kaupm., konsúll, Oddeyri.
Reynis, Einar, Akureyri.
Rist, L. J., kennari, Akureyri.
Sigtryggur Jónatansson, bóndi, Tungu.
Sigurður Einarsson Hlíðar, dýralæknir, Akureyri.
Sigurður Guðmundsson, skólameistari, Akureyri.
Sigurður Sigurðsson, bóksali Akureyri.
Skúli Kristjáns, Sigríðarstöðum.
Stefán Arnason, Dunhaga.
Stefán Jónsson, bóndi, Munkaþverá.
Stefán Kristjánsson, skógarvörður, Vöglum.
Stefán Sigurðsson, verzlunarm., Akureyri.
Steffensen, Valdemar, læknir, Akureyri.
Steindór Leósson, Holti.
Steingrímur Jónsson, bæjarfóg., Akureyri.
Steingrímur Matthíasson, læknir, Akureyri.
Sveinn Þórðarson, verzlunarm., Nesi.
Tómas Björnsson, verzlunarm. Akureyri.
Tryggvi Sigmundsson, Ytra-Hóli.
Vigfús G. Pálmason, Samkomugerði.
Þengill Þórðarsson, Höfða.
Þórður Jónatansson, Öngulsstöðum.
Þórður Sigurjónsson, Dagverðartungu.
Þórhallur Guðmundsson, Dæli.
Þormóður Sveinsson, verzlunarmaður, Akureyri.
Þorst. M. Jónsson, bóksali, Akureyri.

Þingeyjarsýsla.

Jónas Helgason, Grænavatni '22

Húsavíkur-umboð:

(Umboðsm. Stefán Guðjohnsen, kaupmaður).[1]

Aðalgeir Davíðsson, bóndi, Stóru-Laugum.
Ari Jónsson, Húsavík.
Arnór Sigurjónsson, kennari, Breiðumýri.
Arni Jakobsson, bóndi, Hólum.
Arni Jónsson, bóndi, Þverá.
Benedikt Benediktsson, Breiðuvík.
Benedikt Bjarnarson, kennari, Húsavík.
Benedikt Guðnason, Grænavatni.
Benedikt Jónsson, sýsluskrifari, Húsavík.
Bjartmar Guðmundsson, Sandi.
Björn Guðmundsson, bóndi, Lóni.
Blöndal, Asgeir, læknir, Húsavík.
Bókasafn Grímseyinga.
Bókasafn Þingeyinga.
Egill Sigurðsson, Máná.
Egill Sigurjónsson, bóndi, Laxamýri.
Friðrika Jónsdóttir, Fremstafelli.
Geirdal, Bragi, Grímsey.
Grímur Snædal, Húsavík.
Guðjohnsen, Stefán, kaupmaður, Húsavík.
Guðrún Þorláksdóttir, Sandhólum.
Hallgrímur Þorbergsson, Halldórsstöðum.
Hallsteinn Karlsson, yngispiltur, Húsavík.
Hálfdán Jakobsson, Mýrarkoti.
Helgi Jónasson, Gvendarstöðum.
Helgi Jónsson, yngispiltur, Húsavík.
Hólmgeir Þorsteinsson, bóndi, Vallakoti.
Indriði Þorkelson, bóndi, Ytra-Fjalli.
Jóhannes Þorkelsson, hreppstjóri, Syðra-Ejalli.
Jón Pjetursson Gauti, Gautlöndum.
Jón Sigurðsson, gagnfræðingur, Ysta-Felli.
Jónas Jónsson, verslstj., Flatey.
Konráð Kristjánsson, Litlu Tjörnum.
Kristján Sigtryggsson, bókbindari, Húsavík.
Konráð Erlendsson, Fremstafelli.
Konráð Vilhjálmsson, bóndi, Hafralæk.
Lestrarfjelag Keldhverfinga.
Lestrarfjelag Kinnunga, Köldukinn.
Lestrarfjelag Mývetninga.
Marteinn Þorgrímsson, Sílalæk.
Matthías Eggertsson, prestur, Grímsey.
Óskar Friðmundsson, Skál.
Páll Einarsson, kaupm., Húsavík.
Páll Kristjánsson, kaupm., Húsavík.
Sigtryggur Helgason, bóndi, Hallbjarnarstöðum.
Sigurður Kristjánsson, Steinholti.
Sigurður S. Bjarklind, sölustjóri, Húsavík.
Sigurður Sigurðsson, hreppstj., Halldórsstöðum.
Sigurjón Armannsson, Hraunkoti.
Sigurmundur Sigurðsson, læknir, Breiðumýri.
Skúli Þorsteinsson, kennari, Reykjum.
Snorri Jónsson, hreppstj., Þverá.
Theódór Friðriksson, Húsavík.
Tryggvi Sigtryggsson, Hallbjarnarstöðum.
Þórður Stefánsson, Geirbjarnarstöðum.
Þórir Baldvinsson, Ófeigsstöðum.
Þórir Friðgeirsson, Þóroddsstað.
Þórólfur Sigurðsson, gagnfræðingur, Baldursheimi.

1) Skilagrein komin fyrir 1922.

Örn Sigtryggsson, Hallbjarnarstöðum.

Kópaskers-umboð:

(Umboðsm. Björn Kristjánsson, kaupfjelagsstjóri, Kópaskeri).

Benjamín Sigvaldason, Gilsbakka.
Björn Björnsson, Skógum.
Björn Gunnarsson, Skógum.
Björn Kristjánsson, Kópaskeri.
Guðm. Vilhjálmsson, Syðra-Lóni.
Halldóra Björnsdóttir, Presthólum.
Hrólfur Friðriksson, Grímsstöðum.
Jón Jónsson Gauti, Ærlækjarseli.
Lestrarfjelag Keldhverfinga.
Lestrarfjelag Sljettunga.
Lestrarfjelag Svalbarðshrepps.
Óli G. Árnason, Bakka.
Sigurður Gunnarsson, Skógum.
Sigvaldi Jónsson, Skógum.
Sigurpáll Jónsson, Kleifshaga.
Þórður Oddgeirsson, prestur, Sauðanesi.

Norður-Múlasýsla.

Bókasafn Fljótsdalshrepps '21.
Björn Guðmundsson, bóndi, Sleðbrjótsseli '22.
Björn Guttormsson, Ketilsstöðum '22.
Björn Kristjánsson, Hnitbjörgum '22.
Eiríkur Helgason, Eyjaseli '21.
Eiríkur Sigurðsson, kennari, Fremraseli í Hróarstungu '21.
Eiríkur Þorkelsson, Þórsnesi.
Friðfinnur Runólfsson, Viðarstöðum.
Halldór Pjetursson, Geirastöð. '21
Halldór Stefánsson, Sandbrekku.
Halldór Stefánsson, Torfastöðum í Vopnafirði '22.
Kristján Jónsson, Hrjót '22.
Lestrarfjelag Hjaltastaðahr. '22.
Magnús Eiríksson, bóndi, Geirastöðum '22.
Magnús Kristjánsson, Másseli '22.
Magnús Þórarinsson, Jóruvík.
Níels Stefánsson, Klúku.
Ólafur Ó. Lárusson, hjeraðsl., Brekku '23.
Run. Pjetursson, Geirastöðum '20.
Skúli Þórðarson, Gautastöðum '21.
Vigfús Sigurðsson, Hallgeirsstöðum.
Þormar, Sigmar, Skriðu '22.
Þorvaldur Sigurðsson, Sandbrekku '22.

Vopnafjarðar-umboð:

(Umboðsm. Gunnl. Sigvaldason, bóksali).[1])

Árni Jónatansson, Búastöðum.
Árni Jónsson, verslstj., Vopnafirði.
Ásbjörn Stefánsson, bóndi, Guðmundarstöðum.
Björgvin Sigfússon, Einarsstöðum.
Björn Jónasson, bóndi, Hámundarstöðum.
Einar Einarsson, Hlíðarhúsum.
Einar Jónsson, prófastur, Hofi.
Einar Runólfsson, kaupmaður, Vopnafirði.
Guðm, Guðmundsson, Skálanesi.
Gunnl. Sigvaldason, bóksali, Vopnafirði.
Ingólfur Eyjólfsson, bóndi, Skjaldþingsstöðum.
Ingólfur Hrólfsson, Vakursstöðum.
Ingvar Nikulásson, prestur, Skeggjastöðum.
Ólafur Metúsalemsson, kaupfjelagsstjóri, Vopnafirði.

[1]) Skilagreiu komin fyrir 1922.

Sigurður Gunnarsson, Ljótsstöðum.
Stefán Friðriksson, Eyvindarstöðum.
Steindór Kristjánsson, bóndi, Syðri-vík.
Víglundur Helgason, bóndi, Hauksstöðum.

Rangár-umboð.

(Umboðsm. Björn Hallsson).[1])

Björn Hallsson, alþm., Rangá.
Emil J. Arnason, Blöndugerði.
Gísli Helgason, bóndi, Skógargerði.
Guðm. Ólason, búfr., Höfða.
Gunnar Sigurðsson, Beinárgerði.
Sigfús Eiríksson, Rangá.
Sigurjón Þórarinsson, Brekku.
Sveinn Bjarnason, bóndi, Heykollsstöðum.

Grundar-umboð:

(Umboðsm. Halldór Ásgrímsson, Grund, Borgarfirði).[2])

Anna Guðný Guðmundsdóttir, Hóli.
Björn Jónsson, bóndi, Snotrunesi.
Halldór Asgrímsson, Grund.
Hallsteinn Sigurðsson, Bakka.
Ingi Guðmundsson, sjóm., Bakkagerði.
Jón Stefánsson, verslunarstjóri, Borgarfirði.
Lestrarfjelag Borgfirðinga.
Sigurður Hannesson, trjesmiður, Bjargi.
Steinn Magnússon, Odda.
Sveinn Ólafsson, Geitavík.
Vigfús Ingvar Sigurðsson, prestur, Desjarmýri.
Þórarinn Björnsson, Húsavík.

Hafnar-umboð:

(Umboðsm. Magnús Þorsteinsson, Höfn, Vopnafirði.)[1])

Magnús Helgason, Njarðvík.
Magnús Þorsteinsson, Höfn.
Sigurður Arnason, Glettingsnesi.
Stefán Einarsson, Gilsárvelli.
Þorsteinn Sigfússon, Sandbrekku.

Seyðisfjarðar-umboð:

(Umboðsm. Pjetur Jóhannsson, bóksali, Seyðisfirði.[1])

Benedikt Jónasson, verslunarstj., Seyðisfirði.
Björn Þorláksson, prestur, Dvergasteini.
Einar Pjetursson, Vífilsstöðum.
Halldór Pálsson, Nesi.
Hermann Þorsteinsson, skósmiður, Seyðisfirði.
Jón Jónsson, bóndi, Firði.
Jón Sigurðsson, Hjartarstöðum.
Jón Sigurðsson, Ketilsstöðum.
Karl Finnbogason, skólastjóri, Seyðisfirði.
Kristján Kristjánsson, læknir, Seyðisfirði.
Sigurður Jónsson, bóndi, Seyðisfirði.
Sigurður Jónsson, kaupm., Seyðisfirði.
Sigurður Sigurðsson, kennari, Seyðisfirði.
Sigurjón Jóhannsson, kaupmaður, Seyðisfirði.
Stefán Th. Jónsson, konsúll, Seyðisfirði.
Sveinn Arnason, yfirfiskimatsm., Seyðisfirði.
Waage, Jón E., verslunarstj., Seyðisfirði.
Wathne, Ottó, verslunarstj., Seyðisfirði.

[1]) Skilagrein komin fyrir 1922.
[2]) Skilagrein ókomin fyrir 1922.

Suður-múlasýsla.

Alþýðuskólinn á Eiðum '22.
Asmundur Guðmundsson, skólastjóri, Eiðum '22.
Benedikt Sveinsson, bóksali, Borgareyri við Mjóafjörð '23.
Blöndal, Sigrún Pálsdóttir, Eiðum '22.
Guðgeir Jóhannsson, kennari, Eiðum '22.
Guðm. Guðjónsson, Sljettu '22.
Guðm. Stefánsson, Firði '23.
Guttormur Pálsson, skógfræðingur, Hallormsstað '22.
Guttormur Vigfússon, prestur, Stöð í Stöðvarfirði '21.
Ísfeld, Eir. G., Hesteyri '22.
Johansen, Sverre F., Reyðarf. '23.
Lestrarfjelag Mjófirðinga '21.
Lestrarfjelag Stöðfirðinga '22.
Magnús Blöndal Jónsson, prestur, Vallanesi '23.
Sigurjón Jónsson, Snæhvammi '21
Sveinn Jónsson, Egilsstöðum '22.
Sveinn Ólafsson, alþm., Firði '23.
Sæm. Sæmundsson, kennari, Reyðarfirði '22.
Þorsteinn Jónsson, kaupfjelagsstjóri, Reyðarfirði '21.
Þórhallur Helgason, trjesmiður, Eiðum '22.

Norðfjarðar umboð:

(Umboðsm. Jónas Guðmundsson, kennari, Norðfirði.)[1])

Björn Björnsson, kaupm.
Björn Ól. Gíslason, verslstj.
Hjálmar Olafsson, verslm.
Ingibjörg Sveinsdóttir, kensluk.
Ingvar Pálmason, útvegsbóndi.
Jónas Andrjesson, kaupfjelagsstj.
Jónas Guðmundsson, kennari.
Jón Benjamínsson, útvegsbóndi.
Jón Sigfússon, verslm.
Jón Sveinsson, cand. phil.
Páll G. Þormar, kaupm.
Sigurður Hannesson, trjesmiður.
Sveinn Árnason, bóndi, Barðsnesi.
Thoroddsen, Pjetur, læknir.
Valdemar V. Snævarr, kennari.
Zoëga, Tómas J., verslm.
Þorbergur Guðmundsson, búfr.

Eskifjarðar-umboð:

(Umboðsm. Stefán Stefánsson bóksali á Eskifirði.)[1])

Arnfinnur Jónsson, Eskifirði.
Björn Brynjólfsson, Eskifirði.
Einar Guðmundsson, Reyðarfirði.
Einar Hálfdanarson, Eskifirði.
Eiríkur Bjarnason, Eskifirði.
Ferd. Magnússon, Teigagerði.
Figved, Jens, Eskifirði.
Gunnar Bóasson, Teigagerði.
Hallgrímur Bóasson, Reyðarfirði.
Jón Björnsson, Seljateigi, Reyðarfirði.
Jón Einarsson, Mýrum.
Jón Valdemarsson, gagnfræðingur.
Lárus Stefánsson, Eskifirði.
Magnús Gíslason, sýslum., Eskifirði.
Magnús Steinsson, kennari, Hólmum.
Ólafur Sveinsson, Eskifirði.
Sigurður Hjörleifsson Kvaran, læknir, Eskifirði.
Sigurður Vigfússon, kennari, Eskifirði.
Stefán Björnsson, prestur, Hólmum.
Sveinbjörn P. Guðmundsson, Búðareyri í Reyðarfirði.
Þorsteinn Pálsson, Reyðarfirði.
Þórður Einarsson, Eskifirði.

Fáskrúðsfjarðar-umboð.

(Umboðsm. Marteinn Þorsteinsson, kaupmaður.)[1])

Ben. Sveinsson, verslm., Fáskr.f.

[1]) Skilagrein komin fyrir 1922,

Björgvin Þorsteinsson, kaupm., Fáskrúðsfirði.
Georg Georgsson, læknir, Fáskrúðsfirði.
Guðm. Bjarnason, Fáskrúðsfirði.
Guðm. Björnss., útvegsb., Búðum.
Guðm. Jónsson, útvegsb., Búðum.
Halldór Halldórsson, Fáskrúðsfirði
Haraldur Jónasson, prestur, Kolfreyjustað.
Höskuldur Stefánsson, bóndi, Dölum.
Jóhannes Þórðarson, vm., Dölum.
Jóhann Magnússon, Fáskrúðsf.
Jón Davíðsson, verslstj., Fáskrúðsfirði.
Marteinn Þorsteinsson, kaupm., Fáskrúðsfirði.
Páll Benjamínsson, verslm., Fáskrúðsfirði.
Sighv. Bessason, sjóm., Fáskrúðsfirði.
Stefán Gíslason, Kolfreyjustað.
Stefán Guðmundsson, verslunarfulltrúi, Fáskrúðsfirði.

Breiðdals-umboð:

(Umboðsm. Ólafur H. Brím, bóndi, Eyjum í Breiðdal.)[1])

Björgúlfur Guðnason, Hlíðarenda.
Bogi Jónsson, Hóli.
Brím, Ólafur H., Eyjum.
Einar Sveinsson, Ósi.
Eiríkur Sigurðsson, Disastöðum.
Guðbr. Guðnason, Randversstöðum.
Hannes Þórðarson, Jórvík.
Jón Gunnarsson, Brekkuborg.
Vigfús Þórðarson, prestur, Eydölum.
Sigurbjörn Björnsson, Skriðustekk.
Stefán Guðmundsson, Felli.
Þorsteinn Stefánsson, bóndi, Þverhamri.

Djúpavogs-umboð:

(Umboðsm. Ingim. Steingrímsson, póstafgr.m., Djúpavogi).[2])

Björn Jónsson, bóndi, Múla í Alftafirði.
Elís Jónsson, verslstj., Djúpavogi.
Guðm. Eiríksson, Geithellum.
Helgi Einarsson, bóndi, Melrakkanesi.
Ingim. Steingrímsson, póstafgr.maður, Djúpavogi.
Jón Dagsson, vm., Melrakkanesi.
Jón Finnsson, prestur, Hrauni við Djúpavog.
Jón Jónsson, lausam., Geithellum.
Jón Stefánsson, kennari, Hálsi.
Sigurður Antoníusson, Múla.
Sveinn Sveinsson, bóndi, Hofi.
Thorlacius, Ólafur, læknir, Búlandsnesi.
Þórh. Sigtryggsson, kaupfjelstj., Djúpavogi.

Skaftafellssýsla.

Ari Hálfdanarson, hreppstj., Fagurhólsmýri, Öræfum '22.

Hornafjarðar-umboð:

(Umboðsm. Guðm. Sigurðsson, söðlasmiður, Höfn í Hornafirði).[2])

Bjarni Bjarnason, Brekku.
Bjarni Guðmundsson, bókhaldari, Höfn í Hornafirði.
Einar Þorsteinsson, bóndi, Hvammi í Lóni.
Gísli Sigurjónsson, Fornustekkjum.
Guðm. Sigurðsson, söðlasmiður, Höfn í Hornafirði.
Hákon Finnsson, Borgum.
Hjalti Jónsson, Hoffelli.
Jón Eiríksson, Volaseli.
Jón Guðmundsson, kennari, Höfn.

[1]) Skilagrein ókomin fyrir 1922.
[2]) Skilagrein komin fyrir 1922.

Jón Ívarsson, kaupfjelagsstjóri, Höfn.
Lestrarfjelag Lónsmanna.
Lestrarfjelag Mýrahrepps.
Lestrarfjelag Suðursveitar.
Pjetur Jónsson, prestur, Kálfafellsstað.
Sigurður Jónsson, Stafafelli.
Þorleifur Jónsson, alþm., Hólum.
Þorvarður Stefánsson, Hólum.
Þórhallur Daníelsson, kaupmaður, Hornafirði.

Vík ur-umboð:

(Umboðsm. Jón Ólafsson, kennari, Vík í Mýrdal). [1])

Anna Jónsdóttir, læknisfrú, Vík.
Árni Einarsson, verslm., Vík.
Arsæll Sigurðsson, vm. ‚Skammadal.
Bjarni Ásgr. Eyjólfsson, Syðri-Steinsmýri.
Bjarni Kjartansson, frkv.stj., Vík.
Bjarni Loftsson, Hörgslandi.
Björn Runólfsson, hreppstj, Holti.
Brynjólfur Einarsson, búfr., Reyni.
Einar Erlendsson, verzlm., Vík.
Eiríkur E. Sverrisson, kennari, Vík.
Elimar Tómasson, kennari, Skammadal.
Eyjólfur Guðmundsson, hreppstj., Hvoli í Mýrdal.
Finnbogi Magnússon, vinnum., Reynisdal.
Gísli Sveinsson, sýslum., Vík.
Jóhann Sigurðsson, búfr., Breiðabólsstað.
Jón Ólafsson, kennari, Vík.
Lestrarfjelag Dyrhólahrepps.
Magnús Jónsson, verzlm., Vík.
Ólafur J. Halldórsson, verzlm., Vík.
Páll Sigurðsson, Skammadal.
Sigurður Þórðarson, Vík.
Sigurjón Kjartansson, kennari.
Ungmennafjel. »Bláfjall« í Skaftártungu.
Ungmennafjelagið »Gnúpa-Bárður« í Vestur-Skaftafellssýslu.
Þorsteinn Einarsson, Höfðabrekku.
Þorst. Þorsteinsson, kaupm., Vík.
Þorv. Þorvarðsson, prestur í Vík.
Þórarinn Vigfússon, Fossi.
Þórður Stefánsson, Vík.

Rangárvallasýsla.

Árni Ingvarsson, Núpi '20
Björgvin Vigfússon, sýslumaður, Efra-Hvoli '22
Bókasafn Rangárvallasýslu '21
Einar Jónsson, hreppstj., Kálfsstöðum '23
Einar Jónsson, Bakka í Landeyjum '22.
Erlendur Guðjónsson, Hamragörðum '22
Guðbr. Magnússon, kaupfjelagsstjóri, Hallgeirsey '22
Guðm. Guðfinnsson, læknir, Stórólfshvoli '22
Ingimundur Benediktsson, Kaldárholti '22
Ingimundur Jónsson, búfr., Hala '22
Jakob Lárusson, prestur, Holti '22
Jón Guðmundsson, bóndi, Ægissíðu '22
Jón Jónsson, bóndi, Sumarliðabæ '22
Lestrarfjelag Ungmennafjelags Asahrepps '22
Lestrarfjelag Landmanna '22
Magnús Kristjánsson, Drangshlíð '22
Sigfús Sigurðsson, Þórunúpi '21
Sveinn J. Sveinsson, Dalskoti '21
Sveinn Ögmundsson, prestur, Kálfholti.

[1]) Skilagrein komin fyrir 1922.

Thorarensen, Grímur, hreppstjóri, Kirkjubæ '23
Thorarensen, Skúli, Móeiðarhvoli '21
Tómas Sigurðsson, hreppstjóri, Barkarstöðum '22
Valdimar Jónsson, Alfhólum '22
Vigfús Bergsteinsson, Brúnum '22
Þorst. Jónsson, oddviti, Melrltungu '21

Árnessýsla.

Agúst Helgason, bóndi, Birtingaholti '22
Bjarni M. Jónsson, Stokkseyri '21
Björn Sigurbjarnarson, gjaldkeri, Selfossi '22
Böðvar Magnússon, hreppstjóri, Laugarvatni '22
Eggert Benediktsson, hreppstjóri, Laugardælum '22
Einar Guðmundsson, Brattholti '22
Einar Jónsson, Mjósundi í Villingaholtshreppi '22
Einar Pálsson, bankaskrifari, Selfossi.
Eiríkur Einarsson, útibússtjóri, Selfossi '22
Gísli Gestsson, Hæli '22
Gísli Jónsson, Stóru Reykjum '22
Gísli Pjetursson, læknir, Eyrarbakka '22
Guðjón Rögnvaldsson, Tjörn í Biskupstungum '21
Guðm. Guðmundsson, bóksali, Eyrarbakka '22
Guðm. Guðmundsson, Efri-brú '21
Guðm. Lýðsson, bóndi í Fjalli á Skeiðum '22
Heiðdal, Sig. Þ., rithöf., Stokkseyri '22
Hermann Eyjólfsson, kennari, Grímslæk '22
Jörundur Brynjólfsson, bóndi í Skálholti '22
Kjartan Helgason, prófastur, Hruna 22
Kolbeinn Guðmundsson, hreppstj., Úlfljótsvatni '22
Lestrarfjelagið »Baldur«, Hraungerðishreppi '22
Lestrarfjel. Gnúpverja '22
Lestrarfjelagið »Mímir« '22
Lestrarfjel. Stokkseyrar '21
Magnús Torfason, sýslum., Selfossi '22
Óskar Einarsson, læknir, Laugarási '22
Páll Lýðsson, hreppstj., Hlíð í Gnúpverjahr. '22
Páll Stefánsson, Ásólfsstöðum '22
Sigurður Greipsson, Haukadal '22
Sigurður Ólafsson, sýslumaður, Kallaðarnesi '22
Sigurður Þorsteinsson, kennari, Minni-Borg '22
Stefán Sigurðsson, bóndi, Haga '22
Sveinn Guðmundsson, járnsmiður, Eyrarbakka '22
Thorstensen, Jón, prestur, Þingvöllum '22
Ungmennafjel. »Hvöt«, Grímsnesi '22
Þorgeir Magnússon, Villingavatni '22
Þorsteinn Þórarinsson, Drumboddsstöðum '22
Þórður Jónsson, bóksali, Stokkseyri '22
Þórður Ólafsson, Ásgarði '21

Vestmanneyjasýsla.

Vestmannеyja-umboð:
(Umboðsm. Jón Sighvatsson, bóksali). [1])

Árni Jónsson, verzlm.
Árni Sigfússon, kaupm.

[1]) Skilagrein komin fyrir 1922.

Berent Sigurhansson.
Bjarni Bjarnason, kennari.
Björgvin Jónsson.
Einar Lárusson, málari.
Finnur Sigmundsson.
Guðlaugur Br. Jónsson, kaupm.
Guðl. Þórarinsson.
Guðm. Guðmundsson, steinsm.
Guðný Þ. Guðjónsdóttir.
Gunnar Ólafsson, konsúll.
Ísleifur Högnason, kaupfjelagsstjóri.
Jes A. Gíslason, verkstj.
Jóhann P. Pálmason.
Jóhann Þ. Jósefsson, konsúll.
Johnsen, Arni J., kaupm.
Johnsen, Gísli J., konsúll.
Johnsen, Lárus J., verzlm.
Jón Einarsson, kaupm.
Jón Guðmundsson, kaupm.
Jón Jónsson, kaupm.
Kristinn Ólafsson, stud. jur.
Magnús Jónsson, kaupm.
Ólafur Vilhjálmsson.
Páll Oddgeirsson, kaupm.
Scheving, Guðjón P.
Sigurður Sigurðsson, lyfsali.
Sigurður Snorrason, bankagjaldkeri.
Sigurjón Högnason, verzlm.
Sigurlaug Guðmundsdóttir, húsfrú.
Stefán Pálsson, hafnsögum.
Sýslubókasafn Vestmannaeyja.
Vilhj. Jónsson.
Þorbjörn Guðjónsson.
Þórarinn Gíslason, bókari.

B. Í Vesturheimi.

Kanada og Bandaríkin.

Andrews, A. le Roy, Ithaca N. Y. '21
Cornell University Library, Ithaca N. Y. '22
Halldór Hermannsson, bókavörður, Ithaca, N. Y. '20
Lidholm, E., St. Louis, Mo. '21
Malone, Kemp, dr. phil., University of Minnesota '23
Newberry Library, Chicago '20
Priest, George M., 10 Nassau Str., Princeton, New Jersy '21
Þorbergur Þorvaldsson, próf., dr., Saskatoon Saskatchewan '22
Östlund, David, Chicago '22

Vesturheims-umboð:

(Umboðsm. Finnur Johnsson, 676 Sargent Ave, Winnipeg) [1])

Albert Jónsson, Winnipeg.
Anderson, Arni, Winnipeg.
Anderson, B. G., Árborg, Man.
Andrjes Helgason, Kandahar, Sask.
Antoniusson, S., Baldur.
Arason, W. B., Húsavík.
Arni Eggertsson, Winnipeg,
Arni Sigurðsson, Narrows.
Arni Sigurðsson, Cold Spring, Sask.
Árni Sveinsson, Glenboro.
Arnljótur Björnsson, Winnipeg.
Askdal, S. M. S., Minneota, Minn.
Baldvinsson, S,, Narrows.
Bandalag Pembinasafnaðar, N. Dak.
Benediktsson, C., Baldur.
Bergmann, Jónas S., Garðar, Pembina.
Bildfell, Jón J., Winnipeg.
Bjarnason, J. M., Otto, Man.
Björn B. Jónsson, prestur í Winnipeg.
Björnsson, G. B., Minneota, Minn.
Björn Sveinsson, Svold, N. D.
Blöndahl, A. J., Wynyard.
Borgfjörð, Th. S., Vancouver.

[1]) Skilagrein ókomin fyrir 1922.

Böðvar H. Jakobsson, Arborg, Man.
Christopherson, Hernit, Baldur, Man.
Dofri, V. H., Markerville, Alta.
Einar Gíslason, Gimli.
Einar Sigvaldason, Baldur.
Einarsson, Chris. O., Winnipeg.
Elíasson, H., Westbourne.
Eyjólfur S. Guðmundsson, Tacoma, Wash.
Fred. J., Erlendsson, Hensel.
Friðrik Hallgrímsson, prestur, Baldur, Man.
Geirmundur B. Olgeirsson, Garðar, N. D.
Gestur Jóhannsson, Poplar Park.
Gíslason, Anna, Mrs., Winnipeg.
Gíslason, Ch., Mrs., Seattle.
Gísli Egilsson, Lögberg, Sask., Can.
Gísli Jónsson, Winnipeg.
Goodman, G. G., Wynyard, Sask.
Goodman, Gísli, Winnipeg.
Gould, Chester N., prófessor, Chicago.
Grímsson, G. S., Calgory, Alta.
Guðm. Arnason, prestur, Oak Point.
Guðmundsson, G. R., Winnipeg.
Guðni Þorsteinsson, Gimli, Man.
Gunnar Gunnarsson, Caliento, Man.
Gunnlaugur Sölvason, Winnipeg.
Guttormur Guttormsson, prestur, Minneota, Minn.
Guttormsson, Thorst., Winnipeg.
Halldórsson, M. B., dr., Winnipeg.
Halm., J. G., Winnipeg.
Hjálmar F. Daníelsson, Arborg.
Hjálmar Gíslason, Winnipeg.
Ingim. Ólafsson, Reykjavík, Man.
Jakob Guðmundsson, Vancouver, B. C.
Jóhann O. Björnsson, Wynyard, Sask.
Jóhann Jónsson, Winnipeg.
Jóhann Pálsson, Clarkleigh, Man.
Johnson, Arni A., Mozart, Sask
Johnson, Kristján, Duluth.
Jón Arnason, B. A., Wynyard.
Jón J. Hallsson, Leslie, Sask.
Jónas Daníelsson, Winnipeg.
Jón Sveinsson, Markerville, Alberta.
Jón Tómasson, Winnipeg.
Klemens Jónasson, Selkirk.
Kristjánsson, A. E., prestur, Lundum.
Kristinn Þorfinnsson, Garðar, N. D.
Kristján Stefánsson, Vetfold, Man.
Lestrarfjel. Argalinn, Wild Oak, Man.
Lestrarfjel. Austri, Mountain.
Lestrarfjel. Dagsbrún, Lundar, Man.
Lestrarfjel. Dagsbrún, Vidir, Man.
Lestrarfjel. Fjólan, Nes, Man.
Lestrarfjel. Fróðleikshvöt, Arborg.
Lestrarfjel. Fræðir, Kristnes, Sask.
Lestrarfjel. Gangleri, Gardar.
Lestrarfjel. Fram, Arnes, Man.
Lestrarfjel. Gimle.
Lestrarfjel. Hafstjarnan, Blaine, Wash.
Lestrarfjel. Harpa, Blain, Wash.
Lestrarfjel. Herðubreið, Siglunes, Man.
Lestrarfjel. Iðunn, Markerville, Alberta.
Lestrarfjel. Ingólfur, Vancouver.
Lestrarfjel. Ísland, Baldur, Man.
Lestrarfjel. Íslendinga í Churchbridge, Sask.
Lestrarfjel. Íslendinga í Cypressveit, Glenboro.
Lestrarfjel. Íslendinga í Reykjavík, Reykjavík P. O.
Lestrarfjel. Leifur heppni, Kandahar, Sask.
Lestrarfjel. Mentahvöt, Otto, Man.
Lestrarfjel. Mímir, Framnes.
Lestrarfjel. Morgungeislinn, Hova, Man.

Lestrarfjel. Morgunstjarnan, Hekla, Man.
Lestrarfjel. Skjaldbreið, Silverbay.
Lestrarfjel. Stjarnan, Selkirk, Man.
Lestrarfjel. Tilraunin, Keewatin, Ont.
Lestrarfjel. Verðandi, Mozart, Sask.
Lestrarfjel. Vestri, Seattle, Wash.
Lestrarfjel. Æskan, Garðar, N. Dakota.
Líndal, Sigríður, Winnipeg.
Long, S. M., Winnipeg.
Magnús Bjarnason, Mountain.
Magnús Hindrikss., Churchbridge.
Magnússon, S., Jakima.
Oddsson, Th., Winnipeg.
Ólafur Bjarnason, Winnipeg.
Ólafsson, K. K., prestur, Mountain, N. Dak.
Pálmi M. Sigurðsson, Winnipeg.
Pjetur Hjálmsson, prestur, Markerville, Alberta.
Pjetursson, P. V., Ivanhoe.
Runólfur Marteinsson, prestur, Winnipeg.
Scheving, S. P., Point Roberts, Wash.
Sigtryggur Jónasson, Arborg.
Sigurbj. Sigurjónsson, Winnipeg,
Sigurðsson, Guðrún, Winnipeg.
Sigurður Jónsson, Bantry.
Sigurður Ólafsson, prestur, Gimli, Wash.
Sigfús Sigfússon, Oak, Wiew, Man.
Símon Símonarson, Selkirk.
Skagfjörð, Stefán, Blaine.
Snæbjörn Einarson, Lundar, Man.
Steingrímur Þorlákson, prestur, Selkirk.
Sveinn Arnason, Bremerton, Wash.
Swanson, Fred., Winnipeg.
Thorarinson, Th., Icel. River, Man.
Thordarson, C. H., verksmiðjueigandi, Chicago.
Thordarson, Thordur, dr., Minneota, Minn.
Thordarson, Thorgerður, Winnipeg.
Thorgrímsson, Adam, prestur, Hayland.
Thorsteinsson, Oddur, Icel. River, Man.
Toronto University Library, Toronto.
University of North Dak.
Vinm, S. J., Wynyard, Sask.
Wopnford, C. J., Winnipeg.
Þorgils Þorgeirsson, Winnipeg.
Þorst. Asgeirsson, Winnipeg.
Þórður Arnason, Mozart, Sask.

C. Í öðrum löndum.

(Bóksölu-umboð hefir Gyldendalske Boghandel, Nordisk Forlag, Klareboderne 3, Kaupmannahöfn.) [1]

Færeyjar.

Dahl, Jakob, próf., Þórshöfn '22
Olsen, Poul, kennari, Selletræ '22
Paturson, Joannes, kongsbóndi, Kirkjubæ '22
Símun av Skarði, lýðháskólastjóri, Fagrahlíðarháskóli '22
S. P. úr Konoy, kennari, Götu, '22
Thorshavns literære Samfund, Þórshöfn '22

Danmörk.

Albrectsen, Hans, adj., Viborg '22
Arni Guðnason, stud. mag., Blaagaardsg. 31, Kh. '22
Bartels, Martin, bókari, Kh. '22

[1]) Skilagrein komin fyrir 1921.

Berlin, Knud, próf., dr. jur., Sorteddoss. 27, Kh. '21
Björn K. Þórólfsson, mag. art., Ravnsbg. 5 B Kh.
Blöndal, Sigfús, bókavörður, Amagerbrog. 153, Kh. '22
Dansk-Islandsk Samfunds Danmarks Afdeling, Holbergsg. 4 Kh.
Einar Ól. Sveinsson, stud. mag., Brandes Allé 13, Kh. '22
Gísli Brynjólfsson, læknir, Dannebrogsg. 1, Kh. '22
Hafsteinn Pjetursson, prestur, Fiolstr. 28, Kh. '22
Halldór Kristjánsson, cand. med., Amagerbrog 22, '22
Hallur Hallsson, tannl., Nörrebrog. 13, Kh. '22
Hammerich, M., málaflutnings-maður, Stege '22
Haraldur Sigurðsson, tannlæknir, Österbrog. 35, Kh. '22
Jakob Gunnlögsson, stórkaupm., Amagerbrog. 18, Kh. '22
Jóhannsson, N. H., búfræðingur, Klarskov '22
Johansen, J., Landbrugsskolelærer, Ladelund pr. Veien '22
Jóel Sigurðsson, búfræðingur, Femö '22
Jón Helgason, mag. art., H. C. Örstedsvej 15, Kh. '22
Jón Sveinbjörnsson, kgl. kabinetsekretær, kmjr., Svanemosegaardsvej 3, Kh. '22
Kaldan, Sigtr., Strandg. 75, Helsingjaeyri '22
Kamban, Guðm., rith., Kh. '22
Kristján Björnsson, læknir, Aarhus '22
Magnús Einarsson, kaupmaður, Khöfn (Islandsbrygge 31) '22
Magnús Magnússon, prestur, Gamby '22
Melsted, Bogi Th., mag. art., Ole Suhrsg. 18, Kh. 22.
Meyer Benedictsen, Aage, rithöf., Holbergsg. 4, Kh.
Möller, J. V., prentari, Hestemöllestr. 5, Kh. '22
Pjetur Bogason, læknir, Solbad pr. Holte '22
Sigurður Sigtryggsson, cand. mag., Sönderborg '22
Sóreyjarskóla bókasafn, Sorö '22
Sveinbjörn Sveinbjörnsson, yfirkennari, Aarhus '22
Sveinn Björnsson, sendiherra, Charlottenlund '22
Sæmundsen, Karl, stórkaupm., Holbergsg. 18, Kh. '22
Thomsen, Ditlev, konsúll, Overg. o. V. 90, Kh. '22
Tulinius, Thor E., stórkaupm., Ryvangs Allé 44, Hellerup '22
Valtýr Guðmundsson, próf., dr. phil., Amagerbrogade 153, Kh. '22
Wiehe, Holger, mag., art., Alderlyst pr. Silkeborg '22

Noregur.

Birkeland, Erling, Store Milde pr. Bergen '21
Birkeland, M., skólastj., Store Milde pr. Bergen '21
Blix, P., rektor, Vors '23
Bugge, Alexander, prof., dr. phil., Fyresdal, Telemarken '19
Boyum, S., lektor, Vors '22
Dagestad, J., lýðháskólastjóri Kongsvinger '21
Edland, Torgeir, Nærbö pr. Stavanger '22
Eggen, E., yfirkennari, Vors '22
Fonstad, M., yfirkennari, Vors '22
Fjörstad, N., kennari, Osa í Harðangri '22
Försund, Adolf, kennari, Vegarshei pr. Risör.
Guðm. Asmundsson, læknir, Lyngseidet '21
Háskólasafnið, Kristiania '21
Hægstad, L., lektor, Vors '22

Hjelle, L., ritstj., Leirvík, Storð, '21
Hoprekstad, Olav, rithöf., Kronstad pr. Bergen '21
Hveding Joh., lýðháskólastjóri, Trondenes pr Harstad '21
Höverstad, T., dr., Asher st. pr. Kristiania '20
Hövik, Ivar, ritstjóri, Stavanger '21
Jón Eyþórsson, stud real, Nesttun pr. Björgvin '22
Jón Sigtryggsson, Edoy '22
Katedralskolens Bibliotek, Kristiania '21
Kolsrud, Oluf, próf., Kristiania '19 '22
Kolsrud, Sigurd, arkivar, Kristiania '21
Nordhus, Hans, Holbergsalm. 9, Björgvin '21
Riksarkivet, Kristiania '21
Rökke, Jens, kennari, Natodden '21
Rökke, Olav, kennari, Aalesund '22
Sandnes, O., lektor, Vors '23
Skar, Anton, Vadaneset '22
Skásheim, Anders, bókhaldari, Bergen '22
Skotte, H., lektor, Vinstra '22
Steinnes, Anders, kennari, Rysten, Sunnmæri '22
Stórþingsbókasafnið í Kristianiu '22
Strand, Einar, hjeraðslæknir, Málöy, Norfjörd, '22
Streitlien, Ragnar, lýðháskólakennari, Tynset '22
Utne Sverre, Lofthus, Harðangri, '22
Vangsnes, N. J., kapt., Fresvik, Sogni '22
Vísindafjelagið í Þrándheimi '22
Voss, J. Fr., lektor, Vors '21
Voss landsgymnas., Vors '23
Övretveit, Karl, Sjoldestraumen, '23

Svíþjóð.

Berencreutz, A., kammerherra, Motala '22
Göteborgs stadsbibliotek '22
Kungliga biblioteket, Stockh. '22
Lunds Universitets Nord. Seminarium '22
Walter, Emil, attaché, Stokkhólmi '22
Zadig, Viggo, cand. phil., Malmö '22

Þýskaland.

Anderson, Ernst, godsegare, Alenstein, Preussen.
Erkes, Heinrich, háskólabókavörður, Köln.
Gruner, Max, dr. phil., Berlin.
Heydenreich, W., próf., dr. phil., Eisenach.
Kristján Albertson, cand. phil., rithöf., Wiesbaden.
Mayer, E., próf., dr. phil., Würtzburg.
Meissner, R., prófessor, dr. phil., Bonn.
Vogt, Walter H., dr. phil., Sandeweg 1, Marburg a. Zahn.

England.

Gray, John, prestur, St. Peters, Falcon ave, Edinburg '21
Johnston, A. W., Chelsea, London '21
Phillpotts, Miss Bertha S., Gulon College, Cambridge.

Sviss, Frakkland og Holland.

Austin, C. K., læknir, Rossiniéres, Vaud, Sviss '22
Cahen, Maurice, próf., dr., Strassbourg '22

Hoogt, J. M. van der, litt. cand., Wageningen, Nederl. '22
Krijn, Sophie A., Amsterdam '22
Meuleman, Gertrud, Nijmegen '23
de Vries, Jan, litt. n. doctor, Stijnstraat 11, Amsterdam '22

Reykjavík, 17. júní 1923.

Matthías Þórðarson.
Bókav. fjelagsins.

BINDING SECT. DEC 15 1967

PT
7351
S5
ar.97

Skírnir

PLEASE DO NOT REMOVE
CARDS OR SLIPS FROM THIS POCKET

UNIVERSITY OF TORONTO LIBRARY